

Maí 2024



Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál 2023

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið





Hvers virði er friður án frelsis?



Á þeim 80 árum sem liðið hafa frá lýðveldis-töku hafa lífskjör landsmanna gjörbreyst. Sívaxandi utanríkisviðskipti og alþjóðasamstarf á fjölmörgum sviðum lögðu grunninn og við blasir að án sterkra alþjóðlegra

samskipta værum við einfaldlega fátækari í víðu samhengi. Ýmsu má þakka, eins og farsælli utanríkisstefnu, en frumforsenda þessara framfara er það alþjóðakerfi sem hefur byggst upp frá stofnun lýðveldisins.

Þessu kerfi er nú ógnað. Innrásarstríð Rússlands er stærsta ógn við frið í Evrópu frá lokum síðari heimsstyrjaldar og árás á alþjóðakerfið sem sjálfstæði Íslands byggist á. Ísland hefur með ráðum og dáð stutt varnarbaráttu Úkraínumanna, sem leggja nú líf sitt að veði fyrir land sitt og frelsi, og nýsamþykkt ályktun Alþingis um langtíma-stuðning er rökrétt framhald á því framlagi og mikilvæg skuldbinding.

Þýðingarmikið skref var stigið með stofnsetningu tjónaskrár fyrir Úkraínu á sögulegum leiðtogafundi Evrópuráðsins í Reykjavík þar sem grunnildi lýðræðis og mannréttinda voru jafnframt fest í sessi sem leiðarljós aðildarríkjanna.

Ófriðarbál loga víðar. Tugþúsundir hafa týnt lífi á Gaza í átökum sem hófust með hrottalegri hryðjuverkaárás Hamas í október og gagnaðgerðum Ísraels sem fylgdu í kjölfarið. Í samræmi við ályktun Alþingis hefur Ísland fordæmt hryðjuverkin og ítrekað að alþjóðalög og grunnreglur um vernd borgara beri að virða og aðgengi fyrir mannúðaraðstoð megi aldrei hefta. Jafnframt hefur Ísland tekið undir sterkt ákall alþjóðasamfélagsins um vopnahlé. Ísland mun áfram leggja sitt af mörkum til mannúðaraðstoðar á svæðinu en mest er um vert að pólitísk lausn finnist sem fyrst. Slík lausn þarf að fela í sér tvö stöðug og friðsöm ríki á svæðinu sem fara að alþjóðalögum og virða tilverurétt hvors annars.

Þrátt fyrir miklar áskoranir er til mikils að vinna að efla virðingu fyrir alþjóðalögum og tala fyrir þeim. Þar hefur Ísland rödd sem skiptir máli að sé beitt á eins áhrifaríkan hátt og hægt er. Ísland

leggur lóð sín á vogaskálarnar með vaxandi framlögum til þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar, og málsvarastarfi og ábyrgðarstörfum á vettvangi alþjóðastofnana, samanber framboð okkar til mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna 2025-2027.


Ísland hefur frá fyrstu árum lýðveldisins skipað sér í sveit vestrænna lýðræðisríkja sem í 75 ár hafa sammælt um að verja öryggi landsins og lýðræðisleg gildi. Nú þegar ógn steðjar að og samstarfsríki Íslands telja sig knúin til að efla varnir og viðbúnað, ríður á að Ísland verði traustur bandamaður og leggi enn frekar af mörkum til sameiginlegra varna Atlantshafsbandalagsins.

Vegna breyttrar stöðu öryggismála eru Norðurlöndin nú sameinuð í Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarf þeirra hefur aldrei verið jafn náð, líkt og raunar á við um nær öll svið utanríkismála. Á liðnu ári gegndi Ísland formennsku í Norrænu ráðherranefndinni og samstarfi utanríkisráðherra Norðurlandanna, sem öll hafa metnað til brúarsmíði á alþjóðavettvangi. Þá er vert að nefna sívaxandi samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna enda eiga þessi átta ríki góða sögu að segja um hvernig frelsi, mannréttindi, jafnrétti og jöfn tækifæri hafa skapað velsæld og lífsgæði sem óvíða verður við jafnað.

Fyrir okkur sem búum við slík lífsgæði er nær ómögulegt að gera okkur í hugarlund að þau geti glatast. Okkur kann að virðast óhugsandi að búa í samfélagi þar sem skoðanafrelsi, málfrelsi og fjölmiðlafrelsi er takmarkað, mannréttindi hinsegin fólks eru virt að vettugi og kynjajafnrétti er fært áratugi aftur í tímann. Því miður býr stór hluti mannkyns við slíkar aðstæður. Í því samhengi er mikilvægt að hafa hugfast að hetjuleg barátta úkraínsku þjóðarinnar snýst ekki aðeins um að hrinda innrásarher Rússa heldur einnig um að öðlast tækifæri til að tryggja sömu lífsgæði og við njótum, meðal annars með aðild að samfélagi evrópskra lýðræðisþjóða. Þau vita sem er að friður er lítill virði án frelsis. Okkar skylda er að standa með þeim og þar liggja hagsmunir okkar einnig.

*Þórdís Kolbrún Reykjalá Gylfadóttir
utanríkisráðherra*

Samstarf ríkja á vettvangi efnahagsmála, viðskipta, varna og stjórnmála



* Schengen með landamæraeftirliti á landi.

Uppfært 31.3.2024

- CoE ■ Evrópuráðið
- ÖSE ■ Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu
- SCHENGEN ■ Schengen-svæðið
- EFTA ■ Fríverslunarsamtök Evrópu
- EES ■ Evrópska efnahagssvæðið
- ESB ■ Evrópusambandið
- EVROSVÆÐIÐ ■ Evrópsk lönd sem eru í efnahags- og gjaldmiðilssambandi
- OECD ■ Efnahags- og framfarastofnunin
- NATO ■ Atlantshafsbandalagið

Efnisyfirlit

Hvers virði er friður án frelsis?	3	1.8 Málefni hafsins og fiskveiðisamningar	31
Samstarf ríkja á vettvangi efnahagsmála, viðskipta, varna og stjórnmála	4	Fiskveiðisamningar	31
Verkefni utanríkisþjónustunnar árið 2023 í sjö myndum	8	Bláfæðubandalagið	31
1 Alþjóðasamstarf	10	Samstarf strandríkja við Atlantshafið	32
1.1 Almennt	11	Alþjóðahaffræðinefnd	
1.2 Úkraína	12	Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna	32
Stuðningur Íslands	13	1.9 Svæðisbundið samstarf	32
1.3 Átök fyrir botni Miðjarðarhafs	14	Formennska Íslands í norrænu samstarfi	32
Afstaða Íslands	14	Norðurslóðir	33
Alþjóðleg áhrif	15	Annað svæðisbundið samstarf	35
1.4 Leiðtogafundur Evrópuráðsins	16	1.10 Tvíhliða samvinna	36
1.5 Alþjóðlegt samstarf um mannréttindi og frelsi	19	Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin	36
Mannréttindi og lýðræðisleg gildi	19	Evrópusambandið og aðildarríki þess	37
Alþjóðlegt kynjajafnréttisstarf	19	Bandaríkin	39
1.6 Starfið hjá alþjóðastofnunum	21	Bretland	40
Formennska Íslands í Evrópuráðinu	21	Úkraína	41
Sameinuðu þjóðirnar	23	Kanada	42
Mannréttindaráðið í Genf	26	Japan	43
Mennta-, vísinda- og menningarmála- stofnun Sameinuðu þjóðanna	27	Kína	44
Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu	28	Indland	45
Atlantshafsbandalagið	29	Lýðræðisöfl í Belarús	46
1.7 Umhverfis-, loftslags- og orkumál	29	Rússland	46
Matvæla- og landbúnaðarstofnun		Önnur ríki og svæðastofnanir	47
Sameinuðu þjóðanna, Matvælaáætlun		1.11 Þjóðréttarmál	48
Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðasjóður		Samningar Íslands við erlend ríki	48
um þróun landbúnaðar	30	Hafréttarmál	49
Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna	30	Landgrunnsmál	49
Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna		Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn	49
um loftslagsbreytingar	30	Útflutningseftirlit	50
Samningur um alþjóðaverslun með		Þvingunaraðgerðir	50
tegundir í útrýmingarhættu	30	Hergagnaflutningar	51
Samningur um líffræðilega fjölbreytni	31	Þátttaka í dómsmálum fyrir	
Gerð alþjóðlegs samnings um plast		EFTA-dómstólum	52
og plastmengun	31	Iceland-málið á vettvangi EUIPO	52
		2 Öryggis- og varnarmál	53
		2.1 Almennt	54
		2.2 Varnartengdur stuðningur við Úkraínu	55

2.3 Framkvæmd varnartengdra verkefna á Íslandi	56	3.7 Samstarf við atvinnulíf	92
Nýjar varnaráætlanir og æfingar	57	Heimsmarkmiðasjóður atvinnulífsins um þróunarsamvinnu	92
Útsendir sérfræðingar	59	Tæknileg ráðgjöf til alþjóðastofnana	93
Heimsóknir	59	3.8 Úttektir	93
Gistiríkisstuðningur og innviðir	59	4 Utanríkisviðskipti	95
2.4 Fjölbjóðlegt og tvíhliða samstarf	60	4.1 Almennt	96
Atlantshafsbandalagið	60	4.2 Staða utanríkisviðskipta	96
Norræna varnarsamstarfið	63	Vöru- og þjónustuviðskipti	96
Sameiginlega viðbragðssveitin	64	4.3 Fríverslunarsamtök Evrópu	99
Svæðisbundið og tvíhliða varnarsamstarf	65	4.4 Evrópska efnahagssvæðið	100
2.5 Varnarsamstarf við Bandaríkin	66	4.5 Aðrir samningar sem tengjast viðskiptamálum	101
2.6 Afvopnunarmál	67	Loftferðasamningar	101
2.7 Fjölpáttaógnir	68	Tvísköttunarsamningar	102
Áfalla- og álagspól	69	Schengen-samstarfið	102
Netöryggismál	69	Samningar um vinnudvöl	104
Öryggi neðansjávarinnviða	70	Samningaviðræður um viðskipti, loftslagsbreytingar og sjálfbæra þróun	104
Erlend upplýsingaóreiða og íhlutun	71	4.6 Fjölbjóðlegt viðskiptasamstarf	104
3 Þróunarsamvinna	72	Alþjóðaviðskiptastofnunin	104
3.1 Almennt	73	Efnahags- og framfarastofnunin	105
3.2 Tvíhliða þróunarsamvinna	74	Alþjóðahugverkastofnunin og tengd mál	105
Malaví	74	4.7 Viðskiptaþjónusta og samstarf við Íslandsstofu	105
Úganda	78	Viðskiptaviðburðir	106
Síerra Leóne	81	Viðskiptasendinefndir	107
3.3 Mannúðaraðstoð	82	4.8 Menningarmál	107
3.4 Fjölbjóðleg þróunarsamvinna	84	Skapandi Ísland	107
Alþjóðabankinn	85	Menningarviðburðir á vegum sendiskrifstofa	108
Alþjóðaframfarastofnunin	85	Íslenskar menningarhátíðir erlendis	109
Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna	86	Menningardagskrá í tengslum við formennsku í Evrópuráðinu	109
Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna	87	Hönnun og myndlist á sendiskrifstofum	110
Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna	87	5 Borgarþjónusta og upplýsingamál	111
Þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar	88	5.1 Borgarþjónusta og áritanamál	112
Þróunarsamvinnunefnd	89	5.2 Schengen-áritanamál	113
3.5 GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu	90	5.3 Upplýsingamál	114
3.6 Samstarf við frjáls félagasamtök	91		

6	Rekstur utanríkisþjónustunnar	118
7	Sendiskrifstofur	121
7.1	Sendiskrifstofur Íslands	122
	Sendiráð í Berlín	124
	Sendiráð í Brussel	125
	Sendiráð í Helsinki	126
	Sendiráð í Kampala	127
	Sendiráð í Kaupmannahöfn	128
	Sendiráð í Lilongwe	129
	Sendiráð í London	130
	Sendiráð í Moskvu	131
	Sendiráð í Nýju-Delí	132
	Sendiráð í Osló	133
	Sendiráð í Ottawa	134
	Sendiráð/fastanefndir í París	135
	Sendiráð í Peking	136
	Sendiráð í Stokkhólmi	137
	Sendiráð í Tókýó	138
	Sendiráð í Varsjá	139
	Sendiráð/fastanefnd í Vín	140
	Sendiráð í Washington	141
	Fastanefnd hjá Atlantshafsbandalaginu	142
	Fastanefnd/sendiráð í Genf	143
	Fastanefnd í Strassborg	144
	Fastanefnd í Róm	145
	Fastanefnd í New York	146
	Aðalræðisskrifstofa í New York	147
	Aðalræðisskrifstofa í Nuuk	148
	Aðalræðisskrifstofa í Winnipeg	149
	Aðalræðisskrifstofa í Þórshöfn	150
7.2	Sendiskrifstofur erlendra ríkja	151
	Skammstafanir	152
	Atriðisorðaskrá	154

Verkefni utanríkisþjónustunnar árið 2023 í sjö myndum

Samráð við Alþingi

57



Fulltrúar utanríkisráðuneytisins komu fyrir utanríkismálanefnd vegna **57** dagskrárlíða á 34 fundum.

10



Utanríkisráðherra kom fyrir utanríkismálanefnd vegna **10** dagskrárlíða á sjö fundum.

81



81 minnisblaði var skilað til utanríkismálanefndar á árinu.

27



27 skriflegar þingfyrirspurnir til utanríkisráðherra.

Fundir ráðherra

87



87 tvíhliða fundir með ráðherrum og leiðtogum ríkja, þ.m.t. ESB.

47



47 utanríkis-, þróunarsamvinnu-, varnarmálaráðherra- og leiðtogafundir í alþjóðasamstarfi.

27



27 fundir með forsvarsmönnum alþjóðastofnana.

Alþjóðleg þróunarsamvinna

3.632 m.kr.



Tvíhliða þróunarsamvinna til samstarfslanda Íslands, Malaví, Sierra Leóne og Úganda nam **3.632** m.kr.

80%+



Ríflega **80%** af þróunarsamvinnuverkefnum Íslands hafa sérstök jafnréttismarkmið.

17



Samstarfsverkefni um afnám limlestinga á kynfærum kvenna og stúlkna nær til **17** landa.

1.487 m.kr.



Stuðningur við fátækustu ríki heims í gegnum Alþjóðaframfarastofnunina (IDA) nam **1.487** m.kr.

Stuðningur við Úkraínu

2.900



Mannúðar- og efnahagsaðstoð nemur um **2.900** milljónum króna, þ.á.m. í gegnum Alþjóða-bankann, stofnanir Sameinuðu þjóðanna, Rauða krossinn og frjáls félagasamtök.

4.200



4.200 flóttamönnum frá Úkraínu veitt alþjóðleg vernd.

2.300



Framlög til varnarmála námu **2.300** m.kr. á tímabilinu 24.02.22-24.02.24. Þar með talið færánlegt sjúkrahús að virði u.þ.b. **1.100** m.kr.

Viðskiptasamningar

74



Fríverslunarsamningar við **74** ríki og landsvæði þar sem samanlagt 2/3 mannkyns búa.

40



Samningar sem varða fjárfestingar eru í gildi við **40** ríki og landsvæði.

120+



Loftferðasamningar og samkomulög sem heimila flug til rúmlega **120** ríkja og landsvæða.

46



Tvísköttunarsamningar við **46** ríki.

Framlag Íslands til Atlantshafsbandalagsins

13



13 borgaralegir sérfræðingar sem störfuðu víða um heim við fjölbreytt verkefni á vegum NATO.



Rekstur íslenska loftvarnakerfisins, sem er hluti af samþættu loftvarnakerfi NATO. Ratsjárnar spanna stórt svæði á Norður-Atlantshafi.

145



Rekstur og umsjón með **145** varnarmannvirkjum NATO á Íslandi.

94.525



Gistiríkjastuðningur fyrir liðsafla bandalagsríkjanna. Alls **94.525** gistinætur erlends liðsafla.

Borgarþjónusta

5.667



Tæplega **sex þúsund** fyrirspurnir og erindi bárust sendiráðum og ráðuneyti.

124



124 Íslendingar fluttir heim af átakasvæði í kjölfar árásar Hamas-liða á Ísrael 7. október.

3.775



Vegabréfsumsóknir voru **3.775** talsins, þar af voru **331** neyðarvegabréf.

6.572



Gefnar voru út **6.572** Apostille-vottanir og keðjustimlanir skjala.

1 Alþjóðasamstarf

Forseti Úkraínu, Volodymyr Zelensky, ávarpar
leiðtogafund Evrópuráðsins í Reykjavík í maí 2023.





| Leiðtogar Evrópu koma saman í Reykjavík á fjórða leiðtogafundinum í sögu Evrópuráðsins.

1.1 Almennt

Eftir þau straumhvörf sem urðu með innrás Rússlands í Úkraínu 2022 hafa helstu samstarfsríki Íslands að miklu leyti lagað sig að aðstæðum eða reynt að fóta sig í nýjum veruleika. Varnir hafa verið styrktar, Finnar hlutu inngöngu í Atlantshafsbandalagið í apríl 2023 og Svíar tæpu ári síðar eftir að hafa staðið í gættinni um margra mánaða skeið. Öryggishorfur á norðurslóðum hafa versnað og viðbúnaður og eftirlit Atlantshafsbandalagsríkja tekur mið af breyttum aðstæðum. Í samstarfsríkjum er lögð áhersla á að efla samráð meðal líkt þenkjandi ríkja á Vesturlöndum en að sinna að sama skapi samtali við fjarlægari ríki til að stuðla að velsæld og skapa grundvöll fyrir trausta framtíð alþjóðakerfisins.

Ísland lagði sitt af mörkum til framdráttar grunnildum mannréttinda, lýðræðis og réttarríkisins í formennsku sinni í Evrópuráðinu og sem forseti ráðherranefndar ráðsins þurfti utanríkisráðherra að beita sér í málefnum bæði Suður-Kákasusríkjanna og Balkanskaga. Niðurstöður leiðtogafundar ráðsins marka veginn fram á við fyrir ráðið og öll framkvæmd fundarins mæltist mjög vel fyrir. Samhliða gegndi Ísland formennsku árið 2023 í norrænni samvinnu sem er þýðingarmikil fyrir allt starf utanríkisþjónustunnar og raunar stjórnsýslunnar allrar.

Fáir hagsmunir eru Íslandi mikilvægari en að alþjóðalög séu virt, alþjóðakerfið haldi velli og að bæði Atlantshafsbandalagið og annað varnasamstarf verði áfram eft. Sú barátta sem hæð er í Úkraínu snýst um annað og meira en það landsvæði sem Rússar hafa reynt að leggja undir

sig. Öryggi í Evrópu, virðing fyrir alþjóðalögum og þeim gildum sem alþjóðakerfið byggist á eru að veði. Því ríður á að áfram verði samstaða meðal bandalagsríkja um að standa með Úkraínu til langframa. Stefna um stuðning Íslands við Úkraínu næstu fimm árin er liður í því.

Stríðið hefur dregið fram ólíka afstöðu ríkja til alþjóðakerfisins þar sem mörg þróunarríki telja sig bera skarðan hlut frá borði, nokkuð sem mátti einnig greina í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins. Stór og áhrifamikil ríki utan Vesturlanda hafa sum hver sameinast um að stuðla að breytingum í alþjóðakerfinu og sporna við því sem þau telja ofríki Vesturlanda, eins og endurspegladist meðal annars í ákvörðun BRICS-ríkjanna í ágúst um að útvíkka bandalagið. Hagsmunir þessara ríkja eru þó innbyrðis ólíkir og má reikna með að flest þeirra telji sér best borgið í samstarfi við mörg og ólík ríki, þar með talið í Evrópu og Norður-Ameríku.

Langflest aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa ítrekað fylgt málstað Úkraínu og alþjóðalögum í allsherjarþinginu enda er smærri ríkjum hvergi betur borgið en innan stöðugs alþjóðakerfis þar sem þjóðaréttur er virtur. Átökin fyrir botni Miðjarðarhafs hafa aftur á móti rekið fleyg í samstöðuna þar sem langflest þróunarríki fylktu sér um leið með málstað Palestínu gegn hörðum gagnárásum Ísraels á Gaza. Hafa Vesturlönd verið sökuð um tvískinnung þar sem þeim er gefið að sök að láta brot Ísraels á alþjóðalögum óátalin. Afstaða íslenskra stjórnvalda hefur þó verið skýr um að öllum hlutaðeigandi beri að virða

alþjóðalög, átökin verði að stöðva og horfa þurfi strax til varanlegrar lausnar. Eingöngu verði hægt að tryggja varanlegan frið þegar tvö ríki búa í samlyndi.

Víða annars staðar viðhalda átök og uppgangur glæpagengja og öfgafla alvarlegu mannúðar-ástandi og hrekja enn fleiri á flótta. Borgara-styrjöld í Súdan hefur nú geisað í rúmt ár þar sem talið er að tæplega 15 þúsund manns hafi látið lífið og yfir 8,6 milljónir manna hafa þurft að yfirgefa heimili sín. Pólitískur óstöðugleiki í álfunni bætir ekki úr skák og má þar víða greina skýr áhrif þeirra sem vilja ýta undir sundrung í alþjóðakerfinu. Með valdaránunum sem framin voru í Níger og Gabon sumarið 2023 hefur myndast belti þvert yfir Afríku þar sem herforingjastjórnir ráða nú ríkjum.

Mannréttindi og lýðræði eiga því víða undir högg að sækja og mun Ísland áfram beita sér fyrir framgangi þessara gilda, ekki síst í mannréttindaráðinu, nái Ísland kjöri næsta haust. Ísland lætur áfram til sín taka í jafnréttismálum, og hefur beitt sér sérstaklega í þágu kvenna og stúlkna í Afganistan og í Íran auk þess að styðja ötullega við mannréttinda- og jafnréttismál í alþjóðlegri þróunarsamvinnu.

Loftslagsváin vofir yfir og, eins og Íslendingar þekkja, valda náttúruöflin víða manntjóni og óbætunlegum efnahagsskaða og eiga jarðskjálftar, þurrkar og flóð sinn þátt í viðvarandi mannúðarkrísu. Ekkert eitt ríki getur tekist á við þessar sameiginlegu áskoranir og því er alþjóðleg

samvinna á traustum grunni nauðsynleg. Jafnframt því að bregðast við sárustu neyðinni þarf að efla viðnám samfélaga og styðja við framþróun, sjálfbærni og stöðugleika eigi að tryggja fram-tíðarkynslóðum velsæld.

1.2 Úkraína

Ekki sér fyrir endann á ólöglegu innrásar-stríði Rússlands sem áfram setti svip sinn á allt alþjóðasamstarf. Þrátt fyrir ákveðnar vonir um að gagnsókn Úkraínuhers sumarið 2023 myndi skila umtalsverðum árangri var því ekki að heilsa. Úkraínumenn höfðu þó sjálfir ætíð varað við of mikilli bjartsýni og lagt áherslu á að hraði gagnsóknarinnar myndi ráðast af aðstæðum og áherslu á að færa ekki fórnir að öþörfu.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og undirstofnana þeirra var samráð vegna Úkraínu verulegt en fastaaðild Rússlands að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna er viðvarandi dragbítur. Meint hlutleysi annarra ríkja í ráðinu, sem hafa ekki viljað gagnrýna alvarleg brot Rússa á alþjóðalögum og stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna, hefur sömuleiðis áhrif. Rússar sögðu sig frá samkomulagi um kornútflutning sem gert hafði verið að undirlagi Sameinuðu þjóðanna og með stuðningi Tyrklands. Úkraínu tókst engu að síður með hnitmiðuðum árásum á Svartahafsflota Rússlands og bækistöðvar hans á Krímskaga að hrekja flota Rússlands til hafna Rússlandsmegin við Svartahaf og tryggja með því upp á eigin spýtur verulega flutninga á korni um Svartahaf.



Utanríkisráðherrar Norðurlanda og Eystrasaltsríkja heimsóttu úkraínsku hafnarborgina Odesa í apríl 2023 ásamt utanríkisráðherra Úkraínu.

Áfram hélt öflugt samráð innan Atlantshafsbandalagsins og á leiðtogafundi þess í Víníus í júlí var sett á laggirnar sérstakt NATO-Úkraínuráð (NATO-Ukraine Council), sem byggist á fyrri samstarfsnefnd bandalagsins og Úkraínu sem verið hafði við lýði frá tíunda áratugi síðustu aldar. Ráðinu er ætlað að efla pólitískt samstarf við Úkraínu og leggja grunn að framtíðaraðild ríkisins að bandalaginu þegar aðstæður leyfa. Þannig mun ráðið styrkja pólitískt samráð og samvinnu, auk þess sem bandalagsríki munu halda áfram að styðja varnir Úkraínu og auka framlög til uppbyggingar.

Stuðningur Íslands

Ísland bætti verulega í stuðning sinn við Úkraínu frá fyrra ári og lætur sem fyrr ekki sitt eftir liggja í víðtækum þvingunaraðgerðum gegn Rússlandi og Belarús. Stuðningur íslenskra stjórnvalda við Úkraínu felst í mannúðaraðstoð, efnahagslegum stuðningi og framlögum til varnarmála en heildarframlög Íslands námu tæplega 3,5 milljörðum króna á árinu 2023.

Stuðningur við Úkraínu frá 24. febrúar 2022 - 24. febrúar 2024

2.900 Mannúðar- og efnahagsaðstoð nemur um **2.900** milljónum króna, þ.á.m. í gegnum Alþjóðabankann, stofnanir Sameinuðu þjóðanna, Rauða krossinn og frjáls félagsamtök.



4.200 **4.200** flóttamönnum frá Úkraínu veitt alþjóðleg vernd.



2.300 Framlög til varnarmála nema **2.300** milljónum króna. Þar með talið færnanlegt sjúkrahús að virði u.þ.b. **1.100** milljóna króna.



Framlög til mannúðarstarfs og efnahagsaðstoðar við Úkraínu námu alls 1,5 milljörðum króna. Um 700 milljónum króna var varið til aðstoðar á vegum Sameinuðu þjóðanna og um 700 milljónum króna veitt í gegnum Alþjóðabankann til stuðnings grunnþjónustu og efnahags Úkraínu. Um 100 milljónir runnu í alþjóðlegan sjóð sem fjármagnar sérhæfðan búnað til rafmagnsframleiðslu.

Varnarstuðningur í heild sinni nam um tveimur milljörðum króna. Stærsta einstaka verkefnið var gjöf á færnanlegu sjúkrahúsi til að sinna særðum hermönnum. Formenn og fulltrúar allra flokka á Alþingi lögðu í maí 2023 fram sameiginlega þingsályktunartillögu um að Ísland færði úkraínsku þjóðinni sjúkrahúsið að gjöf en það var smíðað í Eistlandi og afhent Úkraínu í nóvember. Heildarkostnaður við sjúkrahúsið var um 1,1 milljarður en auk þess lagði Þýskaland til sérstakar flutningabifreiðar til að flytja húsið til Úkraínu.



Færnanlegt neyðarsjúkrahús sem Ísland færði Úkraínu að gjöf.

Á leiðtogafundi Evrópuráðsins í Reykjavík í maí í fyrra var undirrituð yfirlýsing þorra aðildarríkja um sérstaka tjónaskrá vegna þess skaða sem innrásarstríð Rússlands gegn Úkraínu hefur valdið.

Ísland tekur einnig þátt í málaferlum Úkraínu fyrir Mannréttindadómstól Evrópu og hefur lagt óeyrnamerkt fé til Alþjóðlega sakamáladómstólsins til að koma til móts við aukið álag vegna Úkraínu og átakanna fyrir botni Miðjarðarhafs. Þá hefur Ísland tekið virkan þátt í annarri vinnu sem miðar að því að tryggja ábyrgðarskyldu.

Í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024-2028 er kveðið á um sérstaka áætlun til næstu fimm ára um stuðning við Úkraínu. Þingsályktun þess efnis var í apríl síðastliðnum samþykkt á Alþingi mótatkvæðalaust með breiðum stuðningi stjórnar og stjórnarandstöðu. Sem fyrr er lögð rík áhersla á að framlögin séu vel nýtt og sýnt sé fram á árangur af starfi Íslands.

Tjónaskrá fyrir Úkraínu

Í upphafi formennsku Íslands í Evrópuráðinu setti Ísland sér það markmið að koma á fót sérstakri tjónaskrá fyrir Úkraínu (register) á leiðtogafundi Evrópuráðsins sem tæki til eignaskemmda, manntjóns og alvarlegra meiðsla sem orðið hafa í stríði Rússlands í Úkraínu. Samningur um stofnun tjónaskrár var samþykktur á vettvangi Evrópuráðsins fyrir leiðtogafundinn og í kjölfarið var hægt að virkja hann í Reykjavík með undirritun leiðtoga. Þar er um að ræða afar mikilvægt skref í átt að ábyrgðarskyldu og réttlæti fyrir þá sem orðið hafa fyrir tjóni vegna innrásar Rússlands í Úkraínu. Tjónaskráin var stofnuð á grundvelli samnings áhugasamra Evrópuráðsríkja og annarra ríkja. Alls skrifuðu 44 ríki undir samninginn á fundinum, þar með talið Kanada, Japan, Bandaríkin og Evrópusambandið. Af aðildarríkjum Evrópuráðsins skrifuðu Armenía, Bosnía og Hersegóvína, Ungverjaland, Aserbaísjan og Tyrkland ekki undir yfirlýsinguna.

Fyrsta stjórn tjónaskrárinnar var kjörin í nóvember 2023 en hún samanstendur af sjö reyndum sérfræðingum. Úkraína átti fyrirfram eitt sæti samkvæmt stofnsamningi um tjónaskrána en sextán frambjóðendur frá fjórum heimsálfum kepptu um sex laus sæti í kosningunum. Frambjóðandi Íslands, Róbert Spanó, hlaut afar góða kosningu og var 11. desember jafnframt kjörinn formaður stjórnar tjónaskrárinnar. Auk hans hlutu frambjóðendur Þýskalands, Ítalíu, Bandaríkjanna, Póllands og Finnlands kjör. Ítalska stjórnarkonan Chiara Giorgetti var kjörin varaformaður stjórnar.

1.3 Átök fyrir botni Miðjarðarhafs

Hrottaleg hryðjuverkaárás Hamas á Ísrael 7. október síðastliðinn þar sem um 1.200 manns létu lífið og yfir 250 manns voru teknir í gíslingu kallaði á hörð viðbrögð og víðtæka fordæmingu alþjóðasamfélagsins. Ísrael lýsti strax yfir stríði við Hamas og studdu einkum Vesturlönd rétt ríkisins til sjálfsvarnar. Árásir Ísraelshers á Gaza hófust í kjölfarið með það að yfirlýstu markmiði að uppræta Hamas.

Átökin eru lengstu og blóðugustu átök Ísraels við nágretta sína frá stofnun ríkisins. Þau hafa valdið fleiri dauðsföllum og meiri eyðileggingu en helstu bardagar 21. aldarinnar, þar með talið í Maríupól í Úkraínu og Aleppó í Sýrlandi. Í árslok höfðu um 22 þúsund látist á Gaza af völdum árásanna, að stærstum hluta óbreyttir borgarar, þar af um þriðjungur börn. 132 gíslar voru enn í haldi um áramót eftir að 100 þeirra höfðu verið látnir lausir á meðan á stuttu vopnahléi stóð.

Allt frá upphafi átakanna hefur verið lögð áhersla á að draga úr spennu á svæðinu í heild til að forðast stigmögnun og útbreiðslu þeirra. Bandaríkin og fleiri ríki hafa aukið viðveru á svæðinu til að freista þess að fæla ríki og vígahópa frá aðgerðum sem geti leitt til frekari átaka. Flókin tengsl ríkjanna á svæðinu, hernaðaraðgerðir þeirra þvert á landamæri, og áhrif og aðgerðir vígahópa sem njóta stuðnings Írans, gefa ríka ástæðu til að hvetja til stillingar.

Afstaða Íslands

Ísland fordæmdi strax hryðjuverkaárás Hamas og áréttaði að Ísrael hefði fullan rétt til sjálfsvarnar. Í framhaldi af því hefur Ísland kallað eftir tafarlausu vopnahléi af mannúðarástæðum, lausn allra gísla, óheftu aðgengi að neyðaraðstoð og öðrum nauðþurftum og undantekningarlausri virðingu við alþjóðalög. Ísland hefur einnig fordæmt öll brot á alþjóða- og mannúðarlögum, rétt eins og hrottalega hryðjuverkaárás Hamas 7. október. Þá hefur Ísland ítrekað kallað eftir því að strax verði hugað að raunverulegum skrefum í átt að tveggja ríkja lausn. Þessari afstöðu Íslands var komið á framfæri við sendiherra Ísraels strax á fyrstu dögum stríðsins. Utanríkisráðherra hefur átt fundi með utanríkisráðherrum bæði Ísraels og Palestínu til að koma á framfæri afstöðu Íslands. Ráðherra sótti einnig fund utanríkisráðherra Norðurlanda og Belgíu, Hollands og Lúxemborgar



Denys Shmyhal forsætisráðherra Úkraínu skrifar undir stofnsamning um tjónaskrá fyrir Úkraínu.

með utanríkisráðherrum nokkurra Araba- og múslimaríkja í Osló í desember þar sem rætt var um varanlega lausn deilunnar.

Þá hefur Ísland ítrekað látið í sér heyra á fundum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana. Í öryggisráðinu 24. október var kallað eftir rannsókn á öllum meintum brotum stríðandi fylkinga á alþjóðalögum og 26. október kallaði forsætisráðherra á samfélagsmiðlum eftir tafarlausu vopnahléi. Ísland sat hjá í atkvæðagreiðslu um fyrstu ályktun neyðarfundar allsherjarþingsins 27. október þar sem ekki náðist samkomulag um að fordæma hryðjuverk Hamas en kallaði í atkvæðaskýringu eftir tafarlausu vopnahléi.

Þann 8. desember sendi Ísland, ásamt hinum Norðurlöndunum, bréf til stuðnings ákalli aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til öryggisráðsins og alþjóðasamfélagsins um tafarlausar aðgerðir og vopnahlé af mannúðarástæðum.

Í samræmi við ályktun Alþingis 9. nóvember var Ísland, ásamt 101 öðru ríki, meðflytjandi að ályktun sem lögð var fyrir öryggisráð Sameinuðu þjóðanna 8. desember en náði ekki fram að ganga.

Ísland kaus með og var meðflytjandi að ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna 12. desember þar sem kallað var eftir tafarlausu vopnahléi á Gaza af mannúðarástæðum, framfylgd alþjóðalaga, vernd óbreyttra borgara, tafarlausri lausn gísla og tryggu mannúðaraðgengi.

Ísland jók stuðning sinn við Palestínufloðtannanna aðstoðina (UNRWA) á árinu 2023 um 225 milljónir króna til að bregðast við ástandinu. Auk þess var Rauða krossinum á Íslandi veitt 25 milljóna króna árslokaframlag til að styðja við starfsemi Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC) sem starfar með palestínska Rauða hálfmánanum á Gaza og 15 milljóna króna viðbótarframlag til Alþjóðlega sakamáladómstólsins (ICC). Nánari upplýsingar um framlög Íslands til mannúðarmála eru í kafla 3.3.

Alþjóðleg áhrif

Alþjóðasamfélaginu var brugðið við aðfarir hryðjuverkasamtaka Hamas í árásunum 7. október. Vesturlönd lýstu því öll yfir að Ísrael hefði ótvíræðan rétt til sjálfsvarnar. Eftir því sem mannfall óbreyttra borgara jókst og staða mannúðarmála versnaði hefur ákall um vopnahlé af mannúðarástæðum orðið háværara.

Bandaríkin, helsti bakhjarl Ísraels, hafa hvatt þarlend stjórnvöld til að fara að alþjóðalögum og vernda óbreytta borgara eins og hægt er, án mikils árangurs.

Ísland er meðal þeirra ríkja sem kallað hafa eftir rannsókn á öllum brotum á alþjóðalögum í stríðinu og lagt aukið fjármagn til Alþjóðlega sakamáladómstólsins í því skyni að auka getu hans til að sinna rannsóknnum í auknum fjölda mála. Meintir alþjóðaglæpir í Palestínu hafa verið til rannsóknar hjá saksóknara dómstólsins síðan í desember 2019 og nær rannsóknin einnig til átakanna sem hófust 7. október 2023. Rannsóknin er enn í gangi og ekki hafa verið gefnar út ákærur.

Suður-Afríka höfðaði í árslok 2023 mál gegn Ísrael fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag þar sem Ísrael er gefið að sök að fremja hóp morð og standa ekki í vegi fyrir að hóp morð sé framið á palestínskum borgurum í yfirstandandi átökum. Þónokkur ríki hafa tilkynnt um áform um að gerast aðilar málsins ýmist til stuðnings Suður-Afríku eða Ísraels og þegar hafa nokkur ríki sent dómstólnum formlega beiðni þess efnis. Dómstóllinn hefur í tvígang, í janúar og í mars, úrskurðað um bráðabirgðaráðstafanir sem Ísrael er gert að ráðast í til varnar réttinda borgara Palestínu. Ákærurnar eru alvarlegar og munu íslensk stjórnvöld fylgjast vel með framvindu málsins.

Samhliða átökunum á Gaza hafa hryðjuverkahópar í Mið-Austurlöndum studdir af Íran kynt enn undir ófrið með árásum á Ísrael og skotmörk í öðrum ríkjum. Rimmur Ísraels við Íran í síðasta mánuði og Hezbollah-hryðjuverkasamtökin í Líbanon hafa sömuleiðis valdið áhyggjum um að upp úr kynni að sjóða. Árásum Húta á skip á Rauðahafi, sem hafa haft veruleg áhrif á vöruflutninga og jafnvel vöruverð um allan heim, hefur verið svarað af Bandaríkjaher og bandamönnum þeirra. Ísland fordæmir árásir Húta á Rauðahafi sem grafa undan siglingafrelsi og öryggi sjófarenda.

Telja má víst að átökin hafi dýpkað enn frekar þá gjá sem hafði myndast í alþjóðasamfélaginu milli Vesturlanda og annarra ríkja sem telja sig bera skarðan hlut frá borði. Ýmis ríki hafa séð sér leik á borði að grafa enn frekar undan samstöðunni, eins og sást gjörla í atkvæðagreiðslu um fyrstu ályktun neyðarfundar allsherjarþingsins þar sem örfá ríki komu í veg fyrir að hægt væri að ná fram jafnvægi í texta ályktunarinnar. Þá hafa átökin dregið athygli frá öðrum styrjöldum sem geisa, ekki síst í Súdan og Úkraínu.



| Leiðtogar Evrópuþjóða halda sínar ræður í almennri umræðu leiðtogafundarins.

1.4 Leiðtogafundur Evrópuráðsins

Fjórði leiðtogafundurinn í 75 ára sögu Evrópuráðsins var haldinn í Reykjavík 16. og 17. maí 2023 og markaði lok formennsku Íslands í ráðinu. Var það sögulegt að svo margir leiðtogar skyldu koma saman í fyrsta sinn í nær tuttugu ár til að áréttta þau sameiginlegu gildi sem Evrópuráðið byggir á. Síðast var haldinn leiðtogafundur í ráðinu árið 2005 í Varsjá, þar áður í Strassborg árið 1997 og sá fyrsti var haldinn í Vín árið 1993. Forsætisráðherra og utanríkisráðherra voru gestgjafar fundarins.

Sendinefndir sem sóttu leiðtogafund Evrópuráðsins

46



46 aðildarríki Evrópuráðsins sóttu fundinn.

5



Auk 5 áheyrnarríkja.

14



14 háttsettir fulltrúar Evrópuráðsins, ESB og leiðtogar annarra alþjóðastofnana voru einnig viðstaddir.

65



Sendinefndirnar voru 65 talsins.

7



Haldnir voru 7 upplýsingafundir fyrir sendinefndir.

Utanríkisráðuneytið leiddi undirbúning framkvæmdar leiðtogafundarins í samstarfi við forsætisráðuneytið, dómsmálaráðuneytið, embætti ríkislögreglustjóra, lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, Vegagerðina, Reykjavíkurborg, ISAVIA, tollgæslusvið Ríkisskattstjóra og fleiri. Um var að ræða eitt umfangsmesta verkefni sem utanríkisþjónustan hefur tekist á hendur og var allt tiltækt starfsfólk innan ráðuneytisins virkjað. Það sama átti við um embætti ríkislögreglustjóra og lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, sem léku lykilhlutverk og fengu til sín liðsauka, þar með talið frá Norðurlöndunum.

Í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu var ljóst að reyna myndi á samstarf og samstöðu innan Evrópu. Leiðtogafundurinn gegndi hlutverki í því að styrkja samstöðu aðildarríkjanna, ekki síst með Úkraínu, treysta stoðir Evrópuráðsins og gera stofnuninni kleift að vinna áfram að grunngildum sínum.

Leiðtogafundurinn sóttu fulltrúar allra 46 aðildarríkja Evrópuráðsins, auk háttsettra fulltrúa alþjóðastofnana og fimm áheyrnarríkja Evrópuráðsins. 65 erlendar sendinefndir og hátt í eitt þúsund gestir komu til landsins til að taka þátt í fundinum og um 350 blaða- og fjölmiðlamenn skráðu sig til þátttöku. Íslenskir ráðherrar héldu 29 formlega fundi í tengslum við leiðtogafundurinn en alls voru haldnir 130-140 tvíhliða fundir leiðtoga í Reykjavík.


Gestir sem sóttu leiðtogafund Evrópuráðsins

42



Alls sóttu **42** leiðtogar fundinn.

1.000



Hátt í **1.000** gestir komu til landsins.

350



350 blaða- og fjölmiðlamenn.

Fundurinn fór fram í Hörpu og flutti forsætisráðherra opunarávarp og Volodymyr Zelensky, forseti Úkraínu, ávarpaði leiðtogana í gegnum fjarfundabúnað. Þá fluttu ávörp þau Emmanuel Macron, forseti Frakklands, Olaf Scholz, kanslari Þýskalands, Giorgia Meloni, forsætisráðherra Ítalíu, Rishi Sunak, forsætisráðherra Bretlands, Marija Pejčinović Burić, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, og Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Tvíhliða fundir í tengslum við leiðtogafund Evrópuráðsins í Reykjavík

130-140



Haldnir voru **130-140** formlegir tvíhliða fundir auk fjölda óformlegra.

29



Haldnir voru **29** formlegir fundir íslenskra ráðamanna.

25



25 fundarherbergi voru útbúin fyrir tvíhliða fundi.

Efnislegar niðurstöður fundarins fóru fram úr væntingum. Reykjavíkuryfirlýsingin (Reykjavik Declaration), efnisleg niðurstaða fundarins, var samþykkt eftir margra mánaða vinnu á vettvangi Evrópuráðsins í Strassborg undir forystu Íslands. Í henni birtist sameiginleg sýn aðildarríkjanna á það hvernig Evrópuráðið skuli takast á við helstu áskoranir í nútíð og framtíð. Árangur fundarins fólst einnig í sögulegri stofnsetningu sérstakrar tjónaskrár vegna innrásar Rússa í Úkraínu og samþykkt yfirlýsinga um stuðning við úkraínsk börn, eftirfylgni með dómum Mannréttindadómstóls Evrópu, setningu meginreglna um lýðræði til að vinna gegn lýðræðislegu bakslagi (Reykjavik Principles of Democracy) og yfirlýsingu um tengsl mannréttinda og umhverfismála.

Þá var lagt upp með að styrkja Evrópuráðið sem málsvara grunnilda Evrópuríkja og auka samstarf ráðsins við mikilvæga samstarfsaðila sem deila þeim gildum, þar með talið lýðræðisöfl í Belarús.

Samhliða leiðtogafundinum fundaði stjórnarnefnd Evrópuráðsþingsins 15. maí 2023 en slíkur fundur hafði ekki áður verið haldinn samhliða leiðtogafundi í sögu Evrópuráðsins. Alþingi var gestgjafi fundarins. Jafnframt fundaði héraðs- og sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins í Ráðhúsi Reykjavíkur sama dag í samvinnu við Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga.



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra, flytur lokaræðu formennsku Íslands í Evrópuráðinu í hlutverki sínu sem forseti ráðherranefndar Evrópuráðsins.

Sérstakar fjölmiðlamiðstöðvar voru opnar meðan á fundinum stóð, annars vegar í Hörpu og hins vegar í Tollhúsinu. Ríkisútvarpið annaðist beina útsendingu frá fundinum, bæði frá opnunarathöfn og almennum umræðum, í samstarfi við Samtök evrópskra sjónvarpsstöðva (EBU). Enginn viðburður í sögu Evrópuráðsins hefur hlotið jafnmikla umfjöllun í fjölmiðlum.

Markviss vinna við innleiðingu Reykjavíkuryfirlýsingarinnar fer nú fram á vettvangi Evrópuráðsins í kjölfar leiðtogafundarins. Reykjavíkuryfirlýsingin er að fullu virt og fjallað er um innleiðingu hennar í ráðherranefnd Evrópuráðsins og undirnefndum þess, sem og á Evrópuráðsþinginu (PACE) og héraðs- og sveitarstjórnarvettvangi Evrópuráðsins (Congress). Ráðherranefndin hefur í kjölfar leiðtogafundarins og í samræmi við Reykjavíkuryfirlýsinguna samþykkt aukið starf á sviði lýðræðismála og unnið er að breytingum á skipulagi á sviði umhverfismála og mannréttinda í samræmi við samþykktir leiðtogafundarins.

Á vettvangi Evrópuráðsins er leiðtogafundurinn talinn hafa verið árangursríkur hvort sem horft er til efnislegrar niðurstöðu, þátttöku, allrar framkvæmdar eða sýnileika Evrópuráðsins.

Gjöf Íslands til Evrópuráðsins vegna leiðtogafundarins

Í tilefni af leiðtogafundinum gaf Ísland ráðherranefnd ráðsins fundarhamar útskorinn af listakonunni Sigríði Kristjánsdóttur, Siggú á Grund, sem verður notaður til að stýra fundum nefndarinnar hér eftir. Fyrirmynd hamarsins er frægur fundarhamar Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara sem upprunalega var gefinn Sameinuðu þjóðunum árið 1952 þegar nýjar höfuðstöðvar stofnunarinnar í New York voru teknar í notkun.

Efniviður Sigríðar í verkið er gamall peruvíður sem að hennar sögn kemur frá gömlu meisturunum. Í upprunalegu verki sínu, sem stundum er kallað Ásmundarnautur, valdi Ásmundur Sveinsson þemað „Bæn víkingsins fyrir friði“, en þegar vel er að gáð sést að hamarshöfuðið er stílfærður víkingur með spenntar greipar fyrir brjósti sér.

„Þemað var einkar viðeigandi á sínum tíma þar sem hamarinn er helgaður því höfuðhlutverki Sameinuðu þjóðanna að vernda heimsfrið. Fundarhamar hefur það hlutverk að koma röð og reglu á fundarhöld og allir þurfa að hlíta honum, bæði fulltrúar stórra og smárra ríkja. Það á ekki síður við nú þegar stríð geisar í Evrópu. Það er fallett að þarna liggja víkingur á bæn um frið því við trúum því að allar manneskjur þrái helst frið og farsæld,“ sagði Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra þegar tilkynnt var um gjöfina.

Hamarinn hvílir á litlum stokki sem er holur að innan þar sem hvert formennskuríki getur komið fyrir góðum skilaboðum til þess næsta. Á hamarinn er lettrað á latínu og íslensku: Legibus gentes moderandae sunt – Með lögum skal land byggja.



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra, afhendir Edgars Rinkēvičs, þáverandi utanríkisráðherra Lettlands, formennskugjöf Íslands til ráðherranefndar Evrópuráðsins.

Tímalína undirbúnings leiðtogafundarins



1.5 Alþjóðlegt samstarf um mannréttindi og frelsi

Árið 2023 voru 75 ár liðin síðan mannréttindayfirlýsingin var samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Afmælisins var minnst með ýmsum hætti yfir árið en hápunkturinn var sérstakur hátíðarviðburður í Genf í desember þar sem forsætisráðherra stýrði pallborðsumræðum um tengsl mannréttinda og umhverfis- og loftslagsmála. Viðburðinum var ætlað að blása nýju lífi í alþjóðlegt mannréttindasamstarf með söfnun áheita ríkja og annarra haghafa og leggja grunn að alþjóðlegri stefnumörkun á sviði mannréttinda til næsta aldarfjórðungs. Ísland hét auknum framlögum til skrifstofu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna (OHCHR). Í nýjum ramma-samningi við OHCHR voru framlög til stofnunarinnar hækkuð umtalsvert og nema nú samtals 95 milljónum á ári, þar af 80 milljónir króna í formi kjarnaframlaga.

Mannréttindi og lýðræðisleg gildi

Í byrjun árs 2023 gerðist Ísland aðili að ríkjahópi um vernd mannréttinda á netinu (Freedom Online Coalition) sem beitir sér fyrir því að mannréttindi skuli virt á netinu til jafns við raunheima og að mannréttindi á netinu komist á dagskrá í alþjóðlegri stefnumótun. Þá er Ísland eitt stofnríkja bandalags um fjölmiðlafrelsi (Media Freedom Coalition) sem var myndað árið 2019 í því augnamiði að efla aðgerðir gegn árásum á fjölmiðlafólk um allan heim og styðja ríki í átt að auknu fjölmiðlafrelsi. Ráðherra tók þátt í fjórða ráðherra-fundi bandalagsins sem haldinn var í Eistlandi í gegnum fjarfundabúnað. Ísland tók undir allar sameiginlegar yfirlýsingar bandalagsins síðasta árið, meðal annars vegna árása á blaðamenn í Rússlandi, vegna versnandi stöðu fjölmiðla í Hong Kong og um alvarlegar afleiðingar stríðsátaka Ísraels og Hamas fyrir fjölmiðlafólk.

Ísland er jafnframt eitt 43 ríkja sem mynda bandalag um réttindi hinsegin fólks (Equal Rights Coalition) sem vinnur að því að tryggja að það fái

notið allra mannréttinda hvarvetna. Mikið er lagt upp úr því að eiga gott samráð við frjáls félagsamtök sem vinna að bættum réttindum hinsegin fólks sem og við viðeigandi alþjóðastofnanir, einkum á vegum Sameinuðu þjóðanna. Ísland tók undir allar sameiginlegar yfirlýsingar bandalagsins, meðal annars vegna hörmulegrar stöðu mannréttinda hinsegin fólks í Úganda.

Ísland tekur áfram þátt í lýðræðisátaki Bandaríkjaforseta (Summit for Democracy) sem hrundið var af stað í lok árs 2021. Markmið átaksins er að efla mannréttindi og lýðræði um heim allan með aðgerðarbandalögum um mismunandi málefni þeim tengd. Þá tók Ísland undir sameiginlega yfirlýsingu ríkja (Global Declaration on Information Integrity Online) haustið 2023 um mikilvægi þess að stuðla að sönnum og réttum upplýsingum á netinu byggðum á alþjóða- og mannréttindalögum með það að markmiði að stuðla að jafnrétti, fjölmiðla- og tjáningarfrelsi. Þróunarsamvinna Íslands er unnin út frá mannréttindamiðuðum forsendum og er þar sjónum meðal annars beint að réttindamálum hinsegin fólks í samstarfsríkjum Íslands. Nánar er fjallað um þetta í kafla 3 um þróunarsamvinnu.

Alþjóðlegt kynjajafnréttisstarf

Ísland nýtur alþjóðlegrar virðingar á sviði kynjajafnréttis og hafa stjórnvöld um árabíl lagt sín lóð á vogarskálarnar til valdeflingar kvenna og stúlkna og aukinnar virðingar fyrir mannréttindum þeirra.

Sérstök áhersla var lögð á að efla samstarf með líkt þenkjandi ríkjum um eflingu kynjajafnréttis og í baráttunni gegn því bakslagi sem orðið hefur á sviði kynjajafnréttis á heimsvísu. Hópur jafnréttis-sendihera tíu líkt þenkjandi ríkja og Atlants-hafsbandalagsins funduðu á Íslandi í nóvember til að stilla saman strengi á þessu sviði. Ísland tekur virkan þátt í hnattrænum samstarfsvettvangi fjórtán ríkja, undir forystu Bandaríkjanna, um aðgerðir gegn stafrænu kynbundnu áreiti og einelti (Global Partnership for Action on Gender-Based Online Harassment and Abuse).

Jafnréttisstarf sendiskrifstofa

346



Skipulagning og þátttaka í 346 jafnréttisverkefnum og -viðburðum um víða veröld.

187



Þátttaka í 187 jafnréttisráðstefnum, -málþingum, -kynningum og -fyrirlestrum.

436



436 viðtöl, greinar og tíst í fjölmiðlum um jafnréttismál.

47



47 jafnréttisverkefni á sviði efnahags- og viðskiptamála.

5



5 íslenskir sérfræðingar að störfum á sviði jafnréttismála hjá alþjóðastofnunum á vegum ráðuneytisins.

52



52 jafnréttisverkefni á sviði þróunarsamvinnu.

23



23 jafnréttisverkefni og viðburðir til að virkja karlmenn og drengi í þágu jafnréttismála.

3



3 Barbershop viðburðir.

201



201 viðburðir fyrir vitunarsvörunu um kynjajafnrétti og fordóma gegn hinsegin fólki.

20



20 sendiskrifstofur tóku þátt í 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi „Orange the world.“

Hér gefur að líta yfirlit um starf sendiskrifstofa, en formennskudagskrár Íslands á liðnu ári í Evrópuráðinu og Norrænu ráðherranefndinni gerðu einnig kynjajafnrétti hátt undir höfði, eins og greint er frá í sérstökum skýrslum þar að lítandi.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í New York og mannréttindaráðsins í Genf var unnið að eflingum mannréttinda kvenna og stúlkna í heiminum. Ísland leiðir árlega ályktun í mannréttindaráðinu um mannréttindi í Íran og fylgir eftir ályktun sérstaks fundar um mannréttindi kvenna í Íran sem Ísland stóð fyrir ásamt Þýskalandi á haustmánuðum 2022. Í september stóð forsætisráðherra fyrir viðburði um stöðu kvenna í Afganistan á hliðarlínunum allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Í aðdraganda ráðherraviku allsherjarþingsins leiddi Ísland sömuleiðis, undir forystu forsætisráðherra, ásamt Tansaníu, miðannarfund átakverkefnisins Kynslóð jafnréttis (Generation Equality) á vegum UN Women. Fundurinn fjallaði um það alvarlega bakslag sem orðið hefur í jafnréttismálum víða um heim og nauðsyn þess að grípa til markvissra aðgerða til að snúa þeirri þróun við. Forsætisráðherra flutti opunarávarp og stýrði einnig pallborðsumræðum þar sem rætt var um ábyrgð ríkja, skuldbindingar og árangur af verkefnum átaksins.

Ísland tók sem endranær virkan þátt í störfum 67. kvennanefndarþings Sameinuðu þjóðanna (CSW67) í mars 2023. Yfirskrift þingsins var jafnrétti, valdefling og menntun kvenna og stúlkna í tengslum við nýsköpun og tækni-breytingar. Forsætisráðherra leiddi sendinefnd ráðuneyta, alþingismanna og frjálsra félagsamtaka en fastanefnd Íslands bar hitann og þungann af undirbúningi og framkvæmd og tók

þátt í samningaviðræðum um lokaniðurstöður fundarins. Forsætisráðherra flutti ræðu fyrir hönd Íslands og leiddi samnorræna dagskrá um norrænar aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi. Þá flutti forsætisráðherra einnig innlegg á hliðarviðburði Evrópuráðsins og íslensku formennskunnar um réttindi kvenna og stúlkna á flötta.

Fyrirtaka Íslands hjá nefnd um framkvæmd samnings um afnám mismununar gagnvart konum (CEDAW) fór fram í Genf í júní síðastliðnum. Í skýrslunni er fjallað um hvernig Ísland hefur uppfyllt skyldur sínar gagnvart samningnum og hvernig unnið hefur verið eftir þeim tilmælum sem beint var til Íslands eftir síðustu skýrslu. Síðasta úttekt Íslands var 2016. Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins leiddi sendinefndina sem var skipuð fulltrúum fjögurra ráðuneyta, þar á meðal utanríkisráðuneytisins. Félagasamtök höfðu skilað skuggaskýrslu sem nefndin horfði til við undirbúning fyrirtökunnar.

Eitt af markmiðum Íslands í landsáætlunum Íslands um konur, frið og öryggi er að sinna málsvaustarfi á þessu sviði til að tryggja að jafnréttis- og kynjasjónarmiða sé gætt á vettvangi öryggis- og varnarmála. Var það gert á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í New York, hjá Atlantshafsbandalaginu í Brussel og Öryggis- og samvinnustofnuninni í Vín. Unnið er að fjórðu landsáætlun Íslands á þessu sviði.



Bjarni Benediktsson, þáverandi utanríkisráðherra tók þátt í umræðum á Heimsþingi kvenleiðtoga, Reykjavík Global Forum, í nóvember.

Á árinu 2023 var efnt til þriggja „Barbershop“-rakarastofuráðstefna sem miða að virkri þátttöku karla og drengja í jafnréttisbaráttu á alþjóðavísu. Efnt hefur verið til um tuttugu slíkra viðburða með alþjóðastofnunum sem Ísland á aðild að undanfarinn áratug. Barbershop-verkfærakistan var kynnt á ráðstefnu um karla og drengi hjá Evrópuráðinu í apríl með aðkomu forseta Íslands. Efnt var til rakarastofuráðstefnu hjá Mennta- og menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) í febrúar og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) í Vín í október með þátttöku hátt í hundrað hermála- og öryggismálafulltrúa aðildarríkja. Utanríkisráðherra ávarpaði einnig viðburð um karla og jafnréttismál á sérstökum viðburði á heimsþingi kvenleiðtoga í Reykjavík í nóvember.

1.6 Starfið hjá alþjóðastofnunum

Formennska Íslands í Evrópuráðinu

Í maí 2023 lauk sex mánaða formennsku Íslands í Evrópuráðinu með sögulegum og vel sóttum leiðtogafundi í Reykjavík, þeim fjórða í tæplega 75 ára sögu ráðsins. Þetta var í þriðja sinn sem Ísland fór með formennsku í Evrópuráðinu frá inngöngu árið 1950 en áður leiddi Ísland starfsemina árin 1955 og 1999.

Á formennskutímanum gegndi utanríkisráðherra Íslands embætti forseta ráðherranefndar Evrópuráðsins. Á meðan á formennskunni stóð stýrði fastafulltrúi Íslands hjá Evrópuráðinu öllum

reglulegum fundum nefndarinnar í Strassborg og undirnefndar til undirbúnings fyrir leiðtoga-fundinn. Fyrir formenskuna hafði fastafulltrúi Íslands stýrt mannréttindafundalotum ráðherranefndarinnar um hálfis árs skeið og setið í yfirstjórn Evrópuráðsins. Fastafulltrúi mun sitja í yfirstjórn ráðsins fram í maí 2024 til þess að fylgja formennsku Íslands eftir.

Grundvallargildi ráðsins, lýðræði, réttarríkið og mannréttindi, eiga undir högg að sækja og voru því sett á oddinn í formennsku Íslands. Þá var lögð áhersla á umhverfismál og mannréttindi, réttindi barna og ungmenna og jafnréttismál, meðal annars með aðkomu drengja og karla, og réttindi hinsegin fólks. Stuðningur við Úkraínu var sömuleiðis forgangsmál og nýttu íslenskir fulltrúar hvert tækifæri á formennskutímabilinu til að tala máli Úkraínu og stuðla að því að tryggja ábyrgðarskyldu vegna þeirra brota sem framin hafa verið.

Um Evrópuráðið

Evrópuráðið (Council of Europe) fagnar 75 ára afmæli árið 2024. Aðildarríki þess eru 46 og íbúar þeirra 700 milljónir. Ráðið stendur vörð um mannréttindi, lýðræðislega stjórnarhætti og réttarríkið í álfunni og kappkostar jafnframt að efla þar almenna velsæld. Ráðið var stofnað eftir síðari heimsstyrjöldina með það grundvallarmarkmið að leiðarljósi að koma á varanlegum stöðugleika innan Evrópu með skipulögðu samráði og samstarfi Evrópuríkja. Evrópuráðið vinnur á grundvelli alþjóðasamninga milli aðildarríkjanna og fleiri ríkja og alþjóðastofnana. Það lætur sig varða jafnrétti, tjáningarfrelsi, umhverfismál, sveitarstjórnarmál og mennta- og menningarmál. Það hefur gert um 200 alþjóðasamninga á ýmsum sviðum sem hafa haft áhrif víða um heim. Mannréttindadómstóll Evrópu er ein af lykilstofnunum mannréttinda í heiminum og framfylgir mannréttindasáttmála Evrópu. Helstu stofnanir Evrópuráðsins eru Mannréttindadómstóll Evrópu, skrifstofa aðalframkvæmdastjóra, ráðherranefndin, Evrópuráðsþingið, sjálfstæður mannréttindafulltrúi og Þróunarbanki Evrópuráðsins.

Hluti formennskuáætlunar Íslands fól í sér áherslu á að efla samstarf ráðherranefndar Evrópuráðsins við framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, Mannréttindadómstól Evrópu, skrifstofu ráðherranefndarinnar og Evrópuráðsþingið, þing sveitarfélaga og héraðsstjórna.

Sem forseti ráðherranefndar Evrópuráðsins þurfti utanríkisráðherra að taka afstöðu til ýmissa pólitískra málefna sem komu upp á formennskutímabilinu. Meðal þeirra voru innrásarstríð Rússlands í Úkraínu, aðildarumsókn Kósovó að Evrópuráðinu, mál Osmans Kavala gegn Tyrklandi, aðrar innleiðingar dóma Mannréttindadómstóls Evrópu og átök á milli Armeníu og Aserbaídsjan, auk ákvörðunar um að halda fjórða leiðtogafund Evrópuráðsins. Utanríkisráðherra gaf út átta yfirlýsingar í forsetatíð sinni, þar á meðal til stuðnings Úkraínu. Ein þeirra var gefin út með utanríkisráðherra Úkraínu þar sem kallað var eftir alþjóðlegum lagalegum viðbrögðum við tilefnislausu og ólöglegu árásarstríði Rússa. Aðrar yfirlýsingar bentu meðal annars á versnandi stöðu mannréttinda í Rússlandi og Belarús.



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra, ávarpar þing Evrópuráðsins í Strassborg í apríl 2023.

Þá kom reglulega til umræðu á vettvangi ráðherranefndarinnar viðkvæm staða á öðrum svæðum innan aðildarríkja Evrópuráðsins. Jafnframt kom Evrópuráðið á fót sérstöku samstarfi við stjórnarandstöðuna í Belarús sem ætlað er að styðja við og efla lýðræðisleg öfl í landinu. Ráðherra sat sömuleiðis fundi með fulltrúum annarra alþjóðastofnana og utanríkisráðherrum aðildarríkja Evrópuráðsins yfir allt

formennskutímabilið. Þá fór ráðherra í vinnuferð til Úkraínu ásamt forsætisráðherra þar sem meðal annars var fjallað um undirbúning tjonaskrár fyrir Úkraínu.

Á formennskutímanum heimsótti utanríkisráðherra Evrópuráðið þrisvar og forseti Íslands, forsætisráðherra og mennta- og barnamálaráðherra heimsóttu öll Evrópuráðið tvisvar. Innviðaráðherra og viðskipta- og menningarmálaráðherra tóku sömuleiðis þátt í formennskudagskrá Íslands í Strassborg.

Rakarastofuviðburður í Strassborg og IDAHOT+ Forum, einn mikilvægasti vettvangur hinsegin málefna í Evrópu sem haldinn var í Reykjavík í maí 2023, voru liðir í að vinna áherslum Íslands fylgis. Að frumkvæði formennsku Íslands í Evrópuráðinu var einnig gefin út sameiginleg yfirlýsing ráðherra í tilefni af alþjóðlegum degi gegn fordómum gagnvart hinsegin fólki (IDAHOT) þann 17. maí.

Í aðdraganda leiðtogafundar Evrópuráðsins var sérstökum nýjum alþjóðlegum jafnréttisverðlaunum í nafni Vigdísar Finnbogadóttur, undir heitinu Vigdís Prize for Women's Empowerment, komið á fót. Að verðlaununum standa Evrópuráðsþingið (PACE) og ríkisstjórn Íslands og verða þau veitt einstaklingum, stofnunum eða samtökum sem stuðlað hafa að valdeflingu kvenna með framúrskarandi hætti. Verðlaunin verða afhent í fyrsta sinn í júní 2024 í Strassborg.

Til samræmis við áherslu Íslands á réttindi barnsins kostuðu íslensk stjórnvöld nýja greiningu á barnahússmódelinu innan aðildarríkja Evrópuráðsins og voru niðurstöðurnar kynntar með skýrslu og þátttöku íslenskra sérfræðinga á fundi í Strassborg. Mennta- og barnamálaráðherra var gestgjafi stýrinesndar Evrópuráðsins um réttindi barna sem fundaði í Reykjavík í mars 2023. Meðal málefna fundarins var hvernig hlúa mætti að réttindum og velferð úkraínskra barna.

Tvær ráðstefnur voru haldnar til að efla samtál um tengsl umhverfis og mannréttinda, annars vegar um mikilvægi grænnar opinberrar stjórn-sýslu og góðra lýðræðislegra stjórnarháttanna og hins vegar um réttinn til hreins, heilnæms og sjálfbærs umhverfis. Þá ávarpaði utanríkisráðherra alþjóðlega ráðstefnu um græn skref í ríkisrekstri þar sem fjallað var um reynslu ríkja af því að ganga á undan með góðu fordæmi hvað varðar grænar lausnir.




| Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York á ráðherraviku allsherjarþingsins í fyrra.

Fastanefnd Íslands stóð fyrir fjölbreyttri menningardagskrá í Strassborg þar sem íslensk tónlist, bókmenntir, kvikmyndir, barnamenning og hönnun var kynnt. Einn af sporvögnunum á fjölförnustu leiðum Strassborgar verður áfram prýddur myndum af íslenskri náttúru og norðurljósum næstu misserin. Nánar má lesa um menningardagskrána í kafla 4.8.

Lettland tók við formennsku í ráðinu af Íslandi. Keflið gekk svo til Liechtenstein í nóvember 2023, sem mun standa fyrir utanríkisráðherrafundi nú í maí þar sem 75 ára afmæli ráðsins verður fagnað. Nánar verður fjallað um formennsku Íslands og leiðtogafund Evrópuráðsins í væntanlegri skýrslu utanríkisráðuneytisins.

Formennskutímabil Íslands – tímalína



Sameinuðu þjóðirnar

Vaxandi spenna í alþjóðaöryggismálum einkenndi starf Sameinuðu þjóðanna árið 2023. Látlaus stríðsrekstur Rússlands gagnvart Úkraínu, átökin á Gaza og átök á Sahel-svæðinu í Afríku hafa haft alvarlegar afleiðingar fyrir mannúðaraðstoð og mannréttindi, fæðuöryggi, umhverfis- og loftslagsmál og framfylgd heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Aðildarríkin hafa skipast í fylkingar sem takast á um hvernig skuli haldið á málum.

Í ráðherraviku 78. allsherjarþingsins í september 2023 mátti greina vilja aðildarríkja til að koma saman og leita lausna, þó að vissulega hafi ríkt verulegur skoðanaágreiningur og mikið verk væri óunnið við að sætta ólík sjónarmið. Má segja að átökin fyrir botni Miðjarðarhafs hafi svo dýpkað ágreininginn á nýjan leik.

Alger kyrrstaða hefur ríkt í öryggisráðinu vegna innrásar Rússlands í Úkraínu þar sem árasarríkið stöðvar allar ákvarðanir með neitunarvaldi. Svipuð kyrrstaða er uppi í málefnum Mið-Austurlanda sem hafa verið í brennidepli hjá ráðinu síðasta ársfjórðunginn því þrjú af fastaríkjum ráðsins beita neitunarvaldi á víxl. Í báðum tilfellum eru því málefni til umfjöllunar á sérstökum neyðarfundum allsherjarþingsins, tíundi neyðarfundur þess fjallaði um Palestínu og herteknu svæðin og sá ellefti um stöðuna í Úkraínu. Munurinn er sá að einungis öryggisráðið getur tekið bindandi ákvarðanir en ályktanir allsherjarþingsins lýsa pólitískum vilja og afstöðu aðildarríkja.

Á árinu 2023 var friðargæslusveitum Sameinuðu þjóðanna vísað frá Malí og þá hófu þær einnig brottför frá Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó á árinu 2024. Samt sem áður er enn unnið að erfiðum verkefnum á sviði friðargæslu og friðaruppbyggingar, meðal annars í Suður-Súdan, Jemen, Sírlandi, Afganistan og Haítí.

Staða Íslands og vinna í þágu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna var kynnt öðru sinni á árlegum ráðherrafundi um sjálfbæra þróun í höfuðstöðvum stofnunarinnar í júlí 2023. Um er að ræða eftirfylgnivettvang Sameinuðu þjóðanna með heimsmarkmiðunum og þar gefst ríkjum tækifæri til þess að leggja fram landrýnskýrslur og kynna niðurstöðurnar á fundinum. Í skýrslu Íslands er meðal annars að finna mat stjórvalda á stöðu heimsmarkmiðanna á Íslandi og til samanburðar er þar einnig að finna stöðumat frjálsra félagasamtaka.

Forsætisráðherra og utanríkisráðherra sóttu að venju ráðherraviku allsherjarþingsins í september. Leiðtogafundur um heimsmarkmiðin var hápunktur fundarhaldanna og haldinn til að færa nýjan kraft í framfylgd þeirra. Forsætisráðherra leiddi meðal annars einn umræðuvettvang fundarins ásamt forseta Mósambík og tók einnig þátt í leiðtogafundi um loftslagsmál ásamt fulltrúum um þrjátíu ríkja sem boðið var að miðla sýn sinni og fyrirheitum.

Í ræðu sinni í allsherjarþinginu lagði utanríkisráðherra megináherslu á mikilvægi samstarfs og ábyrgðar alþjóðasamfélagsins við að leysa vandamál samtímans, hvort sem þau vörðuðu framkvæmd heimsmarkmiðanna, baráttu gegn loftslags- og umhverfisvá, versnandi stöðu mannréttinda eða fæðuöryggi. Ráðherra fordæmdi árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu og aðför Belarús að lýðræðisöflum í landinu og áréttaði að lýðræði og lýðréttindi yrði skilyrðislaust að verja. Ráðherra kom einnig inn á mikilvægi starfs Evrópuráðsins í mannréttindamálum og greindi frá framboði Íslands til mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna 2025-2027.

Ráðherra ávarpaði undirbúningsfund fyrir leiðtogafund Sameinuðu þjóðanna um Framtíðarsáttmálann svokallaða (Pact for the Future) sem mun fara fram haustið 2024, fund Norrænu ráðherranefndarinnar um aðgerðir gegn plastmengun, fund ESB um stöðu mála í Belarús og fund forseta Malaví með framlagaríkjum um

stöðu mála í landinu. Þá átti ráðherra fjölda tvíhliða funda og undirritaði rammisamninga við Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women), Palestínuflóttamannaástoð Sameinuðu þjóðanna (UNRWA) og Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA). Einnig undirritaði utanríkisráðherra nýjan alþjóðasamning undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja (BBNJ).




Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra, ávarpar 78. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.

Í samstarfi við UN Women var forsætisráðherra gestgjafi á hliðarviðburði um stöðu kvenna í Afganistan, þar sem ráðherra og vararáðherra frá níu ríkjum tóku þátt, og leiddi einnig miðannarfund áttaksins Kynslóð jafnréttis (Generation Equality) ásamt Tansaníu og UN Women.

Almennt beitir Ísland sér með virkri þátttöku í samningaviðræðum og samráði um mannréttinda- og jafnréttismál, þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð, alþjóðalög, málefni hafsins, sjálfbæra orkunýtingu, aðgerðir gegn loftslagsbreytingum, afvopnun og friðsamlega lausn deilumála. Þá á Ísland einn af varaforsetum allsherjarþingsins á 78. allsherjarþinginu.

Fastanefndin tekur jafnframt þátt í nokkrum vina- og kjarnahópum tengdum jafnréttismálum í New York, þar með talið kjarnahópnum um hinsegin réttindi. Fastafulltrúi Íslands var á haustmánuðum valinn af forseta allsherjarþingsins í ráðgjafarnefnd um kynjajafnrétti.

Hversu jákvæð(ur/tt) eða neikvæð(ur/tt) ert þú gagnvart aðild Íslands að Sameinuðu þjóðunum?



*Heildarfjöldi svarenda: 1.017. Svörðu ekki: 28.
Heimild: Maskína (maí, 2023).

Störf afvopnunarnefndar allsherjarþingsins, fyrstu nefndar, einkenndust af þeim öryggis-pólítísku átökum sem uppi eru meðal leiðandi ríkja í öryggisráðinu. Fá framfaraskref voru tekin í afvopnarmálum utan smáskrefa til að hefja vinnu við að forða vopnakauphlaupi í geimnum. Endurskoðunarráðstefnu um samninginn um bann við útbreiðslu kjarnavopna (NPT) lauk án árangurs. Rússlandi, einu og sér, tókst að bregða fæti fyrir samhljóma niðurstöðu 150 þátttökuríkja. Þá setti stríðsreksturinn í Úkraínu sem fyrr mark sitt á umræðuna og sama gerðist með átökin á Gaza.

Ísland leiddi árlega ályktun um landgræðslu og eyðimerkurmyndun ásamt Pakistan sem samþykkt var samhljóða í annarri nefnd sem fjallar um efnahags- og þróunarmál. Ísland leiðir ásamt Namibíu starf vinnuhóps um eyðimerkurmyndun og landgræðslu. Fastanefnd Íslands á reglulegt samráð við helstu undirstofnanir og sjóði stofnunarinnar í samræmi við áherslur Íslands í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu. Einkum er litið til UNICEF, UN Women og UNFPA í þessu samhengi. Ísland sat einnig í stjórn UNDP/UNFPA/UNOPS á árinu 2023.

Áralöngum samningaviðræðum um BBNJ-samninginn svokallaða lauk í mars 2023 en þá náðist loks saman um nýjan alþjóðasamning. Um er að ræða samning undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegar fjölbreytni í hafinu utan

lögsögu ríkja. Samningurinn markar tímamót fyrir betri möguleika á vernd lífríkis hafsins og samþykkt hans veitir einnig von á erfiðum tímum í fjölþjóðasamvinnu.

Ísland stjórnaði umræðum á fundi laganefndar allsherjarþingsins um drög að nýjum alþjóðasamningi um glæpi gegn mannúð. Ísland er í hópi ríkja sem þrýstir á að formlegar samningaviðræður hefjist innan skamms enda vantar samning um þessa grafalvarlegu alþjóðaglæpi sem því miður eru enn framdir víða um heim.

Framtíðarsáttmáli og leiðtogafundur um framtíðina

Í viðleitni til að styrkja stoðir alþjóðakerfisins og marka leiðina fram á við vinna aðildarríki Sameinuðu þjóðanna nú að sáttmála um framtíðina sem samþykkja skal á leiðtogafundi haustið 2024. Þar kemur í ljós hvort alþjóðasamfélagið geti náð samstöðu um hvernig stýra megi sameiginlegum hagsmunamálum á farsælan hátt og skapa þannig frið, réttlæti og jöfnuð í samtíma og fyrir komandi kynslóðir. Byggist þessi vinna á skýrslu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um sameiginlega dagskrá alþjóðasamfélagsins, Our Common Agenda, sem var lögð fram í tilefni 75 ára afmælis Sameinuðu þjóðanna árið 2020. Þar voru tilgreindar tólf dagskrárhugmyndir til að vísa veginn um endurreisn og aðlögun fjölþjóðasamvinnu svo takast megi á við þær áskoranir sem alþjóðasamfélagið stendur frammi fyrir, og að framkvæmd heimsmarkmiðanna gangi hraðar fyrir sig. Talsverð samstaða er meðal aðildarríkja um vandamálin sem þarf að takast á við en ólíkar leiðir að settum markmiðum eru enn þrætuepli.

Ísland gerðist meðflutningsaðili að ályktun Vanúatú en með henni skaut allsherjarþingið spurningum um lagalegar hliðar loftslagsbreytinga til alþjóðadómstólsins í Haag sem mun gefa út ráðgefandi álit um málið. Hafréttardómurinn vinnur að sambærilegu álit. Lagalegar hliðar hækkunar sjávarmáls af völdum loftslagsbreytinga er annað stórt mál en Ísland hélt sem fyrr utan um norræn ræðuskrif um það.

Í desember var aðildarríkjaþing alþjóðlega sakamáladómstólsins (ICC) haldið í New York og sex nýir dómara kjörnir. Ástandið í Úkraínu og fyrir botni Miðjarðarhafs setti svip á þingið.

Tómas H. Heiðar, frambjóðandi Íslands, sem jafnframt var tilnefndur af öllum Norðurlöndunum, hlaut glæsilegt endurkjör í Alþjóðahafréttardóminn í kosningum sem fram fóru meðal 168 aðildarríkja á fundi þeirra í New York 14. júní 2023. Hlaut Tómas 156 atkvæði, eða flest atkvæði frambjóðenda. Tómas var síðar á árinu kjörinn forseti dómsins til næstu þriggja ára af samdómurum sínum.

Mannréttindaráðið í Genf

Utanríkisráðherra sótti ráðherraviku mannréttindaráðsins í Genf í febrúar 2023 og flutti stefnu-ræðu Íslands um alþjóðleg mannréttindamál þar sem staða lýðræðis, frelsis og mannréttinda bar hæst. Í ræðunni fordæmdi ráðherra meðal annars harðlega innrás Rússlands í Úkraínu og minnti á skelfilegar afleiðingar stríðsins sem hefðu víðtæk áhrif á mannréttindi víða. Þá fordæmdi ráðherra mannréttindabrot stjórnvalda í Belarús, skoraði á talibana í Afganistan að virða mannréttindi og láta af þeirri kúgun í garð kvenna sem þar viðgengst og lýsti yfir áframhaldandi stuðningi við íbúa Íran sem enn sættu hrottalegu ofbeldi af hálfu stjórnvalda. Ráðherra tók auk þess þátt í mannúðarráðstefnu um Jemen og flutti ræðu fyrir hönd Norðurlanda á viðburði til stuðnings Úkraínu.



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra ávarpar mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna í Genf.

Í mars 2023 samþykkti mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna árlega ályktun um ástand mannréttinda í Íran sem hópur fjögurra ríkja undir forystu Íslands lagði fram. Ályktunin fram- lengdi umboð sérstaks skýrslugjafa til að fylgjast með og gefa mannréttindaráðinu reglubundna skýrslu um ástand mannréttindamála í Íran. Í nýjustu skýrslu skýrslugjafans, Javaid Rehman, kom fram að írönsk stjórnvöld beiti meðal annars dauðarefsingum í þeim tilgangi að berja niður mótmæli borgara. Í fyrsta sinn frá því ályktunin var fyrst lögð fram fyrir tíu árum var ákveðið að bæta efnislega við ályktunartextann, annars vegar tilvísun til sérstakrar rannsóknarnefndar sem var sett á laggirnar að frumkvæði Íslands og Þýskalands í nóvember 2022 og hins vegar sérstakri fordæmingu á fjölgun aftaka í kjölfar mótmælanna í Íran síðastliðið haust. Ályktunin var samþykkt með 23 atkvæðum, átta greiddu atkvæði gegn og sextán sátu hjá. 47 aðildarríki Sameinuðu þjóðanna sitja í ráðinu hverju sinni með atkvæðisrétt og er þessi niðurstaða ein sú mest afgerandi sem sést hefur þegar í hlut eiga ályktanir sem fjalla um einstök ríki.

Í júnílotu ráðsins var sérstakur viðburður um rétt kvenna í Afganistan til menntunar og vinnu og var Ísland meðal ríkja sem studdu viðburðinn. Á fundinum var meðal annars fjallað um skuld- bindingar Afganistan gagnvart réttindum kvenna í gegnum aðild landsins að alþjóðasáttmálum á borð við CEDAW og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Gott samstarf ríkir á meðal Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í mannréttindaráðinu. Í fundalotum ráðsins árið 2023 voru flutt í heild sinni 89 ávörp, annaðhvort í nafni allra átta ríkjanna (NB8) eða Norðurlandanna fimm, auk annarra sem Ísland flutti í eigin nafni. Öll ávörpin eru aðgengileg á vefsíðu fastanefndar Íslands í Genf.

Ísland tók þátt í öllum fundalotum mannréttindaráðsins um jafningjarýni (UPR) á vegum aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna. Rýnin felst í því að ráðið fer yfir stöðu mannréttinda í hverju aðildarríki fyrir sig á fimm ára fresti og kemur með tilmæli um úrbætur. Ísland leggur sérstaka áherslu á afnám dauðarefsinga, kynjajafnrétti og réttarstöðu hinsegin fólks.



| Auðbjörg Halldórsdóttir, fastafulltrúi Íslands gagnvart UNESCO, á haustlotu 217. framkvæmdastjórnarfundar stofnunarinnar.

Ísland sækist á nýjan leik eftir setu í mannréttindaráðinu fyrir tímabilið 2025-2027 með stuðningi Norðurlandanna sem sækjast eftir því að eiga fulltrúa í ráðinu hverju sinni. Finnland á nú sæti í ráðinu út árið 2024. Kosningar fara fram á vettvangi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í New York í október 2024 og enn sem komið er engin samkeppni um þrjú sæti Vesturlandahópsins (WEOG). Auk Íslands eru Sviss og Spánn í framboði.

Áfram verður lögð áhersla á kynjajafnrétti, málefni hinsegin fólks, réttindi barna og ungmenna og tengsl umhverfis og mannréttinda, mál sem hafa verið í forgrunni, auk grunn-gilda lýðræðis, mannréttinda og réttarríkisins. Þessar áherslur hafa verið gegnumgangandi í formennsku Íslands í Evrópuráðinu og í mannréttindaráðinu.

Staða Íslands á völdum mannréttindavísu 2023

Global Gender Gap 2023 - World Economic Forum	1.
Global Peace Index 2023 - IEP	1.
Freedom House - Freedom on the net 2023	1.
KidsRights Index 2023	3.
Women, Business and the Law 2023 Index	1.-14.
The Economist - Glass-ceiling Index 2023	1.
World Happiness Report 2023	3.
Human Development Index 2023	3.
Social Progress Index 2023	5.
The Economist - Democracy Index 2022	3.
Gender Inequality Index 2023	1.
ILGA-Europe - Rainbow Europe 2023	5.
World Press Freedom Index - RSF 2023	18.

Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna

Ísland situr í framkvæmdastjórn Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) fyrir tímabilið 2021-2025 og leiðir norræna samhæfingu meðan á stjórnarsetu stendur. Stofnunin hefur forystu um heimsmarkmið númer fjögur um menntun.

Ísland var í annað sinn kjörið í stjórnarnefnd UNESCO um mannréttindi og framkvæmd samninga og tilmæla fyrir tímabilið 2023-2025. Hlutverk nefndarinnar er meðal annars að fjalla um mál þar sem grunur leikur á um mannréttindabrot sem falla undir málefna svið stofnunarinnar, það er fjölmiðlafrelsi, rétt til menntunar og menningarleg réttindi. Þá var Ísland í fyrsta sinn kjörið til setu í framkvæmdastjórn alþjóðahaffræðinefndarinnar (IOC) fyrir tímabilið 2023-2025.

Ísland tók virkan þátt í þremur framkvæmdastjórnarfundum, aðalráðstefnu og sérstakri aðalráðstefnu á árinu 2023. Fastanefnd Íslands gagnvart UNESCO sá um undirbúning fundanna í samráði við fagræðuneyti og í góðu samstarfi við Norðurlöndin.

Í framkvæmdastjórn hefur Ísland lagt áherslu á framkvæmd heimsmarkmiðanna, jafnrétti, mannréttindi, mennta- og menningarmál og pólitísk málefni – þar með talin viðbrögð UNESCO á ábyrgðarsviði stofnunarinnar í Afganistan og Úkraínu. Ísland gegnir formennsku í vinnuhóp um jafnréttismál og heldur reglulega fundi fyrir aðildarríki UNESCO um jafnréttistengd málefni.

Fastanefnd Íslands hélt rakarastofuviðburð í höfuðstöðvum UNESCO fyrir fastafulltrúa í framkvæmdastjórn. Forsætisráðherra flutti myndbandsávarp og tóku framkvæmdastjóri félags- og hugvísindasviðs og skrifstofustjóri jafnréttismála stofnunarinnar þátt í pallborði. Þá var haldin sérstök vinnustofa um jafnréttismál fyrir starfsfólk stofnunarinnar.

Þá leiddi fastanefndin í þriðja sinn vinnu og samningaviðræður í tengslum við stöðu kvenna og stúlkna í Afganistan. 52 ríki gerðust meðflutningsaðilar og var UNESCO falið að skipuleggja ráðstefnu háttsettra um aðgengi afganskra kvenna og stúlkna að menntun, með áherslu á þátttöku afganskra kvenna, og vinna skýrslu um aðgerðir stofnunarinnar í landinu.

Ísland tekur virkan þátt í vinahópi Úkraínu, sem lætur mikið að sér kveða á vettvangi UNESCO. Fastafulltrúar úr vinahópnum heimsóttu Úkraínu til að kynna sér aðstæður í kjölfar innrásarstríðs Rússlands. Fundað var með fjórum ráðherrum á sviðum mennta- og menningarmála, vísinda, ungmenna og íþróttamála. Rætt var um aðgang að menntun, skrásetningu menningarmínja og kortlagningu á eyðileggingu þeirra, vernd fjölmiðlafólks og mikilvægi íþróttu til stuðnings andlegrar og líkamlegrar heilsu barna og ungmenna.

Ísland endurnýjaði samstarfssamning við UNESCO um stuðning við þróunarsamvinnuverkefni á vegum stofnunarinnar til næstu fimm ára. Í honum felst stuðningur við fjögur verkefni: eflingu menntakerfa í fátækustu ríkjum (CapED), tjáningarfrelsi og öryggi blaðamanna, frjálsa fjölmiðlun í þróunarlöndum (IPDC) og þróunarverkefni á vegum alþjóðahaffræðinefndarinnar IOC. Þá eiga Norðurlöndin og UNESCO á árlegt samráð um þróunarsamvinnuverkefni til að veita ráðgjöf og eftirlit.

Fjallað er um kjör Íslands til setu í framkvæmdastjórn alþjóðahaffræðinefndar Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (IOC-UNESCO) í kafla 1.8. Þá er fjallað um GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu, sem starfar undir merkjum UNESCO, í kafla 3.5.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu

Réttarríkið og gildi lýðræðis, mannréttinda og jafnréttis eru sem fyrr efst á baugi í starfi Íslands í Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE). ÖSE gegnir mikilvægu hlutverki við að tryggja

framgang lýðræðis, réttarríkisins og mannréttinda á ÖSE-svæðinu. Árið 2023 gegndi Norður-Makedónía formennsku stofnunarinnar.

Engin svæðisbundin alþjóðastofnun nær yfir jafnmikið flæmi lands og ÖSE, frá Vancouver í Kanada í vestri til Vladivostok í Rússlandi í austri. Stofnunin fjallar um öryggi aðildarríkjanna 57 frá ótal sjónarhornum. Stuðst er við þrjár meginstöðir, allar jafngildar, þegar starfsemi ÖSE er skilgreind. Ein stöðin fjallar um pólitískt og hernaðarlegt öryggi, önnur um umhverfisógnir og efnahagslegt öryggi og sú þriðja stendur vörð um reglur lýðræðis og mannréttinda.

ÖSE sérhæfir sig í lausn ágreiningsmála, friðaruppbyggingu og liðsinni við ríki sem eru að festa lýðræði í sessi og að tryggja og viðhalda stöðugleika. Því miður hefur afstaða fáeinna aðildarríkja til grundvallargildanna sem stofnunin hafði sameinast um verið starfinu fjötur um fót undanfarin ár. Um þverbak keyrði þegar Rússar réðust inn í Úkraínu. Framferði Rússlands í Úkraínu hefur kallað á afdráttarlausan málflutning á vettvangi ÖSE. Innrásin er fordæmd enda ótvírætt brot á þjóðarrétti, alþjóðlegum mannréttisáttakum og skuldbindingum á sviði mannréttinda.

Allt starf innan ÖSE er lítað af innrás Rússlands í Úkraínu og tilburðum Rússa til að grafa undan getu ÖSE til að sinna umboði sínu og fjölþjóðasamstarfi almennt. Í tæp tvö ár hefur Rússland, dyggilega stutt af Belarús, misnotað samstöðureglu stofnunarinnar með því að koma í veg fyrir að samstaða náist um ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja starfsemi stofnunarinnar, meðal annars um fjárhagsáætlun, formennsku ÖSE fyrir árið 2024 og framlengingu á samningstíma yfirmanna ÖSE, þar með talið framkvæmdastjórans. Tókst með harðfylgni að fá það samþykkt, á elleftu stundu á ráðherrafundi ÖSE í Skopje í desember síðastliðnum, að Malta myndi gegna formennsku ÖSE árið 2024, auk þess sem samningstími yfirmanna ÖSE var framlengdur um níu mánuði.

Þrátt fyrir ítrekaðar atlögur Rússlands og Belarús að starfsemi ÖSE, sem sérstaklega beinist að þeim stofnunum sem vinna að framgangi mannréttinda og lýðræðis, er ríkur samhljómur meðal aðildarríkja að stofnunin hafi mikilvægu hlutverki að gegna og það verði að verja hana, ekki síst vegna starfsemi ÖSE í uppbyggingu og eftirlitsstarfi á vettvangi aðildarríkja. Aðildarríki stofnunarinnar hafa í gegnum tíðina, þrátt fyrir ágreining og spennu, fundið fleti fyrir samstarf og aðgerðir innan ramma ÖSE.

Innrás Rússlands í Úkraínu var meginefni utanríkisráðherrafundar ÖSE í desember þar sem utanríkisráðherra ítrekaði stuðning Íslands við Úkraínu, áréttaði skuldbindingar aðildarríkjanna við alþjóðalög og alþjóðakerfið og brýndi þau til að beita sér fyrir friði, frelsi og mannréttindum í ávarpi sínu. Þá voru atlögur Rússlands að starfsemi ÖSE og alþjóðakerfinu einnig fordæmdar og ítrekað að Ísland muni ekki láta sitt eftir liggja til að standa vörð um stofnunina og þau gildi sem hún stendur fyrir.



Bjarni Benediktsson, þáverandi utanríkisráðherra, ásamt Bujar Osmani utanríkisráðherra Norður-Makedóníu á ráðherrafundi ÖSE í Skopje í desember.

Utanríkisráðherra Norður-Makedóníu, formaður ÖSE, og framkvæmdastjóri ÖSE tóku þátt í leiðtogafundi Evrópuráðsins í Reykjavík þar sem efnt var til sérstaks fundar Evrópuráðsins og ÖSE. Þrátt fyrir ólík hlutverk hafa stofnanirnar báðar mikilvægu hlutverki að gegna við að tryggja öryggi, mannréttindi og lýðræði á svæðinu, og gott samstarf ríkir á milli þeirra á ýmsum sviðum. Í breyttu öryggislandslagi í Evrópu var leiðtoga-fundurinn tækifæri til að sýna vilja til að viðhalda nánun samstarfi og skoða frekari samstarfsfleti þar sem stofnanirnar geti eftt hvor aðra.

Utanríkisráðherra flutti opunarávarp á rakarastofuráðstefnu sem fastanefnd Íslands hjá ÖSE stóð fyrir í lok október 2023, þegar 23 ár voru liðin frá samþykkt ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Ráðstefnan var ætluð hermálafulltrúum aðildarríkja ÖSE og voru þátttakendur um 90 talsins. Frummælendur voru meðal annars fulltrúi frá úkraínska hernum og kynja- og jafnréttissérfræðingur norska hersins.

Atlantshafsbandalagið

Atlantshafsbandalagið er meginvettvangur pólitísks samráðs bandalagsríkjanna um Úkraínu og önnur öryggisþólitísk málefni. Samstaða bandalagsríkja hefur verið lykilþáttur í stuðningi við Úkraínu. Nánar er fjallað um störf Íslands á þessum vettvangi í kafla 2 um öryggis- og varnarmál og kafla 7 um starf fastanefndar Íslands gagnvart Atlantshafsbandalaginu á árinu 2023.

1.7 Umhverfis-, loftslags- og orkumál

Umhverfis- og loftslagsmál voru í brenni-depli á árinu 2023 enda ein stærsta áskorun ríkja að bregðast við áhrifum loftslagsbreytinga. Afleiðinga hlýnunar gætir ekki síst í þróunar-ríkjunum og birtast í tíðari hamfaraveðrum, þurrkum og flóðum, uppskerubresti, versnandi lífskjörum fólks og neikvæðum áhrifum á líffræðilega fjölbreytni. Loftslagsvandinn er skilgreindur sem sameiginlegur vandi allra ríkja, sem kallar á samstillt fjölþjóðlegt samstarf með sameiginlegri fjármögnun. Áfram er unnið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og undirstofnana þeirra á vettvangi alþjóðlegra þróunarbanka og sjóðakerfis Loftslagssamningsins, Græna loftslags-sjóðsins og Aðlögunarsjóðsins. Íslensk stjórnvöld hafa jafnframt heitið fjármagni til stuðnings nýs loftslagshamfarasjóðs sem settur var á fót á ríkjarráðstefnu Loftslagssamningsins COP28 í Dúbaí í desember.

Stuðningur við og þátttaka í verkefnum með undir- og samstarfsstofnunum Sameinuðu þjóðanna, til að mynda hjá Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP), Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP), Alþjóðastofnun um orkumál (IRENA), samstarfi um sjálfbæra orku fyrir alla (SEforALL) og Alþjóðaveðurfræðistofnuninni (WMO), beinist í vaxandi mæli að því að fjölga þeim samstarfsríkjum þar sem Ísland getur með beinum hætti stutt við loftslagsaðgerðir. Utanríkisráðuneytið tekur virkan þátt í stýrinedndum sjóða svo sem Loftslagsloforði Sameinuðu þjóðanna (Climate Promise) og verkefni sem lýtur að markvissum veðurathugunum (SOFF) hjá WMO. Bæði verkefni lúta að stuðningi við og mati á fjárfestingaþörf þeirra þróunarríkja sem unnið er með vegna aðlögunaraðgerða með bættum veðurathugunum sem hafa það að markmiði að stuðla að aukinni seiglu samfélaga í þróunarríkjum.

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar

Sameiginlegt verkefni Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO), Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP) og Alþjóðasjóðs um þróun landbúnaðar (IFAD), að vinna gegn hungri í heiminum, reyndist óvenju krefjandi á árinu 2023. Stöðuskýrsla framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna frá september 2023 sýndi að nær ekkert hefur miðað í átt að heimsmarkmiði tvö sem lýtur að því að útrýma hungri og tryggja fæðuöryggi. Til að bæta á vandann gekk treglega að fjármagna verkefni á vegum stofnananna og ljóst að auka þarf framlög svo að þær hafi bolmagn til að sinna brýnum verkefnum.

Eins og innan flestra annarra alþjóðastofnana hafa deilur vegna innrásar Rússlands í Úkraínu verið áberandi undanfarin tvö ár og eftir að átökin á Gaza hófust síðastliðið haust hafa þau lítað öll samskipti og verkefni, sérstaklega hjá WFP en einnig FAO sem og samskipti ríkja og ríkjahópa innan þeirra. Vonast er til að sáttferli sem er í gangi hjá FAO skili sér í jákvæðari samskiptum og samstarfi á næstunni. Nánar er fjallað um þátttöku Íslands í starfi FAO í kafla 7 um starf fastanefndar Íslands í Róm.

Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna

Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNEP) er leiðandi alþjóðastofnun í umhverfismálum og sameinar aðildarríkin í glímunni við hina svokölluðu þreföldu umhverfisvá sem herjar á jörðina: loftslagsbreytingar, tap líffræðilegrar fjölbreytni og aldaða tegunda og mengun.

Íslensk stjórnvöld hafa um árabíl unnið með UNEP, meðal annars að framgangi jarðhitamála og landgræðslu í þróunarríkjum. Á árinu 2023 var unnið að markvissri áætlun um hvernig efla megi samstarfið enn frekar og var sérstaklega horft til jarðvarmanýtingar í þróunarríkjum sem er mikilvægur þáttur í orkuskiptum. Auk þess er lögð áhersla á landgræðslu og leiðir til að vinna gegn líffræðilegri fábreytni, sem og að stemma stigu við plastmengun. Á árinu var unnið að nýju samstarfi á milli utanríkisráðuneytisins, UNEP

og IRENA um nýtingu lághita sem miðar að því að nýta reynslu innan íslensks atvinnulífs til matvælaframleiðslu í landbúnaði og til atvinnusköpunar. Verður í upphafi sérstaklega horft til Afríku í þessu samhengi.

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar

Ríklaráðstefna rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (COP) fór fram í Dúbaí í Sameinuðu arabísku furstadæmunum í lok árs. Fyrsta ákvörðun aðildarríkjanna var staðfesting á stofnun sérstaks loftslagshamfarsjóðs sem ætlað er að standa straum af tjóni sem ríki sem hvað mest eru útsett fyrir afleiðingum loftslagshamfara verða fyrir. Ísland var á meðal fyrstu ríkja sem tilkynntu um framlög til sjóðsins. Helstu niðurstöður fundarins voru að öðru leyti þær að aðildarríkin færi sig frá notkun jarðefnaeldsneytis í orkukerfum á réttlátan og skynsamlegan máta svo að hraða megi loftslagsaðgerðum á komandi árum og að kolefnishlutleysi verði náð árið 2050 í samræmi við Parísarsamkomulagið. Þá var ályktað um að þrefalda þurfi endurnýjanlega orku í heiminum. Loks kom fram ákall um að fjármálakerfi heimsins styðji við hraða og réttláta þróun í átt að sjálfbærum heimi í ljósi þess að takmarkaður árangur hafi náðst við að tryggja samræmi fjármagnsflæðis í loftslagsaðgerðir við metnaðarfulla framtíðarsýn um minni losun og aukið loftslagsþol. Fjármögnun loftslagsaðgerða er orðin samofin allri umræðu um loftslagsmál því með vaxandi hlýnun og neikvæðum áhrifum hennar eykst umfang þeirra aðgerða sem þarf að ráðast í og kostnaður við þær. Í ljósi versnandi stöðu loftslagsmála í þróunarríkjum stóð ákall um aukinn fjárstuðning ríkja við sjóðakerfi loftslagssamningsins yfir allt árið. Íslensk stjórnvöld brugðust við kallinu með viðbótarframlögum til Græna loftslagssjóðsins og Aðlögunarsjóðsins.

Samningur um alþjóðaverslun með tegundir í útrýmingarhættu

Þann 3. mars 2023 voru liðin 50 ár frá undirritun samnings um alþjóðleg viðskipti með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu (CITES). Samningurinn markaði tímamót í málefnum náttúruverndar og sjálfbærra viðskipta og bar þau upp á tímum áður óþekktra áskorana fyrir óspillta náttúru og líffræðilega fjölbreytni þar sem milljónir tegunda villtra dýra og plantna verða

fyrir áhrifum af mengun og loftslagsbreytingum. Aðildarríkin að samningnum, sem í upphafi voru tíu en hefur fjölgað í 184, eru öll skuldbundin til að vinna að því að alþjóðleg viðskipti með tegundir í útrýmingarhættu séu lögleg, sjálfbær og rekjanleg í því skyni að koma í veg fyrir að dýrum og plöntum heimsins verði útrýmt.

Samningur um líffræðilega fjölbreytni

Mikilvægi sögulegrar samþykktar frá fimm-tánda fundi aðildarríkja samnings um líffræðilega fjölbreytni í desember 2022 (Convention on Biological Diversity) var undirstrikað enn frekar á árinu 2023 þar sem yfirskrift alþjóðlegs dags líffræðilegrar fjölbreytni þann 22. maí 2023 var tileinkuð henni. Yfirskriftin „Frá samkomulagi til aðgerða: endurheimtum líffræðilega fjölbreytni“ vísar til Kunming-Montreal-samþykktarinnar sem kveður meðal annars á um vernd 30% haf- og landsvæða fyrir árið 2030, sem talið er mikilvægt skref í átt til þess að stöðva og snúa við náttúru-missi og vernda og nýta líffræðilegan fjölbreyti-leika á sjálfbæran hátt.

Gerð alþjóðlegs samnings um plast og plastmengun

Í mars 2022 var tekin sú sögulega ákvörðun að binda enda á plastmengun með því að samþykkja ályktun Umhverfispings Sameinuðu þjóðanna (UNEA) sem kveður á um stofnun milliríkja-samninganefndar (INC) til að þróa alþjóðlegan, lagalega bindandi samning um plast og plastmengun. Markmiðið er að samningurinn geti falið í sér bæði bindandi og sjálfspottnar aðgerðir og byggist á alhliða nálgun sem nái yfir allan líftíma plasts frá framleiðslu til förgunar, sem og lífríki lands og sjávar. Önnur samningalota milliríkja-samninganefndarinnar fór fram í París í maí 2023 og sú þriðja í Naíróbí í nóvember. Þeirri þriðju lauk með samkomulagi um upphafspunkt fyrir samningaviðræður á fjórða fundi samningsins sem fór fram í Ottawa í apríl 2024. Stefnt er að því að samningur liggi fyrir í árslok 2024.

1.8 Málefni hafsins og fiskveiðisamningar

Fiskveiðisamningar

Undir forystu matvælaráðuneytisins var samningaviðræðum milli strandríkja og veiðiríkja um skiptingu heildarafla uppsjávarstofna, makrils, kolmunna og norsk-íslensku vorgotssíldarinnar haldið áfram á árinu 2023. Fulltrúi utanríkisráðuneytisins á sæti í samninganefnd Íslands. Aukinn kraftur var settur í viðræður um norsk-íslenska síldarstofninn sem Ísland stýrir og um makríl. Bretland stýrir viðræðum um kolmunna. Staða viðræðna milli Íslands, Færeyja, Noregs, Rússlands, Bretlands og ESB er flókin. Þótt vilji sé til að virða ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins eru samanlagðir veiðikvótar einstakra ríkja langt umfram þá ráðgjöf. Það er áhyggjuefni, ekki síst hvað varðar norsk-íslenska síldarstofninn sem stendur illa. Viðræðum um veiðar úr stofninum miðaði áfram á árinu en miklir hagsmunir eru í veði fyrir öll ríkin sem standa fast á sínu.

Bláfæðubandalagið

Ísland hefur veitt Bláfæðubandalaginu (Aquatic Blue Food Coalition) formennsku frá því það var stofnað á Matvælaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 2021 að frumkvæði Íslands. Starf bandalagsins tengist beint samræmingarvinnu á vegum Sameinuðu þjóðanna innan FAO þar sem upplýsingum er miðlað og aðstoð veitt þeim ríkjum sem leitast við að ná fram umbótum á fæðukerfum sínum. Bandalagið er fjölþjóðlegur vinnuhópur ríkja, alþjóðlegra stofnana, félagsamtaka og aðila atvinnulífs auk fræðastofnana. Meginmarkmið Bláfæðubandalagsins er að halda á lofti mikilvægi fæðu úr höfum og vötnum í alþjóðlegri umræðu um breytingar á matvæla-kerfum heimsins í samhengi við aukna fæðubörf, loftslagsmál og vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Einnig er markmið hópsins að benda á vænleg verkefni í þróunarríkjum á þessu sviði og hjálpa til við að finna fé til þeirra. Bandalagið stóð fyrir fjölmörgum viðburðum á alþjóðavettvangi til að minna á að þrír milljarðar manna fá stóran hluta sinnar næringar frá hafi og vötnum. Þá hefur bandalagið bent á það ójafnvægi sem kemur fram í alþjóðlegri fjármögnun verkefna, þar sem málefni heimsmarkmiðs fjórtán um höfin fá miklu minni framlög en önnur heimsmarkmið.

Bláfæðubandalagið veitir Skólamáltíðarbandalaginu, alþjóðlegu átaki sem miðar að því að tryggja öllum börnum hollar og næringarríkar skólamáltíðir, ráðgjöf. Á árinu 2023 lagði Bláfæðubandalagið til efni í alþjóðlegar leiðbeiningar um skólamáltíðir sem kynntar voru á ríkjaráðstefnu Loftslagssamningsins (COP28). Bláfæðubandalagið lagði einnig til efni í sameiginlega leiðtogaýfirlýsingu COP28 um mikilvægi næringar úr hafinu og átti samstarf við fjölmarga aðila sem vinna að málefnum hafsins.

Samstarf strandríkja við Atlantshafið

Í september undirritaði utanríkisráðherra stuðningsýfirlýsingu við samstarf rúmlega 30 strandríkja við Atlantshafið (Atlantic Alliance) sem var stofnað að frumkvæði bandarískra stjórnvalda. Samstarfinu er ætlað að efla samvinnu ríkjanna og hefur verið samþykkt ýfirlýsing þar um og gefin fyrirheit um stofnun vinnuhópa um tiltekin málefni að ósk ríkjanna. Þar hefur verið nefnt vísindasamstarf, skipulag hafsvæða og fæða úr hafinu. Ákvarðanir eru háðar sammæli allra aðildarríkja.

Alþjóðahaffræðinefnd Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna

Ísland náði í fyrsta sinn kjöri til setu í framkvæmdastjórn alþjóðahaffræðinefndar Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (IOC-UNESCO) fyrir tímabilið 2023-2025 í kosningum á aðalfundi í höfuðstöðvum UNESCO í París í júní. Aðildarríki nefndarinnar eru 150 talsins og eiga 40 ríki sæti í framkvæmdastjórn. Ísland hefur átt aðild að nefndinni frá árinu 1962 og situr fulltrúi Hafrannsóknastofnunar í stjórn fyrir Íslands hönd.

Á vettvangi IOC er unnið grundvallarstarf á hafmálasviðinu sem varðar hagsmuni Íslands, svo sem efling rannsókna og nýsköpunar með áherslu á stuðning við framfylgd heimsmarkmiðs fjórtán um hafið og að ákvarðanir þar að lútandi séu teknar á vísindalegum grunni. Markmið starfsins er að styrkja alþjóðasamstarf á sviði hafvísinda og gera aðildarríkjunum kleift að samræma áætlanir um hafrannsóknir og uppbyggingu færni og fræðslu um náttúru og auðlindir haf- og strandsvæða svo beita megi þeirri þekkingu til að auka sjálfbærni og bæta stjórnun og ákvarðanatökuferli í aðildarríkjunum. Nefndin er einnig í forystu fyrir Áratug hafsins (Ocean Decade) á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.


1.9 Svæðisbundið samstarf

Formennska Íslands í norrænu samstarfi

Norrænt samstarf hefur verið hornsteinn íslensku utanríkisþjónustunnar allt frá upphafi. Samstarfið fer fram á öllum stigum stjórnsýslunnar og eru ráðherrar engin undantekning þar á. Náð samstarf líkt þenkjandi ríkja styrkir röð Íslands á alþjóðavettvangi og er mikill ávinningur af því, bæði formlegur og óformlegur.

Ísland leiddi utanríkispólitískt samstarf Norðurlanda (N5) árið 2023. Mikilvægi alþjóðakerfisins, jafnrétti, mannréttindi og lýðræði voru áherslumál. Ráðherrarnir áttu sjö fundi sín á milli, bæði staðfundir og fjarfundir. Þar að auki átti hópurinn staðfundir með Kanada og Benelúxlöndunum (Belgía, Holland og Lúxemborg). Fyrir tilstuðlan Noregs og Sádí-Arabíu áttu ráðherrarnir einnig fund með Benelúxlöndunum og fulltrúum Arabaríkja og íslamskra ríkja um ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs.

Hversu jákvæð(ur/tt) eða neikvæð(ur/tt) ert þú gagnvart því að Ísland taki virkan þátt í norrænu samstarfi?



- Mjög jákvæð (613)
- Fremur jákvæð (260)
- Í meðallagi (114)
- Fremur neikvæð (7)

Heildarfjöldi svarenda: 1.017. Svöruðu ekki: 23.
Heimild: Maskína (maí 2023).

Í júní funduðu norrænu utanríkisráðherrarnir á Ísafirði en venja er fyrir því að sumarfundur ráðherranna fari fram í landinu sem fer með forystu samstarfsins hverju sinni. Á fundinum, sem haldinn var í Edinborgarhúsinu, var stuðningur við Úkraínu og alþjóðasamfélagið, samskiptin við Rússland og staða mannúðarmála í Afganistan ofarlega á baugi.



| Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra, fundaði með utanríkisráðherrum Norðurlanda á Ísafirði í júní.

Á formennskuárinu beitti Ísland sér einnig fyrir því að norrænir þróunarsamvinnuráðherrar kæmu saman til fundar á haustmánuðum 2023 samhliða allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York. Fundur þessara ráðherra hafði þá ekki verið haldinn síðan fyrir COVID-19 heimsfaraldurinn.

Ársfundur Vestnorræna ráðsins, þingmannavettvangs þjóðþinga Íslands, Færeyja og Grænlands, var haldinn í Reykjavík í lok sumars 2023. Utanríkisráðherrar landanna þriggja sóttu fundinn og funduðu einnig tví- og þríhliða sín á milli í tengslum við hann. Á fundunum var rætt um sameiginlegar áskoranir og tækifæri, mikilvægi vestnorrænnar samvinnu, pólitísk mál líðandi stundar og viðskipti.

Nánar er fjallað um samstarf á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar í skýrslu samstarfsráðherra Norðurlanda.

Norðurslóðir

Málefni norðurslóða eru ofarlega á baugi í alþjóðlegri umræðu og skipar Ísland sér sem norðurslóðaríki í forystusveit þeirra ríkja sem mest hafa að segja um þróun svæðisins. Ísland tekur virkan þátt í alþjóðlegum ráðstefnum þar sem norðurslóðir eru til umræðu. Öryggi á svæðinu, sjálfbærni og samfélagsleg og efnahagsleg þróun eru stórt hagsmunamál fyrir Ísland. Innan Atlantshafsbandalagsins og víðar á sér stað virk umræða um varnir og stöðugleika á norðurslóðum, eins og fjallað er um í kafla 2 um öryggis- og varnarmál.

Embættismannanefnd Norðurskautsráðsins hefur ekki komið saman síðan á haustfundi 2021. Líkt þenkjandi aðildarríki Norðurskautsráðsins

gáfu út yfirlýsingu 3. mars 2022 þar sem tilkynnt var að ríkin myndu ekki sækja fundi undir formennsku Rússlands. Ráðsfundur Norðurskautsráðsins var haldinn rafrænt 11. maí 2023 þegar Noregur tók við formennsku í ráðinu af Rússlandi. Fulltrúar í embættismannanefndinni sóttu fundinn fyrir hönd ráðherranna. Fulltrúar hinna sjö líkt þenkjandi aðildarríkja ráðsins, Bandaríkjanna, Danmerkur, Finnlands, Íslands, Kanada, Noregs og Svíþjóðar, hafa átt náð óformlegt samráð frá upphafi innrásarstríðs Rússlands í Úkraínu. Starfið snerist fyrst um að draga ríkin út úr öllu samstarfi við Rússa innan ráðsins, síðan að endurvekja þá þætti starfseminnar sem hægt væri án samstarfs við Rússa og þriðja meginverkefnið snerist um að skipuleggja yfirfærslu formennskunnar.

Norrænt samstarf 2023

9



9 fundir norræna utanríkisráðherra undir forystu Íslands í norrænu samstarfi. Þar af 2 með utanríkisráðherrum annarra ríkja.

19



Tví- og þríhliða fundir utanríkisráðherra Norðurlanda voru 19.

4



4 fundir utanríkisráðherra Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkja. 2 fóru fram í sameiginlegum heimsóknum þeirra til Moldóvu og Úkraínu.

3



Ráðherra fóru í 3 vinnuheimsóknir, til Noregs, Grænlands og Eistlands.

Ríkin sjö hafa frá upphafi verið sammála um að takmarka eins og hægt er samskipti við Rússland en samhugur hefur ríkt um að farsælast sé að halda ráðinu óbreyttu og reka það áfram á grundvelli Ottawa-yfirlýsingarinnar og þeirra reglna sem um það gilda. Enn sem komið er eru ákvarðanir vinnuhópa um vísindasamstarf teknar með skriflegum hætti og engir fundir haldnir á vegum Norðurskautsráðsins. Eina undantekningin á því eru fundir verkefnastýrihópa ráðsins um verkefni sem Rússar eiga ekki aðild að.

Aðildarríki Norðurskautsráðsins




- Ísland ● Danmörk (Færeyjar og Grænland)
- Kanada ● Bandaríkin ● Rússland
- Noregur ● Svíþjóð ● Finnland

Innlent samráð og samstarf tengt norðurslóðum hefur á hinn bóginn verið öflugt. Unnið hefur verið að auknu samstarfi við Grænland og samningar endurnýjaðir við Noreg og Fulbrightstofnunina á Íslandi um samstarf í norðurslóðafræðum. Þá undirritaði utanríkisráðherra á árinu 2023 nýjan samstarfssamning við Bretland um vísindasamstarf á norðurslóðum. Samkomulagið felur í sér stofnun sjóðs sem styrkir breska og íslenska vísindamenn til samstarfs um norðurslóðarannsóknir. Utanríkisráðuneytið vann áfram að gerð framkvæmdaætlunar um norðurslóðastefnu Íslands í samvinnu við önnur ráðuneyti.

Í nóvember stóð utanríkisráðuneytið fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um plastmengun á norðurslóðum. Hún var haldin í Hörpu í samvinnu við matvælaráðuneytið og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, auk þess sem höfð var samvinna

við fjölda erlendra og innlendra stofnana um skipulag og efnistösk ráðstefnunnar. Norðurslóðanet Íslands á Akureyri hafði umsjón með framkvæmd ráðstefnunnar. Helstu viðfangsefni hennar voru mat á umfangi plastmengunar, leiðir til að draga úr henni og hvernig megi standa að hreinsun. Ráðstefnan var haldin í framhaldi af fyrri ráðstefnu um sama efni, sem utanríkisráðuneytið stóð fyrir vorið 2021 þegar Ísland gegndi formennsku í Norðurskautsráðinu. Forsætisráðherra flutti lokaávarp ráðstefnunnar og boðaði þar að Ísland myndi að tveimur árum liðnum standa fyrir þriðju ráðstefnunni um sama efni.

Skilgreiningar á norðurslóðum



- Heimskautabaugur
- 10°C meðalhiti í júlí
- Norðan trjálínu
- Skilgreining AMAP
- Skilgreining AHDR

Hringborð norðurslóða

Hringborð norðurslóða hefur unnið sér sess sem einn virtasti vettvangur um málefni norðurslóða í heimi. Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti Íslands, hefur frá stofnun verið forystumaður þess. Utanríkisráðuneytið var einn af bakhjörllum Hringborðs norðurslóða sem haldið var í Hörpu í október. Ráðstefnan var fjölsótt og tækifæri sem gáfust til tvíhliða funda til hliðar við dagskrána voru vel nýtt. Á meðan ráðstefnan stóð yfir hélt ráðuneytið fundi um málefni norðurslóða með fulltrúum Evrópusambandsins, Bretlands, Þýskalands, Ungverjalands, Írlands, Noregs, Grænlands, Kanada og Suður-Kóreu.

Annað svæðisbundið samstarf

Letland leiddi samstarfsvettvang Norðurlanda og Eystrasaltsríkja (NB8) á árinu 2023 og funduðu utanríkisráðherrarnir tvisvar á þeim vettvangi, annars vegar í Ríga í Letlandi og hins vegar í Brussel í Belgíu. Þar að auki var sameiginleg heimsókn NB8-utanríkisráðherra til Úkraínu og Moldóvu á vormánuðum í fyrra og ráðherrarnir funduðu með forseta Alþjóðabankans í september 2023. Samstarf NB8-ríkjanna hefur aukist verulega undanfarin misseri eins og fjöldi sameiginlegra ávarpa hjá alþjóðastofnunum bera vott um. Hittast sérfræðingar ríkjanna á nær öllum sviðum utanríkismála reglulega. Samráðsfundir Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna með Bandaríkjunum um utanríkismál fara fram tvisvar á ári.


Í Eystrasaltsráðinu (CBSS) fer fram efnislegt og faglegt samstarf aðildarríkjanna um fjölbreytt málefni á borð við barnavernd, mansal, sjálfbæra þróun og stjórnálagssamstarf. Orkuöryggi, samfélagsleg þrautseigja og málefni Úkraínu voru efst á baugi á fundi utanríkisráðherra Eystrasaltsráðsins í Wismar í júní. Í ávarpi sínu á fundinum lagði utanríkisráðherra ríka áherslu á mikilvægi alþjóðlegrar og svæðisbundinnar samvinnu og lýðræðislegra gilda í álfunni. Þar hefði Eystrasaltsráðið áfram hlutverki að gegna. Rússlandi

var meinuð þátttaka í allri starfsemi Eystrasaltsráðsins eftir innrásina í Úkraínu og tilkynnti skömmu síðar um úrsögn sína úr ráðinu. Finnland gegnir formennsku í Eystrasaltsráðinu til 1. júlí 2024. Ísland hefur innan Eystrasaltsráðsins lagt sérstaka áherslu á málefni barna, lýðræði og jafnréttismál.

Barentsráðið (BEAC) er samstarfsvettvangur helgaður hagnýtu samstarfi um sameiginleg hagsmunamál á svæðinu, svo sem umhverfismál og skynsamlegri nýtingu auðlinda, ekki síst með hagfrumbyggja að leiðarljósi. Eftir úrsögn Rússlands úr Barentsráðinu á þessu ári eru Norðurlöndin fimm og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins aðilar að því. Finnland, Noregur og Svíþjóð munu sameiginlega taka að sér formennskuhlutverk í Barentsráðinu. Ísland og Danmörk gegna ekki formennsku í ráðinu.

Norðlæga víddin (Northern Dimension) er samráðsvettvangur um málefni Norðvestur-Evrópu. Eftir innrásina í Úkraínu var Rússlandi meinuð þátttaka í starfsemi Norðlægu víddarinnar. Innan hennar eru núna þrjú meginmálefna-svið, lýðheilsa og félagsleg velferð, samgöngur og flutningar og menning. Starfsemi og umfang Norðlægu víddarinnar verður til endurskoðunar á næsta ári.

Svæðasamstarf 2023



1.10 Tvíhliða samvinna

Tvíhliða samskipti við erlend ríki og stofnanir eru mikilvægur þáttur í hagsmunagæslu og málsvarastarfi Íslands. Líkt og í öðru starfi utanríkisþjónustunnar hefur staða alþjóðamála, einkum innrásarstríð Rússlands í Úkraínu og átök fyrir botni Miðjarðarhafs verið í brennidepli á árinu. Jafnframt hefur öryggis- og varnarsamstarf eflst á tímum gjörbreytts ástands öryggismála í Evrópu. Áfram er leitast við að tryggja íslenskum fyrirtækjum sem besta samkeppnisstöðu og liðka fyrir beinum samskiptum milli fólks, fyrirtækja og stofnana. Þá hefur menningarsamstarf einnig verið mikilvægur þáttur samvinnu við erlend ríki og stofnanir.

Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin

Norðurlöndin eru sem fyrr nánustu samstarfsríki Íslands. Um norrænt samstarf á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar var fjallað fyrr í þessum kafla, en Norðurlöndin eiga einnig náið formlegt og óformlegt samráð um alþjóðapolítísk málefni og samvinna þeirra í öryggis- og varnarmálum fer stöðugt vaxandi (sjá kafla 2.4). Það sama á við um samskipti Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Tvíhliða samskipti eru víðtæk og sterk á öllum sviðum, til að mynda eru þrjú Norðurlandanna, Noregur, Danmörk og Svíþjóð, meðal tíu helstu viðskiptalanda Íslands, og samanlagt eru þau þriðji stærsti markaðurinn fyrir íslenskar vörur og þjónustu samkvæmt tölum Hagstofunnar um vöru- og þjónustuviðskipti.



Pál Jonson, varnarmálaráðherra Svíþjóðar, býður Bjarna Benediktsson, þáverandi utanríkisráðherra, velkominn á varnarmálaráðherrafund Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í Stokkhólmi í nóvember.

Í lok árs 2022 urðu ríkisstjórnarskipti í Danmörku og fundaði utanríkisráðherra með nýjum starfsbróður sínum, Lars Løkke Rasmussen, í Kaupmannahöfn snemma árs 2023. Stríðið í Úkraínu og formennska Íslands í Evrópuráðinu, auk tvíhliða samstarfs, voru helstu umræðuefnin á fundi ráðherranna. Utanríkisráðherra hélt til Noregs í vinnuheimsókn í lok maí 2023 og átti fund með norska utanríkisráðherranum þáverandi, Anniken Huitfeldt, auk funda með ráðherrum þróunarmála, viðskipta og varnarmála og formanni utanríkis- og varnarmálanefndar norska Stórpingsins. Samstarf við varnarmálaráðuneyti og herstjórnir Noregs var eftl á liðnu ári og reglulegu tvíhliða samráði komið á. Í júní 2023 tók ný ríkisstjórn við í Finnlandi og átti utanríkisráðherra tvíhliða fund með nýjum utanríkisráðherra, Elina Valtonen, samhliða leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Vilnius í júlí. Þar ræddu ráðherrarnir meðal annars um tvíhliða samstarf, norræna samvinnu, öryggi á norðurslóðum og málefni Úkraínu. Utanríkisráðherra átti fund með Tobias Billström, utanríkisráðherra Svíþjóðar í Stokkhólmi í tengslum við leiðtogafund JEF sem fór fram í Svíþjóð í október. Í október átti utanríkisráðherra fundi samhliða Hringborði norðurslóða með utanríkisráðherra Danmerkur og Høgna Hoydal, utanríkisráðherra Færeyja. Espen Barth Eide tók við embætti utanríkisráðherra Noregs í október og fundaði utanríkisráðherra með honum í byrjun nóvember samhliða þingi Norðurlandaráðs í Osló, þar sem málefni Svalbarða og EES-samningsins voru meðal umræðuefna.

Áfram er unnið er að útfærslu tillagna úr skýrslum frá 2021 um aukið samstarf við Færeyjar annars vegar og Grænland hinsvegar. Í október 2023 var haldinn árlegur fundur Sameiginlegrar nefndar Íslands og Færeyja um framkvæmd Høyvíkursamningsins, fríverslunarsamnings landanna. Eftir töluverðan samdrátt í vöruviðskiptum milli landanna í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru hafa viðskipti aftur tekið kipp á árinu 2023. Í júní 2023 fór utanríkisráðherra í vinnuheimsókn til Grænlands og átti fund með Vivian Motzfeldt, utanríkisráðherra Grænlands, þar sem til umræðu var meðal annars framkvæmd samstarfsyfirlýsingar landanna frá október 2022, samstarf á sviði ferðaþjónustu, málefni norðurslóða og aukin viðskipti landanna. Þá funduðu fulltrúar utanríkisráðuneytisins með fulltrúum landsstjórnar Grænlands haustið 2023 um stofnun starfshóps til að gera hagkvæmiathugun á mögulegum viðskiptasamningi milli landanna. Viðskipti milli Íslands og Grænlands, meðal

annars með ferskvörur, hafa aukist eftir að vikulegar siglingar hófust árið 2020 milli Reykjavíkur og Nuuk í samstarfi Eimskipafélagsins og Royal Arctic Line, sem nú er í íslenskrri eigu.

Utanríkisráðherra heimsótti Litáen í maí 2023 og sótti ráðstefnu þar sem staðan í Rússlandi á tímum innrásarstríðs í Úkraínu var umfjöllunarefnið. Ráðherra átti þar jafnframt fund með Gabrielius Landsbergis utanríkisráðherra Litáens þar sem horfur í alþjóðamálum og tvíhliða samskipti ríkjanna voru efst á baugi. Utanríkisráðherra fór í vinnuheimsókn til Eistlands í september þar sem tvíhliða samskipti ríkjanna, stuðningur við Úkraínu, þróun öryggismála og vaxandi samvinna Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna voru efst á baugi. Í heimsókninni skoðaði ráðherra jafnframt færanlega neyðarsjúkrahúsið (sjá kafla 1.2 og 2.2 um stuðning Íslands við Úkraínu) sem var hannað og framleitt í Eistlandi. Íslenskur sérfræðingur er við störf á vegum utanríkisráðuneytisins í öndvegissetri Atlantshafsbandalagsins í Tallinn á sviði netöryggis. Á árinu 2023 voru Íslendingar við störf á fjórum starfsstöðvum Atlantshafsbandalagsins í Eystrasaltsríkjunum. Í samstarfi við Norðurlönd og Litáen hafði Ísland frumkvæði að þjálfunarverkefni fyrir úkraínska hermenn í sprengjuleit og sprengjueyðingu. Litáískir, norskir, sænskir og íslenskir sprengjusérfræðingar annast þjálfunina sem fer fram í Litáen.

Evrópusambandið og aðildarríki þess

Innri markaður Evrópu er mikilvægasta markaðssvæði Íslands og samskiptin við Evrópusambandið (ESB) veigamikill þáttur í utanríkismálum Íslands. Ísland leitast við að eiga náið samstarf við stofnanir ESB og aðildarríki þess um sameiginlega stefnu sambandsins á sviði utanríkismála. Á grundvelli EES-samningsins tekur Ísland þátt í þvingunaraðgerðum ESB og tekur undir fjölda yfirlýsinga sambandsins á vettvangi alþjóðastofnana. Fjallað er um þvingunaraðgerðir í kafla 1.11, Evrópska efnahagssvæðið í kafla 4.4 og þá er gerð grein fyrir framkvæmd EES-samningsins í sérstakri skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis, þingskjal 787.

Tvíhliða samráðsfundur milli Íslands og ESB um öryggis- og varnarmál fór fram í Reykjavík í júní. Ísland tekur einnig þátt í reglulegu samráði EFTA-ríkjanna innan EES og utanríkisþjónustu ESB um alþjóðamál, meðal annars um málefni Austur-Evrópu, Vestur-Balkanskaga, Norður-Afríku

og Mið-Austurlanda. Sem formaður ráðherra nefndar Evrópuráðsins hlaut utanríkisráðherra ásamt framkvæmdastjóra ráðsins boð á utanríkisráðherrafund ESB í Lúxemborg í apríl 2023. Í tengslum við fundinn var jafnframt skipulagður tvíhliða vinnukvöldverður utanríkisráðherra með Josep Borrell, utanríkismálastjóra ESB og varaforseta framkvæmdastjórnarinnar.

Ísland á einnig í ýmsu öðru samstarfi við ESB, svo sem á grundvelli aðildar að Schengen-samstarfinu sem stuðlar að öryggi borgaranna og auðveldar ferðalög innan innri landamæra. Nánar er fjallað um Schengen-samstarfið í kafla 4.5. Í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins hefur Ísland verið boðin þátttaka í samþettu viðbragðskerfi ESB (Integrated Political Crisis Response) sem hefur að markmiði að samhæfa aðgerðir og stuðla að skilvirkri ákvarðanatöku í krísuástandi. Sama á við eftir að Rússar ræðust inn í Úkraínu og eftir að átök hófust fyrir botni Miðjarðarhafs. Ísland hefur einnig sóst eftir þátttöku í samstarfi innan ESB um viðbrögð við heilsuvá, svo dæmi séu nefnd.

Ísland á reglulega tvíhliða samráðsfundi með ýmsum aðildarríkjum ESB. Forsætisráðherra átti tvíhliða fund með Olaf Scholz, kanslara Þýskalands, í Berlín í janúar 2023 og fleiri ráðherrar sóttu Þýskaland heim á árinu 2023. Í janúar fór jafnframt fram pólitískt samráð við Þýskaland á fjarfundi og þá höfðu ríkin með sér náið samráð á meðan á formennsku Íslands í Evrópuráðinu stóð. Ísland og Þýskaland unnu áfram saman að málefnum íranskra kvenna í mannréttindaráðinu. Hvað öryggis- og varnarmál varðar kom flugsveit Þýska flughersins til æfinga á Íslandi undir lok júlímánaðar til að sýna fram á getu til að bregðast hratt við mögulegum öryggisáskorunum í öðru bandalagsríki. Æfingin var mikilvægur liður í því að efla stöðuvitund og þekkingu eins af stærri aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins á aðstæðum á Íslandi og treysti um leið tvíhliða varnarsamstarf ríkjanna.

Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins fundaði með staðgengli ráðuneytisstjóra franska utanríkisráðuneytisins í París í apríl 2023 þar sem málefni Atlantshafsbandalagsins voru til umræðu auk formennsku Íslands í Evrópuráðinu. Reglulegt tvíhliða samráð ríkjanna um Evrópu- og utanríkismál fór fram haustið 2022 og fer næst fram í ár. Þá var reglulegt tvíhliða samráð um öryggis- og varnarmál við varnarmálaráðuneyti Frakklands sett á fót á liðnu ári.


Utanríkisráðherra átti tvíhliða fund með José Manuel Albares, utanríkisráðherra Spánar, á hliðarlínu leiðtogafundar Evrópuráðsins í Reykjavík í maí 2023. Í október fór fram pólitískt samráð ríkjanna í fjarfundarformi þar sem tvíhliða samstarf, Evrópumál og þau mál sem efst voru á baugi á alþjóðavettvangi voru til umræðu. Starfsmaður utanríkisráðuneytisins fór í vistskipti í utanríkisráðuneyti Spánar í Madríd á síðari helmingi ársins þegar Spánn gegndi formennsku í ráði Evrópusambandsins.

Forsætisráðherra Portúgals, Antonio Costa, kom í opinbera heimsókn til Íslands í maí og átti tvíhliða fund með forsætisráðherra í aðdraganda leiðtogafundar Evrópuráðsins. Auk þess heim sótti sendinefnd forsætisráðherrans náttúrusýninguna í Perlunni, fyrirtækið Carbflix og Hellsheiðarvirkjun í boði háskóla-, iðnaðar- og

nýsköpunarráðherra. Sömuleiðis tók Dagur B. Eggertsson þáverandi borgarstjóri á mótí forsætisráðherranum í sjávarklasanum þar sem starfssemi klasans var kynnt.

Ráðuneytisstjóri átti fund með forseta þjóðþings Ungverjalands í mars 2023 þar sem fjallað var um tvíhliða samskipti ríkjanna og stríð Rússa í Úkraínu. Þá átti ráðuneytisstjóri fund með ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytis Slóveníu í september þar sem fjallað var um tvíhliða samskipti ríkjanna, Úkraínu og ástandið á Balkanskaga. Í október átti ráðuneytisstjóri fund með yfirmanni alþjóðamála í utanríkisráðuneyti Póllands í tengslum við þátttöku þess síðarnefnda í Hringborði norðurslóða. Auk málefna norðurslóða ræddu þeir um tvíhliða samskipti og árásarstríð Rússlands á Úkraínu og áhrif þess.


Vöru- og þjónustuviðskipti við Þýskaland



Upphæðir í milljónum króna

*Tölur um þjónustuviðskipti 2023 byggjast á bráðabirgðatölum

Vöru- og þjónustuviðskipti við Frakkland



Upphæðir í milljónum króna

*Tölur um þjónustuviðskipti 2023 byggjast á bráðabirgðatölum



| Efnahagssamráð Íslands og Bandaríkjanna fór fram í utanríkisráðuneytinu í janúar 2023. Þetta var í fjórða skipti sem árlegt samráð ríkjanna á sviði efnahagsmála var haldið.

Bandaríkin

Bandaríkin eru sem fyrr eitt nánasta samstarfsríki Íslands. Á grundvelli varnarsamningsins frá 1951 og aðildar að Atlantshafsbandalaginu hefur samstarf ríkjanna á sviði öryggis- og varnarmála farið vaxandi.

Áratugum saman hafa Bandaríkin verið mikilvægur samstarfsaðili og markaður fyrir Ísland, hvort sem horft er til vöru- og þjónustuviðskipta eða beinna fjárfestinga á Íslandi. Bandarískir ferðamenn hafa jafnframt verið fjölmennasti hópur ferðamanna á Íslandi síðan 2015. Tvíhliða viðskipta- og efnahagssamráð við bandaríska utanríkisráðuneytið fer fram árlega og reglulegt samráð er haft við embætti viðskiptafulltrúa Bandaríkjaforseta, bæði tvíhliða og með EFTA-ríkjunum, til að styrkja enn frekar viðskiptasambönd og til að ræða tækifæri og áskoranir á sviði viðskipta.

Í viðskiptastefnu Bandaríkjanna er um þessar mundir lögð mikil áhersla á að utanríkisviðskipti stuðli að sanngjörnum viðskiptaháttum, tryggi velferð almennra launþega og leggi sín lóð á vogarskálarnar til að bregðast við loftslagsbreytingum, meðal annars með stórauðslu fjárfestingu í innviðum, hreinni orku og grænum iðnaði. Rík áhersla er lögð á að efla efnahag og samkeppnishæfni Bandaríkjanna og framleiðslu í Bandaríkjunum. Þá leggja Bandaríkin áherslu á samstarf við bandamenn, ekki síst til að vega upp á móti áhrifum Kína á heimsvísu. Bandaríkin hafa í auknum mæli verið að skoða leiðir til að auka samstarf við ríki og svæðisbundin samtök ríkja um ýmsa þætti er greiða fyrir viðskiptum. Má þar nefna viðræður um sérstakar hindranir

sem hrinda megi úr vegi, til dæmis hvað varðar aðfangakeðjur, hreina orku, réttindi launþega og rafræn viðskipti, en takmarkaður vilji er til að gera hefðbundna fríverslunarsamninga. Af hálfu utanríkisþjónustunnar hefur verið lögð áhersla á að stofna til tengsla íslenskra og bandarískra aðila, bæði stjórnvalda og fyrirtækja, til að auka enn frekar viðskipti milli ríkjanna. Hefur meðal annars verið kappkostað að koma á framfæri íslensku hugviti í hinum ýmsu geirum, þar með töldum grænum lausnum sem geta nýst í baráttunni gegn loftslagsáhrifum og losun gróðurhúsalofttegunda.

Utanríkismálanefnd Alþingis heimsótti Washington í mars 2023 og voru nefndarmenn meðal annars viðstaddir stofnfund sérstaks Íslandsvinahóps (Iceland Caucus) meðal þingmanna fulltrúadeildar Bandaríkjapings. Sjö af hundrað þingmönnum í öldungadeild Bandaríkjapings heimsóttu Ísland á árinu 2023 og hitti utanríkisráðherra þá alla. Utanríkisráðherra átti einnig tvíhliða fund með Lindu Thomas-Greenfield, sendiherra Bandaríkjanna gagnvart Sameinuðu þjóðunum, sem leiddi bandarísku sendinefndina á leiðtogafundi Evrópuráðsins í Reykjavík.


Ísland á reglulegt samráð við bandarísk stjórnvöld á ýmsum sviðum. Fjórði árlegi samráðsfundur Íslands og Bandaríkjanna um viðskipta- og efnahagsmál fór fram í Reykjavík í janúar 2023. Samráðið hefur reynst mikilvægur vettvangur til að taka upp mál sem varða hagsmuni Íslands, leita leiða til að fjarlægja hindranir í vegi fyrirtækja og fjárfesta og vekja athygli Bandaríkjanna á íslenskri nýsköpun. Þá tekur Ísland þátt í

samráðsfundum Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna með Bandaríkjunum um utanríkismál sem haldnir eru tvisvar á ári.

Ísland og Bandaríkin eiga árlegt samráð um öryggis- og varnarmál (Strategic Dialogue), síðast í apríl 2023 í Washington. Á liðnu ári var beint samstarf við herstjórnir og hermálayfirvöld Bandaríkjanna eftl enn frekar til að koma hagsmunum Íslands á framfæri og efla upplýsingaskipti. Ákveðið var að varnarmálafulltrúi yrði í fullu starfi við sendiráð Íslands í Washington frá

janúar 2024. Í apríl 2023 tilkynnti utanríkisráðherra að kjarnorkuknúnum kafbátum bandaríska sjóhersins yrði heimilað að hafa stutta viðkomu við Ísland til að taka á móti kosti og skipta út áhafnar meðlimum. Um miðjan ágúst var bandarísk flugsveit með þrjár langdrægar B-2 sprengjuflugvélar tímabundið staðsett á öryggissvæðinu í Keflavík og í október og nóvember sinnti bandaríski flugherinn loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins við Ísland.

Vöru- og þjónustuviðskipti við Bandaríkin



Bretland

Áfram hefur verið unnið að því að fylgja eftir samstarfsýfirlýsingu Íslands og Bretlands frá 2020 sem miðar að því að efla tvíhliða samskipti ríkjanna, meðal annars á sviði viðskipta og fjárfestinga, sjávarútvegs, rannsókna og nýsköpunar og öryggis- og varnarmála. Utanríkisráðherra átti fund með Ahmad lávarði, vararáðherra í utanríkisráðuneyti Bretlands, á hliðarlínu leiðtogafundar Evrópuráðsins í Reykjavík. Þá átti ráðuneytisstjóri fund með Christina McKelvie, ráðherra menningar-, Evrópu- og þróunarmála í skosku heima-stjórninni í tengslum við Hringborð norðurslóða í október. Reglulegt tvíhliða samráð ríkjanna um alþjóðamál fer næst fram á vormánuðum 2024.

Talsverðar breytingar hafa orðið á viðskiptasambandi Íslands og Bretlands frá því að Bretland gekk úr ESB. Í september 2022 kom til framkvæmda fríverslunarsamningur Íslands, Noregs, Liechtenstein og Bretlands en hann tók formlega gildi 1. febrúar 2023. Samningurinn veitir sömu tollfríðindi fyrir sjávar- og landbúnaðarafurðir og EES-samningurinn og aðrir tengdir samningar


gerðu áður. Jafnframt er tryggt að útflytjendur íslenskra sjávar- og landbúnaðarafurða fái að minnsta kosti sömu ívilnandi meðferð varðandi kröfur um heilbrigðisvottorð og eftirlit við innflutning til Bretlands og önnur samkeppnisríki á EES. Nýtt fyrirkomulag innflutningseftirlits með kjöt- og sjávarafurðum tekur gildi í Bretlandi í ár en innleiðingu þess kerfis hefur endurtekið verið frestað. Matvælastofnun hefur kynnt útflytjendum hér á landi þær kröfur sem uppfylla þarf og hvernig kerfinu verður háttað. Fríverslunarsamningurinn fjallar að meginsteftnu til um viðskiptareglur og -kjör en jafnframt er sérstakur kafli um jafnréttismál og valdeflingu kvenna í viðskiptum. Er það í fyrsta sinn sem fríverslunarsamningur sem Ísland á aðild að inniheldur slík ákvæði. Einnig eru á réttaðar skuldbindingar á sviði umhverfisverndar og vinnuréttar. Á fyrsta fundi sameiginlegrar nefndar um fríverslunarsamninginn, sem haldinn var síðastliðið haust, kom fram að framkvæmd hans hefði gengið vel fyrir sig.

Frá útgöngunni úr ESB hefur verið gerður fjöldi samninga og samstarfsyfirlýsinga við Bretland. Vorið 2023 náðist samkomulag um samning Íslands, Noregs, Liechtenstein og Bretlands á sviði almannatrygginga. Samningurinn öðlaðist gildi 1. janúar 2024 og varðar aðallega lífeyrisréttindi og sjúkratryggingar þeirra sem fara eða flytjast milli Íslands og Bretlands. Samningurinn hefur meðal annars í för með sér að evrópsk sjúkratryggingakort gefin út á Íslandi eru nú tekin gild í Bretlandi á ný. Þá tók gildi sumarið 2023 samkomulag við Bretland, á grundvelli ákvæða í fríverslunarsamningnum, um hámarksgjöld alþjóðlegrar reikiþjónustu. Í samkomulaginu er

tiltekið hámark gjalda sem veitandi fjarskiptaþjónustu eins samningsaðila getur lagt á veitanda fjarskiptaþjónustu hjá öðrum samningsaðila fyrir að veita alþjóðlega reikiþjónustu í heildsölu.

Samstarf Íslands og Bretlands á sviði varnarmála hefur farið vaxandi, meðal annars í tengslum við starf Sameiginlegu viðbragðsveitarinnar (JEF) sem Bretar leiða, með þátttöku Norðurlandanna, Eystrasaltsríkjanna og Hollands (sjá nánar í kafla 2.4). Á liðnu ári gerðist Ísland einnig aðili að þjálfunarverkefni undir forystu Bretlands sem miðar að því að þjálfa Úkraínumenn í bráðameðferð á stríðssvæðum.

Vöru- og þjónustuviðskipti við Bretland




Úkraína

Tvíhliða samskipti við Úkraínu hafa aukist mjög í kjölfar allsherjarinnrásar Rússlands árið 2022. Í mars 2023 sóttu forsætisráðherra og utanríkisráðherra Kænugarð heim og áttu fund með forseta Úkraínu, Volodymyr Zelensky. Ráðherrarnir skoðuðu ummerki í Borodianka og Bucha auk þess að funda með forsætisráðherra Úkraínu, Denys Shmyhal, varaforsetisráðherra, Olhu Stefanishyna, utanríkisráðherranum, Dmytro Kuleba, og orkumálaráðherra, German Galushchenko. Utanríkisráðherrar ríkjanna gáfu út sameiginlega yfirlýsingu þar sem kallað var eftir alþjóðlegum lagalegum viðbrögðum við tilefnislausu og ólöglegu árásarstríði Rússlands. Í yfirlýsingunni var lögð áhersla á að tryggja yrði ábyrgðarskyldu vegna árásargæpa með stofnun sérstaks dómstóls. Þar var einnig undirstrikað mikilvægi þess að Úkraína og Ísland héldu áfram að vinna saman, bæði tvíhliða og á vettvangi alþjóðlegs kjarnahóps um stofnun sérstaks dómstóls en Ísland er meðal þeirra fjölmörgu ríkja sem

tilkynnt hafa um aðild sína að hópnum. Mikilvægt skref í þessa átt var stigið á leiðtogafundi Evrópuráðsins í Reykjavík þar sem samþykkt var að setja á stofn alþjóðlega tjónaskrá fyrir Úkraínu, eins og nánar er fjallað um í kafla 1.2.

Í júní afhenti sendiherra Íslands gagnvart Úkraínu Úkraínuforseta trúnaðarbréf sitt, en Úkraína er umdæmisland sendiráðsins í Varsjá sem hann veitir forstöðu. Samkomulag liggur fyrir á milli utanríkisráðuneyta Íslands og Litáens um að íslenskir stjórnarereindrekar, meðal annars sendiherra, geti haft tímabundna vinnuáðstöðu í sendiráði Litáens í Kænugarði. Ráðamenn og embættismenn ríkjanna áttu óformlegt samráð við ýmis tilefni og veitti Ísland framboðum Úkraínu í stjórnir og ráð innan alþjóðastofnana öflugan stuðning, þar með talið innan UNESCO og hjá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni. Nánar er fjallað um stríðið í Úkraínu og framlæg Íslands til stuðnings varnarbaráttu Úkraínumanna í kafla 1.2 og 2.2.

Vöru- og þjónustuviðskipti við Úkraínu



Kanada


Forsetahjónin heimsóttu Kanada í lok maí 2023 í boði Mary Simon landstjóra. Var þetta fyrsta opinbera heimsókn frá Íslandi til Kanada frá árinu 2000 en markmiðið var að styrkja enn frekar tengsl ríkjanna sem fögnuðu 75 ára afmæli stjórnmalasambands á árinu 2022. Menningar- og viðskiptaráðherra var í för með forsetanum ásamt viðskiptasendinefnd.

Justin Trudeau, forsætisráðherra Kanada, var sérstakur gestur á sumarfundi forsætisráðherra Norðurlanda sem haldinn var í Vestmannaeyjum í júní. Í yfirlýsingu forsætisráðherranna var utanríkisráðherrum landanna falið að fylgja fundinum eftir með því að taka upp reglulegt samráð sín á milli um alþjóða- og öryggismál. Kanada hefur boðist til að halda fyrsta samráðsfund utanríkisráðherranna og gert er ráð fyrir að hann fari fram í ár. Utanríkisráðherrar Norðurlandanna og Kanada áttu einnig fund í tengslum við utanríkisráðherrafund Atlantshafsbandalagsins í nóvember 2023.

Samkomulag milli Íslands og Kanada um vinnudvöl ungmenna (Youth Mobility) var undirritað í ágúst en það kveður á um að ungmenni á aldrinum 18-30 ára geti ferðast og starfað í Kanada í allt að tólf mánuði, með möguleika á að fram­lengja dvölinu um aðra tólf mánuði. Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, undirritaði samninginn fyrir Íslands hönd í heimsókn sinni til Kanada í tilefni af árlegum hátíðahöldum vegna Íslendingadagsins í Manitoba. Samningurinn er gagnkvæmur og gert er ráð fyrir að hann verði innleiddur á árinu 2024.

Á árinu 2021 var ákveðið að koma á reglulegu pólitísku samráði á embættismannastigi milli Íslands og Kanada í þeim tilgangi að styrkja samstarf ríkjanna. Fyrsti samráðsfundurinn var haldinn á Íslandi í október 2022 og annar í janúar 2024 í Ottawa. Þá hefur P3 Orion-eftirlitsflugvél frá kanadíska flughernum haft tímabundna viðveru á öryggissvæðinu í Keflavík þar sem Kanada hefur tekið þátt í kabátaleitarverkefni.

Vöru- og þjónustuviðskipti við Kanada



Japan


Japan er eitt helsta samstarfsríki Íslands í Asíu. Gott samstarf er milli ríkjanna í orku-, loftslags- og umhverfismálum og áhugi er á auknu samstarfi á sviði endurnýjanlegrar orku. Í gildi er samkomulag frá árinu 2021 sem er ætlað að efla samstarf á sviði menntunar, vísinda, tækni og nýsköpunar. Hringborð norðurslóða stóð fyrir ráðstefnu í Tókýó í mars 2023 (Arctic Circle Forum). Það var meðal annars sótt af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra sem jafnframt fundaði reglulega með japönskum fagráðherra á árinu 2023. Utanríkisráðherra Japans, Yoko Kamikawa, ávarpaði í nóvember Heimsþing kvenleiðtoga (Reykjavík Global Forum – Women Leaders) í gegnum fjarfundabúnað og sendiherra Japans gagnvart Íslandi tók þátt í leiðtogafundi Evrópuráðsins í Reykjavík. Ráðuneytisstjóri átti í desember fund með ráðuneytisstjóra japanska utanríkisráðuneytisins þar sem til umræðu voru tvíhliða samskipti, norðurslóða- og jafnréttismál.

Japan er einn mikilvægasti útflutningsmarkaður Íslands í Asíu. Íslensk stjórnvöld hafa um langt skeið leitast við að fá japönsk stjórnvöld til viðræðna um fríverslunarsamning en við litlar undirtektir. Japansmarkaður er sérlega mikilvægur fyrir útflutning á frosnum sjávarafurðum og má þar einkum nefna grálúðu, karfa, loðnu og loðnuhrogn. Talsverð aukning hefur einnig orðið á útflutningi á lamba- og hrossakjöti á síðustu árum. Þá eru hátæknivörur mikilvægur hluti viðskipta við Japan og ýmis önnur lönd Asíu. Stefna íslenskra stjórnvalda er að byggja upp

hagkerfi þekkingar, hugvits og skapandi greina. Öflugt vísinda-, nýsköpunar- og menningarstarf er forsenda fyrir vexti á þessum vettvangi auk uppbyggingar á sviði tækni og skapandi greina. Í þessu samhengi hefur verið lögð aukin áhersla á að styðja við alþjóðasamstarf á þessum sviðum við Japan og önnur umdæmislönd sendiráðsins í Tókýó. Ísland tekur þannig þátt í starfsemi Norræna nýsköpunarhúsa (NIH) í bæði Tókýó og Singapúr.

Ferðamönnum frá Japan fjölgar hægt þó að öllum hömlum vegna COVID-19 heimsfaraldursins hafi verið aflétt í lok árs 2022. Gróska er í samskiptum ríkjanna í menningar- og menntamálum. Samningur milli Íslands og Japans um vinnudöl ungs fólks hefur verið í gildi frá árinu 2018. Japan mun hýsa Heimssýninguna (Expo) árið 2025 í Osaka þar sem Norðurlöndin verða með sameiginlegan sýningarskála. Þar gefst íslenskum fyrirtækjum tækifæri til að efla tengsla- og viðskiptanet sitt innan Japans. Verkefnið er unnið í samstarfi Íslandsstofu, utanríkisráðuneytisins og sendiráðsins í Tókýó. Japan er eitt fjögurra samstarfsríkja Atlantshafsbandalagsins á Indó-Kyrrahafssvæðinu og Fumio Kishida, forsætisráðherra Japans, sótti leiðtogafund bandalagsins í Vilnius í júlí. Á alþjóðavettvangi hefur Japan tekið fullan þátt í samstöðu með Úkraínu og hefur, sem áheyrnarríki að Evrópuráðinu, gerst samstarfsaðili (Associate Member) alþjóðlegrar tjónaskrár fyrir Úkraínu.

Vöru- og þjónustuviðskipti við Japan




Kína

Tvíhliða samskipti við Kína hafa smám saman færst í fyrra horf eftir að ströngum sóttvarnaráðstöfunum og ferðatakörkunum kínverskra stjórnvalda vegna COVID-19 heimsfaraldursins var aflétt í byrjun árs 2023. Varautanríkisráðherra Kommúnistaflokks Kína, Guo Yezhou, kom til Íslands í febrúar 2023 og ráðherra utanríkismála í Kommúnistaflokki, Liu Jianchao, var hér á ferð í október, en báðir komu í kurteisheimsókn til utanríkisráðherra.

Stjórnmalasamráð Íslands og Kína fór fram í þriðja sinn í Peking í desember. Þar fundaði ráðuneytisstjóri með varautanríkisráðherra Kína, Deng Li, en þeir ræddu möguleika á frekara samstarfi á sviði loftslags-, ferða- og jafnréttismála, mannréttindi og helstu áskoranir sem alþjóðakerfið stendur frammi fyrir. Þá átti ráðuneytisstjóri fund með Ling Ji, vararáðherra í viðskiptamálaráðuneyti Kína. Ísland og Kína greinir á um framkvæmd alþjóðlegra mannréttindaskuldbindinga og alþjóðalaga sem hefur nokkur áhrif á samskipti ríkjanna. Hefur Ísland meðal annars átalíð stöðu mannréttinda í Xinjiang-héraði og hvatt Kína til að beita sér fyrir því að Rússland, sem er náið samstarfsríki Kína, virði alþjóðalög og láti af innrásarstríði sínu í Úkraínu.

Á árinu 2023 voru tíu ár liðin frá undirritun fríverslunarsamnings milli Íslands og Kína. Á þessum áratug hafa viðskipti ríkjanna meira en tvöfaldast og er Kína stærsti útflutningsmarkaður Íslands í Asíu. Framkvæmd fríverslunarsamningsins var til umræðu á fundi ráðuneytisstjóra og varautanríkisráðherrans og var ákveðið að ráðast í uppfærslu samningsins en viðræður um það eiga að hefjast á árinu 2024.

Kínverskir ferðamenn tóku að leggja leið sína til Íslands á ný eftir að sóttvarnatakörkunum var aflétt í Kína. Áritunarumsóknum fjölgaði svo hratt að sendiráðið í Peking neyddist til að setja þak á fjölda umsókna til að tryggja tímanlega afgreiðslu. Þrátt fyrir það náði fjöldi umsókna undir lok ársins sama fjölda og þegar hann var hvað mestur árið 2019.




Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, Martin Eyjólfsson, og Deng Li, vararáðherra í utanríkisráðuneyti Kína.

Vöruviðskipti ríkjanna drógust eilítið saman á árinu 2023 sem samt var það annað besta frá gildistöku fríverslunarsamningsins árið 2014. Heildarverðmæti vöruútflutnings til Kína minnkaði um tæp fjögur prósent, eða um 848 milljónir. Heildarverðmæti vöruútflutningsins á árinu 2023 var rúmlega 20 milljarðar borið saman við rúmlega 21 milljarð 2022. Sjávarafurðir eru sem fyrr mikilvægasta útflutningsafurðin en fjölbreytni útflutningsins eykst enn. Munar þar mest um snyrtivörur og ál. Heilsutengdar vörur og þjónusta eru einnig mikilvægar sem og vélbúnaður til fiskvinnslu. Þá er þjónusta og þekking á sviði kolefnisbindingar að ryðja sér til rúms á markaði í Kína. Vöruinnflutningur frá Kína minnkaði einnig á milli árunum um 6,5%, og stóð heildar innflutningsverðmætið í rúmlega 114 milljörðum. Þetta voru einkum hjólbarðar, varahlutir í bifreiðir, ísskápar og fólksflutningabifreiðar.

Alþjóðlega jarðvarmaþingið fór fram í Peking í september og var það sótt af öllum helstu orkufyrirtækjum Íslands. Þar var tilkynnt um nýjar áætlanir um að auka og útvíkka samstarf Jarðhitaskóla GRÓ í Kína og á milli fyrirtækja í iðnaðinum. Mörg fylki í Kína hafa leitað til sendiráðsins til að geta tengst jarðvarmaíðnaðinum á Íslandi og fyrirtækjum sem hafa á að skipa tækni til að fanga, endurnýta eða farga kolefni.

Vöru- og þjónustuviðskipti við Kína



Upphæðir í milljónum króna

*Tölur um þjónustuviðskipti 2023 lágu ekki fyrir.

Indland

Fríverslunarviðræður EFTA-ríkjanna og Indlands voru til umræðu á fundi ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins með viðskipta- og iðnaðarráðherra Indlands í Nýju-Delí í mars 2023. Á fundinum var sammælt um að ljúka viðræðunum sem fyrst enda felast fjölmörg tækifæri í viðskiptum milli EFTA-ríkjanna og Indlands. Fríverslunarsamningur við Indland var undirritaður af utanríkisráðherra í mars 2024. Þá átti ráðuneytisstjóri tvíhliða samráð við Sanjay Verma, ráðuneytisstjóra indverska utanríkisráðuneytisins, þar sem samstarfsmöguleikar á sviði orku, mennta- og menningarmála, nýsköpunar og viðskipta voru til umræðu.


Haldin var norræn-baltnesk viðskiptaráðstefna með þátttöku Íslands í Nýju-Delí í nóvember. Norðurlöndin sjá mikla möguleika í viðskiptum við Indland en um 700 norræn fyrirtæki starfa

þar nú þegar. Hagvöxtur er um sjö prósent og því hefur verið spáð að Indland verði þriðja stærsta hagkerfi heims árið 2030.

Indversk stjórnvöld eru áfram um að auka hlut endurnýjanlegrar orku í orkunýtingu landsmanna og eru því ýmis tækifæri til staðar fyrir íslenska aðila, einkum á sviði jarðvarma. Er þetta eitt af forgangsverkefnum í tvíhliða samskiptum landanna en í kjölfar fundar forsætisráðherra Íslands og Indlands á árinu 2022 var komið á fót starfsþópi um samstarf í nýtingu jarðvarma. Íslenskt fyrirtæki fékk í desember styrk úr Heimsmarkmiðasjóði atvinnulífsins til verkefnis sem miðar að því að meta jarðvarmaauðlindir á Indlandi.

Fjöldi ferðamanna frá Indlandi hefur farið vaxandi hér á landi og ferðum Íslendinga til Indlands fer einnig fjölgandi.

Vöru- og þjónustuviðskipti við Indland



Upphæðir í milljónum króna

*Tölur um þjónustuviðskipti 2023 lágu ekki fyrir.

Lýðræðisöfl í Belarús

Ísland skipar sér í hóp þeirra ríkja sem styðja lýðræðis- og mannréttindaöfl í Belarús í kjölfar meingallaðra forsetakosninga í landinu árið 2020. Íslensk stjórnvöld hafa jafnframt beitt sér fyrir umbótum í Belarús á alþjóðavettvangi með yfirlýsingum og aðkomu að viðburðum því tengdu. Sviatlana Tsikhanouskaya, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Belarús, sótti leiðtogafund Evrópuráðsins á Íslandi í maí 2023 þar sem hún fékk fullt aðgengi á við aðra leiðtoga og sótti sérstakan hliðarkvöldverð sem utanríkisráðherra bauð til. Í Vilnís í júlí ávarpaði utanríkisráðherra málþing lýðræðisafla Belarús þar sem vaxandi tengsl stjórnar Aleksandr Lukashenko við rússnesk stjórnvöld, viðvera rússnesks herafla í Belarús, yfirvofandi flutningur kjarnavopna þangað og áhrif þessarar þróunar á fullveldi landsins voru til umfjöllunar. Að loknu málþinginu fór fram athöfn þar sem Sviatlana Tsikhanouskaya sæmdi Þórdísi Kolbrúnu Reykfrjörð Gylfadóttur utanríkisráðherra heiðursorðu fyrir stuðning hennar og íslenskra stjórnvalda við lýðræðisöfl Belarús.

Rússland


Samskipti við Rússland hafa legið mjög í láginni hvort sem litið er til viðskiptalegra, menningarlegra eða stjórnmálalegra tengsla vegna ólöglegs innrásarstríðs Rússlands á hendur Úkraínu. Í því ljósi var tekin ákvörðun um að leggja niður starfsemi sendiráðs Íslands í Moskvu tímabundið frá 1. ágúst síðastliðnum og sinna fyrirsvari

sendiskrifstofunnar frá ráðuneytinu. Samhliða var Rússlandi gert að lækka fyrirsvar sitt þannig að sendiherra stýri ekki lengur sendiráði þess í Reykjavík, ásamt því að fækkað yrði í hópi útsendra starfsmanna hér á landi. Stjórnmálasambandi er þó viðhaldið.

Ísland hefur tekið þátt í þvingunaraðgerðum vestrænna ríkja gagnvart Rússlandi frá því að Rússar réðust inn í austurhluta Úkraínu og innlimuðu Krímskaga árið 2014. Rússnesk stjórnvöld brugðust við með því að banna innflutning á ýmsum vestrænum matvælum, þar með töldum íslenskum sjávarafurðum. Frá því að allsherjarnnrás Rússa í Úkraínu hófst í febrúar 2022 hefur Ísland tekið undir allar pólitískar yfirlýsingar ESB varðandi þvingunaraðgerðir gegn Rússlandi. Ísland hefur því innleitt fjölbreyttar þvingunaraðgerðir gagnvart Rússlandi sem varða meðal annars flutninga og aðgang að höfnum, vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, orkumál og fjármálaþjónustu. Þvingunaraðgerðir gagnvart Rússlandi og innflutningsbann Rússlands hafa leitt til þess að viðskipti milli ríkjanna hafa nánast lagst af.

Yfirflugs- og landingarbann Rússlands gagnvart Íslandi og fleiri vestrænum ríkjum var áfram í gildi á árinu 2023, sem og yfirflugs- og landingarbann Vesturlanda gagnvart Rússlandi. Þrátt fyrir að Rússland framfylgi yfirflugs- og landingarbanni gagnvart Vesturlöndum hóf Rússland málsókn innan Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) í október 2023 vegna yfirflugs- og landingarbanns Vesturlanda.

Vöru- og þjónustuviðskipti við Rússland



Upphæðir í milljónum króna

*Tölur um þjónustuviðskipti 2023 lágu ekki fyrir.

Önnur ríki og svæðastofnanir

Átökin fyrir botni Miðjarðarhafs settu mjög mark sitt á alþjóðleg samskipti á síðasta fjórðungi ársins. Utanríkisráðherra átti símtal við Eli Cohen, þáverandi utanríkisráðherra Ísraels, þann 28. nóvember þar sem hann vottaði ísraelsku þjóðinni samúð vegna hryðjuverkaárásanna 7. október, kom á framfæri ákalli íslenskra stjórnvalda um vopnahlé af mannúðarástæðum og undirstrikaði nauðsyn þess að alþjóðalögum væri fylgt í hvívetna og að aðgengi fyrir mannúðaraðstoð væri óhindrað.



Bjarni Benediktsson, þáverandi utanríkisráðherra, fundaði með Nancy Tembo utanríkisráðherra Malaví í nóvember.

Utanríkisráðherra sótti fund utanríkisráðherra Norðurlanda og Belgiu, Hollands og Lúxemborgar með utanríkisráðherrum nokkurra Araba- og múslimaríkja í Osló í desember þar sem rætt var um leiðir til að binda enda á átökin fyrir botni Miðjarðarhafs, hvernig tryggja mætti framgang tveggja ríkja lausnar og leiðir til að styrkja stofnanir og stjórnkerfi Palestínu. Utanríkisráðherra átti auk þess tvíhliða fund með Riyad al-Maliki, utanríkisráðherra Palestínu, þar sem gafst tækifæri til að hlýða á sjónarmið palestínska ráðherrans og koma á framfæri afstöðu íslenskra stjórnvalda og samúðarkveðjum vegna mannfalls meðal almennra borgara á Gaza. Utanríkisráðherra átti einnig tvíhliða fund með utanríkisráðherra Palestínu í tengslum við öryggisráðstefnuna í München þann 17. febrúar 2023. Á fundinum undirstrikaði ráðherra andstöðu íslenskra stjórnvalda við nýjar landtökubýggðir Ísraels á landsvæðum Palestínumanna og lýsti áhyggjum af vaxandi spennu og ofbeldi í Jerúsalem og á Vesturbakkanum.

Í Afríku á Ísland einkum í tvíhliða samskiptum við samstarfsríkin í Þróunarsamvinnu, það er Malaví, Úganda og Síerra Leóne, sem nánar er fjallað um í kafla 3.2. Utanríkisráðherra fundaði með Nancy Tembo, utanríkisráðherra Malaví, í Íslandsheimsókn hennar í nóvember. Þau ræddu meðal annars gott Þróunarsamstarf ríkjanna í tæp 35 ár og hnattrænar áskoranir á borð við COVID-19 heimsfaraldurinn sem kom illa við Malaví. Ísland leitast einnig við að eiga samtál við Afríkuríku þar sem færi gefst, meðal annars á vettvangi fastanefnda Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York og Genf. Í ráðherraviku allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna átti utanríkisráðherra tvíhliða fundi með Mahamoud Ali Youssouf, utanríkisráðherra Djíbútí, og Kandia Camara, utanríkisráðherra Filabeinsstrandarinnar. Á báðum fundum var rætt um alþjóðamálin, alvarlega þróun í Afríku í kjölfar tíðra valdarána undanfarin ár og mikilvægi þess að styrkja alþjóðastofnanir eins og Sameinuðu þjóðirnar. Einnig var rætt um tækifæri til tvíhliða samstarfs, ekki síst við Djíbútí, en löndin hafa meðal annars horft til þess að efla samvinnu á sviði jarðhita. Efnt var til árlegs fundar utanríkisráðherra Norðurlanda og Afríkuríkja í Alsír í október þar sem bar hæst friðar- og öryggismál, samstarfstækifæri í viðskiptum og fjárfestingum og samstarf á vettvangi alþjóðastofnana. Staðgengill ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins sótti fundinn fyrir hönd utanríkisráðherra.

Síðustu ár hafa stjórnvöld lagt aukna áherslu á að rækta tengslin við ríki Asíu. Þannig er sendiráð Íslands í Tókýó með fyrirsvar gagnvart ríkja-samtökunum ASEAN og tveimur fjölmennustu aðildarríkjum þess, Indónesíu og Filippseyjum. Þá er sendiráðið með fyrirsvar gagnvart Singapúr, Tímor-Leste og Suður-Kóreu og sinnir þannig samskiptum við samanlagt tæplega 600 milljóna manna markaði í Suðaustur- og Austur-Asíu. Aukin samskipti við ríki á borð við Singapúr og Suður-Kóreu eru mikilvæg í viðskiptalegu samhengi en einnig er gott samstarf við þau á vettvangi alþjóðastofnana. Ísland og Filippseyjar áttu á sínum tíma samstarf á vettvangi mannréttindaráðsins um úrbætur í mannréttindamálum þarlendis en staða mannréttinda hefur breyst í kjölfar stjórnskipta í landinu. Filippseyjar eru meðal þeirra ríkja sem hafa falast eftir frekara samstarfi við Ísland.

Ísland á ágætt samstarf við nokkur ríki Rómönsku Ameríku, einkum á vettvangi alþjóðastofnana. Á hliðarlínu ráðherraviku allsherjarþingsins í september 2023 skrifuðu utanríkisráðherrar Íslands og Chile undir samstarfsyfirlýsingu sem felur í sér reglulegt pólitískt samráð. Samkomulag við nokkur ríki í Rómönsku Ameríku um vinnudvöl ungs fólks er enn fremur í skoðun.

1.11 Þjóðréttarmál

Undanfarin misseri hefur reynt á gildi og virðingu ríkja fyrir alþjóðlegum skuldbindingum, ekki síst vegna átaka, mannréttinda og mannúðar. Ísland, eins og önnur minni ríki, á allt sitt undir því að staðið sé við þjóðréttarlegar skuldbindingar og virðing borin fyrir alþjóðalögum. Utanríkisráðherra fer samkvæmt stjórnarskrá og forsetaúrskurði með fyrirvar samningagerðar á alþjóðavettvangi. Staðfesting eða fullgilding slíkra samninga, auk frágangs þeirra til birtingar, er eitt af grunnverkefnum ráðuneytisins. Samráð um alþjóðalög, alþjóðlega dómstóla og úrlausnaraðila eru viðvarandi verkefni utanríkisráðuneytis í samstarfi við önnur ríki og á vettvangi alþjóðastofnana. Utanríkisráðuneytið fer með hagsmunagæslu Íslands á vettvangi hafréttarmála, meðal annars hagsmunagæslu og fyrirvar í alþjóðlegum samningaviðræðum og kröfugerð vegna landgrunnins. Áhersla er lögð á sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda hafsins í samræmi við heimsmarkmið 14, staðbundið eða svæðisbundið samráð og ákvarðanatöku.

Samningar Íslands við erlend ríki

Á árinu 2023 hefur Ísland fullgilt, staðfest, samþykkt eða gerst aðili að eftirfarandi þjóðréttarsamningum:

- Bókun um breytingu á samningi Evrópuráðsins um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga.
- Viðbótarbókun við samninginn um tölvubrot þar sem verknadir sem lýsa kynþátta- og útlendingahatri og framdir eru með því að hagnýta tölvukerfi eru gerðir refsinnæmir.
- Samningur milli Íslands og Furstadæmisins Andorra um að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir og að koma í veg fyrir skattsvik og skattundanskot.

- Samningur um flugþjónustu milli Íslands og Konungsríkis Niðurlanda að því er varðar Sankti Martin.
- Samkomulag milli Evrópusambandsins og Íslands um tilhögun þátttöku þess í starfsemi Evrópsku stuðningsskrifstofunnar í hælismálefnum.
- Samkomulag milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um þátttöku þeirra ríkja í starfsemi Evrópustofnunar um framkvæmd samvinnu á ytri landamærum aðildarríkja Evrópusambandsins.
- Bókun um breytingu á Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar – samningi um styrki til sjávarútvegs.
- Samningur um samræmingu á sviði almannatrygginga milli Íslands, Furstadæmisins Liechtenstein, Konungsríkisins Noregs og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.
- Samningur um verndun lax í Norður-Atlantshafi.
- Rammasamningur milli Grænlands og Íslands um verndun og stjórnun veiða á gullkarfa á svæðishlutum 5, 6, 12 og 14 samkvæmt skiptingu Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Sumir af framangreindum þjóðréttarsamningum hafa öðlast gildi eða gera það á árinu 2024. Tvíhliða samningar milli ríkja öðlast yfirleitt gildi þegar báðir aðilar hafa tilkynnt hvor öðrum skriflega að nauðsynlegri innlendri málsmeðferð sé lokið. Er því í einhverjum tilvikum beðið eftir að gagnaðili tilkynni um lok sinnar málsmeðferðar til að samningarnir öðlist gildi.

Þá ber að nefna að utanríkisráðuneytið vinnur nú sem endranær, ásamt öðrum ráðuneytum, að fullgilding, staðfesting, samþykkt eða aðild að ýmsum samningum við erlend ríki og alþjóðastofnanir.

Utanríkisráðuneytið sendir til birtingar í Stjórnartíðindum reglulega þá þjóðréttarsamninga sem fullgiltir eru. Samhliða því hefur ráðuneytið birt á heimasíðu sinni upplýsingar um samninga frá 2007, sem voru hluti af sérstöku átaksverkefni, auk þess að birta leitanlegt yfirlit, heildstæða samningaskrá sem er uppfærð reglulega.

Hafréttarmál

Hafréttarmál hafa ávallt verið í forgangi í hagsmunagæslu utanríkisþjónustunnar. Sameinuðu þjóðirnar eru sérstaklega mikilvægur vettvangur fyrir umræður um málefni hafsins og þróun reglna hafréttarins, ekki síst árlegar samningaviðræður um hafréttar- og fiskveiðiályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.

Hinn 20. september undirritaði utanríkisráðherra nýjan samning undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja (BBNJ).

Um mikil tímamót var að ræða en viðræður um samninginn höfðu staðið yfir frá árinu 2018. Íslensk stjórnvöld lögðu ríka áherslu á að samningar tækjust í ljósi mikilla hagsmuna þjóðarinnar þegar kemur að heilbrigði hafsins og virðingu fyrir hafréttarsamningnum.

Samningurinn skiptist efnislega í fjóra meginhluta, nýtingu erfðaauðlinda, svæðisbundnar ráðstafanir, þar með talin verndarsvæði, umhverfismat á úthafinu og færniuppbyggingu eða tilfærslu á sjávarhengdri tækni svo hún nýtist líka í þróunarríkjum.

Þá hefur hann að geyma mikilvæg ákvæði um umhverfisvernd á úthafinu sem og regluverk sem styður við ríki heims að ná markmiði sínu um verndun 30% hafsvæða fyrir árið 2030. Samningurinn tekur gildi þegar 60 ríki hafa fullgilt hann.

Landgrunns mál

Samkvæmt hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna eiga strandríki sjálfkrafa landgrunn að 200 sjómílum sem eru jafnframt ytri mörk efnahagslögsögunnar. Mörg ríki, eins og Ísland, eiga hins vegar sökum náttúrulegra aðstæðna víðáttu-meiri hafsbotnsréttindi samkvæmt ákvæðum samningsins. Viðkomandi ríki eiga að senda landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna ítarlega greinargerð um ytri mörk landgrunnsins utan tvö hundruð sjómílna og nefndin fer yfir greinargerðina, leggur tæknilegt mat á hana og gerir tillögur um landgrunns mörkin.

Náttúruauðlindir sem tilheyra landgrunninu eru jarðefnaauðlindir á borð við olíu, gas og málma, aðrar ólífrænar auðlindir hafsbotnsins og botnlaganna, til dæmis jarðhiti og lífverur í flokki botnsetutegunda og erfðaefni þeirra. Réttindi strandríkis yfir landgrunninu utan efnahagslögsögunnar hafa ekki áhrif á réttarstöðu hafsins þar fyrir ofan, sem telst úthaf, og ná hvorki til fiskistofna né annarra auðlinda þess.

Sendinefnd Íslands kynnti endurskoðaða greinargerð vegna vestur- og suðurhluta Reykjanes hryggjar fyrir landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna 9. ágúst. Sérstök undirnefnd landgrunnsnefndarinnar hefur verið skipuð til að taka greinargerð Íslands til efnismeðferðar og hefur sendinefnd Íslands þegar átt eina fundarlotu með undirnefndinni. Sendinefndin mun svo eiga reglulega fundi með undirnefndinni á þessu ári, eða þar til niðurstaða liggur fyrir.

Einnig er stefnt að því að ljúka vinnu við greinargerð vegna norðausturhluta Reykjanes hryggjar og hið umdeilda Hatton-Rockall svæði, sem er hluti af íslenska landgrunninu og Bretland, Írland og Danmörk/Færeyjar gera einnig tilkall til, um mitt ár 2024.

Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn

Af hálfu Íslands hefur verið lögð áhersla á mikilvægi Alþjóðlega sakamáladómstólsins og þeirra grundvallargilda sem hann stendur fyrir, þar með talið að koma í veg fyrir refsileysi þeirra sem gerast sekir um alþjóðaglæpi. Ísland hefur unnið að því með öðrum vinaríkjum að styðja dómstóllinn dyggilega og hið mikilvæga starf sem er unnið í hans nafni. Ísland greiddi óeyrna-merkt aukaframlag til dómstólsins til að bregðast við ákalli saksóknara dómstólsins um aukinn stuðning frá aðildarríkjunum. Framlagið styður rannsókn allra þeirra mála sem eru til rannsóknar og saksóknari stýrir hvernig því er varið. Dómstóllinn gaf meðal annars út alþjóðlegar handtökuskipanir á hendur forseta Rússlands og yfirmanni málefna barna á skrifstofu forseta, vegna meintra stríðsglæpa.



| Sendinefnd Íslands kynnti endurskoðaða greinargerð fyrir landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna í ágúst.

Styrktarsjóður polenda alþjóðaglæpa

Ísland hefur haldið áfram að greiða í styrktarsjóð polenda alþjóðaglæpa (Trust Fund for Victims) sem falla undir lögsögu Alþjóðlega sakamáladómstólsins. Sjóðurinn styrkir einstaklinga og fjölskyldur þeirra sem hafa til dæmis orðið fyrir glæpum gegn mannúð og stríðsglæpum. Sjóðurinn hefur lagt sérstaka áherslu á stuðning við þolendur kynferðisofbeldis og kynbundins ofbeldis. Þá var áfram ofarlega á baugi eftirfylgni með úttekt á því hvernig efla mætti skilvirkni og árangur dómstólsins. Að auki tekur Ísland virkan þátt í kjarnahópi ríkja um stofnun sérstaks dómstóls um glæpi gegn friði í Úkraínu þar sem leitað er leiða til þess að sækja þá sem ábyrgð bera á slíkum glæpum til saka.

Útflutningseftirlit

Útflutningseftirlit varðar bæði vörur og þjónustu sem geta haft tvíþætt notagildi og varnartengda vöru (hergögn). Íslandi er skylt að hafa eftirlit með ákveðnum útflutningi á grundvelli alþjóðaskuldbindinga sem grundvallast meðal annars á stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna, efnavopnasamningnum, vopnaviðskiptasamningnum, EES-samningnum og aðild Íslands að ákveðnum

eftirlitskerfum. Á árinu 2023 var löggjöf um útflutningseftirlit með hlutum og þjónustu sem getur haft tvíþætt notagildi sameinuð löggjöf sem varðar afvopnun og takmörkun vígbúnaðar. Með nýjum lögum, nr. 67/2023 um afvopnun, takmörkun vígbúnaðar og útflutningseftirlit, var því sett heildstæð löggjöf um þessa nátengdu málaflokka. Samhlíða þessu var útflutningseftirlit með varnartengdum vörum fært undir vopnalög. Með breytingunni var löggjöf á Íslandi uppfærð til samræmis við breytingar á sambærilegri löggjöf innan Evrópusambandsins. Þá er markmið breytinganna að stuðla að rétttri innleiðingu alþjóðlegra skuldbindinga, auka skilvirkni í stjórnsýslunni og skýra og einfalda umsóknarferli fyrir rekstraraðila.

Á árinu 2023 voru veitt sjö einstök útflutningsleyfi, auk þess sem vara og þjónusta sem getur haft tvíþætt notagildi var flutt út í 25 skipti á grundvelli almenns leyfis.

Þvingunaraðgerðir

Ísland framfylgir þvingunaraðgerðum gagnvart þrjátíu ríkjum en auk þess eru sérstakar aðgerðir vegna hryðjuverkasamtaka, netárása, efnavopna og alvarlegra mannréttindabrota. Þvingunaraðgerðirnar eru ákveðnar í samvinnu við alþjóðastofnanir, ríkjahópa eða samstarfsríki samkvæmt lögum nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna í samráði

við utanríkismálanefnd Alþingis. Ísland hefur þannig heimildir til þess að bregðast við og samhæfa aðgerðir þegar ákveðið er að grípa til þvingunaraðgerða af líkt þenkjandi samstarfsríkjum í því skyni að bregðast við brotum og standa vörð um sameiginleg gildi á alþjóðavettvangi. Á árinu 2023 var löggjöf um þvingunaraðgerðir breytt þegar lög nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og lög nr. 64/2019 um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna voru felld úr gildi samhliða gildistöku laga nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna. Með breytingunni er nú á einum stað fjallað heildstætt um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða. Þá voru gerðar ýmsar nauðsynlegar breytingar í ljósi þeirrar reynslu sem hefur fengist af framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða hér á landi frá því að lög nr. 93/2008 voru sett. Á síðustu árum hefur umfang þvingunaraðgerða sem Ísland tekur þátt í stóru aukist, ekki síst eftir að allsherjar innrásarstríð Rússlands í Úkraínu hófst 24. febrúar 2022.

Á árinu 2023 tók Ísland undir allar pólitískar yfirlýsingar ESB varðandi þvingunaraðgerðir gegn Rússlandi og Belarús vegna innrásarinnar í Úkraínu. Þrír nýir þvingunaraðgerðapakkar ESB bættust við á árinu 2023 til viðbótar við þá níu sem samþykktir voru árið 2022. Auk þess voru gerðar ýmsar minni breytingar á gildandi þvingunaraðgerðum. Meginmarkið þeirra þvingunaraðgerða sem innleiddar hafa verið síðasta árið hefur verið að koma í veg fyrir sniðgöngu Rússa á þvingunaraðgerðum þar sem borið hefur á útflutningsleka frá Evrópu til Rússlands í gegnum ríki utan ESB. Þá hefur fleiri aðilum verið bætt á lista yfir aðila sem sæta þvingunaraðgerðum en þeir eru nú rúmlega 1.900 bæði utan og innan Rússlands. Þá hafa verið sett ný innflutnings- og útflutningsbönn á árinu 2023 sem öll miða að því að draga úr hernaðarmætti og áráargetu Rússa.

Á árinu 2023 voru einnig gerðar ýmsar uppfærslur á gildandi þvingunaraðgerðum, meðal annars voru innleiddar undanþágur á gildandi þvingunaraðgerðum í Sómalíu og Jemen vegna mannúðarsjónarmiða. Þessar breytingar voru gerðar vegna síversnandi mannúðarástands í þessum ríkjum í því skyni að tryggja tímanlega mannúðaraðstoð og styðja við grunnþarfir

almennings. Á árinu 2023 voru settar tvær nýjar stofnreglugerðir um þvingunaraðgerðir, annars vegar vegna ástandsins á Haítí og hins vegar vegna ástandsins í Níger. Á Haítí fer öryggis- og mannúðarástand síversnandi vegna vopnaðra gengja sem undiroka íbúa með ofbeldi, morðum, ránum og kynferðisofbeldi. Þetta ástand hefur leitt til hnignunar réttarríkisins og valdið efna-hagslegu og félagslegu hættuástandi í ríkinu. Þvingunaraðgerðirnar gagnvart Haítí byggjast á ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og beinast að vopnuðum gengjum. Í Níger var framið valdarán í júlí 2023 og lýðræðislega kjörnum stjórnvöldum steypt af stóli. Þvingunaraðgerðirnar gagnvart Níger byggja á yfirlýsingu öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og er ætlað að knýja á um frið og að réttarríki og stjórnskipulegri festu verði komið þar á að nýju.

Hergagnaflutningar

Árið 2023 bárust 64 umsóknir um leyfi til flutninga hergagna um íslenska lofthelgi og í íslenskum loftförum. Samgöngustofa sér um umsýslu og samskipti við umsækjendur en meðferð og mat umsókna, umsagnir á grundvelli mannúðar, varnar- og öryggishagsmuna, alþjóðamála, afvopnunarmála, gildandi þvingunaraðgerða og annara slíkra skuldbindinga fer fram í utanríkisráðuneytinu. Alls voru veitt 64 leyfi til hergagnaflutninga, þar af voru 47 leyfi vegna hergagnaflutninga til ríkja sem Ísland á í öryggis- og varnarsamstarfi við. Lagabreyting var gerð á árinu 2023 þannig að nú er kveðið á um eftirlit utanríkisráðuneytisins vegna alþjóðaskuldbindinga með hergögnum í vopnalögum í stað loftferðalaga. Vinna stendur yfir við nýja reglugerð um hergagnaflutninga til að breyta núverandi framkvæmd í samstarfi utanríkisráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins. Þegar reglugerðin hefur tekið gildi mun utanríkisráðuneytið áfram sjá um leyfisveitingu vegna flutnings hergagna frá og um Ísland og með íslenskum loftförum en leyfisveitingum sem ekki er þörf á vegna alþjóðlegra skuldbindinga verður hætt. Áherslan verður þannig lögð á þau tilvik þar sem Ísland hefur skuldbundið sig að þjóðarrétti til að hafa eftirlit með slíkum flutningum og hefur tók á að grípa inn í. Þessi breyting mun því auka skilvirkni, draga úr óþarfa skrifræði og tryggja rétta innleiðingu þjóðréttarskuldbindinga hér á landi.

Þátttaka í dómsmálum fyrir EFTA-dómstólum

Árið 2023 hófst málsmeðferð fyrir EFTA-dómstólum í þremur málum þar sem Íslenskir dómstólar óskuðu eftir ráðgefandi álitum EFTA-dómstólsins sem öll vörðuðu álitamál tengd lánveitingum til neytenda. Héraðsdómur Reykjavíkur óskaði ráðgefandi álits í máli Birgis Þórs Gylfasonar og Jórunnar S. Gröndal gegn Landsbankanum (E-13/22) og Héraðsdómur Reykjaness í máli Elvu Daggar Sverrisdóttur og Ólafs Viggó Sigurðssonar gegn Íslandsbanka (E-1/23), en málin hafa verið sameinuð á vettvangi dómstólsins og er beðið eftir niðurstöðu. Þá óskaði Landsréttur eftir ráðgefandi álitum í máli Neytendastofu gegn Íslandsbanka (E-4/23) og fór munnlegur málflutningur fram í nóvember. Ísland skilaði enn fremur inn skriflegum athugasemdum í máli frá Liechtenstein, A gegn Finanzmarktaufsicht (E-2/23), varðandi það hvaða stöðu leiðbeiningar frá fjármálaeftirlitsstofnunum ESB hafa fyrir dómstólum. Nánari umfjöllun um dómsmál fyrir EFTA-dómstólum er að finna í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis um framkvæmd EES-samningsins.

Iceland-málið á vettvangi EUIPO

Á liðnu ári áfrýjaði Iceland Foods Limited (IFL) niðurstöðum fjölskipaðrar áfrýjunarnefndar Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO) til dómstóls Evrópusambandsins en áfrýjunarnefndin hafði hafnað öllum kröfum IFL varðandi notkun á orðmerkinu Iceland. Íslensk stjórnvöld, Íslandsstofa og Samtök atvinnulífsins hafa staðið að málinu og hafa stefnt sér inn sem meðalgönguaðilar til hagsmunagæslu í málinu fyrir dómstóli Evrópusambandsins, en meginaðilar málsins verða EUIPO og Iceland Foods Ltd.

Forsaga málsins hefur verið rakin í fyrri skýrslum utanríkisráðherra og hefur hagsmunagæsla, meðal annars formleg meðferð fyrir

kæru- og áfrýjunarnefndum á vettvangi evrópskra hugverkaréttinda, staðið yfir allt frá árinu 2016. Skráningunni hefur verið andmælt frá upphafi og fyrri niðurstaða frá árinu 2019 á lægra kærustigi var alfarið Íslandi í hag og skráning IFL á orðmerkinu Iceland ógild í heild sinni. Úrskurður EUIPO vorið 2019 þótti tímamótaákvörðun, verulegur áfangasigur og fordæmisgefandi. Iceland Foods Ltd. lét sér þó ekki segjast og hélt áfram málinu en Ísland varðist. Fjölskipuð áfrýjunarnefnd EUIPO hafnaði í desember 2022 öllum kröfum IFL varðandi notkun á orðmerkinu Iceland og staðfesti þannig ákvarðanir EUIPO. Fyrirtækið getur í ljósi niðurstöðunnar ekki lengur hindrað að Íslensk fyrirtæki auðkenni sig með upprunalandinu við markaðssetningu á EES-svæðinu á vörum sínum og þjónustu. Það er til marks um mikilvægi málsins að því hafi verið vísað til áfrýjunarnefndarinnar og að haldinn hafi verið munnlegur málflutningur í málinu en þetta var í fyrsta sinn sem það var gert. Málið varðar grundvallarhagsmunum íslenskra fyrirtækja í utanríkisviðskiptum og er fordæmalaust, enda er ekki vitað um nein dæmi um samsvarandi notkun á landaheiti í vörumerkjarétti. Rétt er þó að taka fram að Iceland Foods Ltd. á eftir sem áður orð- og myndmerki sitt, svokallað lógó, skráð í Evrópu og víðar og getur haldið áfram að stunda sín viðskipti undir því nafni en ekki staðið í vegi íslenskra viðskiptaaðila með því að stöðva eðlilega notkun og upprunatilvísun íslenskra fyrirtækja.

Samhliða þessari hagsmunagæslu sinnir utanríkisráðuneytið einnig vöktun á skráningum Iceland Foods Ltd. og annarra á vörumerkinu Iceland utan EES og víða um heim. Þá halda stjórnvöld áfram að vinna að málinu á almennum grunni um vernd landaheita á vettvangi Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO). Á þessum vettvangi hefur Ísland haft forgöngu um að landaheiti njóti verndar í DNS-kerfinu og sem vörumerki.

² Öryggis- og varnarmál

Í ljósi breytts öryggisástand í Evrópu var kjarnorkuknúnum kafbátum bandaríska sjóhersins heimilað á árinu 2023 að hafa stutta viðkomu við Ísland til að taka á móti kosti og skipta út áhafnarmeðlimum. Ákvörðunin er liður í stefnu íslenskra stjórnvalda að styðja við aukid eftirlit og viðbragðsgetu bandalagsríkja á Norður-Atlantshafi.



2.1 Almenn

Á grundvelli varnarmálalaga og forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta fer utanríkisráðherra með yfirstjórn varnarmála og mótun og framkvæmd öryggis- og varnarstefnu Íslands á alþjóðavettvangi. Meginstoðir öryggis og varna Íslands eru aðildin að Atlantshafsbandalaginu, þar sem Ísland var í hópi tólf stofnríkja árið 1949, og varnarsamningurinn við Bandaríkin frá árinu 1951. Þannig má segja að Ísland tryggji ytra öryggi sitt og varnir með virku alþjóðlegu samstarfi, bæði marghliða og tvíhliða.


Í þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland eru sett fram leiðarstefin sem starfað er eftir í varnar- og öryggismálum; að tryggja sjálfstæði, fullveldi, lýðræðislegt stjórnarfar og friðhelgi landamæra Íslands, öryggi borgaranna, varnir landsins og vernd stjórnskerfis og mikilvægra innviða samfélagsins. Í skugga alvarlegra afleiðinga hernaðar Rússa í Úkraínu og aukinnar spennu í alþjóðasamskiptum var endurskoðuð þjóðaröryggisstefna samþykkt á Alþingi 28. febrúar 2023. Ástand öryggismála í Evrópu er gjörbreytt eftir innrás Rússlands í Úkraínu í febrúar 2022. Þó að framferði Rússlands sé stærsta einstaka ógnin við frið í Evrópu glíma ríki álfunnar einnig við fjölda annarra ógna samtímis. Má þar nefna fjölþátta-ógnir, hættu á hryðjuverkum, áskoranir sem fylgja hraðri þróun nýrrar tækni og þróun einstakra ríkja og svæða eins og til dæmis Kína. Þessi þróun kallar á viðbrögð og aðgerðir og á vettvangi Atlantshafsbandalagsins hafa stefnur og áætlanir verið uppfærðar með áherslu á nærvarnir og fælingu.

Hér á landi hefur verið brugðist við með því að uppfæra viðbragðsáætlanir í takt við áætlanir bandalagsins og aukinn kraftur settur í samstarf á sviði varnarmála, bæði marghliða og tvíhliða. Auk aukins samstarfs á vettvangi Atlantshafsbandalagsins hefur svæðisbundinni varnarsamvinnu vaxið fiskur um hrygg innan ramma Sameiginlegu viðbragðssveitarinnar (JEF), norræns varnarsamstarfs (NORDEF) og meðal norðurskautsríkjanna að frátöldu Rússlandi. Tvíhliða varnarsamstarf og verkefni Bandaríkjanna og Íslands, á grundvelli gagnkvæmra varnarskuldbindinga, hafa einnig vaxið að umfangi vegna aðgerða og innviðauppbyggingar á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli, ekki síst í tengslum við kaþbátaeftirlit og fælingaraðgerðir á Norður-Atlantshafi.

Samhliða þessu hefur verið unnið að því að efla innlent samráð og upplýsingaskipti um málefni sem snúa að öryggis- og varnarmálum og hefur samráð ráðuneyta og stofnana innanlands verið eflt.

Fjárframlög til varnarmála hafa aukist jafnt og þétt að undanfögnu og átti það einnig við um síðastliðið ár. Aðildarríki Atlantshafsbandalagsins hafa skuldbundið sig til að verja að minnsta kosti tveimur prósentum af vergri landsframleiðslu til varnarmála og hafa mörg þeirra þegar náð því markmiði. Þótt staða Íslands sé um margt ólík í ljósi herleysis vinna íslensk stjórnvöld að því að auka framlög til varnarmála til þess að geta talist trúverðugur aðili að þessu öflugna varnarsamstarfi þar sem Íslandi ber skylda til að leggja sitt af mörkum til sameiginlegra varna.

Fjárframlög til varnarmála á fjárlögum



*Upphæðir í milljónum króna. Samþykktar fjárheimildir málaflokksins 2023 voru 4.461 m.kr. Þar af var 750 m.kr. tímabundin fjárveiting til stuðnings varnartengdra verkefna í Úkraínu. Í fjárukaálögum 2023 bættist við 1.087,1 m.kr heimild til kaupa á færanlegu neyðarsjúkrahúsi fyrir Úkraínu.

Aukin framlög hafa gert Íslandi kleift að bæta gístíríkisstuðning við erlendan liðsafla og þátttaka í varnartengdri starfsemi hefur verið aukin með uppfærslum og fjárfestingum í innviðum, einkum á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli, til að búa í haginn fyrir framtíðina. Þá hefur mikil þekkingaruppbygging átt sér stað innan varnarmálaskrifstofu ráðuneytisins og víðar að undanfögnu og starfsfólki fjölgað til að mæta vaxandi umfangi í málafloknum. Þátttaka í lykilherstjórnnum Atlantshafsbandalagsins hefur verið eflað sem hluti af framlagi Íslands en einnig til að tryggja hagsmuni og tengingar við Ísland, þar með talið í flotaherstjórn bandalagsins, nýrri herstjórnarmiðstöð fyrir Norður-Atlantshafi í

Norfolk í Bandaríkjunum og yfirherstjórn bandalagsins í Mons í Belgíu. Sérstaklega hefur verið leitast við að senda til starfa fólk sem skilar reynslu og þekkingu til baka til þeirra íslensku stofnana sem koma með einum eða öðrum hætti að öryggismálum. Innan varnarmálaskrifstofu hefur valist til starfa fólk með fjölbreyttan bakgrunn, meðal annars með hermenntun, reynslu af aðgerðum, friðargæslu og störfum í alþjóðastofnunum, öndvegissetrum og rannsóknnum sem snúa að öryggis- og varnarmálum. Á skrifstofunni starfa einnig fulltrúar frá Landhelgisgæslunni og embætti ríkislögreglustjóra sem tryggir lifandi samband og tengsl milli skrifstofunnar og þessara stofnana.

Reglulegt samráð fer fram milli stofnana og ráðuneyta sem koma að málaflokknum auk virkrar upplýsingagjafar og samráðs við þjóðaröryggisráð og utanríkismálanefnd. Utanríkisráðuneytið og dómsmálaráðuneytið hafa sett á fót námskeið í öryggis- og varnarmálum til að efla þekkingu og bæta samstarf í málaflokknum. Á fyrsta námskeiðinu komu saman fulltrúar frá fyrrnefndum ráðuneytum, ásamt forsætisráðuneyti, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti, ríkislögreglustjóra, Landhelgisgæslu og Fjarskiptastofu. Til stendur að byggja á fenginni reynslu og halda námskeiðið tvisvar á ári með þátttöku annarra ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja sem koma að öryggis- og varnarmálum á Íslandi í breiðum skilningi.

Á liðnu ári hélt utanríkisráðuneytið áfram góðu samstarfi við Varðberg, samtök um vestræna samvinnu og alþjóðamál og í nóvember hélt félagið sinn árlega NATO-skóla sem ráðuneytið studdi með fyrirlesurum. Í sama mánuði hélt utanríkisráðherra ræðu á hádegisfundi félagsins og fór meðal annars yfir mikilvægi þess að efla þátttöku Íslands í samstarfi um öryggis- og varnarmál.

2.2 Varnartengdur stuðningur við Úkraínu

Áframhaldandi stuðningur við varnarbaráttu Úkraínu setti svip sinn á árið 2023. Frá upphafi innrásarinnar í febrúar 2022 hafa vestræn ríki stutt dyggilega við bakið á Úkraínu með hergögnum, mannúðaraðstoð og fjárframlögum auk pólitísks stuðnings á alþjóðavettvangi. Einn

helsti vettvangur varnartengds stuðnings við Úkraínu er ríkjahópur rúmlega fimmtíu ríkja (UDCG) undir forystu Bandaríkjanna sem vinnur ötullega að því að útvega hergögn, þjálfun og margvíslegan búnað. Ísland hefur tekið virkan þátt í starfi ríkjahópsins og brugðist við óskum og þörfum Úkraínnumanna með fjárframlögum og öðrum stuðningi. Á árinu 2023 námu varnartengd framlög Íslands til Úkraínu um tveimur milljörðum króna.



Þórdís Kolbrún Reykafjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra, með Lloyd Austin varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins og þáverandi varnarmálaráðherra Úkraínu, Oleksii Reznikov.

Í maí 2023 samþykkti Alþingi einróma að fela utanríkisráðherra að festa kaup á færanlegu neyðarsjúkrahúsi fyrir úkraínska herinn. Sjúkrahúsið var tekið í gagnið í Úkraínu í nóvember síðastliðnum. Það samanstendur af tíu gámaeingum sem mynda fullbúið sjúkrahús sem hægt er að reka sjálfstætt og án stuðnings svo dögum skiptir. Verkefnið var unnið í þétu samstarfi við Eistland, þar sem sjúkrahúsin voru hönnuð og framleidd, og Þýskaland sem útvegaði vörubíla undir gámaeingarnar.

Þjálfun úkraínskra hermanna í sprengjuleit og sprengjueyðingu, sem Ísland hafði frumkvæði að í samstarfi Norðurlanda og Litáen, hófst í mars 2023. Sprengjusérfræðingar séraðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar önnuðust undirbúning og framkvæmd þjálfunarinnar í samstarfi við utanríkisráðuneytið. Samhliða þjálfuninni lagði Ísland til grunnbúnað fyrir þátttakendur að andvirði um 50 milljóna króna sem fylgir þátttakendum til Úkraínu að loknu hverju námskeiði. Um 50 úkraískir sérfræðingar í sprengjueyðingu voru þjálfaðir á síðasta ári en hvert námskeið stóð yfir í fimm vikur.



Frá þjálfunarverkefni fyrir úkraínska hermenn í sprengjuleit og sprengjueyðingu.

Á liðnu ári hóf Ísland þátttöku í þjálfunarverkefni undir forystu Bretlands sem miðar að því að þjálfra Úkraínnumenn í bráðameðferð á stríðssvæðum. Reynslan hefur leitt í ljós að skjót og rétt viðbrögð á vígvellinum geta aukið mjög lífslíkur og batahorfur þeirra sem særast í átökum. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins leggur verkefninu til leiðbeinendur úr sínum röðum sem hafa sérþjálfun í bráðataekni. Um 250 úkraínskir hermenn nutu góðs af þessu þjálfunarverkefni á árinu 2023.



Frá þjálfun úkraínskra hermanna í bráðameðferð.

Síðla árs 2023 hófst undirbúningur fyrir þjálfun úkraínskra sjóliða í samstarfi við Landhelgisgæsluna en þjálfunin sjálf hófst í ársbyrjun 2024.

Undir lok síðasta árs var svo tilkynnt um þátttöku Íslands í tveimur ríkjahópum sem veita Úkraínu stuðning. Ríkjahópur á sviði netvarna- og upplýsingamála (IT Coalition) mun veita úkraínska varnarmálaráðuneytinu stuðning á sviði fjarskipta og netöryggis. Ríkjahópur um sprengjueyðingu (Demining Coalition) mun styðja við aðgerðir til að vinna að jarðsprengjueyðingu í Úkraínu með því að veita úkraínska hernum þjálfun og búnað og mun Ísland taka þátt í að leiða starf þessa hóps.

Til viðbótar við ofangreind verkefni hefur Ísland veitt framlög í fjölþjóðlega sjóði til stuðnings Úkraínu á vegum Atlantshafsbandalagsins og Bretlands. Framlögum í sjóðina er ráðstafað í samræmi við þarfir Úkraínu í samvinnu við þarlend stjórnvöld. Sjóðirnir hafa stutt kaup á hergögnum og varnarbúnaði með mjög skilvirkum hætti. Framlög Íslands í framangreinda sjóði námu tæplega 700 milljónum króna árið 2023.

2.3 Framkvæmd varnartengdra verkefna á Íslandi

Framlag Íslands til sameiginlegra varna Atlantshafsbandalagsins felst fyrst og fremst í þátttöku í samþættu loftrýmiseftirliti bandalagsins, loftrýmigæslu, æfingum og aðgerðum bandalagsins og bandalagsríkja. Ísland veitir liðsafla vana- og bandalagsþjóða aðstöðu og gistiríkisstuðning og tryggir að hér á landi séu tiltæk nauðsynleg varnarmannvirki, eftirlits- og samskiptakerfi og búnaður sem þarf svo bandalagsþjóðir geti tryggt sameiginlegt öryggi sitt. Á grundvelli þjónustusamnings við utanríkisráðuneytið sér varnarmálasvið Landhelgisgæslu Íslands um daglega framkvæmd varnartengdra rekstrarverkefna, þar með talið rekstur ratsjár-, fjarskipta- og samskiptakerfa, rekstur stjórnstöðvar Atlantshafsbandalagsins á öryggissvæðinu á Keflavíkflugvelli ásamt stjórnkerfisbúnaði fyrir loftrýmiseftirlit og aðgerðir og rekstur allra öryggissvæða og varnarinnviða hér á landi. Náð daglegt samstarf er milli varnarmálasviðs Landhelgisgæslunnar og varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins um skipulag og framkvæmd verkefna sem undir þjónustusamninginn falla en stefnumótun og ákvarðanatökuvald er í höndum ráðuneytisins.

Framlag Íslands til Atlantshafsbandalagsins (NATO) 2023

13



13 borgaralegir sérfræðingar sem störfuðu víða um heim við fjölbreytt verkefni á vegum NATO.



Rekstur íslenska loftvarna-kerfisins, sem er hluti af samþættu loftvarnakerfi NATO. Ratsjárnar spanna stórt svæði á Norður-Atlantshafi.

145



Rekstur og umsjón með 145 varnarmannvirkjum NATO á Íslandi.

94.525



Gistirikjastuðningur fyrir liðsafla bandalagsríkjanna. Alls 94.525 gistinætur erlends liðsafla.

Frá 2008 hafa flugsveitir frá aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins sinnt reglubundinni loftrýmisgæslu bandalagsins við Ísland. Þetta er liður í að gæta að nyrðri mörkum bandalagsins með þátttöku í kerfisbundnu rauntímaeftirliti, gæslu og auðkenningu loftfara. Verkefnið er skipulagt í samvinnu utanríkisráðuneytisins og Evrópuherstjórnar bandalagsins en starfsfólk á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli annast framkvæmdina af Íslands hálfu í umboði ráðuneytisins. Árið 2023 lögðu Noregur og Bandaríkin til liðsafla og flugsveitir til loftrýmisgæslu bandalagsins við Ísland, auk þess sem þýski flugherinn dvaldi hér um nokkurra vikna skeið síðla sumars.

Nýjar varnaráætlanir og æfingar

Á liðnu ári samþykkti Atlantshafsbandalagið nýjar varnaráætlanir sem marka stærstu breytingar á bandalaginu frá lokum kalda stríðsins. Samhliða þessu hafa Ísland og aðrar bandalagsþjóðir tekið til endurskoðunar sínar eigin áætlanir og unnið að því að samræma þær við svæðisbundnar varnaráætlanir bandalagsins. Nú eins og áður er mikilvægt að þjálfra liðsafla bandalagsríkja í að framkvæma varnaráætlanirnar og þar gegna varnaræfingar lykilhlutverki.

Varnaræfingar bandalagsríkja á Íslandi efla stöðuvitund og skilning Atlantshafsbandalagsins og liðsafla einstakra bandalagsríkja á aðstæðum á Íslandi, sérstöðu landsins í miðju Atlantshafi og varnarhagsmunum. Þá árétta þær einnig sameiginlegar varnarskuldbindingar bandalagsríkja, gildi tvíhliða varnarsamningsins við Bandaríkin og stuðla þannig að fælingu. Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins, Landhelgisgæslan, ríkislögreglustjóri, netöryggissveit íslenskra stjórnvalda (CERT-IS), Isavia og fleiri taka þátt í fjölbreyttum æfingum í þjálfunarskyni og til að efla og viðhalda þekkingu og getu hér á landi á sviði varnarmála.

Kafbátaleitaræfing Atlantshafsbandalagsins, Dynamic Mongoose, fór fram á hafsvæðinu milli Íslands og Noregs um mánaðamótin apríl-maí árið 2023 og var Ísland gestgjafaríki æfingarinnar. Markmið hennar er að auka getu bandalagsríkja til að vinna saman að kafbátaeftirliti við flóknar og krefjandi aðstæður á Norður-Atlantshafi og æfa sameiginleg viðbrögð við aðsteðjandi ógnum. Vel á annan tug skipa og kafbáta frá tíu bandalagsríkjum tóku þátt í æfingunni auk eftirlitsflugvéla. Um 1.800 hermenn komu að æfingunni auk nokkurs fjölda borgaralegra starfsmanna. Í lok æfingarinnar hafði hluti flotans viðkomu í Reykjavík.

Loftrýmisgæsla við Ísland 2023

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Bandaríkin		•	•	•	•	•	•	•	•	•	•	•	•	•	•	•
Bretland																•
Danmörk		•	•						•		•					•
Frakkland	•	•														
Ítalía						•				•	•	•	•	•	•	•
Kanada				•		•				•						
Noregur		•		•			•		•			•	•	•		•
Portúgal					•										•	
Pólland														•		
Tékkland							•	•	•							
Þýskaland			•		•											



| Norðmenn sinntu loftrýmisgæslu við Ísland í janúar og febrúar 2023.

Northern Challenge, fjölþjóðleg sprengjuleitar- og eyðingaræfing Atlantshafsbandalagsins, fór sem fyrr fram á Íslandi dagana 21. september til 4. október. Séraðgerða- og sprengjueyðingarsveit Landhelgisgæslunnar hefur staðið fyrir æfingunni frá árinu 2001 en hún nýtur mikillar virðingar og hefur skipað sér sess sem ein mikilvægasta æfing sprengjusérfræðinga innan Atlantshafsbandalagsins. Um 400 sérfræðingar frá bandalags- og samstarfsríkjum tóku þátt í æfingunni þar sem viðbrögð við hryðjuverkum voru æfð með því að veita þátttakendum færni á að fá þjálfun í raunhæfum verkefnum sem taka mið af þeim sprengjum sem hafa fundist í aðgerðum, meðal annars í yfirstandandi átökum í Úkraínu. Æfingin fór að mestu fram á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Varnaræfingin Norður-Víkingur er haldin á grundvelli tvíhliða varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna og fer að jafnaði fram á tveggja ára fresti. Næsta æfing fer fram hér á landi í lok ágúst 2024 en undirbúningur hófst þegar á árinu 2023. Æfingin gegnir mikilvægu hlutverki við að árétta gagnkvæmar varnarskuldbindingar, vilja og getu Bandaríkjanna og bandalagsríkja til að koma Íslandi til aðstoðar á hættutímum. Æfingin gefur erlendum liðsafla færni á að kynna sér krefjandi aðstæður á Íslandi og Norður-Atlantshafi, æfa varnaráætlanir, bæta skilvirkni og samþættingu milli þátttökuríkja og síðast en ekki síst að vinna með íslenskum stjórnvöldum og viðbragðsaðilum.

Meiri vinna og þungi hefur verið lagður í undirbúning æfingarinnar en oft áður af hálfu Íslands og Bandaríkjanna í ljósi breyttra öryggisaðstæðna og hafa íslenskir viðbragðsaðilar tekið virkan þátt í þeirri vinnu.

Annar af tveimur tundurduflaeyðingarflotum Atlantshafsbandalagsins kom til hefðbundinnar heimsóknar til Íslands um mánaðamótin mars-apríl 2023 til að æfa neðansjávarsprengjuhreinsun á tilgreindum svæðum þar sem vitað er af gömlum tundurduflum í samstarfi við séraðgerðasveit Landhelgisgæslunnar. Flotinn, sem samanstendur af alls sex skipum, heyrir undir viðbragðsflota Atlantshafsbandalagsins.

Flugsveit þýska flughersins kom til landsins undir lok júlímánaðar og var við æfingar í rúmar tvær vikur. Flugsveitin samanstóð af sex Eurofighter Typhoon orrustuþotum og 50 liðsmönnum. Markmið æfingarinnar var að sýna fram á getu til að bregðast hratt við mögulegum öryggisáskorunum með því að senda flugsveit á vettvang í öðru bandalagsríki á skömmum tíma. Æfingin var mikilvægur liður í því að efla stöðuvitund og þekkingu eins af stærri aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins á aðstæðum á Íslandi og treystir tvíhliða varnarsamvinnu ríkjanna. Þýskaland hefur tvisvar sinnt formlegri loftrýmisgæslu á vegum Atlantshafsbandalagsins á Íslandi, árið 2010 og 2012, og rennir æfingin styrkari stoðum undir slíka þátttöku í framtíðinni.

Útsendir sérfræðingar

Mikilvægur hluti af framlagi Íslands til starfsemi Atlantshafsbandalagsins er að senda borgaralega sérfræðinga til starfa á starfstöðvum bandalagsins. Þetta stuðlar að uppbyggingu þekkingar innanlands á verkefnum bandalagsins og sýnir í verki að Ísland leggur sitt af mörkum til bandalagsins þrátt fyrir þá sérstöðu sem felst í herleysi. Þá skiptir þátttaka í verkefnum og starfi bandalagsins miklu máli þegar kemur að hagsmunagæslu og skilvirkri upplýsingamiðlun. Árið 2023 störfuðu Íslendingar á starfstöðvum Atlantshafsbandalagsins í öllum Eystrasaltsríkjunum, í höfuðstöðvum þess í Brussel, í Evrópuherstjórninni í Mons í Belgíu, hjá flotaherstjórninni í Bretlandi og herstjórninni í Norfolk í Bandaríkjunum. Þá er útsendur sérfræðingur við störf í höfuðstöðvum Sameiginlegu viðbragðssveitarinnar, JEF, í Englandi og einn útsendur sérfræðingur var við störf hjá Evrópska öndvegissetrinu um fjölþáttaógnir í Helsinki í Finnlandi. Alls voru þrettán starfsmenn í slíkum verkefnum á liðnu ári, sem er nokkur fjölgun frá fyrri árum, en markvisst hefur verið unnið að því að efla þátttöku Íslands í herstjórnnum bandalagsins og stefnt að því að fjölga útsendum sérfræðingum enn frekar.

Heimsóknir

Það er mikilvægt fyrir hagsmuni Íslands að háttsettir fulltrúar Atlantshafsbandalagsins og bandalagsríkja á sviði varnarmála séu meðvitaðir um framlag Íslands til sameiginlegra varna bandalagsins og hafi skilning á aðstæðum hér á landi sem eru um margt frábrugðnar því sem gerist í samstarfslöndum okkar. Á liðnu ári lögðu tveir háttsettir herforingjar Atlantshafsbandalagsins leið sína til Íslands til að kynna sér aðstæður og aðstöðu hér á landi og funda með íslenskum ráðamönnum og embættismönnum. Christopher G. Cavoli, yfirhershöfðingi Atlantshafsbandalagsins (SACEUR), fundaði með utanríkisráðherra í maí 2023 til að ræða þróun öryggismála í kjölfar árásarstríðs Rússlands gegn Úkraínu, aukinn varnarviðbúnað bandalagsins og framlag Íslands til sameiginlegra varna bandalagsríkja. Þá kynnti hann sér starfsemina á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. James B. Hecker, hershöfðingi og yfirmaður flugherstjórnar Atlantshafsbandalagsins (AIRCOM) og flughers Bandaríkjanna í Evrópu (USAFE), fundaði með

utanríkisráðherra í ágúst þar sem rætt var um átökin í Úkraínu, aukinn varnarviðbúnað Atlantshafsbandalagsins og mikilvægi Íslands fyrir stöðuvitund á Norður-Atlantshafi. Hecker kynnti sér jafnframt öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli, heimsótti ratsjárstöðina á Bolafjalli og hitti liðsmenn bandarísku B-2 flugsveitarinnar sem var stödd á landinu.




Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra og Christopher G. Cavoli yfirmaður herafla Atlantshafsbandalagsins.

Gistiríkisstuðningur og innviðir

Ísland sem aðildarríki Atlantshafsbandalagsins hefur skuldbundið sig til að tryggja getu hér á landi til að taka á móti færanlegum liðsafla bandalagsríkja og veita svokallaðan gistiríkisstuðning sem felst meðal annars í því að geta boðið aðstöðu, fæði og gistingu. Slíkur stuðningur er veittur vegna loftrýmisgæslu og varnaræfinga hér við land. Auk þess er gistiríkisstuðningur veittur vegna kafbátaeftirlits bandalagsríkja, sem farið hefur fram við Ísland frá árinu 2014 vegna aukinnar umferðar óvinveittra kafbáta í kringum Ísland og á Atlantshafi. Aðallega er um að ræða flugsveitir frá Bandaríkjunum, en einnig frá Bretlandi, Þýskalandi og Kanada. Eftirlitsflug voru framkvæmd nær daglega, og oft mörg flug á dag, líkt og undanfarin ár. Umfangið er talsvert þar sem tvær til fjórtán kafbátaleitflugvélar eru gerðar út frá Íslandi á hverjum tíma eftir þörfum og þeim fylgja verulegur fjöldi áhafnarmedlima og starfsfólks sem gistir á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli eða hótélum. Á liðnu ári voru gistinætur erlends liðsafla tæplega 95 þúsund og

meðalfjöldi erlendra liðsmanna á hverjum degi því tæplega 260. Þetta er lítið eitt minni fjöldi en árið 2022, sem skýrist af því að það ár var varnaræfingin Norður-Víkingur haldin hér á landi og umtalsverður liðsafla kom til landsins vegna hennar.

Gistiríkisstuðningur fyrir bandalagsríki 2023



Ísland ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi 150 varnarmannvirkja á skilgreindum öryggissvæðum. Sem dæmi má nefna flugvallarmannvirki á Keflavíkurflugvelli, stjórnstöð Atlantshafsbandalagsins á öryggissvæðinu, olíubirgðastöð og lagnakerfi í Helguvík og á flugvallarsvæðinu, ratsjár- og fjarskiptastöðvar auk ljósleiðara sem liggur í kringum Ísland. Flest þessi mannvirki eru á eignaskrá Atlantshafsbandalagsins.

Eins og undanfarin ár voru umfangsmiklar framkvæmdir við viðhald og nýbyggingar kláraðar eða hafnar árið 2023. Þar má nefna endurgerð þjónustubyggingar fyrir loftrýmisgæslu og æfingahúsnæðis fyrir innlenda viðbragðsaðila og erlendan liðsafla, vegaf framkvæmdir á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli, endurnýjun eldvarnar- og rafkerfa í öllum fjórum ratsjár- og fjarskiptastöðvunum og framkvæmdir hafnar við nýja gervihnattafjarskiptastöð. Endurbætur voru einnig gerðar á stjórnstöð Atlantshafsbandalagsins á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Lokið var við að koma upp varaafsstöð og tengja hana við gistirými, aðgangshlið og mótuneyti en þeim framkvæmdum var flýtt vegna eldsumbrota á Reykjanesskaga. Þá miðaði vinnu við annan áfanga af fjórum í byggingu gistirýma fyrir erlendan liðsafla vel á liðnu ári og verður ein ný bygging tekin í notkun á fyrstu mánuðum ársins 2024. Uppbygging gistirýmis er alfarið kostuð af íslenskum stjórnvöldum. Bygging á

nýju aðgangshliði inn á öryggissvæðið var boðin út á árinu og höfust framkvæmdir í árslok 2023. Áætlað er að þeim ljúki í desember 2024.

Framundan eru umfangsmiklar framkvæmdir við ný varnartengd mannvirki og var unnið að undirbúningi þeirra. Útboði fyrir birgðageymslu fyrir bandaríska flugherinn lauk undir lok árs og var ÍAV hlutskarpast. Framkvæmdir hefjast á fyrstu mánuðum 2024 og er áætlað að þeim ljúki 2027. Á árinu 2023 samþykkti Atlantshafsbandalagið fjárveitingu til stækkunar á olíubirgðastöðinni í Helguvík, byggingu nýs viðlegukants og geymslurýmis fyrir skipaeldsneyti til að mæta þörfum Atlantshafsbandalagsins og aðildarríkjana fyrir slíkt eldsneyti á norðurslóðum. Undirbúningur er hafinn í samstarfi við Reykjanesbæ, Reykjaneshafnir, Vegagerðina og aðra hagaðila. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist árið 2025 gangi undirbúningsvinna samkvæmt áætlun.

2.4 Fjölpjóðlegt og tvíhliða samstarf

Atlantshafsbandalagið

Líkt og árið 2022 voru afleiðingar og viðbrögð við stríði Rússlands gegn Úkraínu meginviðfangsefni Atlantshafsbandalagsins á árinu 2023. Atlantshafsbandalagið hefur skilgreint Rússland sem mestu ógn við öryggi bandalagsríkja og frið á Evró-Atlantshafssvæðinu. Bandalagið hefur brugðist við þessum umbrotatímum með skýrum og afgerandi hætti með því að leggja stórauðna áherslu á fælingu og varnarviðbúnað.

Mikil pólitísk eining hefur ríkt um þessi mál á þremur fundum utanríkisráðherra og jafnmörgum fundum varnarmálaráðherra á árinu 2023. Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Vilnius í júlí voru teknar ákvarðanir sem undirstrika skýrar skuldbindingar bandalagsríkja um að vera reiðbúin til að mæta hvers kyns ógnum og áskorunum. Leiðtogarnir samþykktu nýjar svæðisbundnar varnaráætlanir sem fela í sér mestu breytingar í sögu bandalagsins frá lokum kalda stríðsins. Viðbúnaður og viðbragðsgeta bandalagsins verður stórefld sem felur meðal annars í sér fjölgun liðsaflans í allt að 300 þúsund hermenn á hærra viðbúnaðarstigi. Jafnframt voru samþykktar breytingar á herstjórnarkerfinu en mikilvægur liður í því er að hlutverk og vægi herstjórnarinnar í Norfolk í Bandaríkjunum, sem ber ábyrgð á Norður-Atlantshafi, hefur verið eftt til jafns við herstjórnirnar í Brunssum og Napólí.

Með nýjum varnaráætlunum bandalagsins mun Ísland færast undir aðgerðaherstjórn bandalagsins í Norfolk sem fer þá með aðgerðastjórn bæði á friðar- og spennutímum. Virk þátttaka, tengingar og skilningur á störfum herstjórnarinnar í Norfolk skipta lykilmáli fyrir varnarhagsmuni Íslands. Þá hafa Norðurlöndin lagt ríka áherslu á að þau tilheyri öll sömu herstjórn og verði hluti af aðgerðaherstjórninni í Norfolk. Ísland hefur lagt til útsendan sérfræðing í stjórnstöðina frá stofnun árið 2019 en nú stendur til að stækka stjórnstöðina enn frekar og bætti Ísland því við öðrum starfsmanni þar undir lok árs 2023.



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra ræðir við utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Antony Blinken, á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Vilnius.


Á leiðtogafundinum í Vilnius var samhljómur um að versnandi öryggisumhverfi kalli á áframhaldandi aukningu framlaga allra bandalagsríkja til varnarmála. Á fundinum voru samþykkt ný markmið um framlög til málaflokksins sem tóku við af fyrri markmiðum frá leiðtogafundinum í Wales árið 2014. Nýja markmiðssetningin felur í sér þá meginbreytingu að í stað þess að stefnt sé að því að ná tveimur prósentum af vergri landsframleiðslu er það nú skilgreint sem lágmarksmarkmið.

Öllum bandalagsríkjum ber að leggja af mörkum til sameiginlegra varna með eigin varnargetu og framlögum til verkefna og aðgerða bandalagsins. Framlög til varnarmála hafa farið stigvaxandi á undanförunum árum. Á yfirstandandi ári er áætlað að nítján bandalagsríki muni verja meira en tveimur prósentum af vergri landsframleiðslu

til varnarmála. Þrátt fyrir sérstöðu Íslands innan bandalagsins hvíla eftir sem áður ríkar skyldur á herðum íslenskra stjórnvalda að huga að eigin varnargetu og sinna varnarskuldbindingum gagnvart öðrum bandalagsríkjum.

Mikilvægasta framlag Íslands er rekstur ratsjárkerfisins á loftrýmissvæðinu umhverfis landið sem er liður í að tryggja stöðuvitund bandalagsins á Norður-Atlantshafi og flutningaleiðir yfir hafið. Mannvirki og búnaður á Íslandi er þannig hlekkur í varnarkeðju Atlantshafsbandalagsins á Evró-Atlantshafssvæðinu og hafa ákvarðanir á leiðtogafundum og ráðherrafundum um aukna viðbúnaðargetu því áhrif á varnartengda starfsemi á Íslandi.

Hversu jákvæð (ur/tt) eða neikvæð (ur/tt) ert þú gagnvart aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu (NATO)?



- Mjög jákvæð (314)
- Fremur jákvæð (303)
- Í meðallagi (277)
- Fremur neikvæð (51)
- Mjög neikvæð (40)

Heildarfjöldi svarenda: 1.017. Svöruðu ekki: 31.
Heimild: Maskína (maí 2023).

Finnlandi og Svíþjóð var boðin aðild að Atlantshafsbandalaginu á leiðtogafundinum í Madrid 2022. Aðild Finnlands gekk að fullu í gildi 4. apríl í fyrra og aðild Svíþjóðar 7. mars síðastliðinn. Aðild ríkjanna tveggja styrkir öryggi á Eystrasaltssvæðinu og á norðurslóðum og eflir til muna fælingar- og varnarmátt bandalagsins alls.

Frá upphafi innrásar Rússlands hafa bandalagsríki og fjöldi samstarfsríkja sýnt samstöðu með Úkraínu og veitt hernaðarlegan og efnahagslegan stuðning í baráttunni gegn rússneska innrásarliðinu. Skýr skilaboð um áframhaldandi stuðning við Úkraínu var ein meginniðurstaðan í Vilnius

Þegar leiðtogar bandalagsins funduðu með Volodymyr Zelensky Úkraínuforseta í nýstofnuðu NATO-Úkraínuráði. Starfsemi ráðsins fer fram á jafnræðisgrundvelli með Úkraínu sem eitt af 32 aðildarríkjum ráðsins.

Stofnun þess felur í sér eðlisbreytingu á umfangi og dýpt samstarfs Atlantshafsbandalagsins og Úkraínu sem færast með þessu nær aðild að bandalaginu. Þá samþykktu leiðtogarnir stuðningsáætlun við Úkraínu til lengri tíma litið í gegnum sérstakan stuðningssjóð. Aðstoð bandalagsins er á mörgum sviðum varnarviðbúnaðar, svo sem á sviði sprengjuleitar, fjarskipta, sjúkragagna og þjálfunar, en felst ekki í sendingum á vopnum eða skotfærum. Samhliða þessari aðstoð verður lögð sérstök áhersla á að styrkja fælingar- og varnarmátt landsins, bæta samhæfni liðsafla Úkraínu og bandalagsríkja og aðstoða við uppbyggingu á samþætту herstjórnarkerfi. Á vettvangi bandalagsins hafa bandalagsríki fjármagnað verkefni á þessum sviðum að andvirði 500 milljóna evra frá upphafi stríðsins.

Hörmungarnar í Úkraínu hafa undirstrikað mikilvægi þess að beina sjónum að öryggi borgara og málefnum kvenna, friðar og öryggis og hafa þessir málaflokkar fengið aukna athygli innan bandalagsins upp á síðkastið. Ísland hefur sérstaklega beitt sér fyrir þessum áherslum í starfi bandalagsins.

Þá hefur innrás Rússlands í Úkraínu undirstrikað enn frekar þörfina á að tryggja nýja og áreiðanlega orkugjafa og er auðsætt að slíkar breytingar verði einnig að taka tillit til áhrifa loftslagsbreytinga á öryggi. Við þessi orkuskipti, og hagnýtingu tækninýjunga þeim tengdum, er mikilvægt að tryggja frekari áhættudreifingu og treysta ekki um of á óáreiðanlega birgja, þar með talin Rússland og Kína. Hefur mikil áhersla því verið lögð á að koma aðgerðaáætlun Atlantshafsbandalagsins um loftslagsbreytingar og öryggismál í framkvæmd svo bandalagið verði betur í stakk búið til að takast á við áhættur og áskoranir sem tengjast loftslagsbreyttu starfsumhverfi til framtíðar.

Árið 2023 einkenndist af vaxandi spennu í alþjóðasamskiptum sem beint og óbeint hefur áhrif á öryggi og frið á Evró-Atlantshafssvæðinu. Má þar helst nefna viðvarandi spennu á Vestur-Balkanskaga, meðal annars í norðurhluta Kósovo sem kallar á áframhaldandi árvekni bandalagsins

í KFOR-friðargæsluverkefni. Þá eru áskoranir vegna sundrunsafla í Bosníu og Hersegóvínu og víðar á svæðinu vaxandi áhyggjuefni.

Stöðugleiki á Vestur-Balkanskaga er afar mikilvægur fyrir öryggi og frið í Evrópu. Mun Atlantshafsbandalagið því áfram styðja við öryggi og umbætur á svæðinu í gegnum pólitískt og hagnýtt samstarf við ríkin þar og áfram leggja sitt af mörkum til stöðugleika svo forðast megi að öryggistómarúm myndist á svæðinu. Fylgst hefur verið náið með ófriðnum fyrir botni Miðjarðarhafs enda ljóst að ástandið er afar viðkvæmt og útbreiðsla átaka á svæðinu myndi hafa ófyrirséð áhrif á öryggi bandalagsríkja.



Bjarni Benediktsson, þáverandi utanríkisráðherra, ræðir við Krišjānis Kariņš þáverandi utanríkisráðherra Lettlands og Gabrielius Landsbergis utanríkisráðherra Litáens á utanríkisráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins í Brussel í nóvember 2023.

Bandalagsríki standa frammi fyrir vaxandi áskorunum og ógnum frá ríkjum og hópum sem beita fjölþáttaógnum, netárásum, undirróðri, falsfréttum, njósnum og í sumum tilfellum skemmdarverkum. Örar tækniframfarir hafa aukið hraða, umfang, afl og um leið hættuna sem stafar af þessum skaðlegu aðferðum sem meðal annars er beint gegn lýðræðislegum stofnunum, hagkerfum og mikilvægum innviðum til að grafa undan öryggi borgara og samfélaga.

Staða Kína á alþjóðavettvangi hefur áhrif á öryggi beggja vegna Atlantsála. Á árinu 2023 jókst samráð bandalagsríkja um leiðir til að bregðast við kerfisbundnum áskorunum vegna Kína sem varða öryggishagsmuni. Vaxandi samvinna við samstarfsríki á Indó-Kyrrahafssvæðinu, Ástralíu, Nýja-Sjáland, Japan og Suður-Kóreu, er liður í því. Þátttaka leiðtoga ríkjanna fjögurra á leiðtogafundinum í Vilnías endurspeglar mikilvægi þeirrar samvinnu, sem samhliða stuðningi þeirra

við Úkraínu er mikilvægur hlekkur í að takast á við sameiginlegar áskoranir og standa vörð um alþjóðakerfið.

Þéttara samstarf Kína og Rússlands og tilraunir ríkjanna til að veikja alþjóðakerfið er einnig mikið áhyggjuefni enda ljóst að ört vaxandi viðskipti landanna hafa hjálpað stjórnvöldum í Moskvu að standa af sér þvingunaraðgerðir. Sömuleiðis er fylgst náið með vaxandi samstarfi Rússlands við Íran og Norður-Kóreu, umfangsmiklum hergagnastuðningi ríkjanna við stríðsrekstur Rússlands, neikvæðum áhrifum ríkjanna á svæðisbundinn stöðugleika og þróun á langdrægum eldflaugum og kjarnavopnum.

Í samræmi við þriðju grein Atlantshafsáttmálans og grunnstefnu Atlantshafsbandalagsins hafa bandalagsríki átt þétt samstarf og unnið ötullega að því að efla viðnámsþol samfélaga sinna og bandalagsins til að mæta ófyrirsjáanlegum ógnum í óstöðugu öryggisumhverfi. Áherslan á áfallaþol hefur þróast og aukist hratt á stuttum tíma. Fylgt er sjö skilgreindum viðmiðum sem gert er ráð fyrir að bandalagsríkin vinni skipulega að því að framfylgja. Íslensk stjórnvöld hafa styrkt aðkomu sína að þessari vinnu í samstarfi milli utanríkisráðuneytisins, dómsmálaráðuneytisins og undirstofnana þess.

Áhrif nýrrar tækni og örar tækni framfarir, meðal annars á sviði gervigreindar, skammtafræði, líftækni fræði, gagnaöflunar og fjarskiptakerfa, hljóðfrárra kerfa og sjálfvirkni, eru að breyta heiminum og hefur það áhrif á þróun öryggis- og varnarmála og eðli átaka. Það hefur bæði í för með sér áskoranir og tækifæri fyrir Atlantshafsbandalagið. Því hefur verið unnið ötullega að því að efla og hlúa að fjárfestingum í nýrri og byltingarkenndri tækni til að viðhalda samhæfni og tæknilegu forskoti bandalagsins. Er það meðal annars gert með því að efla tengsl milli nýsköpunarfyrirtækja og opinberra aðila sem fara fyrir fjárfestingum í tækni með tvíþætt notagildi tengdri varnar- og öryggismálum.

Í þeim tilgangi var nýsköpunarsjóði Atlantshafsbandalagsins og DIANA, nýsköpunarhraðli bandalagsins, komið á fót þar sem áherslan er á varnartengd verkefni og tækni sem hefur tvíþætt notagildi. Ari Kristinn Jónsson hefur verið ráðinn í sjö manna framkvæmdastjórn

nýsköpunarsjóðsins. Þá var íslenska nýsköpunarfyrirtækið IceWind eitt 44 fyrirtækja úr hópi 1.300 umsækjenda sem voru valin til þátttöku í fyrsta áfanga yfirstandandi samkeppni DIANA um framúrskarandi nýsköpunarverkefni.

Í júlí næstkomandi verður því fagnað á leiðtoga-fundi í Washington að 75 ár verða liðin frá stofnun Atlantshafsbandalagsins og er undirbúningur fundarins í fullum gangi. Gera má ráð fyrir að meginviðfangsefni fundarins verði aukinn varnaviðbúnaður, framlög til varnarmála og framtíðarsamstarf Úkraínu og Atlantshafsbandalagsins.

Norræna varnarsamstarfið

Norræna varnarsamstarfið (NORDEFCO) hefur verið í stöðugri þróun og hlotið aukið pólitískt vægi á síðustu árum, meðal annars vegna hernaðarumsvifa Rússlands og umsóknar Finnlands og Svíþjóðar um aðild að Atlantshafsbandalaginu. Það á ekki síst við um hermálahlið samstarfsins sem Ísland tekur virkan þátt í til jafns við hið pólitíska samráð rétt eins og á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og Sameiginlegu viðbragðssveitarinnar (JEF). Fulltrúar herafila Norðurlandanna unnu meðal annars að stefnuramma fyrir norrænar varnir til þess að leiða enn nánari samvinnu á milli norrænu herafllanna en áður hefur verið. Náið samstarf Norðurlandanna styrkir bæði tvíhliða og marghliða varnarsamstarf í Evrópu, þar með talið Atlantshafsbandalagið og Sameiginlegu viðbragðssveitina, og því mikilvægt af hálfu Íslands að taka virkan þátt og sýna samstöðu.

Svíþjóð fór með formennsku í norræna varnarsamstarfinu árið 2023. Í formennskutíð Svía var áhersla lögð á að þróa nýja stefnu norræna varnarsamstarfsins með það fyrir augum að öll Norðurlöndin yrðu innan tíðar aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Þá var áhersla einnig lögð á að efla varnarsamvinnu Norðurlandanna á öllum sviðum og samræma hana því samstarfi sem á sér stað á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Það samstarf á einnig við um verkefni sem snerta stofnanir innanlands og snertir heildrænar varnir ríkja. Í því sambandi á utanríkisráðuneytið í góðu samstarfi við stofnanir innanlands sem stuðla með beinum eða óbeinum hætti að vörnum landsins.



| Bjarni Benediktsson, þáverandi utanríkisráðherra, á fundi norræna varnarsamstarfsins í Stokkhólmi.

Ísland studdi við formennsku Svíþjóðar meðal annars með því að halda tveggja daga fund varnarmálaráðherra Norðurlandanna í júní 2023. Fundurinn var haldinn í Reykjavík og á öryggis-svæðinu á Keflavíkflugvelli. Ný stefna norræna varnarsamstarfsins var samþykkt efnislega á fundinum og þá var frekari efling norræns varnarsamstarfs til framtíðar einnig til umræðu. Ísland hélt sömuleiðis fundi smærri vinnuhópa norræna varnarsamstarfsins á árinu 2023.

Síðari ráðherrafundur norræna varnarsamstarfsins var haldinn í Stokkhólmi og líkt og hefð er fyrir var seinni fundardagurinn haldinn sameiginlegur með varnarmálaráðherrum Eystrasaltsríkja. Norðurlöndin eiga öflugt og þétt samráð með Eystrasaltsríkjum, einkum á sviði varnarmála.

Sameiginlega viðbragðssveitin

Sameiginlega viðbragðssveitin (JEF) er vettvangur líkt þenkjandi ríkja um öryggis- og varnarmál sem Bretland leiðir. Áhersla samstarfsins er á norðurslóðir, Norður-Atlantshaf og Eystrasalt. Samstarfið er mikilvægur vettvangur grannríkja í Norður-Evrópu sem tryggir skjót viðbrögð við hvers kyns aðstæðum á spennu- og ófriðartímum og styður við annað fjölþjóðasamstarf í Evrópu, svo sem á vegum Atlantshafsbandalagsins. Þátttökuríkin eiga einnig reglubundið og virkt pólitískt samráð.

Ísland tók á móti færanlegri herstjórnarmiðstöð sameiginlegu viðbragðssveitarinnar á öryggis-svæðinu á Keflavíkflugvelli í júní. Þetta var í fyrsta skipti sem viðbragðssveitin hélt úti starfsemi á Íslandi en markmið varnaæfingarinnar

var að gefa þátttökuríkjum tækifæri á að kynnast aðstæðum á Íslandi, æfa uppsetningu færanlegrar herstjórnarmiðstöðvar, þróa viðbragðsáætlanir og viðhafa samráð um miðlun upplýsinga. Þá stóð utanríkisráðuneytið í samstarfi við breska sendiráðið fyrir málþingi á vettvangi æfingarinnar þar sem rætt var um áskoranir á sviði öryggis neðansjávarinnviða. Utanríkisráðuneytið og varnarmálasvið Landhelgisgæslunnar héldu utan um skipulag verkefnisins af hálfu íslenskra stjórnvalda. Um 250 manns komu frá höfuðstöðvum viðbragðssveitarinnar í Northwood í London, samstarfsríkjum og öðrum vinþjóðum.

Á vettvangi sameiginlegu viðbragðssveitarinnar hefur markvisst verið unnið að þróun viðbragðsáætlana sem miða að því að efla fælingarmátt og viðbragðsgetu gagnvart margvíslegum öryggisáskorunum á spennu- og ófriðartímum. Í kjölfar skemmda á neðansjávarinnviðum í Eystrasalti í október ákváðu varnarmálaráðherrar sameiginlegu viðbragðssveitarinnar að virkja eina af viðbragðsáætlunum samstarfsins. Þetta var í fyrsta skipti sem viðbragðsáætlun samstarfsins var virkjuð og sameinuðust öll tíu samstarfsríkin í æfingu við slíkum skemmdarverkum með auknu eftirliti 29 skipa og ellefu flugvéla frá þátttökuríkjum með mikilvægum neðansjávarinnviðum. Virkjun áætlunarinnar sýndi með áþreifanlegum hætti framlag samstarfsins til öryggismála í Norður-Evrópu, sérstaklega með tilliti til öryggis neðansjávarinnviða og aðgerða gegn fjölþátta-ögnum. Ísland tók virkan þátt með því að leggja til sérfræðinga í upplýsingamiðlun sem störfuðu í höfuðstöðvunum í London á meðan aðgerðum stóð og leiddu samhæfingu upplýsingamiðlunar samstarfsríkjanna þaðan.

Árlegur varnarmálaráðherrafundur sameiginlegu viðbragðssveitarinnar fór fram í Amsterdam í Hollandi í júní. Á fundinum fór fram skrifborðsæfing þar sem ráðherrarnir æfðu viðbrögð við atvikum sem ógnað gætu ríkjunum. Þá var stuðningur við Úkraínu áréttaður og framgangur stríðsins ræddur. Aukin áhersla hefur verið sett á viðbrögð við fjölþáttaógnum innan samstarfsins og því var það einnig á dagskrá fundarins.

Leiðtogafundur sameiginlegu viðbragðssveitarinnar var haldinn á Gotlandi í Svíþjóð í október en utanríkisráðherra sótti fundinn fyrir hönd forsætisráðherra. Ríkin ræddu þróun öryggismála, áframhaldandi stuðningur við varnaráttu Úkraínu og framtíðarþróun samstarfsins. Á fundinum samþykktu leiðtogarnir tíu ára stefnu viðbragðssveitarinnar en í henni er stuðningur ríkjanna við Úkraínu enn frekar áréttaður. Þá var einnig rætt hvernig efla megi viðnámsþol og heildrænar varnir ríkjanna til þess að bregðast við fjölþáttaógnum og voru viðbragðskostir sameiginlegu viðbragðssveitarinnar kynntir leiðtogum.

Stefna JEF: Stefna sameiginlegu viðbragðssveitarinnar gildir til tíu ára og áréttar mikilvægi samstarfsins fyrir samstarfsríkin tíu og áherslusvæði sveitarinnar, það er norðurslóðir, Norður-Atlantshaf og Eystrasalt. Stefnan áréttar jafnframt að samstarfið styður við öryggi Evrópu- og Atlantshafsríkja á friðar- og óvissutímum og styrkir annað fjölþjóðasamstarf um öryggis- og varnarmál, meðal annars á vettvangi Atlantshafsbandalagsins.

Í höfuðstöðvum sameiginlegu viðbragðssveitarinnar í Northwood í London starfar einn íslenskur sérfræðingur í upplýsingamiðlun og sem tengiliður við íslensk stjórnvöld ásamt fulltrúum frá öllum þátttökuríkjunum.

Svæðisbundið og tvíhliða varnarsamstarf

Aukin áhersla á nærvörnir Atlantshafsbandalagsins hefur haft það í för með sér að bandalagsþjóðir sýna í auknum mæli áhuga á Norður-Atlantshafi og stöðu Íslands. Utanríkisráðuneytið hefur eftl samstarf við ýmis bandalagsríki um

öryggis- og varnarmál og má þar sérstaklega nefna reglulegt tvíhliða samráð sem var komið á fót á liðnu ári við varnarmálaráðuneyti Frakklands, utanríkisþjónustu Evrópusambandsins sem og varnarmálaráðuneyti og herstjórnir Noregs.

Norðrhópurinn er vettvangur reglubundins samráðs Norðurlandanna, Eystrasaltsríkja, Bretlands, Hollands, Þýskalands og Póllands um öryggis- og varnarmál. Varnarmálaráðherrafundir eru haldnir tvisvar á ári og tvö ríki skipta formenskunni sín á milli. Pólland fór með formensku fyrri hluta árs og bauð til varnarmálaráðherrafundar í Varsjá í maí 2023. Áherslur í dagskrá fundarins voru stuðningur við Úkraínu, öryggismál í Norður-Evrópu og aukinn varnarviðbúnaður Atlantshafsbandalagsins í aðdraganda leiðtogafundarins í Vilnius í júlí.

Svíþjóð tók við formensku seinni hluta árs og var seinni varnarmálaráðherrafundur Norðrhópsins haldinn í framhaldi af varnarmálaráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins í Brussel í október. Þar voru öryggisaðstæður á svæðinu til umræðu með sérstaka áherslu á Belarús, hlutverk þess í stríðinu í Úkraínu og framtíðarhorfur. Þá voru þjóðhagslega mikilvægir innviðir og fjölþáttaógnir einnig til umræðu og hvernig ríkin geta sem best varist slíkum ógnum.

Vaxandi samstarf ríkir nú á embættismannastigi hvað viðkemur varnarmálum á norðurslóðum. Þetta á einnig við um hermálhlið í samstarfi norðurskautsríkjanna að frátöldu Rússlandi, stundum nefnd norðurskautsríkin sjö (Arctic 7), þar sem Ísland tekur einnig þátt og hefur hagsmuna að gæta. Í samstarfi herafra norðurskautsríkja er áhersla nú meðal annars lögð á að takast á við ógnir sem kunna að steðja að norðurslóðum til framtíðar. Ísland fer með formensku í því samstarfi árið 2024 og mun því halda fund yfirmanna herafra norðurskautsríkjanna sjö í Reykjavík seinni hluta árs.

Í október sótti utanríkisráðherra árlega ráðstefnu um öryggismál sem haldin var í Varsjá í Póllandi (Warsaw Security Forum). Ráðherra sat í pallborði með starfssystkinum sínum frá Bretlandi, Hollandi og Litáen og lagði áherslu á að innrásarstríð Rússlands í Úkraínu væri áráðs á alþjóðlegt regluverk og sameiginleg gildi og hefði því áhrif langt utan landamæra Úkraínu.



| Sérstök flugsveit bandaríska flughersins starfaði tímabundið frá öryggissvæðinu á Keflavíkflugvelli um miðjan ágúst með þrjár langdrægar B-2 sprengjuflugvélar.

2.5 Varnarsamstarf við Bandaríkin

Ásamt aðildinni að Atlantshafsbandalaginu er varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 1951 meginstoð öryggis og varna Íslands. Íslensk og bandarísk stjórnvöld hafa á síðustu árum aukið samstarf vegna eftirlits og viðbúnaðar á Norður-Atlantshafi. Ísland hefur um nokkurt skeið veitt gístiríkisstuðning við kabátaleitarflugvélar Bandaríkjanna og annarra bandalagsríkja á Keflavíkflugvelli og bandaríski flugherinn hefur sinnt loftrýmismisgæslu á Íslandi nær árlega síðan 2008.

Samskipti Íslands við hermálafirvöld Bandaríkjanna eru mikilvæg í ljósi tvíhliða varnarsamnings ríkjanna. Á liðnu ári hefur utanríkisráðuneytið eftt beint samstarf við herstjórnir og hermálafirvöld Bandaríkjanna til að koma hagsmunum Íslands á framfæri og efla upplýsingaskipti. Má þar nefna samráð við yfirherstjórn, flota- og flugherstjórn Bandaríkjanna í Evrópu og þátttöku á fundum æðstu yfirmanna herafra Norður-Evrópuríkja sem Evrópuherstjórn Bandaríkjanna skipuleggur. Samstarf og upplýsingaskipti um þróun öryggismála á Norður-Atlantshafi og norðurslóðum hefur verið aukið í ljósi verkefna á hafinu í kringum Ísland. Þar að auki er sendiráð Íslands í Washington skipað varnarmálafulltrúa í fullu starfi frá og með janúar 2024 en áður hefur staðgengill sendiherra gegnt því hlutverki. Þar með gefst tækifæri til þess að gæta betur að hagsmunum Íslands í öryggis- og varnarmálum með beinum samskiptum við varnarmálaráðuneyti og herstjórnir Bandaríkjanna.

Í apríl 2023 greindi utanríkisráðherra frá ákvörðun sinni um að heimila kjarnorkuknúnum kabátum bandaríska sjóhersins að hafa stutta viðkomu við Ísland til að taka á móti kosti og skipta út áhafnarmeðlimum. Ákvörðunin er liður í stefnu íslenskra stjórnvalda að styðja við aukið eftirlit og viðbragðsgetu bandalagsríkja á Norður-Atlantshafi. Fyrsti kabáturinn kom til landsins seinna sama mánaðar og fékk þjónustu í nokkurra kílómetra fjarlægð úti fyrir ströndum landsins en hafði ekki viðkomu í höfn.

Þjónustuheimsóknirnar stuðla að því að efla samfellt og virkt kabátaeftirlit bandalagsríkja á Norður-Atlantshafi sem tryggir betri stöðuvitund og eykur öryggi neðansjávarinnviða á borð við sæstrengja á hafsvæðinu í kringum Ísland. Stuðningurinn er liður í varnarskuldbindingum Íslands og mikilvægt framlag til sameiginlegra varna bandalagsríkja Atlantshafsbandalagsins.

Sem fyrr er skilyrði fyrir komu herskipa bandalagsríkja til landsins að stjórnvöld í viðkomandi ríkjum bæði þekki og virði ákvæði þjóðaröryggisstefnu Íslands um að Ísland og íslensk landhelgi sé friðlýst fyrir kjarnavopnum, að teknu tilliti til alþjóðlegra skuldbindinga. Kabátarnir sem fá heimild til að hafa hér viðdvöl bera ekki kjarnavopn samkvæmt stefnu Bandaríkjanna og eru ekki útbúnir til þess.

Um miðjan ágúst var sérstök flugsveit bandaríska flughersins tímabundið staðsett á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli með þrjár langdrægar B-2 sprengjuflugvélar og um 250 manna liðsafla. Verkefnið, sem var skipulagt í góðu samstarfi við bandarísk yfirvöld, stóð yfir í rúmar fimm vikur. Sveitin var við æfingar með bandalagsríkjum í Norður-Evrópu á meðan dvöl þeirra á Íslandi stóð. Viðvera flugsveitarinnar fór fram á grundvelli varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna og er mikilvægt framlag til fælingaræðgerða í Norður-Evrópu. Þetta er í fjórða skipti sem flugsveitin kemur til Íslands í tengslum við slíkar æfingar og í þriðja skiptið sem B-2 flugvélar hafa lent á Íslandi.

Bandaríski flugherinn sinnti loftrýmisgæslu á vegum Atlantshafsbandalagsins síðastliðið haust á tímabilinu 21. október til 13. nóvember. Fjórar F-16 orrustuþotur komu til landsins og þeim fylgdu 120 liðsmenn. Verkefnið var framkvæmt með sama fyrirkomulagi og fyrri ár og í samræmi við loftrýmisgæsluáætlun Atlantshafsbandalagsins fyrir Ísland.

Undanfarin ár hafa bæði floti og flugher Bandaríkjanna staðið fyrir umfangsmikilli uppbyggingu á innviðum á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og verður því fram haldið á næstu árum. Allar slíkar framkvæmdir eru háðar samþykki íslenskra stjórnvalda og að framkvæmdum loknum verða þessir innviðir eign íslenska ríkisins. Sérstök sameiginleg nefnd Íslands og Bandaríkjanna (Joint Committee) hittist árlega til að ræða framkvæmdir og aðgerðir bandarískra hermálayfirvalda héraðs, bæði yfirstandandi verkefni og framtíðarverkefni. Þessari nefnd var komið á fót með samkomulagi ríkjanna árið 2017 og hittist nefndin á Íslandi í febrúar 2023.

Reglubundið samráð um öryggis- og varnarmál var haldið í Washington í apríl 2023. Þar var meðal annars rætt um aukið eftirlit og viðbúnað á Norður-Atlantshafi og samstarf Íslands og Bandaríkjanna við kaþbátaeftirlit og varnir. Einnig var rætt um samskipti við Kína, netöryggismál og málefni norðurslóða. Þessu til viðbótar eiga fulltrúar varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og varnarmálasviðs Landhelgisgæslu Íslands vikulega fundi með varnarmálafulltrúa sendiráðs Bandaríkjanna og fulltrúum framkvæmdastofnunar bandaríska sjóhersins. Þetta reglulega samráð tryggir greiða miðlun upplýsinga, bæði um aðgerðir bandarísks liðsafla á Íslandi og

þær framkvæmdir sem standa yfir hér á landi á hverjum tíma. Samstarfið er náð og ríkir gott traust milli stjórnvalda beggja ríkja sem mikilvægt er að viðhalda til framtíðar.

2.6 Afvopnunarmál

Því miður tókst ekki á liðnu ári að rjúfa þá stöðnun sem einkennt hefur viðræður um afvopnun og framkvæmd gildandi afvopnunar-samninga undanfarin ár. Óhætt er að fullyrða að frá innrás Rússlands í Úkraínu árið 2022 hafi meira og minna öll afvopnunarmál verið í hnút. Á síðastliðnu ári drógu Rússar til dæmis til baka fullgildingu sína á samningnum um bann við prófun á kjarnorkuvopnum (CTBT).

Sem fyrr er forgangsmál fyrir alþjóðaöryggi að styrkja framkvæmd samningsins um bann við útbreiðslu kjarnavopna og friðsamlega nýtingu kjarnorku (NPT-samningsins). Undirbúningur fyrir næstu endurskoðunarráðstefnu samningsins sem fyrirhuguð er á árinu 2026 hófst á liðnu ári. Enn sem komið er eru ekki teikn á lofti um að sú endurskoðun verði árangursrík.

Innrás Rússa í Úkraínu hefur aukið hættu á því að gjöreyðingarvopnum, til dæmis kjarnavopnum eða efnavopnum verði beitt í hernaði eða að kjarnorkuslys verði. Því er mikilvægt að aðildarþjóðir að bæði Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni (IAEA) og Efnavopnastofnuninni (OPCW) virði skuldbindingar sínar.

Jákvæðustu tíðindi af afvopnunarmálum á árinu 2023 hljóta að teljast staðfest eyðing Bandaríkjanna á síðustu birgðum sínum af efnavopnum í júlí síðastliðnum. Nú hefur öllum efnavopnum, sem aðildarríki Efnavopnasamningsins hafa gefið upp, verið eytt en samkvæmt ákvæðum samningsins áttu öll aðildarríkin að ljúka eyðingu slíkra vopna fyrir 30. september 2023. Þó er talið að nokkrar birgðir slíkra vopna sem ekki hafa verið gefnar upp séu enn til.

Dæmi um ógöngurnar sem afvopnunarmál eru komin í er frestun á framkvæmd samningsins um hefðbundinn herafla í Evrópu (CFE-samningsins) en þann 9. júní síðastliðinn tilkynntu Rússar um úrsögn sína úr samningnum. Ákvörðunin tók gildi 7. nóvember 2023 að uppsagnarfresti liðnum en rétt er að hafa í huga að Rússland frestaði framkvæmd samningsins árið 2007.

CFE-samningurinn var upphaflega gerður á milli aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins og var undirritaður af samningsaðilum árið 1990. Hann var talinn marka tímamót í öryggismálum í Evrópu sem fyrsti samningurinn um takmörkun vígbúnaðar á sviði hefðbundinna vopna frá síðari heimsstyrjöld og hefur verið talinn mikilvægasti afvopnunar-samningurinn á því sviði.

Til þess að þrýsta á Rússa um að virða skuldbindingar sínar gagnvart CFE-samningnum hafa aðrir samningsaðilar haldið áfram að framfylgja ákvæðum hans og brugðist við aðgerðum Rússa frá 2007 með ýmsum hætti. Rússland hefur á hinn bóginn jafnt og þétt hætt þátttöku eða sagt sig frá samningum og eftirlitskerfum sem styðja gagnsæi og vígbúnaðartakmarkanir samhliða því að hefja árásarstríð gegn nágrannaríkjum sínum Úkraínu og Georgíu og haldið úti herliði í Moldóvu.

Samstaða náðist á vettvangi Atlantshafsbandalagsins um sameiginleg viðbrögð við úrsögn Rússlands en af 30 aðildarríkjum CFE-samningsins eru nú 24 í bandalaginu. Þann 7. nóvember síðastliðinn sendi Norður-Atlantshafsráðið, æðsta stofnun Atlantshafsbandalagsins, út yfirlýsingu um að aðildarríkin muni hætta tímabundið framkvæmd CFE-samningsins. Í framhaldi af þeirri yfirlýsingu sendu einstök aðildarríki Atlantshafsbandalagsins, þar með talið Ísland, vörsluaðila samningsins, sem er Holland, orðsendingar um frestun á framkvæmd samningsins.

Frestun á framkvæmd samningsins felur í sér að hægt verði að hefja framkvæmd samningsins að nýju við fyrsta tækifæri ef aðstæður leyfa. Þá munu bandalagsríkin jafnframt leita leiða til að halda áfram samstarfi við önnur aðildarríki og leggja áherslu á að þau ákvæði samningsins sem sérstaklega varða upplýsingaskipti og eftirlit séu áfram nýtt valfrjálst til að tryggja gagnsæi. Ísland mun beita sér fyrir því að áfram verði leitað leiða til að tryggja gagnsæi og takmarka vígbúnað til samræmis við ákvæði CFE-samningsins. Ekki er búist við að frestunin breyti miklu um viðbúnað eða umsvif ríkja Atlantshafsbandalagsins heldur felur hún fyrst og fremst í sér skilaboð vegna ákvörðunar Rússlands.

Síðastliðið sumar samþykkti Alþingi lög nr. 67/2023 um afvopnun, takmörkun vígbúnaðar og útflutningseftirlit. Megintilgangur þeirra er að sameina á einn stað ýmis lög sem varða þessa málaflokka og nú er í einum lagabálki fjallað um alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í tengslum við afvopnun, takmörkun vígbúnaðar og útflutningseftirlit (sjá nánar í kafla 1.11 um útflutningseftirlit).

Fyrir liggur að takast þarf á við nýjar ógnir sem leiða af tækniframförum í vígbúnaðargerð og nýjum átakaviddum, svo sem netógnum, geimógnum og beitingu gervigreindar í hernaði, svo eitthvað sé nefnt. Ísland hefur þar skipað sér í hóp líkt þenkjandi ríkja og er aðili að yfirlýsingu um ábyrga notkun gervigreindar og sjálfvirkni í hernaði sem kynnt var á vettvangi Sameinuðu þjóðanna síðastliðið haust. Útgangspunkturinn þar er að ríki eigi fullan rétt á að notfæra sér gervigreind og sjálfvirkni í jákvæðu framfaraskyni en ójákvæmilegt sé að setja skorður við því að þessi tækni sé notuð með óábyrgum hætti þannig að hún ógni ekki stöðugleika, valdi ekki öðrum óþarfa hættu eða komist í hendur á óábyrgum aðilum. Ábyrg notkun gervigreindar og sjálfvirkni í hernaði feli meðal annars í sér að mannshöndin sé ætíð við stjórnvölinn þannig að hægt verði að grípa inn í ef þarf. Gætt verði að því að notkun sé í samræmi við alþjóðalög og þá sérstaklega mannúðarlög.

Sem fyrr mun Ísland áfram leggja sitt af mörkum til framgangs raunhæfrar afvopnunar með virkri þátttöku á alþjóðavettvangi þar sem afvopnarmál eru til umfjöllunar og í samráði við aðrar þjóðir um hvernig beri að takast á við nýjar ógnir sem alþjóðasamfélagið stendur frammi fyrir.

2.7 Fjölþáttaógnir

Vaxandi áhersla er á fjölþáttaógnir á sviði öryggis- og varnarmála á heimsvísu og endurspeglar sú þróun breytt öryggislandslag. Fjölþáttaógnir eru aðgerðir á vegum ríkja eða annarra aðila sem hafa að markmiði að annaðhvort eða bæði veikja og skaða lýðræðisríki í þeim tilgangi að hafa áhrif á eða hamlu ákvarðanatöku sem og auka á sundrungu. Aðgerðirnar geta verið margháttáðar og eru hannaðar á þann veg að auðvelt er að neita sök og erfitt að draga aðila til ábyrgðar. Meðal ódýrustu verkfæra fjölþáttaógna eru til að mynda netárásir og upplýsinga-óreiða en undir fjölþáttaógnir geta einnig fallið

stefnumiðaðar efnahagsaðgerðir, ógn gegn innviðum, njósnir og íhlutun í lýðræðislega ferla, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Baráttan gegn fjölþáttaógnum er fyrst og fremst á ábyrgð hvers ríkis fyrir sig og snýst að stóru leyti um að styrkja innviði og áfallaþol stjórnkerfisins og samfélagsins alls. Aukin áhersla er á að vinna gegn fjölþáttaógnum með auknu samráði innanlands sem og í alþjóðlegu samstarfi, einkum í norrænu samstarfi og innan Atlantshafsbandalagsins.

Áfalla- og álagspól

Einn af grundvallarþáttum þess að vinna gegn fjölþáttaógnum er að auka álags- og áfallaþol (resilience) ríkja. Álagspól borgaralegra innviða, auðlinda og þjónustu er fyrsta varnarlína samfélaga og lykilþáttur þegar kemur að fælingar- og varnarstöðu aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins. Álagspól og borgaralegar varnir eru á ábyrgð hvers og eins ríkis og því er aukin áhersla lögð á að auka áfalla- og álagspól íslensks samfélags og þar með gera land og þjóð minna berskjölduð fyrir fjölþáttaógnum og afleiðingum þeirra.

Utanríkisráðuneytið og fastanefnd Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu sinna þessum málum meðal annars á vettvangi Atlantshafsbandalagsins í samstarfi við viðeigandi stofnanir innanlands. Þá situr fulltrúi dómsmálaráðuneytisins í sérstakri nefnd bandalagsins um áfalla- og álagspól (Resilience Committee). Stöðug vinna á sér stað í samstarfi viðeigandi stofnana til að tryggja innleiðingu á viðmiðum bandalagsins.

Netöryggismál

Samhliða sífellt þróaðri netárásam eru netöryggismál orðin veigameiri þáttur öryggis- og varnarmála.

Mikill vöxtur hefur verið í verkefnum sem tengjast öryggi netumdæmis Íslands og falla mörg þeirra undir varnarmál og kalla þannig á aðkomu utanríkisráðuneytisins sem fer með yfirstjórn varnarmála. Innanlandssamstarf er umfangsmikið og er í formi samráðs, upplýsingaskipta og samhæfingar við helstu stofnanir sem koma að netöryggismálum, svo sem háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti, ríkislögreglustjóra, netöryggisveit íslenskra stjórnvalda

– CERT-IS, Fjarskiptastofu og önnur viðeigandi ráðuneyti og stofnanir. Áherslur Atlantshafsbandalagsins á netöryggismál fara vaxandi og hefur netið verið skilgreint sem eitt af aðgerðasviðum bandalagsins til jafns við loft, land, haf og geiminn. Ísland tekur virkan þátt í nefndum, verkefnum og ráðstefnum á vegum bandalagsins um netöryggismál. Þá á Ísland einnig í þétu samstarfi og samráði við varnarmála- og utanríkisráðuneyti Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkja á sviði netöryggismála en löndin búa við áþekkar ógnir í sínum netumdæmum.

Þann 16. maí 2023 gerðist Ísland formlegur aðili að Öndvegissetri Atlantshafsbandalagsins um netvarnir í Tallinn (CCDCOE). Setrið vinnur að fræðslu, útgáfu, rannsóknum og greiningu á sviði netvarna og netöryggis. Lykilþættir í starfsemi eru að þjálfa sérfræðinga á sviði netvarna og stýra netvarnaræfingum. Setrið býður upp á mikið úrval námskeiða, æfinga og þjálfunar sem íslenskir aðilar hafa aðgang að með aðild Íslands að setrinu.

Árið 2023 tók Ísland í fyrsta sinn þátt í netöryggis- og netvarnaræfingum á vegum Atlantshafsbandalagsins. Þátttaka í netvarnaræfingum er mikilvægur liður í að styrkja netvarnir á Íslandi og er hluti af netaðgerðaáætlun stjórnvalda sem kom út samhliða nýrri netöryggisstefnu fyrir Ísland. Æfingar eru lykilþáttur í undirbúningi og þjálfun þeirra aðila sem verja íslenskt netumdæmi þegar til netárása kemur og hafa nú þegar skilað árangri og bættu samstarfi við vana- og bandalagsþjóðir. Stefnt verður að því að Ísland taki þátt í tveimur æfingum á ári til þess að efla viðbragðs- og samstarfsgetu bæði innanlands og í alþjóðasamstarfi.

Í apríl 2023 tók Ísland í fyrsta sinn þátt í alþjóðlegri netvarnaræfingu Atlantshafsbandalagsins sem nefnist Skjaldborg (Locked Shields). Æfingin er sett upp sem liðakeppni og bar sameiginlegt lið Íslands og Svíþjóðar sigur úr bítum. Skjaldborg er ein stærsta netvarnaræfing í heimi og taka rúmlega 2.400 sérfræðingar frá 38 löndum þátt. Æfingin er skipulögð og haldin af CCDCOE í Tallinn. Lið Íslands skipaði starfsfólk frá netöryggisveit íslenskra stjórnvalda (CERT-IS), Landhelgisgæslu Íslands, embætti ríkislögreglustjóra, Seðlabanka Íslands, Reiknistofu bankanna og utanríkisráðuneytinu.



| Íslenska teymið á Skjaldborg, netvarnaræfingu Atlantshafsbandalagsins.

Í desember tók lið frá Íslandi þátt í netvarnaræfingunni Cyber Coalition á vegum Atlantshafsbandalagsins. Yfir 1.300 netvarnarsérfræðingar sóttu æfinguna og CERT-IS, netöryggisveit íslenskra stjórnvalda, tók þátt fyrir hönd Íslands og stýrði þátttöku í samstarfi við varnarmála-skrifstofu utanríkisráðuneytisins. Æfingin fór að hluta fram í CCDCOE í Tallinn en netvarnarmiðstöðvar hvers ríkis tóku einnig virkan þátt. Markmið æfingarinnar er að þjálfra samstarf á milli bandalagsþjóða og áhersla lögð á sameiginlegt viðbragð margra ríkja á sviði netvarna.

Til þess að byggja upp getu og þekkingu svo bregðast megi við og vinna gegn fjölþáttaógnum kostar Ísland þrjár stöður á sviði fjölþáttaógna og netvarna hjá alþjóðastofnunum. Hjá Evrópska öndvegissetrinu um fjölþáttaógnir í Helsinki (Hybrid CoE) starfar að jafnaði einn starfsmaður við rannsóknir og fræðslu á sviði fjölþáttaógna. Útsendur sérfræðingur er við störf hjá CCDCOE í Tallinn og kemur þar meðal annars að miðlun upplýsinga um netvarnaræfingar bandalagsins, skipulag funda og ráðstefna sem og miðlun efnis um fræða- og starfssvið setursins til stofnana og aðila á Íslandi. Hjá Netöryggismiðstöð Atlantshafsbandalagsins (NCIA) starfar einn sérfræðingur við atvikameðhöndlun og tæknileg verkefni á sviði netvarna. Útsendir sérfræðingar starfa að jafnaði í eitt til tvö ár hjá viðkomandi stofnunum og skila sér heim að störfum loknum með reynslu og þekkingu sem er dýrmæt fyrir íslenskt samfélag.

Öryggi neðansjávarinnviða

Öryggi neðansjávarinnviða á borð við fjarskiptastrengi og orkuleiðslur voru ofarlega á baugi í fjölþjóðlegu samstarfi um öryggis- og varnarmál á liðnu ári. Atvik í október síðastliðnum þar sem gasleiðslan Balticconnector og fjarskiptastrengir milli Finnlands og Eistlands og Svíþjóðar og Eistlands skemmdust hafa beint sjónum að mikilvægi þess að huga að öryggi og vörnum mikilvægra neðansjávarinnviða.

Öflugt eftirlit og góð stöðuvitund á hafi eru afar mikilvæg fyrir öryggi neðansjávarinnviða. Þá þarf að vera til staðar öflug viðbragðsgeta þegar atvik eiga sér stað. Íslenskt samfélag er afar háð fjarskiptastrengjum sem liggja á hafsbotni og tengja landið við umheiminn. Innanlands hafa ráðuneyti og lykilstofnanir á borð við Landhelgisgæslu Íslands og embætti ríkislögreglustjóra átt í þéttu samráði og samstarfi um þessi málefni. Fyrirnefndar stofnanir hafa á undanförunum árum treyst eftirlit og viðbragðsgetu hvað mikilvæga innviði varðar en þessi mál eru í sífelldri skoðun.

Á vettvangi Atlantshafsbandalagsins hefur Ísland tekið virkan þátt í vinnu bandalagsríkja sem miðar að því að efla öryggi neðansjávarinnviða með auknum skilningi á áskoruninni og skiptum á upplýsingum og bestu starfsvenjum. Í byrjun árs 2023 setti Atlantshafsbandalagið á fót sérstaka samþæfingardeild um neðansjávarinnviði og í kjölfarið sérstaka miðstöð um öryggi neðansjávarinnviða innan flotastjórnar bandalagsins. Miðstöðin mun sinna eftirliti með lykilinviðum bandalagsríkja neðansjavar.

Atlantshafsbandalagið brást við atvikunum í Eystrasalti í október síðastliðnum með því að senda eftirlitsflugvélar og skip á svæðið og JEF virkjaði eina af viðbragðsáætlunum sínum í formi æfingar gegn skemmdarverkum á neðansjávarinnviðum. Ísland studdi verkefni JEF með upplýsingafulltrúum, eins og nánar er greint frá hér að framan.

Á meðan á veru færanlegrar herstjórnarmiðstöðvar JEF á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli í júní stóð hélt utanríkisráðuneytið ásamt breska sendiráðinu í Reykjavík tveggja daga vinnustofu um öryggisáskoranir á sviði neðansjávarinnviða. Vinnustofan, sem haldin var á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli, var sótt af um 70 sérfræðingum frá þrettán löndum sem starfa víðsvegar innan stjórnkerfa sinna landa að málefnum er varða lykilinnviði. Vinnustofuna sótti einnig fulltrúi nýstofnaðrar einingar innan Atlantshafsbandalagsins um neðansjávarinnviði.

Erlend upplýsingaóreiða og íhlutun

Upplýsingaóreiða og íhlutun af hálfu óvinveittra ríkja eða aðila þeim tengdum er ógn sem lýðræðisríki hafa vaxandi áhyggjur af. Markmiðið er yfirleitt að grafa undan trausti á lýðræðislega kjörnum stjórnvöldum og samheldni samfélagsins, hafa áhrif á hegðun og afstöðu borgaranna og takmarka þannig svigrúm stjórnvalda til sjálfstæðrar ákvarðanatöku. Þessi ógn er ekki ný af nálinni en samhliða vexti samfélagsmiðla og brotakenndara fjölmiðlaumhverfis hefur vægi hennar aukist. Rússland beitir þessum aðferðum markvisst, ekki síst gegn Úkraínu en einnig gegn vestrænum lýðræðisríkjum. Þá eru vaxandi áhyggjur af framferði Kína, Íran og fleiri ríkja hvað þetta varðar.

Reynsla undanfarinna ára af upplýsingaóreiðu tengdri COVID-19 heimsfaraldrinum og stríðinu í Úkraínu gefur til kynna að viðnámsþol hér á landi gagnvart upplýsingaóreiðu sé með ágætum. Engu að síður er mikilvægt að stjórnvöld og samfélagið allt sé á varðbergi fyrir tilraunum óvinveittra ríkja til að hafa áhrif á opinbera umræðu og lýðræðislega ferla héraendis og þannig grafa undan trausti og samheldni samfélagsins. Engin landamæri eru í upplýsingaumhverfinu og því er mikilvægt að líkt þenkjandi lýðræðisríki hafi með sér nána samvinnu og upplýsingaskipti.

Ísland tekur virkan þátt í fjölþjóðlegu samstarfi um viðbrögð við upplýsingaóreiðu og íhlutun erlendra ríkja eða aðila þeim tengdum sem og í samstarfi um stefnumiðuð samskipti (StratCom). Má þar nefna vinnuhóp Norðurlanda og Eystrasaltsríkja sem öndvegissetur Atlantshafsbandalagsins á sviði stefnumiðaðra samskipta í Ríga í Lettlandi (NATO StratCom CoE) heldur utan um. Hópurinn kemur reglulega saman til að bera saman bækur um stöðuna í aðildarríkjunum og kallar til sérfræðinga sem kynna rannsóknir á straumum og stefnum í þessum efnum. Til viðbótar á Ísland einnig í óformlegu samstarfi bæði á tvíhliða og marghliða grundvelli með líkt þenkjandi ríkjum.

Á árinu 2023 voru áhrif gervigreindar á upplýsingaóreiðu ofarlega á baugi í alþjóðlegu samstarfi. Þær miklu framfarir sem hafa nýlega átt sér stað á sviði gervigreindar skapa hættu á því að misvísandi og villandi upplýsingum sé dreift í meira magni og með meiri hraða en nokkru sinni fyrr. Þá gera háþróuð tungumálalíkon og mynda- og myndbandsfalsanir það að verkum að efnið er meira sannfærandi en áður.

3 Þróunarsamvinna

Ísland og Malaví hafa starfað saman á sviði þróunarsamvinnu frá árinu 1989.



3.1 Almennt

Þróunarsamvinna er lykilþáttur í utanríkisstefnu Íslands. Þörf fátækustu ríkja heims á stuðningi hefur farið hratt vaxandi á síðastliðnum árum, meðal annars vegna afleiðinga loftslagsbreytinga og óstöðugleika. Til viðbótar við efnahagsleg og samfélagsleg áhrif COVID-19 heimsfaraldursins glíma þau við skuldakreppu, orkuskort og fæðu-óöryggi. Ekki er útlit fyrir að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna verði náð fyrir 2030 en framvinda þeirra er þó misjöfn eftir markmiðum samkvæmt nýlegri úttekt Sameinuðu þjóðanna.

Stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019-2023 rann sitt skeið á enda á árinu 2023 og því var unnið að mótun nýrrar stefnu yfir árið. Í þeirri vinnu var átt víðtækt samráð um áherslur nýrrar stefnu og í desember samþykkti Alþingi stefnu fyrir árin 2024-2028. Áfram verður áhersla lögð á tvíhliða þróunarsamvinnu og samstarf við fjölþjóðlegar áherslustofnanir. Mannúðaraðstoð fær auknið vægi í stefnunni auk loftslagsmála í samræmi við stjórnarsáttmála, en þau eru bæði sértæk og þverlæg í öllu þróunarstarfi Íslands ásamt mannréttinda- og jafnréttismálunum. Að vanda er áhersla lögð á skilvirkni, gagnsæi og fagleg vinnubrögð við framkvæmd þróunarsamstarfs í samræmi við alþjóðleg viðmið um faglega starfshætti.

Framlög til málefna sviðs 35 – Alþjóðleg þróunarsamvinna námu á árinu 2023 um 12,9 mö.kr. samkvæmt bráðabirgðatölum, að meðtöldum 1,5 mö.kr. sem heyra til mannúðar- og uppbyggingarverkefna í Úkraínu. Því til viðbótar teljast framlög að upphæð 150 m.kr. af málefna sviði 04 – Utanríkismál einnig til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Samkvæmt bráðabirgðatölum námu heildarframlög á vegum íslenskra stjórnvalda til opinberrar þróunaraðstoðar á árinu 2023, þar með talið þau sem falla til hjá öðrum ráðuneytum auk stofnfjárframlaga til Alþjóðabankans og annarra stofnana, 16,1 milljarði eða 0,36 prósent af vergum þjóðartekjum (VPT), en markmið fjármálaáætlunar var 0,35 prósent af VPT.

Jafningjarýni þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) á alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands var kynnt á árinu en í henni er fjallað um allt starf Íslands á þessu sviði. Niðurstöður rýnnar voru jákvæðar í garð Íslands þar sem meðal annars er dregið fram að þrátt fyrir að vera lítið framlagsríki hafi Ísland, með skýrri og markvissri nálgun

á tiltekin málefna svið, stofnanir og samstarfslönd, nýtt styrkleika sína í þróunarsamvinnu og hámarkað framlag sitt til málaflokksins.

Stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024-2028 var samþykkt á Alþingi 15. desember en hún myndar umgjörð um allt starf Íslands á því sviði næstu fimm árin. Þverpólísk sátt ríkti um innihald stefnunnar sem tekur mið af víðtæku samráði og byggist á því sem vel hefur tekist á undanförunum árum, niðurstöðum úttekta og jafningjarýni þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC). Sjá nánar kafla 3.4 um þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, Parísar-samkomulagið og aðrir alþjóðlegir sáttmálar sem Ísland er aðili að varða veginn í stefnunni. Áskoranir sem fátækari ríki heims standa frammi fyrir eru í forgrunni ásamt þeim styrkleikum og sérþekkingu sem Ísland hefur fram að færa og gildum sem íslenskt samfélag hefur í heiðri. Útrýming fátækta, virðing fyrir mannréttindum og bætt lífsskilyrði eru yfirmarkmið stefnunnar þar sem mannréttindi og jafnrétti kynjanna annars vegar og umhverfis- og loftslagsmál hins vegar eru bæði sértæk og þverlæg markmið. Lögð er áhersla á eftirfarandi fjóra málaflokka:

- Mannréttindi og jafnrétti kynjanna.
- Mannauð og grunnstoðir samfélaga.
- Loftslagsmál og náttúruauðlindir.
- Mannúðaraðstoð og störf í þágu stöðugleika og friðar.

Við framkvæmd stefnunnar munu íslensk stjórnvöld áfram eiga í tvíhliða samstarfi við Malaví, Úganda og Síerra Leóne, sem eru meðal fátækustu ríkja heims. Fjölþjóðleg samvinna verður áfram í brennidepli og áhersla lögð á samstarf við fjórar lykilstofnanir á sviði þróunarsamvinnu: Alþjóðabankann, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) og Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) auk þriggja sjóða á sviði loftslagsmála: Græna loftslagssjóðinn (Green Climate Fund), Aðlögunarsjóðinn (Adaptation Fund) og Norræna þróunarsjóðinn (Nordic Development Fund). Samkvæmt stefnunni verður mannúðarframlögum einkum beint til lykilstofnana Sameinuðu þjóðanna á því sviði: Matvælaáætlunar

Sameinuðu þjóðanna (WFP), Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR), Neyðarsjóðs Sameinuðu þjóðanna (CERF) og Samhæfingarskrifstofu aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum (OCHA) auk Palestínuflóttamannaástoðar Sameinuðu þjóðanna (UNRWA) og Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC). Þá verður samstarfi við félagasamtök, GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu og aðila íslensks atvinnulífs haldið áfram auk þess sem unnið verður að því að efla samstarf við fræðasamfélagið. Stefnunni fylgir aðgerðaáætlun til tveggja ára, fyrir árin 2024-2025, sem er aðgengileg á vef Alþingis, fylgiskjal þingskjals 533. Framlög fara hækkandi á gildistíma stefnunnar, úr 0,35% af vergum þjóðartekjum í 0,46% og þar með er skref stigið í átt að viðmiði Sameinuðu þjóðanna um að ríki veiti sem nemur 0,7% af VPT til opinberrar þróunarsamvinnu.

3.2 Tvíhliða þróunarsamvinna

Starf á vettvangi í tvíhliða samstarfslöndum er lykilþáttur í þróunarsamvinnu Íslands en samstarfslönd Íslands eru sem fyrr segir Malaví, Úganda og Síerra Leóne. Meginmarkmið starfsins er að bæta lífsskjör þeirra fátækustu og stuðla að aukinni velferð í samræmi við þróunaráætlanir samstarfsríkjanna þriggja. Áhersla er lögð á bættu grunnþjónustu og -innviði og mannréttindi, kynjajafnrétti og umhverfis- og loftslagsmál eru fléttuð í starfið sem bæði þverlæg og sértæk málefni.

Starfsmenn sendiráða Íslands hafa umsjón og eftirlit með framkvæmd verkefna og styðja við innlenda samstarfsaðila. Sendiráðin starfa beint með völdum héruðum og hefur sú nálgun fengið jákvæða athygli alþjóðastofnana og annarra framlagsríkja. Landsáætlanir fyrir Malaví og Úganda voru samþykktar á árinu 2023 og unnið er að samsvarandi áætlun fyrir Síerra Leóne.

Framgangur verkefna var nokkuð stöðugur á liðnu ári þrátt fyrir efnahagsástand, óstöðugt pólitískt ástand og náttúruhamfarir sem höfðu áhrif á verkefnið með ólíkum hætti í öllum samstarfslöndunum þremur. Í Malaví og Síerra Leóne hefur mikil verðbólga og erfið skulda- staða ríkissjóðs leitt til versnandi fæðuöryggis og aukinnar fátæktar. Í Úganda varpaði ný löggjöf, sem brýtur gróflega á mannréttindum hinsegin fólks, skugga á samstarf stjórnvalda við framlagsríki og alþjóðastofnanir í landinu.

Ráðuneytið veitti stuðning við eftirlit og undirbúning nýrra verkefna, meðal annars vegna nýs héraðsverkefnis í Nkhotakota-héraði í Malaví og við úttekt og undirbúning næsta áfanga héraðsverkefnis Íslands í Namayingo í Úganda. Aukinn kraftur var lagður í að skoða hvernig auka megi stuðning við sértæk mannréttindaverkefni og samþætta umhverfis- og loftslagsaðgerðir í samstarfslöndunum og komu ný verkefni á þeim sviðum til framkvæmda á árinu 2023. Áfram var unnið að samlegð milli tvíhliða þróunarsamvinnu- verkefna og samstarfs við fjölþjóðlegar stofnanir á vettvangi, meðal annars um heimaræktaðar skólamáltíðir og á sviði kyn- og frjósemisheilbrigðis og -réttinda.

Tvíhliða þróunarsamvinna 2023

1.500



2 nýir skólar byggðir sem þjóna 1.500 nemendum í Buikwe-héraði í Úganda.

30.000



30.000 börn í 136 skólum fá næringarríka heimaræktaða skólamáltíð í Bonthe-héraði í Síerra Leóne í gegnum samstarfsverkefni með WFP.

104.000



24.000 skólabókum og 80.000 stílabókum dreift til 12 grunnskóla í Mangochi-héraði í Malaví.

300



300 fjölskyldur fengu fræðslu um umönnun barna með fötlun í Namayingo-héraði í Úganda.

Malaví

Margvísleg áföll dundu yfir Malaví á árinu 2023. Náttúruhamfarir, smitsjúkdómar og slæmt efnahagsástand ollu manntjóni, fjárhagstjóni og fæðuöryggi. Í ársbyrjun brast á mannskæðasti kólerufaraldur í meira en áratug þar sem tæplega tvö þúsund manns létu lífið, fleiri en formlega skráð dauðsföll vegna COVID-19 í landinu. Yfir eitt þúsund manns fórust þegar hitabeltistormurinn Freddy reið yfir suðurhluta Malaví í mars, auk þess sem hundruð þúsunda lentu á vergangi fram eftir ári. Þá flæddi yfir akra sem olli uppskerubresti, vegir og brýr fóru í sundur, þúsundir heimila og bygginga eyðilögðust og byggðarlög einangruðust. Á sama tíma var mikil þurrkatíð í norðurhluta landsins sem varð til þess

að tæplega fjórar milljónir Malava bjuggu við alvarlegan fæðuskort fyrstu sex mánuði ársins. Íslensk stjórnvöld brugðust við þessum áföllum með stuðningi við Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) sem gat komið neyðargögnum úr lofti til nauðstaddr. Þá studdu stjórnvöld sérstakan sjóð á vegum Alþjóðabankans sem veitir félagslega vernd til þeirra allra fátækustu.

Íslensk stjórnvöld starfa með tveimur héruðum í landinu, Mangochi og Nkhotakota. Áhersla er lögð á uppbyggingu innviða, grunnmenntun, aðgang að vatni og hreinlætisaðstöðu og uppbyggingu stofnana og mannauðs. Framkvæmd verkefnanna er undir forystu héraðsyfirvalda með stuðningi og eftirliti af hálfu forstöðumanns og starfsmanna sendiráðsins.

Malaví – Nkhotakota-hérað 2023



Vinna hafin við byggingu skólastofa, kennarabygginga og salerna við 8 grunnskóla sem þjóna yfir 9.000 nemendum.



Allt að 70.000 tré gróðursett.

Framkvæmd verkefna í Nkhotakota-héraði hófst af miklum krafti á árinu 2023 með áherslu á bættan aðgang að mæðra- og ungbarnaheilsu, menntun, sérstaklega fyrir yngsta aldurstigið, og vatns- og hreinlætisinnviði. Einnig eru umhverfisvernd og stuðningur við þverlæg málefni tengd ungmennum, fötluðu fólki og jafnrétti í forgrunni. Haldnir voru samráðsfundir í öllum níu sveitarfélögum héraðsins þar sem leiðtogar og íbúar ræddu þróun verkefna og fyrirhugaðar framkvæmdir í heimabyggð.

Útboðum vegna endurbóta á átta grunnskólum sem þjóna um níu þúsund nemendum lauk á árinu. Áhersla er á endur- og símenntun þeirra sem sinna grunnþjónustu í héraðinu, til að mynda heilbrigðisnefnda en meðlimir nítján þeirra, ásamt átta samfélagshópum, sóttu námskeið um áskoranir og réttindi barna með fötlun. Verkefnið í Nkhotakota mun ná til fimmtán grunnskóla, sem hafa þegar fengið íþróttabúnað sem stuðlar að iðkun nemenda í frímínútum og frístundum eftir skóla auk þess sem 60 afreksnemendur, 20 stúlkur og 40 drengir, hafa hlotið námsstyrki til að halda áfram námi að loknum grunnskóla. Starfsfólk héraðsskrifstofunnar hefur fengið til umráða fimm vélhjól til að auðvelda framkvæmd

við og eftirlit með uppbyggingu vatnsinnviða, auk sex reiðhjóla fyrir starfsfólk umhverfissviðs sem vinnur að skógrækt. Hluti af umhverfis- og loftslagsþætti verkefnisins er gróðursetning 70 þúsund trjáa auk þess sem gerðar hafa verið þarfagreiningar vegna sólarlúinna kerfa fyrir félagslega innviði og orkusparandi eldhlóðir sem verða hluti af verkefnum næsta árs. Samstarf Íslands við þýsku þróunarsamvinnustofnunina GIZ, Energising Development (EnDev), heldur áfram bæði í Mangochi og í Nkhotakota. Verkefnið miðar að því að tryggja aðgang að hagkvæmri, áreiðanlegri og sjálfbærri orku í fátækum héruðum.

Undir lok árs hófst nýtt verkefni til þriggja ára í samstarfi við Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) og héraðsyfirvöld í Nkhotakota. Verkefnið snýr að því að auka vitund og þekkingu íbúa héraðsins á fæðingarfistli, efla færni heilbrigðisstarfsfólks í að framkvæma aðgerðir og útbúa aðstöðu með sérhæfðri skurðstofu á héraðssjúkrahúsinu. Verkefnið byggist á sambærilegu verkefni í Mangochi-héraði sem hefur skilað góðum árangri. Þar dróst tíðni þungana stúlkna á aldrinum 10-14 ára saman um 38,8% á verkefnis-tímanum og notkun getnaðarvarna stórvökst.

Í Mangochi-héraði, þar sem íslensk stjórnvöld hafa starfað frá árinu 1989, var á árinu lokið við byggingu nýrrar skurðstofu við fæðingardeild héraðssjúkrahússins. Þar fæðast rúmlega ellefu þúsund börn á hverju ári og fleiri en tvö þúsund þeirra eru tekin með keisaraskurði.

Unnið var að styrkingu heilbrigðisþjónustu í afskekktum byggðum héraðsins þar sem þrjár nýjar heilsugæslustöðvar voru byggðar. Þær munu tryggja tæplega átta þúsund íbúum aðgang að grunnheilsugæslu, ungbarnavernd, bólusetningum og næringarþjónustu fyrir börn yngri en fimm ára. Ellefu ný starfsmannahús voru afhent, sem auðveldar mönnum heilsugæslustöðva í afskekktum byggðum. Fjögur sólardrifin vatnskerfi voru tekin í notkun á árinu 2023 sem gjörbreyta og bæta aðgang rúmlega 4.500 íbúa að hreinu vatni.

Í því skyni að efla eignarhald heimamanna á verkefninu, fjárfesti skólaskrifstofa Mangochi-héraðs í námsgögnum, alls 24 þúsund skólabókum og 80 þúsund stílabókum, og dreifði í tólf skóla sem íslensk stjórnvöld styrkja.

Malaví – Mangochi hérað 2023



60 heilbrigðisstarfsmenn sem veita konum og stúlkum bættu umönnun og þjónustu eftir óöruggt þungunarrof fengu þjálfun.



Endurbætur voru gerðar á 12 heilsugæslustöðvum til að veita betri þjónustu eftir óöruggt þungunarrof og þær búnaðar betri tækjum til að sinna þeirri þjónustu.



Með stuðningi frá Íslandi rannsakaði Mannréttindastofnun Malaví 33 kynbundin ofbeldismál og lauk 8 þeirra fyrir dómstólum.



Notkun getnaðarvarna jókst um 200% á tveimur svæðum og tíðni þungana stúlkna á aldrinum 10-14 ára dróst saman um 38,8 % á árunum 2020-2023.



1.035 einstaklingar hlutu þjálfun í friðsamlegri lausn átaka og sáttamiðlun. (Héraðsfriðarnefndir, öldungar og meðlimir samfélaganna).



Go Fund a Girl Child veitti 60 stúlkum og konum á aldrinum 10-24 ára, sem hætt höfðu námi vegna barnahjónabanda eða ótímabærrar þungunar, stuðning og styrki til efnahagslegs sjálfstæðis og til að hefja aftur nám.

Stórum áfanga var náð í október þegar forseti Malaví, ásamt ráðherrum í ríkisstjórn landsins og starfsfólki sendiráðsins, tók fyrstu skóflustunguna að nýrri kvennadeild sem mun rísa við heilsugæslustöðina í Makanjira, einum afskekktasta hluta Mangochi-héraðs. Kvennadeildin mun umbylta aðstæðum kvenna og barna en ungbarna- og mæðradauði á svæðinu er með því hæsta í Malaví. Barnshafandi konur neyðast til að ferðast ríflega eitt hundrað kílómetra leið eftir lélegum vegi, sem er ófær nokkra mánuði á ári yfir regntímann, á aðalspítala héraðsins til að sækja brýna mæðravernd og fæðingaraðstoð. Íbúar Makanjira, sem eru um 200 þúsund, hafa lengi beðið eftir þessari þjónustu en á kvennadeildinni verður fullbúin meðgöngudeild ásamt fæðinga- og sængurkvennagangi, nýbura- og fyrirburadeild, tveimur skurðstofum, rannsóknarstofu og röntgenaðstöðu.


Skrifað var undir rúmlega tveggja ára fram- lengingu á yfirstandandi áfanga í héraðspróunar- verkefninu í Mangochi, fram til júní 2025.

Niðurstöður óháðrar úttektar á héraðs- þróunarverkefni Íslands í Mangochi 2017- 2023 voru birtar á árinu. Þar fær héraðs- nálgun Íslands í þróunarsamvinnu jákvæða umsögn. Nálgun Íslands hefur reynst árangursrík við að efla getu héraðsstjórn- valda og bæta grunnþjónustu við íbúa hér- aðsins. Nálgunin hefur einnig vakið athygli og vaxandi áhuga annarra framlagsríkja og alþjóðastofnana í Malaví.



| Sólardrifin vatnskerfi í Mangochi.

Rík áhersla er lögð á mannréttinda- og jafn- réttisverkefni með öflugum málsvarastarfi og með stuðningi og samráði við innlend félagasamtök á þessu sviði. Gerður var þriggja ára samningur við Mannréttindaskrifstofu Malaví til að efla rannsóknargetu stofnunarinnar á brotum á jafn- réttislögum en framkvæmdastjóri stofnunarinnar heimsótti Ísland í október og kynnti sér meðal annars starf stofnana og samtaka á Íslandi sem sinna mannréttindamálum. Sendiráðið stóð fyrir árlegum samráðsfundi helstu samstarfssamtaka um mannréttindamál þar sem tækifæri gáfust til að samhæfa vinnu, bera saman bækur og benda á ný tækifæri til samvinnu.



| Kortið var unnið af vatnsskrifstofu Mangochi-héraðs og sýnir innviði og byggingar sem Ísland hefur fjármagnað frá árinu 1989. Um er að ræða innviði á sviði heilbrigðismála, skólamála, vatns- og hreinlætismála og bygginga héraðsyrivalda.

Í lok árs var gerður samningur til þriggja ára við Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP) um verkefni sem unnið verður í samstarfi við sendiráð Noregs í Lilongwe. Verkefnið lýtur að eflingu réttarkerfisins og stuðningi við mikilvægar mannréttindastofnanir í Malaví og valin grasrót- og félagasamtök sem vinna sérstaklega að mannréttindum jaðarhópa, þar með töldu hinsegin fólki og fólki með fötlun.

Samstarf við IPAS, alþjóðleg félagasamtök sem starfa að bættum kyn- og frjósemisréttindum, hélt áfram. Ríflega 60 heilbrigðisstarfsmenn á heilsugæslustöðvum og fæðingardeildum hlutu þjálfun til að veita konum og stúlkum sem hafa undirgengist þungunarrof við hættulegar aðstæður betri umönnun og þjónustu. Verkefnið er hluti af mannréttinda- og jafnréttisáherslu í Mangochi-héraði. Jafnframt voru gerðar endurbætur á tólf heilsugæslustöðvum og þær búnar betri tækjum til að bæta þjónustu við þennan viðkvæma hóp.

Félagasamtökin Gender Justice Unit voru styrkt til þess að veita héraðsstjórn Nkhotakota þjálfun og fræðslu um kynferðislega áreitni og ofbeldi ásamt því að aðstoða sveitarfélagið við að setja upp umbóta- og kvörtunarkerfi fyrir almenning. Einnig var veittur styrkur til samtakanna Go Fund a Girl Child, sem eru rekin af ungum konum í Mangochi-héraði og veita ungum mæðrum sem hrakist hafa frá námi sálrænan stuðning, efnahagsleg tækifæri og hvatningu til að hefja aftur nám. Á árinu 2023 nutu 60 stúlkur á aldrinum 10-24 ára stuðnings í gegnum verkefnið.

Í ágúst lauk samstarfsverkefni Íslands, Írlands og Heimsmarkmiðasjóðs Sameinuðu þjóðanna í Malaví sem ætlað var að stuðla að friðsamlegum samskiptum samfélaga á landamærum Malaví og Mósambík með uppbyggingu héraðsfriðarnefnda og þjálfun landamæravarða og lögreglu. Veitt var fræðsla um sáttamiðlun og aðferðir til að leysa úr ágreiningi án þess að til átaka komi. Verkefnið þykir hafa tekist vel. Fleiri framlagsríki hafa lagt lóð sín á vogarskálarnar þannig að verkefnið nær nú til allra héraða Malaví sem eiga landamæri að öðrum ríkjum. Fjármögnun næsta áfanga hefur verið tryggð án þátttöku Íslands. Þetta er gott dæmi um hvernig íslensk stjórnvöld koma að tilraunaverkefni með litlu fjármagni sem með góðum árangri tryggir þátttöku stærri framlagsríkja.

Til að bregðast við alvarlegu efnahagsástandi og fæðuöryggi settu malavísk stjórnvöld og Alþjóðabankinn í febrúar 2023 á fót sjóð sem er ætlað að bæta félagslega vernd þeirra allra fátækustu. Beinir haghafar voru í byrjun desember rúmlega 490 þúsund. Ísland og Bandaríkin voru fyrstu framlagsríkin við stofnun sjóðsins og nam framlag Íslands þremur milljónum bandaríkjadala. Í lok árs bættust Evrópusambandið, Írland, Noregur og Bretland í hóp framlagsríkja. Aukaframlag sem íslensk stjórnvöld veittu til sjóðsins er ætlað að skapa græn störf og auka aðlögunarhæfni samfélaga vegna afleiðinga loftslagsbreytinga.

Úganda

Efnahagshorfur eru nokkuð jákvæðar í Úganda og hefur til að mynda dregið úr verðbólgu. Þó eru blíkur á lofti, ekki síst vegna áhrifa löggjafar sem úgandska þingið samþykkti í sumar og brýtur gróflega á mannréttindum hinsegin fólks, ásamt viðvarandi hryðjuverkaógn, vaxandi fjölda flóttafólks í landinu og frystingu nýrra fjárveitinga frá Alþjóðabankanum.



Frá undirritun samnings við mannréttindasamtökin DefendDefenders.

Löggjöfin hefur verið fordæmd af öllum líkt þenkjandi ríkjum Íslands og samstarfsstofnunum en ekkert þeirra hefur dregið sig út úr samstarfi við stjórnvöld heldur ætla þau að standa við skuldbindingar sínar og stuðning við þau allra fátækustu. Sendiráðið í Kampala hefur eftir laga-setninguna leitað leiða til að efla stuðning við mannréttindasamtök í landinu og hefur í kjölfar greiningar á samstarfi við heppileg félagasamtök gengið til samstarfs við afrísku mannréttinda-samtökin DefendDefenders. Þau styðja og vernda fólk sem berst fyrir mannréttindum, þar á meðal réttindum hinsegin fólks, og veita því skjól fyrir aðkasti og ofsóknum með því að efla samstarf mannréttindasamtaka á svæðinu, auka þekkingu á málaflokknum og veita baráttufólki fyrir mannréttindum nauðsynlega þjálfun.

Sem fyrr liggur þungi starfsemi sendiráðsins í fjölbættum verkefnum í tveimur héruðum, Buikwe og Namayingo, með áherslu á fátæk fiskimanna-samfélög. Meginmarkmið samstarfsins er að stuðla að bættum lífskjörum, annars vegar með því að bæta aðgang fólks að heilnæmu vatni og hreinlætisaðstöðu og hins vegar með uppbyggingarstarfi í skólum fyrir börn og unglíngja. Þá er lögð áhersla á uppbyggingu stofnana og mannaúts. Framkvæmd verkefnanna er undir forystu héraðsfyrivalda með stuðningi og eftirliti af hálfu Íslands.

Í Buikwe-héraði er unnið á grundvelli þriðja áfanga verkefnasamstarfs við héraðið sem nær til árabilsins 2023-2025. Hæst bar á árinu 2023 að framkvæmdum lauk við tvo grunnskóla sem samtals þjóna um 1.500 nemendum. Nýju skólunum fylgja skólaeldhús með orkusparandi eldhlóðum og húsnæði fyrir kennara, en fjarvistir starfsfólks sem þarf um langan veg að fara til vinnu eru hamlandi þáttur í skólustarfi í landinu. Þá fylgir skólunum ný hreinlætis- og salernisaðstaða með sturtum og brennsluofnum fyrir tíðavörur. Með slíkri aðstöðu er spornað við brottfalli unglingsstúlkna úr skólum en blæðingar þykja ennþá feimnismál og skammarefni. Aðgengi fyrir nemendur með fötlun bæði að skólastofum og salernum er jafnframt tryggt. Kennslubókum var dreift til 7.200 nemenda í héraðinu. Þá hefur um 48 kennurum verið gert kleift að bæta við menntun sína. Loks má nefna að 25 þúsund nemendur í 47 skólum fengu með stuðningi Íslands sína árlegu lyfjagjöf gegn sníkjudýrum en rannsóknir sýna að slíkar ráðstafanir hafa jákvæð áhrif á heilsu og skólasókn nemenda.

Úganda – Buikwe-hérað



60 vatnssjálfsalar settir upp.



2 skólar byggðir sem þjóna 1.600 nemendum.



300 fjölskyldur fengu fræðslu um umönnun barna með fötlun.



600 kennarar fengu endurmenntun og þjálfun.



Tölvur og skjáir í 19 skóla ætlaðir til rafrænnar endurmenntunar kennara.



19.000 nemendur fengu aðgengi að hreinni og öruggri salernisaðstöðu.

Á sviði vatns- og hreinlætismála í Buikwe var ráðist í hönnun og framkvæmdir á stóru vatnsveitukerfi sem knúið er sólarorku og þjónar 24 þúsund íbúum. Fjórar eldri vatnsveitur í héraðinu voru stækkaðar og endurbættar og vatnsleiðslur lagðar í sex skóla og tvær heilsugæslustöðvar. Þá voru settir upp sextíu vatnssjálfsalar sem veita íbúum í nærliggjandi þorpum aðgang að heilnæmu vatni allan sólarhringinn gegn hóflegri, rafrænni gjaldtöku sem tryggir sjálfbærni í rekstri og viðhaldi. Hver krani þjónar að meðaltali um

400 notendum. Almenningsasalerni voru byggð í fjórum fiskiþorpum en slík aðstaða er mikilvæg til að sporna við vatnsbornum sjúkdómum á borð við niðurgangspestir og kóleru.

Hvað aðgerðir á sviði kynjajafnréttis varðar var stjórnarsýslubygging fyrir deild velferðar- og jafnréttismála héraðsyrivalda í Buikwe afhent í mars 2023. Húsnæðið er hluti af undirbúningi verkþáttar fyrir efnahagslega valdeflingu kvenna og ungmenna. Verkþátturinn mun þjóna öllum 445 þúsund íbúum Buikwe, þar á meðal með aðgerðum til að efla þjónustu og getu héraðsins til að fást við kynbundið og kynferðislegt ofbeldi, meðal annars með athvarfi fyrir þolendur sem nú er í byggingu. Þá er framundan uppbygging tveggja fiskmarkaða í byggðarlögum við Viktoríuvatn með efnahagslega valdeflingu kvenna að leiðarljósi.

Samstarf Íslands við Namayingo-hérað hófst árið 2021 og lauk fyrsta áfanga þess í árslok 2023. Þrátt fyrir að samstarfið hafi byrjað í miðjum COVID-19 heimsfaraldrinum hefur það gengið vonum fram. Meginniðurstöður úr miðannarúttekt innri málefna ráðuneytisins sýndu að haldbær árangur hefði náðst með héraðsverkefninu og var lagt til að Ísland héldi samstarfinu áfram. Undirbúningur er hafinn á öðrum áfanga fyrir tímabilið 2024-2026.

Úganda – Namayingo-hérað



2 nýjir skólar byggðir á árinu sem þjóna **1.500** nemendum.



Kennslubækur fyrir **7.200** nemendur gefnar.



48 kennarar fengu menntun og viðbótargráðu.

Á sviði menntamála ber helst að nefna uppbyggingu grunnskólanna í Dohwe og Busiula sem samtals þjóna rúmlega 1.600 nemendum. Framkvæmdir tóku aðeins þrjá mánuði og voru nýju skólarnir afhentir héraðinu rétt fyrir jól. Þá nutu hátt í 600 kennarar endurmenntunar og þjálfunar með stuðningi Íslands. Sem hluti af nýsköpunaráherslum héraðsins voru settar upp tölvur og skjáir í nítján skólum fyrir rafræna endurmenntun kennara. Samkvæmt lögum í Úganda ber foreldrum og forráðamönnum að tryggja að börn þeirra nærast meðan á skóladegi stendur, ýmist með fjárframlagi eða með beinum

matargjöfum til skólans. Þetta þýðir að framlagsríki og stofnanir geta almennt ekki tryggt gjaldfrjálsar skólamáltíðir í landinu. Undanþága er þó veitt fyrir viðkvæmstu hópana og sá Ísland um 600 munaðarlausum eða berskjölduðum börnum fyrir gjaldfrjálsum skólamáltíðum í héraðinu. Þá fengu 35 börn með fötlun ýmis hjálpartæki sem tryggja aðgang þeirra að viðunandi menntun og á þriðja hundrað fjölskyldna í héraðinu hlutu fræðslu um umönnun barna með fötlun.



Sjálfvirkur vatnssali (AQ-tap) í fiskimannaborpi í Buikwe-héraði við Viktoríuvatn. Yfir 160 slíkir vatnssalar hafa nú verið settir upp í héraðinu.

Verulegur árangur náðist í vatns- og hreinlætismálum en slík aðstaða var byggð upp á 27 stöðum. Þar með hefur alls nítján þúsund nemendum verið tryggður aðgangur að hreinni og öruggri salernisaðstöðu. Hjólastólaaðgengi er við öll húsin sem eru líka búin sturtum og brennsluofnum fyrir tíðavörur auk þess sem boðið er upp á kennslu í gerð fjölnota tíðabinda.

Fyrstu aðgerðaáætlanir fyrir héruðin á sviði loftslagsmála voru gerðar með stuðningi Íslands á árinu 2023, þær fyrstu í landinu. Verkefni á grunni þeirra eru í undirbúningi og koma til framkvæmda í ár. Við allar verklegar framkvæmdir sem Ísland styður er reynt að finna umhverfisvænar lausnir. Þannig er regnvatni safnað af húspökum, orkusparandi hlóðir settar upp í skólaeldhúsum, affallsvatn notað í salernum og tré gróðursett í kringum skóla. Þá fá íbúar héraðanna og ungmenni þjálfun í ýmsum loftslagstengdum málum, meðal annars í uppsetningu orkusparandi eldhlóða.



| Loftslagsfulltrúar sem ferðast um Namayingo-hérað á reiðhjólum.

Ekkert ríki Afríku tekur á móti jafnmörgum flóttamönnum og Úganda en landið hýsir um 1,5 milljónir flóttafólks. Í samstarfi við Barnahjál Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) styður Ísland flóttafólk og viðtökusamfélög þeirra í norðurhluta landsins á sviði vatns- og hreinlætismála, með áherslu á aðstöðu í skólum og heilbrigðisstofnunum. Nýr áfangi í samstarfinu hófst í mars 2023 með undirritun samnings til næstu þriggja ára. Gert er ráð fyrir að stuðningur Íslands komi 45 þúsund manns til góða á verkefnatímanum með því að veita aðgang að öruggu vatni og hreinlætisaðstöðu. Á árinu 2023 lauk framkvæmdum í tengslum við tvær heilsugæslustöðvar og tíu grunnskóla sem þjóna um 8.400 einstaklingum.

Úganda UNICEF – 2023



Vatns- og hreinlætisaðstaða við 2 heilsugæslustöðvar og 10 grunnskóla sem þjónusta 8.400 einstaklinga (flóttamenn og viðtökusamfélög þeirra).

Samstarf Íslands við Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) í Úganda hófst formlega á árinu 2023 með samningi um fjármögnun verkefnis gegn fæðingarfistli í Namayingo-héraði. Verkefnið tekur á heildstæðan hátt á orsökum og afleiðingum fæðingarfistils fyrir konur og stúlkur og nemur stuðningurinn þremur milljónum bandaríkjadala. Fjöldi kvenna og stúlkna

þjást af fæðingarfistli í landinu og er það oft afleiðing af takmörkuðum aðgangi að heilbrigðisþjónustu og ótímabærum þungunum unglingsstúlkna. Fæðingartíðni í Namayingo er helmingi hærri en á landsvísu og tíðni þungana meðal unglingsstúlkna er einnig há. Með samstarfi við UNFPA mun Ísland styðja við konur og stúlkur sem glíma við fæðingarfistol, tryggja bættu þjónustu við þungaðar konur og þannig stuðla að auknu kyn- og frjósemisheilbrigði í héraðinu. Þessi áfangi þýðir að Ísland styður nú aðgerðir gegn fæðingarfistli í samstarfi við UNFPA í öllum samstarfslöndunum í Afríku: Úganda, Malaví og Síerra Leóne.

Í Karamoja í norðausturhluta Úganda eru fátækustu héruð landsins. Umhverfinu þar hnignar hratt, meðal annars vegna skógarhöggs í tengslum við kolavinnslu. Í samræmi við aukna áherslu Íslands á loftslagsmál var ákveðið að fjármagna loftslagsverkefni Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP) í Karamoja. Með verkefninu styrkir Ísland uppsetningu á orkusparandi eldunaraðstöðu í 74 skólum með ríflega 42 þúsund nemendur og gróðursetningu 400 þúsund trjáa í héruðunum Amudat og Kaabong. Ásamt því að spara eldivið er bætt eldunaraðstaða mikilvæg til að tryggja næringarríkar skólamáltíðir og stuðla að fæðuöryggi nemenda.

Síerra Leóne

Slæmt efnahagsástand og pólitísk óvissa einkenndi árið í Síerra Leóne. Í lok júní fóru forseta-, þing- og sveitarstjórnarkosningar fram í landinu í skugga mikilla efnahagslegra þrenginga og verðbólgu sem fór yfir 50% og hefur komið illa niður á íbúum landsins. Sitjandi forseti lýsti yfir sigri og hlaut flokkur hans meirihluta sæta á þingi landsins. Úrslitin voru umdeild og gerðu óháðir alþjóðlegir eftirlitsaðilar margvíslegar athugasemdir við framkvæmd kosninganna, einkum skort á gagnsæi við talningu atkvæða. Stjórnarandstaðan hafnaði niðurstöðunum og sniðgekk þátttöku í stjórnkerfi landsins í tæpa fjóra mánuði þar til samkomulag náðist milli stjórnvalda og stjórnarandstöðu um miðjan október. Í lok nóvember brutust út vopnuð átök í höfuðborginni Freetown. Stjórnvöld brugðust skjótt við og náðu stjórn á ástandinu með lágmarksáhrifum á almenning. Lýsti ríkisstjórnin því yfir að um misheppnaða tilraun til valdaráns hefði verið að ræða og fylgdu handtökur í kjölfarið.

Ísland studdi kosningaverkefni Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP) sem miðaði að því að efla lýðræði og stuðla að friðsamlegum kosningum. Áhersla var lögð á að tryggja möguleika sem flestra til að taka þátt í kosningunum, einkum kvenna, ungmenna og fatlaðs fólks. Leitast var við að fjölga skráningum á kjörskrá og auka kosningaþátttöku þessara hópa sem hefur verið takmörkuð í fyrri kosningum. Náði verkefnið til um 2,5 milljóna íbúa. Í ljósi þeirra athugasemda sem gerðar voru við framkvæmd kosninganna stendur nú yfir vinna í samvinnu við UNDP og önnur framlagsríki um hvernig megi styðja áfram við uppbyggingu lýðræðis í landinu.

Undirbúningur fastrar viðveru og opnun sendiráðs í Freetown hélt áfram með tíma-bundinni viðveru fulltrúa utanríkisráðuneytisins til reglulegs samráðs með stjórnvöldum og öðrum samstarfsaðilum. Í september fluttust tveir starfsmenn til Freetown, forstöðumaður og verkefnastjóri og sendiráðið tók til starfa í bráðabirgðahúsnæði á meðan unnið er að því að tryggja varanlegt skrifstofuhúsnæði. Sendiráðið var formlega opnað 2. maí 2024. Móttökurnar í landinu hafa verið góðar jafnt meðal samstarfsaðila og stjórnvalda. Ljóst er að krefjandi verkefni eru framundan en samtöl við helstu samstarfsstofnanir Íslands hafa leitt í ljós fjölmörg tækifæri

til þátttöku í verkefnum þar sem Ísland getur lagt af mörkum á lykiláherslusviðum í samræmi við áherslur þarlandra stjórnvalda.

Síerra Leóne – fæðingarfistill

Samstarfsverkefni Íslands og UNFPA um forvarnir og lækningu við fæðingarfistli hélt áfram göngu sinni 2023.



3.300 konur og stúlkur fengu fræðslu um kyn- og frjósemisheilbrigði, þar á meðal fæðingarfistil.



120 konur og stúlkur undirgengust skurðaðgerð til að lækna fæðingarfistil og hlutu þær allar fullan bata.



28 heilbrigðisstarfsmenn frá 5 héruðum hlutu þjálfun með áherslu á meðhöndlun fæðingar-fistils, þar á meðal kvensjúkdómalæknar og ljósmæður.



147 konur og stúlkur fóru í skimun vegna fæðingarfistils.

Samstarfsverkefni utanríkisráðuneytisins og UNFPA, sem miðar að því að útrýma fæðingarfistli í Síerra Leóne, skilaði góðum árangri á árinu 2023. Alls hlutu 3.300 konur og stúlkur fræðslu um fæðingarfistil, 147 fóru í skimun og um 120 undirgengust skurðaðgerð. Þar af voru þrjár aðgerðir framkvæmdar á héraðssjúkrahúsinu í Bo, þær fyrstu sem framkvæmdar eru utan Freetown, en verkefnið hefur að markmiði að gera heilbrigðisstofnanir í völdum héruðum færar um að framkvæma slíkar aðgerðir. Allar konurnar sem fóru í aðgerð fengu endurhæfingu og ráðgjöf áður en þær voru útskrifaðar af spítalanum. Auk þess fengu 42 konur og stúlkur frekari stuðning og hagnýta þjálfun sem nýtist til framfærslu. Þá hlutu 28 heilbrigðisstarfsmenn frá fimm héruðum þjálfun með áherslu á meðhöndlun fæðingarfistils, þar á meðal kvensjúkdómalæknar og ljósmæður.

Ísland og UNICEF hafa síðan 2019 átt í góðu samstarfi um uppbyggingu vatns- og hreinlætismála í sjávarbyggðum í Síerra Leóne. Alls hafa um 60 þúsund manns í þremur fiskimannasamfélögum fengið aðgang að hreinu neysluvatni og bættri hreinlætisaðstöðu, þar með talið skólar og heilsugæslustöðvar. Óháð úttekt á samstarfinu fór fram á seinni hluta ársins og benda niðurstöður til þess að verkefnið hafi verið árangursríkt.



| Salernisaðstaða í skóla í þorpinu Konakrīdee.

Í febrúar 2023 hófst nýtt samstarfsverkefni með UNICEF. Verkefnið er eitt það umfangsmesta í vatns- og hreinlætismálum í Síerra Leóne og er Ísland einn aðalsamstarfsaðilinn í landinu á því sviði. Er áætlað að alls muni rúmlega 53 þúsund íbúar afskekktara fiskiþorpa njóta góðs af því. Framkvæmdin hefur farið vel af stað í samfélögum átta sem lögð er áhersla á í þessum áfanga verkefnisins og hefur verið borað fyrir öllum vatnsveitum sem voru á áætlun. Í þessum fyrsta áfanga verkefnisins munu alls rúmlega 31 þúsund manns njóta góðs af verkefninu. Bygging hreinlætisaðstöðu er í fullum gangi, meðal annars við skóla og heilsugæslustöðvar, og undirbúningur fyrir byggingu níu leikskóla er hafinn. Vatnsnefndir hafa verið settar á fót í öllum samfélögum og meðlimir þeirra hlotið þjálfun.

Síerra Leóne – UNICEF



Frá 2019 hafa alls um **60 þúsund manns** í þremur fiskimannasamfélögum fengið aðgang að hreinu neysluvatni og bættri hreinlætisaðstöðu, þar með talið skólar og heilsugæslustöðvar.

Áfram var unnið að undirbúningi verkefnis á sviði fiskimála og bláa hagkerfisins í samstarfi við sjávarútvegsráðuneyti Síerra Leóne og lykilstofnanir á Íslandi, það er Hafrannsóknastofnun, Fiskistofu, Sjávarútvegsskóla GRÓ og Matís. Sérfræðingar frá Fiskistofu fóru ásamt fulltrúa utanríkisráðuneytisins í vettvangsferð til Síerra Leóne í febrúar 2023 til undirbúnings. Af ýmsum ástæðum, meðal annars vegna kosninga og stjórnskipta, náðist þó ekki að skilgreina heildstætt verkefni en áfram verður haldið að greina samstarfstækifæri á þessu sviði á árinu 2024.

Síerra Leóne – WFP



Nýtt verkefni (samningur undirritaður í desember) sem snýr að heimaræktuðum skólamáltíðum í Bonthe-héraði mun veita **30.000 börnum** í **136 skólum** næringarríka máltíð á hverjum degi.

Undir lok síðasta árs var undirritaður samningur við WFP í Síerra Leóne um nýtt samstarfsverkefni sem snýr að heimaræktuðum skólamáltíðum í grunnskólum í strandhéraðinu Bonthe. Áætlað er að verkefnið muni veita um 30 þúsund skólábörnum í 136 skólum daglega næringarríka máltíð. Í samræmi við áherslu Íslands að efla þátt bláfæðu í mataræðinu verður sú nýjung kynnt að innleiða fisk sem hráefni í skólamáltíðum í völdum skólum. Þá mun verkefnið taka til loftslagstengdra þátta með innleiðingu á orkusparandi eldhlöðum ásamt skógrækt í grennd við skólana. Áætlað er að framkvæmd verkefnisins hefjist á fyrstu mánuðum 2024.

3.3 Mannúðaraðstoð


Áhrif loftslagsbreytinga og tíðari veðurhamfarir eiga sinn þátt í viðvarandi mannúðarkrísu í heiminum, vaxandi óstöðugleika og óöld. Um 114 milljónir manna hafa nú hrakist frá heimkynnum sínum, eða einn af hverjum sjötíu og þremur á heimsvísu. Þar af eru 36 milljónir flóttafólks utan eigin heimalands. Þeim sem búa við fæðuóöryggi fjölgar einnig, eru nú 258 milljónir, þar af 45 milljónir barna sem eru vannærð og 13,6 milljónir sem eiga á hættu að verða hungurmorða. Auk Gaza, eru það sem fyrr óstöðug ríki sem þurfa hvað mest á mannúðaraðstoð að halda, Afganistan, Sýrland, Jemen, Súdan, Eþíópía og ríki á Mið-Sahelsvæðinu.

Fleiri en 15 milljónir manna urðu fyrir barðinu á jarðskjálftum í Tyrklandi og Sýrlandi í febrúar 2023 þar sem 55 þúsund manns týndu lífi og yfir 130 þúsund slösuðust. Íslensk stjórnvöld brugðust skjótt við hjálparbeiðni tyrkneskra stjórnvalda og sendu hóp íslenskra sérfræðinga á sviði aðgerðastjórnunar í rústabjörgun á hamfarasvæðum til jarðskjálftasvæðanna en hópurinn starfar innan vébanda Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Íslensk stjórnvöld tóku einnig að sér flutning á neyðarbirgðum, tjöldum og teppum til jarðskjálftasvæðanna og veittu viðbótarframlag til mannúðar- og neyðaraðstoðar í Sýrlandi.

Mannúðar- og neyðarviðbrögð Sameinuðu þjóðanna voru virkjuð þegar hamfaraflóð ollu umfangsmikilli eyðileggingu og hörmungum í Líbíu í september þar sem minnst 42 þúsund

manns misstu heimili sín og yfir fjögur þúsund létu lífið auk átta þúsund manns sem var saknað. Ísland studdi neyðarviðbrögð í Malaví þegar þar urðu mikil flóð í mars 2023 af völdum hitabeltis-stormsins Freddy sem kostaði um þúsund manns lífið. Víða á horni Afríku var sömu sögu að segja. Þá létu hátt í þrjú þúsund manns lífið í öflugum jarðskjálftum í Marokkó í september.

Framlög til neyðar- og mannúðaraðstoðar eftir samstarfsstofnunum



* Bráðabirgðatölur. Uppgjöri vegna ársins 2023 var ekki lokið við útgáfu. Tölur í m.kr.

Um tvö þúsund manns létu lífið í Afganistan í október þegar hrina jarðskjálfta gekk yfir vesturhluta landsins. Yfir 70% afgönsku þjóðarinnar, rúmlega 29 milljónir manna, þurfa á brýnni mannúðaraðstoð að halda og sú tala fer sífellt hækkandi. Um 90% þjóðarinnar búa við sárafátækt og óbreyttir borgarar reiða sig að mestum hluta á alþjóðlega mannúðaraðstoð. Íslensk stjórnvöld veittu viðbótarframlag til mannúðar- og neyðarviðbragða í Afganistan í kjölfar jarðskjálftanna, til viðbótar við reglubundin framlög. Afganistan er áhersluland í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð Íslands. Þá hefur Ísland ítrekað vakið athygli á bágrri stöðu kvenna og stúlkna í landinu, bæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og UNESCO, og veitti í júlí viðbótarfjármagni til stofnana og sjóða Sameinuðu þjóðanna sem berjast fyrir mannréttindum kvenna og stúlkna í landinu.

Vopnuð átök brutust út í Súdan í apríl 2023. Í lok árs 2023 voru alls um 10,7 milljónir manna á vergangi vegna átakanna samkvæmt upplýsingum frá Samhæfingarskrifstofu aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum (OCHA) auk þess sem 1,2 milljónir manna hefur leitað skjóls í

nágrannaríkjum. Átök hafa víðar orðið til þess að fólk hefur flúið heimkynni sín, svo sem í Sómalíu þar sem flókið samspil átaka stríðandi fylkinga, þurrka og flóða hefur orðið til þess að hundruð þúsunda íbúa landsins hafa flúið heimkynni sín og að stórum hluta yfir til nágrannaríkja. Sama má segja um Kongó, og einnig um Nagorno-Karabakh þar sem hernaðaraðgerðir Aserbaísjans urðu til þess að 100 þúsund íbúar landsins flúðu til Armeníu. Þá eru ótalin vopnuð átök í nokkrum ríkjum Suður-Ameríku, og ríkjum á Karíbahafi á borð við Haítí þar sem alvarlegt hættuástand og ööld ríkir vegna átaka glæpagengja.

Neyðarsjóður Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland er aðili að, úthlutaði árið 2023 samtals 604 milljónum bandaríkjadala til mannúðar- og neyðaraðstoðar í 40 ríkjum eða svæðum, meðal annars á Gaza og í Afganistan, Súdan, Banglades, Búrkína Fasó, Haítí, Jemen, Líbíu, Malí, Myanmar og Venesúela.

Árið 2023 tókst aðeins að fjármagna um þriðjung brýnna mannúðarverkefna á vegum Sameinuðu þjóðanna, og hefur hlutfallið ekki verið lægra um árabil. Þetta hafði áhrif á getu Sameinuðu þjóðanna til að bregðast við þeim hörmungum sem dundu á heimsbyggðinni, þrátt fyrir að neyðaráköllum um framlög hafi verið svarað. Ónóg hækkun fjárframlaga til mála-flokksins vegna vaxandi þarfar fyrir mannúðaraðstoð hefur í för með sér að fleiri búa við ótryggar aðstæður, færri njóta verndar, fleiri eiga á hættu að svelta og færri fá lífsbjargandi aðstoð.

Í upphafi árs 2023 áætluðu Sameinuðu þjóðirnar að 339 milljónir manna á heimsvísu þyrftu á mannúðaraðstoð að halda. Í árslok var sú tala komin niður í 299 milljónir. Lækkunin helgast af því að ríki á borð við Kenía, Malaví og Pakistan stóðu af sér mannúðarkrisur af völdum náttúruhamfara og átök og mannúðarþörf rénaði í ríkjum á borð við Sómalíu og Jemen. Þá beita Sameinuðu þjóðirnar nú nýrri aðferðafræði við skilgreiningu á mannúðarþörfum sem ætlað er að skerpa á því hvar þörfin er brýnust og forðast tvítalningu þarfa.

Ísland leggur áherslu á fyrirsjáanleg og sveigjanleg framlög til mannúðarmála í fjölþjóðlegu samstarfi, í samræmi við bestu starfshætti. Ísland jók mannúðarframlög um 24% frá fyrra ári og námu þau alls 1.803 m.kr. árið 2023.

Kjarnaframlög Íslands til áherslustofnana nýtast þar sem neyðin er mest hverju sinni. Auk þess veitti Ísland fyrirsjáanlegum framlögum til mannúðaraðstoðar í Afganistan, Sýrlandi, Jemen, og á Mið-Sahelsvæðinu, auk Palestínu, í samræmi við svæðisbundnar áherslur, auk þess sem brugðist var við einstökum atburðum á borð við átökin fyrir botni Miðjarðarhafs, jarðskjálftana í Tyrklandi, Sýrlandi og Afganistan, flóðin í Malaví og afleiðingar atakanna í Súdan. Þá var framlögum veitt til mannúðaraðstoðar í Úkraínu af sérstakri viðbótarfjárheimild vegna stríðsins þar í landi.

Í september var undirritaður nýr ramma-samningur við Palestínuflóttamannaáðstoð Sameinuðu þjóðanna (UNRWA) um áframhaldandi stuðning íslenskra stjórnvalda til næstu fimm ára. Íslensk stjórnvöld hafa lagt áherslu á stuðning við Palestínu um árabíl og stutt starfsemi UNRWA um áratuga skeið með kjarnaframlögum auk þess sem íslenskir sérfræðingar hafa verið sendir til starfa á vegum stofnunarinnar.



Bryndís Hlöðversdóttir ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins átti fund með Philippe Lazzarini framkvæmdastjóra UNRWA á hliðarlínu leiðtogafundar um málefni flóttafólks.

Leiðtogafundur um málefni flóttafólks (Global Refugee Forum) var haldinn í Genf í desember þar sem tilkynnt var um sameiginleg áheiti um bætt lífskjör og aðbúnað flóttafólks. Áhersla var lögð á að ríki heims taki höndum saman um að bæta móttöku flóttafólks og skapa aukin tækifæri til mannsæmandi lífs. Staða Palestínuflóttafólks var ofarlega á baugi. Í ávarpi Íslands var meðal annars greint frá umbótum sem gerðar hafa verið á móttöku flóttafólks á Íslandi og áframhaldandi

fjárstuðningi Íslands við UNHCR, en endurnýjun ramma-samnings við stofnunina stendur fyrir dyrum.

Tengslin milli mannúðarstarfs og þróunarsamvinnu eru undirstrikuð í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Markmiðið er að byggja brú á milli stuðnings til skemmri tíma og langtímauppbyggingar. Dæmi um slíkt verkefni er samstarf íslenskra stjórnvalda við UNICEF um uppbyggingu á sviði vatns- og hreinlætismála í norðurhluta Úganda þar sem fjölmenn samfélög flóttafólks, einkum frá Suður-Súdan, eiga athvarf (sjá kafla 3.2 um Úganda).

Metnaðarfullt alþjóðasamstarf um mannúðarmál er liður í málsvarastarfi og eftirfylgni Íslands með mannúðarframlögum. Fylgst er með árangri samstarfsaðila í gegnum framvindu- og úttektarskýrslur, með þátttöku í framkvæmdanefnd Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) og ráðgjafarnefnd Samhæfingarskrifstofu aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum (OCHA), áheyrnaraðild að framkvæmdastjórn Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP) auk reglubundins tvíhliða samráðs.

3.4 Fjölbjóðleg þróunarsamvinna

Fjölbjóðleg þróunarsamvinna 2023

3.242 m.kr.



Heildarframlög til áherslustofnana Íslands; Alþjóðabankans, UNICEF, UNFPA og UN Women námu 3.242 m.kr.

80%+



Ríflega 80% af þróunarsamvinnuverkefnum Íslands hafa sérstök jafnréttismarkmið.

17



Samstarfsverkefni um afnám limlestinga á kynfærum kvenna og stúlkna nær til 17 landa.

1.487 m.kr.



Stuðningur við fátækustu ríki heims í gegnum Alþjóðafrámfarastofnunina (IDA) nam 1.487 m.kr.

Alþjóðabankinn

Alþjóðabankinn er ein af fjórum áherslustofnunum Íslands í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu en starf bankans er yfirgripsmikið og tengist öllum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Ísland tekur þátt í stjórnarstöfum bankans í gegnum kjördæmi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna, sem deila einu af 25 stjórnarsætum stofnunarinnar. Ríkin átta skiptast á að útnefna aðalfulltrúa og varafulltrúa í stjórn bankans og er Ísland fámennasta aðildarríki bankans sem skiptar stjórnarsæti reglulega. Á árinu 2023 gegndi Ísland stöðu varafulltrúa kjördæmisins sem starfar á skrifstofu þess í höfuðstöðvum bankans.



Jorge Familiar, fjárreiðustjóri Alþjóðabankans, kom á fund utanríkisráðherra og fjármálaráðherra í ágúst.

Umfangsmikil umbótavinna sem snýr að starfsemi bankans, hlutverki og framtíðarsýn, sem nefnd er frampróun Alþjóðabankans, setti mark sitt á umræður innan stjórnarinnar á árinu 2023. Starfinu var ýtt úr vör í lok árs 2022 og er ætlað að tryggja að bankinn sé sem best til þess fallinn að takast á við þær fjölþættu áskoranir sem samstarfslöndin glíma við og hafi færni til að bregðast við hnattrænum áskorunum á borð við afleiðingar loftslagsbreytinga, samhliða því að vinna að útrýmingu fátæktar og bættum lífskjörum. Ný framtíðarsýn sem samþykkt var á ársfundum bankans í Marrakesh í október miðar að því að útrýma fátækt á lífvænni jörð. Jafnframt verði verklag endurskoðað með það að markmiði að efla samspil einstakra eininga bankans og samstarf við aðildarríki hans. Loks snýr framtíðarsýnin að endurskoðun á fjárhagslíkani bankans þar sem leitað er leiða til að auka útlánagetu, sem að óbreyttu mun dragast verulega saman á næstu árum vegna framhleðslu skuldbindinga á undanförunum árum á sama tíma og þörf fyrir fjármagn hefur farið ört vaxandi.

Kjördæmi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna hefur stutt þessa frampróun heilshugar en jafnframt lagt ríka áherslu á að aukin áhersla á hnattrænar áskoranir megi ekki verða á kostnað baráttunnar gegn fátækt eða skerða stuðning og samstarf við fátækustu ríkin.

Utanríkisráðherra fundaði með fjárreiðustjóra Alþjóðabankans í Reykjavík í ágúst um leiðir til að auka útlánagetu bankans, þar á meðal um útgáfu nýrra skuldabréfa til hluthafa, svokallaðra blendingsbréfa, sem er í bígerð. Er þetta ein þeirra leiða sem Alþjóðabankinn og fleiri fjölþjóðlegir þróunarbankar eru að innleiða í framhaldi af tillögum nefndar á vegum G20 um aukna fjármögnun í þágu samstarfsríkja sem geri þeim kleift að takast á við fjölþættar áskoranir samtímans.

Í tvíhliða samstarfi Íslands við bankann var sem fyrr lögð áhersla á orkumál, málefni hafsins, mannréttindi og jafnréttismál. Veitt voru framlög til sértækra sjóða bankans sem starfa að verkefnum og ráðgjöf á þessu sviði. Þá fjármögnuðu íslensk stjórnvöld stöður íslenskra sérfræðinga hjá bankanum á sviði fiskimála og mannréttindamála, auk þess sem íslenskur jarðhitasérfræðingur er að störfum hjá orkusjóði bankans. Þá var á árinu 2023 auglýst staða sérfræðings í fiskimálum og staða ungliða á sviði jafnréttismála sem taka munu til starfa hjá bankanum á fyrri hluta árs 2024.

Alþjóðaframfarastofnunin

Alþjóðaframfarastofnunin (IDA) er sú stofnun Alþjóðabankans sem veitir fátækustu ríkjum heims styrki og lán á hagkvæmum kjörum en stuðningur Íslands til IDA er stærsta einstaka framlagið til fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Mikið hefur mætt á stofnuninni á umliðnum árum vegna stigvaxandi þarfar, nú síðast vegna alvarlegra afleiðinga innrásar Rússa í Úkraínu fyrir fátækustu ríkin. Á árinu 2023 var því settur á fót tvískiptur neyðarsjóður innan stofnunarinnar (IDA Crisis Facility) sem er annars vegar ætlað að styðja Úkraínu og Moldóvu og hins vegar fátækustu ríki heims sem standa meðal annars frammi fyrir alvarlegu fæðuöryggi vegna innrásarinnar. Ísland greiddi framlög í báða sjóði á árinu 2023.

Fræðsluferð fulltrúa eyríkja í Kyrrahafi til Íslands

Utanríkisráðuneytið og Alþjóðabankinn skipulögðu í sameiningu fræðsluferð til Íslands í október fyrir fulltrúa í sjávarútvegi frá eyríkjum í Kyrrahafi. Heildaraflí fiskveiðiflota eyríkjanna nemur um 900 þúsund tonnum á ári en aflí erlendra togara sem veiða í lögsögu þeirra nemur hins vegar um 1,5 milljónum tonna á ári. Samanlagt er þetta um 80 prósent af heildarafla í vestur- og miðhluta Kyrrahafsins, þótt innan við níu prósent aflans séu unnin á eyríkjunum. Alþjóðabankinn hefur starfað með ríkjunum að því að efla fiskveiðistjórnun og auka verðmætasköpun í sjávarútvegi. Stjórnvöld sjávarútvegsmála á svæðinu hafa jafnframt mótað sameiginlega framtíðarsýn um sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda, auknar tekjur af túnfiskveiðum, fleiri störf í greininni og aukið fæðuöryggi. Alþjóðabankinn telur að hægt sé að horfa til reynslu Íslendinga af þróun fiskveiðistjórnunar og sjávarútvegs sem lagði grunn að bættum lífskjörum á Íslandi. Markmið heimsóknarinnar var þess vegna ekki síst að kynna hvernig sjálfbær nýting sjávarauðlinda, nýsköpun í fiskvinnslu og nýting upplýsingatækni í sjávarútvegi geti aukið verðmæti sjávarfangs og styrkt markaðssókn fyrir sjávarafurðir.

Sjávarútvegsskóli GRÓ skipulagði dagskrá heimsóknarinnar meðal annars í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Auk fræðsludagskrár og heimsóknna í íslenskar stofnanir og ráðuneyti voru nokkur íslenskar fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, í Grindavík, á Akureyri, Dalvík, Hvammstanga, Hauganesi og Siglufirði heimsótt. Fyrirtækin spanna allt frá litlum fjölskyldufyrirtækjum til tækni- og nýsköpunarfyrirtækja.

Þátttakendur í heimsókninni komu frá Fiji, Kíríbatí, Marshallseyjum, Palaú, Samóa, Salómonseyjum, Tonga, Túvalú, og Vanúatú og voru bæði fulltrúar sem vinna að stefnumótun stjórnvalda í sjávarútvegi og sameiginlegar fiskistofu eyríkjanna (Pacific Islands Forum Fishery Agency) auk fulltrúa atvinnugreinarinnar. Sendinefnd frá Alþjóðabankanum tók einnig þátt í dagskránni.

Árangur IDA 2023



Miðannarrýnifundur vegna 20. endurfjármögnunar IDA (IDA20) fór fram á Zanzibar í lok árs þar sem farið var yfir stöðu mála við miðbik yfirstandandi fjármögnunartímabils sem nær frá miðju ári 2022 til miðs árs 2023. Niðurstöður rýnnar sýndu fram á umtalsverðan árangur starfsins á fyrstu fimmtán mánuðunum en nær öll markmið eru á réttri leið eða hefur verið náð. Á sama tíma er fjármagnsskortur fyrir séður á síðari hluta tímabilsins vegna framhleðslu skuldbindinga og mikillar fjárþarfar fátækustu ríkjanna en ekki er gert ráð fyrir að neitt ríki útskrifist úr IDA á þessu fjármögnunartímabili. Ræddar voru leiðir til að nýta efnahagsreikning stofnunarinnar enn betur svo auka megi útlán og styrki á síðari hluta tímabilsins en neyðarsjóður IDA gegnir þar jafnframt mikilvægu hlutverki. Samningaviðræður um næstu endurfjármögnun (IDA21) hófust formlega í kjölfar miðannarrýni í lok árs 2023.

Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna

Árið hefur verið viðburðarríkt í samstarfi Íslands og Stofnunar Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women), en stofnunin er ein af fjórum áherslustofnunum fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands. Umtalsverð aukning varð á kjarnaframlögum til stofnunarinnar sem fest voru í sessi í nýjum rammisamningi fyrir tímabilið 2024-2026 sem utanríkisráðherra undirritaði í september ásamt framkvæmdastjóra UN Women.

Ísland er næststærsta framlagsríki UN Women miðað við höfðatölu og hefur stutt stofnunina frá því að hún var sett á laggirnar árið 2010. Auk kjarnaframlaga veittu Íslensk stjórnvöld framlög til starfsemi UN Women á vettvangi í Afganistan, Malaví, Úkraínu og Palestínu. Framlagssamningur vegna verkefnis UN Women í Jórdaníu um gríðarstaði og valdeflingu sýrlenskra flóttakvenna var framlengdur til þriggja ára á árinu 2023 auk þess sem Íslenskur ungliði tók til starfa við verkefnið.

Þessu til viðbótar veitir landsnefnd UN Women á Íslandi hæstu framlögin til stofnunarinnar, óháð höfðatölu, ásamt því að sinna öflugu kynningar- og fræðslustarfi. Rammasamningur við Landsnefnd UN Women var undirritaður á árinu 2023 sem veitir umgjörð um fjölbreytt samstarf.

Virk þátttaka Íslands í átaksverkefninu Kynslóð jafnréttis (Generation Equality Forum) hélt áfram á árinu 2023 og leiddi forsætisráðherra, ásamt jafnréttisráðherra Tansaníu, miðannarfund verkefnisins sem fram fór í New York í september við upphaf ráðherraviku allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Á fundinum tilkynnti forsætisráðherra um viðbótarframlag Íslands til verkefna UN Women í tengslum við þátttöku karla og drengja í forvörnum og vegna baráttu gegn kynbundnu ofbeldi en að þeim málaflokki starfar einnig útsendur Íslenskur sérfræðingur hjá stofnuninni. Skuldbindingar Íslands í tengslum við átaksverkefnið eru allar vel á veg komnar og gegnir Ísland leiðtogahlutverki í aðgerðabandalagi gegn kynbundnu ofbeldi ásamt Bretlandi, Úrúgvæ og Kenía. Þá styður Ísland einnig kvenleiðtogaverkefnið UN Women Leaders Network sem nýverið hefur verið formfest innan stofnunarinnar.

Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna

Starfsemi Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), sem er áherslustofnun í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands, grundvallast á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. UNICEF stendur vörð um réttindi allra barna en leggur ríka áhersla á börn sem helst eiga undir högg að sækja. Mikil samlegð er á milli áherslna í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands og starfsemi UNICEF og var nýr rammasamningur til þriggja ára (2024-2026) undirritaður af utanríkisráðherra og framkvæmdastjóra UNICEF síðastliðið haust. Rammasamningurinn festir í sessi umtalsverða hækkun á kjarnaframlögum Íslands til stofnunarinnar og myndar skýran ramma um samstarfið.

UNICEF sinnir bæði langtímauppbyggingu og mannúðaraðstoð og er með virka starfsemi í yfir 190 löndum um heim allan. Stærstu samstarfsverkefni Íslands og UNICEF eru vatns- og hreinlætisverkefni í samstarfsríkjum Íslands í tvíhliða þróunarsamvinnu, Úganda og Síerra Leóne, en á síðastliðnu ári veitti Ísland einnig framlög til UNICEF á vettvangi í Úkraínu og til styrktar mæðra- og barnaheilsu í Palestínu. Þá er Íslenskur ungliði að störfum hjá UNICEF í Kenía. Auk þess styður Ísland við jafnréttissjóð UNICEF sem vinnur sérstaklega að því að fjölga tækifærum stúlkna til menntunar í raunvísindum, tæknigreinum, verkfræði og stærðfræði, í alls 19 þróunarríkjum.

Landsnefnd UNICEF á Íslandi sinnir einnig mikilvægu málsvarastarfi og fjáröflun fyrir UNICEF og eru framlög hennar með þeim hæstu í heimi miðað við höfðatölu og framlög annarra landsnefnda. Vorið 2023 undirritaði utanríkisráðherra þriggja ára rammasamning við landsnefnd UNICEF til að halda utan um samstarf við kynningu og fræðslu á sviði þróunarsamvinnu.

Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna

Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) er áherslustofnun í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands en hún leiðir vinnu Sameinuðu þjóðanna þegar kemur að kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindum og aðgangi að mæðra- og barnaheilsu. Stofnunin gegnir jafnframt leiðtogahlutverki þegar kemur að því að veita þolendum kynferðisofbeldis á áttaksvæðum nauðsynlega þjónustu. Starfsemi UNFPA nær til 156 landa og samræmist vel áherslum Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu á sviði jafnréttismála og skuldbindingum í átaksverkefninu Kynslóð jafnréttis. Í september undirritaði utanríkisráðherra, ásamt framkvæmdastjóra UNFPA, nýjan rammasamning til þriggja ára (2024-2026) sem veitir samstarfinu umgjörð og tilgreinir kjarnaframlög Íslands sem hafa verið hækkuð umtalsvert á síðustu árum.

Auk kjarnaframlaga styður Ísland við starfsemi UNFPA í samstarfsríkjum Íslands í tvíhliða þróunarsamvinnu, Malaví, Úganda og Síerra Leóne, þar sem lögð er áhersla á baráttuna gegn fæðingarfistli. Frá árinu 2011 hefur Ísland einnig stutt samstarfsverkefni UNICEF og UNFPA um útrýmingu limlestinga á kynfærum kvenna. Verkefnið er starfrækt í 17 löndum, þar á meðal

Í Úganda sem er eitt af samstarfsríkjum Íslands í þróunarsamvinnu. Þá styður Ísland starfsemi UNFPA á vettvangi í Afganistan, Úkraínu, Jemen og Sýrlandi.

Utanríkisráðuneytið fylgist með árangri samstarfsaðila í gegnum framvindu- og úttektarskýrslur og þátttöku í framkvæmdastjórnnum áherslustofnana, sem og með reglubundnu samráði og vettvangsferðum.

Þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar

Aðild að Þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC) tryggir faglega umgjörð um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Nefndin er mikilvægur samstarfsvettvangur framlagsríkja og mótar bestu starfsvenjur, viðmið og staðla í þróunarsamvinnu, þar á meðal um framlög til málaflokksins. Ísland tekur virkan þátt í starfi nefndarinnar og þeim fjölmörgu vinnuhópum sem starfa á hennar vegum, svo sem á sviði tölfræði, jafnréttismála, eftirlits og úttekta.

Jafningjarýni er fastur liður í störfum DAC og felst í ítarlegri greiningu á starfi framlagsríkja, þar á meðal skipulagi, áherslum, framkvæmd og starfsháttum, en tvö aðildarríki standa jafnan að baki hvernar rýni ásamt sérfræðingum þróunarsamvinnuskrifstofu OECD. Rýninni er fylgt eftir með miðannarrýni nokkru síðar.

Önnur jafningjarýni á alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands var kynnt á fundi nefndarinnar í apríl 2023, en sú fyrsta fór fram árið 2017. Slóvakía og Suður-Kórea stóðu að rýninni að þessu sinni ásamt sérfræðingum OECD.

Utanríkisráðherra og formaður DAC kynntu niðurstöður rýnnar á Íslandi 5. júní. Niðurstöðurnar voru afar jákvæðar fyrir Ísland. Þar kemur meðal annars fram að þrátt fyrir að vera lítið framlagsríki hafi Ísland, með skýrri og markvissri nálgun á tiltekinn málefna svið, stofnanir og samstarfslönd, nýtt styrkleika sína í þróunarsamvinnu og hámarkað framlag sitt til málaflokksins. Var starf Íslands á sviði jafnréttismála nefnt sem gott dæmi um málaflök þar sem trúverðugleiki Íslands hefur skilað sér í umtalsverðum sýnileika og árangri. Héraðsnálgun Íslands í tvíhliða þróunarsamvinnu hlaut jafnframt mikið lof, enda fari stuðningurinn beint til viðtakenda og eignarhald heimamanna á verkefnum sé sterkt.

Þá kom fram að samstarfsaðilar, þar á meðal alþjóðastofnanir og félagasamtök, beri Íslandi vel söguna og að Ísland leggi mikið upp úr því að vinna samkvæmt bestu starfsvenjum sem skili sér ávallt í betri árangri. Í skýrslunni er jafnframt fjallað um áskoranir sem Ísland stendur frammi fyrir og bent á tækifæri til umbóta.

Regluleg jafningjarýni á þróunarsamvinnu Íslands er afar gagnleg þar sem hún tryggir stöðuga endurskoðun á öllum hliðum starfsins með tilliti til bestu starfsvenja. Niðurstöður rýnnar voru ennfremur gott innlegg í mótun nýrrar stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024–2028.

Í júní tók utanríkisráðuneytið þátt í reglubundnu samráði aðildarríkja DAC, Tidewater, þar sem til umræðu voru leiðtogafundur um heimsmarkmiðin sem haldinn var í tengslum við allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, umbætur á alþjóðlegu fjármálaumhverfi þróunarsamvinnu og áhrif innrásarstríðs Rússlands í Úkraínu. Í nóvember tók ráðuneytið svo þátt í fundi háttsettra aðila, sem haldinn er annað hvert ár að jafnaði, þar sem til umfjöllunar voru þær fjölþættu áskoranir sem blasa við og hvernig framlagsríki geti best tekist á við þær, samstarf framlagsríkja og annarra sem standa að þróunarsamvinnu, aukin fjármögnun og áhrif alþjóðapólitískra sviptinga og átaka á alþjóðlega þróunarsamvinnu. Seinna í sama mánuði var Ísland gestgjafi á tveggja daga fundi starfshóps DAC um félagasamtök (Community of Practice on Civil Society) þar sem samstarf við félagasamtök í alþjóðlegri þróunarsamvinnu var rætt.

Jafningjarýni DAC á alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands:

Tíu tilmæli til umbóta

1. Ísland tryggi að í þróunarsamvinnustefnu fyrir árin 2024–2028 verði lögð áhersla á afmörkuð málefna svið og samráð þvert á Stjórnarráðið og við þróunarsamvinnunefnd til að skapa sameiginlega sýn á þau markmið og árangur sem skuli ná.
2. Væntanleg stefnumið um umhverfis- og loftslagsmál leggi grunn að markvissu tvíhliða og fjölþjóðlegu starfi á sviði umhverfis, loftslags og líffræðilegs fjölbreytileika svo hámarka megi nýtingu fjármuna og mannaúðs.

3. Ísland byggir á starfi nýstofnaðs samráðsvettvangs um sjálfbært Ísland og setji á laggirnar ferla fyrir stefnusamræmingu í því skyni að greina, ræða og taka afstöðu til fórnarkostnaðar og hnattrænna áhrifa innlendra stefna.
4. Ísland styrki árangursmiðaða nálgun sína til að bæta mælingar og miðlun árangurs með því að: a) bæta grundvallarárangursvísunum við hvert markmið þróunarsamvinnustefnunnar, b) búa til hvata til að nýta fyrirbyggjandi úttektir við þróun nýrra verkefna og c) tryggja að úttektaráætlanir taki mið af tímasetningu stefna og stefnumiða sem mótuð skulu.
5. Utanríkisráðuneytið tryggi, við aðlögun að skipulagsbreytingum, að þróunarsamvinnuskrifstofa og skrifstofa alþjóðapólitískra málefna samræmi tvíhliða og fjölþjóðlegt starf á sviði mannúðaraðstoðar og þróunarsamvinnu. Jafnvægis sé gætt milli utanríkisstefnu og forgangsmála í þróunarsamvinnu, ekki síst þegar neyðarástand skapast.
6. Ísland setji sér stefnumótandi langtímaáætlun í mannauðsmálum í því skyni að: a) nýta til fullnustu sveigjanleikann sem felst í fyrirbyggjandi lagaramma og reglum um mannauðsstjórn til að fjölga starfsfólki, þar á meðal með skammtímaráðningum til að brúa bil eða ljúka verkefnum. Eins sé athugandi að starfsfólk sem sinni afmörkuðum verkefnum séu ekki flutningsskyld, b) viðhalda hágæða sérfræðiþekkingu á sviði þróunarsamvinnu með því að ráða reynda sérfræðinga eftir þörfum og c) halda áfram að veita þjálfun og hvetja til þekkingarmiðlunar um þróunarsamvinnu meðal starfsfólks ráðuneytisins.
7. Í takt við metnað stjórnvalda setji Ísland fram skýra tímalínu um hvernig skuli ná markmiðinu um að verja 0,7% af VbT til þróunarsamvinnu svo tryggja megi gæði og fyrirsjáanleika starfsemi í þróunarlöndum.
8. Byggt á farsælli héraðsnálgun Íslands taki landsáætlanir með kerfisbundnum hætti mið af sjálfbærni, byggist á átakanæmum greiningum og hafi árangursramma sem tengi niðurstöður verkefna við þróunarsamvinnustefnu Íslands.
9. Skólar GRÓ starfi áfram í samræmi við markmið Íslands í þróunarsamvinnu, styrki samstarfsstofnanir, fjölgi styttri námskeiðum í samstarfslöndum og nýti betur tengslanet fyrrverandi nemenda.
10. Ísland skilgreini æskilegan árangur samstarfs við atvinnulífið og vakti með hvaða hætti styrkir úr Heimsmarkmiðasjóði atvinnulífsins auka fjárfestingar einkageirans og bæta árangur.

Þróunarsamvinnunefnd

Þróunarsamvinnunefnd starfar samkvæmt lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, nr. 121/2018, og sinnir meðal annars ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanatöku um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands ásamt því að fylgjast með framkvæmd hennar. Utanríkisráðherra skipar fulltrúa og varamenn þeirra til fjögurra ára í senn. Núverandi þróunarsamvinnunefnd var skipuð árið 2021 og samanstendur af fimm fulltrúum íslenskra félagasamtaka sem starfa á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar, tveimur fulltrúum skipuðum í samráði við samstarfsnefnd háskólastigsins og tveimur fulltrúum skipuðum í samstarfi við aðila vinnu- markaðarins. Að auki sitja í nefndinni fulltrúar frá hverjum þingflokki á Alþingi en formaður nefndarinnar er skipaður af ráðherra. Í lok árs 2023 urðu breytingar á nefndinni þegar fjórir nýir fulltrúar voru skipaðir í stað jafnmargra sem sögðu sig frá nefndarstörfum. Þróunarsamvinnunefnd hélt heils dags vinnufund í janúar 2023 þar sem rætt var um áherslur sem nefndin myndi vilja sjá í nýrri stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028. Umfjöllun um nýju stefnuna var fyrirferðarmikil í starfi nefndarinnar sem fjallaði um ýmsar hliðar þróunarsamvinnu á alls fimm fundum sínum á árinu. Auk þess fjallaði nefndin um framgang verkefna og áherslur í tvíhliða þróunarsamvinnu, áherslur og framlög til fjölþjóðlegra verkefna, neyðar- og mannúðaraðstoð, úttektir, mannréttindi og stöðu hinsegin fólks auk þess sem reglulega var rætt um markmið, áherslur og framlög til þróunarsamvinnu. Utanríkisráðherra kom tvisvar á fund nefndarinnar.

3.5 GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu


GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu starfar undir merkjum Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og miðar að því að koma íslenskri sérfræðiþekkingu á framfæri við þróunarlönd. Níutíu og tveir sérfræðingar luku fimm til sex mánaða þjálfun á vegum GRÓ árið 2023. Við árslok höfðu samtals 1.670 nemendur útskrifast frá GRÓ skólunum fjórum, Jarðhitaskólanum, Sjávarútvegsskólanum, Landgræðsluskólanum og Jafnréttisskólanum. Þá höfðu 106 lokið meistaranámi og 22 doktorsprófi á GRÓ skólustykk og rúmlega fimm þúsund manns hafa sótt styttri námskeið á vettvangi.

Á árinu 2023 lauk kona doktorsprófi með skólustykk frá Sjávarútvegsskólanum og þrír karlar og tvær konur útskrifuðust úr meistaranámi á skólustykk frá Jarðhitaskólanum. Fjölmörg styttri námskeið voru haldin á vettvangi. Jafnréttisskólinn stóð fyrir sex námskeiðum, annars vegar fyrir kennara í Úganda um jafnréttisfræðslu fyrir ungmenni og hins vegar í Malaví um jafnréttismál og loftslagsbreytingar. Að auki stóðu Jafnréttisskólinn og Landgræðsluskólinn saman að námskeiði í Kirgistan um jafnréttismál á sviði umhverfis og landgræðslu. Í samstarfi við svæðasamtök í Karíbahafi hélt Sjávarútvegsskólinn námskeið á Barbados um meðferð gagna í stofnamati og skipulagði fræðsluferð til Íslands fyrir sérfræðinga frá eyríkjum Kyrrahafs og Alþjóðabankanum sem kynntu sér nýtingu og nýsköpun í sjávarútvegi og notkun og meðferð gagna við fiskveiðistjórnun. Jarðhitaskólinn hélt árlegt námskeið í Kenía í samstarfi við þarlend orkufyrirtæki og átti aðkomu að jarðhitánámskeiði sem haldið var í annað sinn í Peking á vegum kínverskra stjórnvalda og orkufyrirtækja. Þá hafa rúmlega sextán þúsund manns skráð sig á netnámskeið sem Jafnréttisskólinn hefur

framleitt og boðið er upp á á vegum edX – alþjóðlegs samstarfsnets háskóla. Þriðja námskeiðinu var hleypt af stokkunum á árinu 2023.

GRÓ vann áfram að því að efla samstarfið við UNESCO á árinu 2023. GRÓ og UNESCO gerðu samning um samstarf Landgræðsluskóla GRÓ og verkefnisins Maðurinn og lífhvolfið (Man and the Biosphere) sem gengur út á að bjóða ungum sérfræðingum sem starfa á svæðum í Afríku og tilheyra þessu verkefni UNESCO að taka þátt í sex mánaða þjálfuninni á Íslandi. Þá hefur GRÓ unnið að því að koma á samstarfi við svæðisskrifstofu UNESCO í Austur-Afríku en um 30% allra útskrifaðra nemenda GRÓ koma frá því svæði. Haldnir voru tveir viðburðir fyrir útskrifaða nemendur með þátttöku UNESCO, annars vegar í Kenía og hins vegar Úganda, sem eru stærstu samstarfslönd GRÓ. Var það í fyrsta sinn sem nemendur þvert á skólana fjóra komu saman til fundar og liður í að efla tengsl við og styðja nemendur eftir heimkomu. Allir halda skólarnir úti öflugum tengslaneti fyrir útskrifaða nemendur en með tilkomu GRÓ skapast að auki tækifæri fyrir nemendur til að vinna saman þvert á málefnasvið.

GRÓ - lykiltölur í lok árs 2023



GRÓ namar 2023

	Fjöldi nema	Kvk	Lágtækjuríki LDCs	Neðri millitekkjuríki LMICs	Efri millitekkjuríki UMICs	Afríka	Asía	Suður-Ameríka	Aðrar álfur
Jafnréttisskólinn	23	70%	48%	43%	9%	57%	35%	4%	4%
Jarðhitaskólinn	24	38%	17%	71%	13%	38%	38%	21%	4%
Landgræðsluskólinn	23	52%	48%	52%	0%	74%	26%	0%	0%
Sjávarútvegsskólinn	22	50%	32%	36%	32%	59%	5%	36%	0%
Samtals	92	52%	36%	51%	13%	57%	26%	15%	2%


3.6 Samstarf við frjáls félagasamtök

Í samræmi við stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands er rík áhersla lögð á öflugt samstarf við félagasamtök. Slíkt samstarf stuðlar að fjölbreytni verkefna á vettvangi, framgangi heimsmarkmiðanna og bættum lífskjörum í efnaminni ríkjum.

Meginþungi starfsins var áfram í gegnum rammasamninga við fjögur íslensk félagasamtök á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar: Rauða krossinn á Íslandi, Hjálparstarf kirkjunnar, SOS Barnaþorpin á Íslandi og Barnaheill – Save the Children á Íslandi. Samningarnir gilda til ársloka 2024. Markmið samstarfsins er að auka árangur og skilvirkni verkefna og veita félagasamtökunum fjárhagslegan fyrirsjáanleika. Tveir samráðsfundir með hverjum samtökum voru haldnir á árinu 2023 þar sem farið var yfir framgang verkefna og rætt um leiðir til að efla samstarfið.

Alls runnu 595 milljónir króna til framangreindra rammasamninga, þar af 250 milljónir til mannúðarverkefna og 345 milljónir til þróunarsamvinnuverkefna. Á árinu 2023 tóku íslensku félagasamtökin þátt í sautján samstarfsverkefnum á sviði þróunarsamvinnu og studdu við átján neyðarbeiðnir á sviði mannúðarmála.

Verkefni félagasamtaka 2023



Barnaheill – Save the Children á Íslandi vann áfram að þróunarsamvinnuverkefnum í Síerra Leóne, Líberíu og Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó. Verkefnin lúta að forvörnum gegn ofbeldi gagnvart börnum og þjónustu við þolendur á mjög afskekktum svæðum. Á sviði mannúðaraðstoðar leggja samtökin áherslu á uppbyggingu barnvænna svæða í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó. Á árinu 2023 fór starfsmaður frá Barnaheillum á Íslandi til starfa á svæðisskrifstofu samtakanna í Senegal til að sinna sérstökum verkefnum. Auk þess voru framlög greidd í sérstakan alþjóðlegan viðbragðssjóð vegna jarðskjálftanna í Tyrklandi og Sýrlandi.

Hjálparstarf kirkjunnar vann að þremur verkefnum á sviði þróunarsamvinnu í Eþíópíu, Úganda og Malaví. Lögð var áhersla á að auka seiglu samfélaga gagnvart loftslagsbreytingum, bæta lífsafkomu fólks, jafnrétti kynjanna og valdeflingu ungmenna. Á sviði mannúðaraðstoðar studdi Hjálparstarf kirkjunnar verkefni vegna stríðsins í Úkraínu og í Eþíópíu til að mæta afleiðingum átaka og þurrka. Samtökin studdu einnig neyðaraðgerðir vegna jarðskjálftanna í Tyrklandi og Sýrlandi, vegna hitabeltisstormsins Freddy í Malaví og veittu flóttafólki frá Súdan í Eþíópíu stuðning.

Rauði krossinn á Íslandi lagði áherslu á seiglu og samfélagslega drifin þróunarsamvinnuverkefni, sjálfbæra endurheimt skóglendis og verkefni á sviði jafnréttismála í Malaví, Sómalíu og Síerra Leóne. Á árinu 2023 var unnið að undirbúningi nýs verkefnis með palestínska Rauða hálfmánanum í flóttamannabúðum í Líbanon en verkefnið mun hefjast á árinu 2024. Mannúðaraðstoð á vegum Rauða krossins á Íslandi rann til verkefna þar sem meðal annars var brugðist við afleiðingum þurrka á Horni Afríku, jarðskjálftum í Tyrklandi og Sýrlandi, sem og björgunar fólks í neyð á Miðjarðarhafi. Einnig var stutt við Úkraínu og nærliggjandi ríki sem tekið hafa á móti fólki á flótta. Samtökin fengu viðbótarframlag í gegnum rammasamning um mannúðaraðstoð til að bregðast við skæðum kólerufaraldri í Mangochihéraði í Malaví. Framlagið er hluti aðgerða til að auka samlegðaráhrif milli starfs íslenskra félagasamtaka og tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands í Malaví. Rauði krossinn á Íslandi veitti einnig stuðning eftir hitabeltisstorminn Freddy sem reið yfir Malaví í byrjun árs 2023.

SOS Barnabörpin á Íslandi lögðu áherslu á fjölskyldueflingu í Malaví og Eþíópíu. Verkefnið lýtur að forvörnum, þar sem sárafátækar barna-fjölskyldur fá stuðning til að auka sjálfbærni og seiglu. Samtökin styðja einnig verkefni í Sómalíu þar sem lögð er áhersla á valdeflingu og atvinnu-tækifæri fyrir ungmenni ásamt verkefni í Tógó sem styður við forvarnir gegn kynferðislegri misnotkun á börnum, einkum stúlkum. Á árinu 2023 studdi SOS einnig neyðaraðgerðir í kjölfar hitabeltisstormsins Freddy en verkefnasvæði þeirra í Malaví varð illa úti.

Síðastliðið vor undirritaði utanríkisráðherra rammasamninga til þriggja ára, á sviði kynningar- og fræðslumála, við landsnefndir UN Women, UNICEF á Íslandi og Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Markmið samninganna er vitundarvakning, kynning og fræðsla á Íslandi um þróunarsamvinnu, mannúðarmál, starfsemi Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmiðin.

Ráðuneytið auglýsti einnig styrki til þróunarsamvinnuverkefna á vegum félagsamtaka. Á árinu 2023 var styrkjafyrirkomulagi ráðuneytisins breytt og sérstök úthlutun til kynningar- og fræðslumála sameinuð styrkjaúthlutun til þróunarsamvinnuverkefna. Alls fengu níu félagsamtök vilýrði fyrir fjórtán styrkjum til nýrra þróunarsamvinnuverkefna á liðnu ári.



Frá verkefni Aurora velgerðarsjóðs í Sierra Leóne, Lettie Stuart-keramikverkstæðið.

3.7 Samstarf við atvinnulífið

Heimsmarkmiðasjóður atvinnulífsins um þróunarsamvinnu

Heimsmarkmiðasjóður atvinnulífsins um þróunarsamvinnu hefur starfað frá 2019 með það markmið að hvetja íslenskt atvinnulíf til þátttöku í uppbyggingu í þróunarríkjum. Sjóðurinn hefur til þessa styrkt 40 verkefni, en hámarksstyrkur til hvers verkefnis nemur 30 m.kr. Unnið er að tillögum um fyrirkomulag Heimsmarkmiðasjóðsins til framtíðar á grunni úttektar sem kynnt var í árslok 2022 ásamt tilmælum jafningjarýni þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC).



Frá haustúthlutun Heimsmarkmiðasjóðs atvinnulífsins. Á myndinni eru skrifstofustjóri þróunarsamvinnuskrifstofu og forstöðumaður Heimsmarkmiðasjóðsins ásamt fulltrúum Credit Info, Verkís, As we grow og Tern Systems.


Í vorúthlutun sjóðsins 2023 hlutu tvö verkefni styrk, það er fiskveiðistjórnunarverkefni Fisheries technologies á Karíbahafseyjum og jarðhita-verkefni Verkís í Úkraínu. Í tíundu úthlutun sjóðsins síðastliðið haust hlutu fjögur verkefni af sjö brautargengi, það er flugumsjónarverkefni Tern Systems í Eþíópíu, verkefni As We Grow til valdeflingar konum í Perú, verkefni Creditinfo Group til að sporna við peningaþvætti í Afríkuríkjum og jarðhitaverkefni Verkís á Indlandi.

Tæknileg ráðgjöf til alþjóðastofnana

Sjálfbær nýting náttúruauðlinda og jafnréttis-, umhverfis- og loftslagsmál eru meðal áherslu-sviða í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands, en auk fjárframlaga veita íslensk stjórnvöld alþjóðastofnunum stuðning í gegnum tækni-lega aðstoð íslenskra sérfræðinga. Frá árinu 2018 hefur utanríkisráðuneytið auglýst eftir ráðgjöfum, jafnt fyrirtækjum sem einstaklingum, til að sinna verkefnum á sviði fiskimála, jarðhita, vatnsaflsvirkjana, jafnréttismála og landgræðslu í alþjóðlegu þróunarsamstarfi. Á grundvelli

samstarfsyfirlýsinga sem gerðar hafa verið við alþjóðastofnanir, svo sem Alþjóðabankann og FAO, geta þær óskað eftir íslenskri sérfræðiráðgjöf, til dæmis við undirbúning og gæðamat verkefna. Á árinu 2023 komu íslenskir ráðgjafar meðal annars að verkefnum við jarðhita-, vatnsafls- og fiskimál í El Salvador, São Tomé, Líberíu, Indónesíu, Eþíópíu og Dóminíku. Á árinu 2023 bættist Sustainable Energy for All í hóp þeirra alþjóðastofnana sem gerðar hafa verið samstarfsyfirlýsingar við.

Verkefni Heimsmarkmiðasjóðs atvinnulífsins um þróunarsamvinnu 2023



3.8 Úttektir

Úttektir eru fastur liður í verklagi þróunarsamvinnu en með þeim er lagt mat á árangur verkefna og lærdómur dreginn af þeim. Unnið er eftir úttektarstefnu fyrir tímabilið 2020-2023 þar sem markmið og framkvæmd úttekta eru skilgreind í samræmi við alþjóðlegt verklag og kröfur þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC). Allar úttektarskýrslur eru birtar á vefsíðu ráðuneytisins.

Innri rýni á samstarfi utanríkisráðuneytisins við landsnefndir UN Women, UNICEF og Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi lauk í febrúar 2023. Lagt var mat á fyrirkomulag og umgjörð samstarfsins og meðal annars lagt til

að ráðuneytið skoðaði möguleika á ramma-samningum við landsnefndirnar þrjár. Úttekt á fyrirkomulagi styrkveitinga fyrir meistara- og doktorsnema í gegnum GRÓ - þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu lauk í ágúst 2023. Helstu niðurstöður voru þær að styrkjaþrógrammið sé skynsamlegt framhald 5-6 mánaða þjálfunar á Íslandi og eitt af meginhlutverkum GRÓ. Nemendur skólanna hafa haft veruleg áhrif heima fyrir og vísbendingar eru um að framlag þeirra hafi haft jákvæð áhrif á samstarfsstofnanir í efnaminni ríkjum.

Lokaúttekt á héraðsverkefni í Mangochi-héraði í Malaví lauk í nóvember og náði hún til árunna 2017-2023. Megininntak héraðspróunarverkefnisins er unnið í nánú samstarfi við héraðsstjórn og snýr að uppbyggingu innviða og getu til að bæta grunnþjónustu við íbúa. Úttektin staðfesti að þessi nálgun hefur marga kosti fyrir smáan samstarfsaðila líkt og Ísland, þar sem framlag Íslands nær samlegðaráhrifum í gegnum ólíka geira og fámennit landateymi nær að vinna samstíga með starfsfólki héraðsstjórnar til að hámarka árangur af framlaginu. Héraðsnálgun Íslands hefur einnig reynst árangursrík í að efla getu starfsfólks héraðsstjórna.

Sameiginlegri lokaúttekt fyrir vatns- og hreinlætisverkefni á vegum UNICEF og Íslands í Sierra Leóne lauk í desember. Verkefnin beinast að samfélögum við sjávarsíðuna og snúa að bættum aðgangi að vatni og hreinlætisaðstöðu til að bæta velferð og lífsgæði barna og fjölskyldna þeirra.

Þá tók fulltrúi Íslands þátt í samráðshópi lokaúttektar á verkefni UN Women í Mósambík sem bar yfirskriftina Skilvirk þátttaka af hálfu kvenna og stúlkna á sviði friðar, öryggis og enduruppbyggingar í Mósambík. Jafnframt lauk þátttöku Íslands í jafningjarýni þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) á Ungverjalandi með útgáfu lokaskýrslu í febrúar 2023. Í árslok voru nokkrar úttektir komnar vel á veg, til að mynda úttektir á verkefnum frjálsra félagasamtaka sem notið hafa stuðnings ráðuneytisins og framkvæmd eru í Kenía og Úganda og úttekt á byggðapróunarverkefni Íslands í Namayingo-héraði í Úganda.

Að lokum var gerð úttekt á samstarfi við háskólasamfélagið sem gefin var út undir árslok þar sem samstarfstækifæri við háskólasamfélagið voru kortlögð.

4 Utanríkisviðskipti

Frá ráðherrafundi EFTA í Liechtenstein í júní. Henri Getaz, fyrrverandi framkvæmdastjóri EFTA, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra, Dominique Hasler, utanríkisráðherra Liechtenstein, Halvard Ingebrigtsen, vararáðherra í viðskipta- og iðnaðarráðuneyti Noregs, og Guy Parmelin, efnahagsmálaráðherra Sviss.



4.1 Almennt

Ísland er háð greiðum aðgangi að erlendum mörkuðum fyrir vörur og þjónustu og einnig stöðugu framboði á innfluttum vörum og þjónustu. Heimurinn allur er eitt markaðssvæði þar sem áreiðanleg utanríkisviðskipti hvíla á fyrirsjáanlegum og skýrum leikreglum, hvort sem er á grundvelli Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), fríverslunarsamninga eða annarra viðskiptasamninga.

Umhverfi utanríkisviðskipta Íslands, aðstæður og kjör sem íslensk fyrirtæki búa við mótast meðal annars af þeim alþjóðlegu samningum sem Ísland er aðili að. Hagstæðir viðskiptasamningar eru grundvöllur þess að íslensk fyrirtæki geti flutt út vörur sínar og þjónustu og að íslenskir neytendur hafi stöðugan aðgang að innfluttum aðföngum. Í gegnum EES-samninginn er Ísland hluti af innri markaði ESB og EFTA-sáttmálinn kveður á um viðskiptakjör milli Sviss og EFTA-ríkjanna þriggja innan EES. EFTA-sáttmálinn tryggir viðskipti við Sviss. Jafnframt hefur Ísland gert tvíhliða fríverslunarsamninga við Færeyjar og Kína og í gegnum EFTA gert fríverslunarsamninga við 31 ríki eða ríkjahóp. Loftferðasamningar gera millilandaflug íslenskra flugfélaga mögulegt, tvísköttunarsamningar auðvelda einstaklingum og fyrirtækjum að starfa í fleiri en einu ríki og vernd fjárfestinga er grundvöllur erlendra fjárfestinga á Íslandi og fyrir samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á erlendri grundu. Eitt af forgangsverkefnum utanríkisþjónustu Íslands er að bæta við þetta fjölbreytta net viðskiptasamninga sem og að tryggja virkni samninga sem eru í gildi.

Á undanförunum árum hefur það sýnt sig hversu viðkvæm alþjóðleg viðskipti eru fyrir stórum atburðum á borð við heimsfaraldur eða stríðs-átök. Aukin spennan í alþjóðasamskiptum er einnig

hreyfiafl breytinga þegar kemur að utanríkisviðskiptum þar sem tengsl milli utanríkisviðskipta og varnar- og öryggismála verða skýrari. Ríki heimsins hafa brugðist ólíkt við þessum áskorunum og hafa sum aukið á verndarstefnu eða söfnun aðfanga á meðan önnur hafa reynt að koma sér saman um reglur til að vernda aðfanga-keðjur. Þetta er þróun sem snertir Ísland með beinum hætti.


4.2 Staða utanríkisviðskipta

Umfjöllun um viðskipti við helstu viðskiptaríki Íslands má finna í kafla 1.10 um tvíhliða samvinnu.

Vöru- og þjónustuviðskipti

Utanríkisviðskiptastefna Íslands gengur út á að tryggja íslenskum fyrirtækjum besta mögulega viðskiptaumhverfi á erlendum mörkuðum og að draga erlenda fjárfestingu hingað til lands. Þetta er meðal annars gert með gerð fríverslunarsamninga, fjárfestingasamninga og tvísköttunarsamninga, auk starfsemi Íslandsstofu sem hefur meðal annars það markmið að auka erlendar fjárfestingar. Í eftirfarandi kafla má finna tölulegar upplýsingar um vöru- og þjónustuviðskipti Íslands, umfang útflutningsvara í heild sinni og eftir helstu vörutegundum, helstu viðskiptalöndum og ríkjaflokkum, umfang þjónustuútflutnings í heild sinni og eftir helstu flokkum auk þróunar útflutningstekna. Hafa ber í huga að í Hollandi er stærsta uppskipunarhöfn Evrópu og stór hluti alls útflutnings til meginlands Evrópu fer þar um. Erfitt er að meta hversu stórt hlutfall þess útflutnings sem skráður er til Hollands verður eftir í Hollandi og hvað fer áfram til annarra ríkja. Einnig fer varningur um hafnir annarra Evrópuríkja sem eru mögulega ekki enda-stöðin fyrir þær vörur.

Vöruútflutningur eftir vörutegundum 2014-2023




Upphæðir í milljónum króna

Vörutegundir	2022		2023	
Sjávarafurðir	360.783	36%	352.186	38%
Afurðir áls	403.013	40%	323.723	35%
Iðnaðarvörur, aðrar	167.701	17%	174.410	19%
Landbúnaðarvörur	57.321	6%	54.645	6%
Aðrar vörur	24.462	2%	32.749	3%
Vöruútflutningur alls	1.013.279	100%	937.711	100%

Heimild: Hagstofan 04.04.2024

Þjónstuútflutningur eftir flokkum 2014-2022



Upphæðir í milljónum króna

Þjónustuflokkur	2022		2023	
Farþegaflutningar með flugi	118.348	15,6%	173.118	19,0%
Ferðalög	336.173	44,3%	424.539	46,6%
Gjöld fyrir notkun hugverka ót.a.	11.735	1,5%	10.243	1,1%
Fjarskipta-, tölvu- og upplýsingaþjónusta	65.708	8,6%	69.974	7,7%
Önnur viðskiptaþjónusta	70.042	9,2%	68.916	7,6%
Önnur þjónusta	157.668	20,8%	164.681	18,1%
Þjónstuútflutningur alls	759.673	100%	911.471	100%


Heimild: Hagstofan 19.03.2024

Vöruútflutningur eftir helstu viðskiptalöndum og ríkjaflokkum

Land/ríkjahópur	2022	2023	Breyting milli ára	Hlutfall af heildar-útf. 2022	Hlutfall af heildar-útf. 2023
Evrópa	832.261	738.767	-11,2%	82,1%	78,8%
ESB (27)	667.114	583.370	-12,6%	65,8%	62,2%
EFTA	57.339	62.499	9,0%	5,7%	6,7%
Holland	377.622	335.799	-11,1%	37,3%	35,8%
Bretland	90.022	81.623	-9,3%	8,9%	8,7%
Frakkland	63.861	60.258	-5,6%	6,3%	6,4%
Noregur	53.194	55.229	3,8%	5,2%	5,9%
Þýskaland	65.233	44.735	-31,4%	6,4%	4,8%
Spánn	42.599	36.888	-13,4%	4,2%	3,9%
Danmörk	25.641	25.411	-0,9%	2,5%	2,7%
Portúgal	15.167	15.804	4,2%	1,5%	1,7%
Pólland	22.846	15.354	-32,8%	2,3%	1,6%
Litáen	8.319	9.044	8,7%	0,8%	1,0%
Belgía	11.868	8.274	-30,3%	1,2%	0,9%
Svíþjóð	7.000	7.622	8,9%	0,7%	0,8%
Sviss	4.130	7.222	74,9%	0,4%	0,8%
Ungverjaland	5.805	6.497	11,9%	0,6%	0,7%
Færeyjar	8.078	5.848	-27,6%	0,8%	0,6%
Norður- og Suður-Ameríka	107.451	118.381	10,2%	10,6%	12,6%
Bandaríkin	77.925	91.031	16,8%	7,7%	9,7%
Kanada	17.932	10.078	-43,8%	1,8%	1,1%
Grænland	3.849	10.027	160,5%	0,4%	1,1%
Afríka	10.178	10.835	6,5%	1,0%	1,2%
Nígíría	9.161	9.467	3,3%	0,9%	1,0%
Asía	53.811	50.071	-7,0%	5,3%	5,3%
Kína	21.355	20.505	-4,0%	2,1%	2,2%
Japan	21.893	16.682	-23,8%	2,2%	1,8%
Eyjaálfa og Suðurskautslandið	5.399	4.995	-7,5%	0,5%	0,5%
Ástralía	4.742	4.391	-7,4%	0,5%	0,5%
Heildarvöruútflutningur	1.013.279	937.710	-7,5%	100%	100%

Upphæðir eru í milljónum króna. / Heimild: Hagstofan 04.04.2024

Útflutningur vöru og þjónustu 2014-2023



Upphæðir í milljónum króna

*Tölur um þjónustuútflutning 2023 byggjast á bráðabirgðatölum.

Inn- og útflutningur eftir helstu viðskiptalöndum og ríkjaflokkum 2022

Land/ríkjahópur	ÚTFLUTNINGUR				INNFLUTNINGUR			
	Vörur		Bjónusta		Vörur		Bjónusta	
1 Holland*	377.622	37,3%	28.218	3,7%	93.238	7,1%	52.780	9,4%
2 Bandaríkin	77.925	7,7%	245.913	32,4%	82.612	6,3%	72.803	12,9%
3 Bretland	90.022	8,9%	75.730	10,0%	50.329	3,9%	62.882	11,2%
4 Þýskaland	65.233	6,4%	62.139	8,2%	108.338	8,3%	30.032	5,3%
5 Noregur	53.194	5,2%	23.252	3,1%	161.288	12,4%	25.042	4,4%
6 Danmörk	25.641	2,5%	29.548	3,9%	78.603	6,0%	35.945	6,4%
7 Kína	21.355	2,1%	3.238	0,4%	122.220	9,4%	2.220	0,4%
8 Frakkland	63.861	6,3%	26.469	3,5%	34.790	2,7%	9.793	1,7%
9 Spánn	42.599	4,2%	13.119	1,7%	19.943	1,5%	43.087	7,7%
10 Svíþjóð	7.000	0,7%	16.503	2,2%	49.281	3,8%	25.223	4,5%
11 Írland	3.890	0,4%	27.981	3,7%	21.835	1,7%	40.518	7,2%
12 Pólland	22.846	2,3%	5.104	0,7%	29.924	2,3%	11.433	2,0%
13 Kanada	17.932	1,8%	30.625	4,0%	12.347	0,9%	6.693	1,2%
14 Ítalía	5.749	0,6%	13.462	1,8%	33.271	2,5%	13.255	2,4%
15 Belgía	11.868	1,2%	17.533	2,3%	20.160	1,5%	9.858	1,8%
16 Ástralía	4.742	0,5%	5.271	0,7%	40.330	3,1%	1.422	0,3%
17 Japan	21.893	2,2%	7.492	1,0%	19.281	1,5%	506	0,1%
18 Sviss	4.130	0,4%	15.912	2,1%	10.638	0,8%	14.885	2,6%
19 Brasilía	1.392	0,1%	1.303	0,2%	39.963	3,1%	388	0,1%
20 Litáen	8.319	0,8%	1.942	0,3%	17.094	1,3%	4.513	0,8%
21 Færeyjar	8.078	0,8%	3.812	0,5%	6.936	0,5%	12.829	2,3%
24 Finnland	2.234	0,2%	5.007	0,7%	12.474	1,0%	4.265	0,8%
29 Grænland	3.849	0,4%	5.712	0,8%	2.634	0,2%	4.979	0,9%
42 Nígíría	9.161	0,9%	125	0,0%	3	0,0%	30	0,0%
EES	720.324	71,1%	302.496	39,8%	750.421	57,5%	354.052	62,9%
ESB (27)	667.115	65,8%	279.029	36,7%	589.047	45,1%	329.002	58,4%
Norðurlönd**	99.995	9,9%	83.834	11,0%	311.215	23,8%	108.282	19,2%
Fríverslunarnet EFTA***	31.412	3,1%	64.913	8,5%	99.130	7,6%	23.053	4,1%

* Rotterdam er stærsta uppskipunarhöfn Evrópu og stór hluti alls útflutnings til meginlands Evrópu fer þar um. Erfitt er að meta hversu stórt hlutfall þess útflutnings sem skráður er til Hollands verður eftir í Hollandi.

** Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð ásamt Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi.

*** Miðast við þau ríki sem EFTA hafði lokið fríverslunarviðræðum við 01.01.2024, án tillits til hvenær samningar tóku gildi. Upphæðir eru í milljónum króna.
Heimild: Hagstofan 04.04.2024

4.3 Fríverslunarsamtök Evrópu

Aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) árið 1970 hefur verið ein af grunnstoðum utanríkisviðskiptastefnu Íslands og átt mikilvægan þátt í að tryggja hagsæld hér á landi. Aðildarríki EFTA, Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss, eru háð utanríkisviðskiptum og greiðum aðgangi að erlendum mörkuðum. Meginverkefni EFTA-samstarfsins snýst um rekstur EFTA-sáttmálans sem kveður á um tiltekin viðskiptakjör á milli Sviss og hinna EFTA-ríkjanna og gerð nýrra fríverslunarsamninga sem öll EFTA-ríkin gera í

sameiningu við ríki utan ESB. Áhersla er einnig lögð á að viðhalda og uppfæra fyrirliggjandi fríverslunarsamninga.

Árið 2023 lauk fríverslunarviðræðum við Moldóvu með samningi. Í mars 2024 var fríverslunarsamningur við Indland undirritaður og hafa EFTA-ríkin nú gert 32 fríverslunarsamninga við 41 ríki og ríkjásambönd utan ESB. Viðræður standa yfir um gerð fríverslunarsamninga við Taíland, Kósovó, Malasíu og Víetnam. Þrátt fyrir að efnislegum fríverslunarviðræðum EFTA-ríkjanna og MERCOSUR-ríkjanna (Argentína, Brasilía, Paragvæ og Úrúgvæ) hafi lokið árið 2019 hefur

samningurinn ekki verið formlega undirritaður. Á árinu 2024 er stefnt að því að funda með MERCOSUR-ríkjunum til að ræða þau mál sem út af standa.

Á undanförunum árum hefur þunginn í starfsemi EFTA færst frá gerð nýrra samninga í að bæta framkvæmd og uppfæra þá sem fyrir eru. Viðræður EFTA-ríkjanna og Chile um uppfærslu fríverslunarsamnings er lokið og viðræður við tollabandalag suðlægra Afríkuríkja (Suður-Afríka, Botsvana, Lesótó, Namibía og Esvatíní, SACU) um uppfærslu fríverslunarsamnings ríkjanna eru langt komnar. Haustið 2023 hófst vinna við allsherjaruppfærslu fríverslunarsamnings EFTA-ríkjanna og Úkraínu.


Yfirstandandi viðræður við Singapúr um uppfærslu fríverslunarsamnings snúa einna helst að nýjum kafla um rafræn viðskipti. Kaflinn tekur mið af þeirri öru þróun sem átt hefur sér stað í málaflokknum undanfarin ár og endurspeglar viðræður sem samhliða eiga sér stað á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).



Fríverslunarsamningur við Moldóvu undirritaður á ráðherrafundi EFTA í júní.

Aukin áhersla hefur verið lögð á gagnsæi í störfum EFTA, bæði gagnvart almenningi, þingmannanefnd EFTA og ráðgjafarnefndinni. Eftirlit með því að ákvæði fríverslunarsamninga EFTA um sjálfbæra þróun séu virt hefur verið stóraukið auk þess sem greiningarvinna hefur farið fram á því hversu vel inn- og útflytjendur nýta þau fríðindi sem EFTA-samningar kveða á um. Niðurstöður þeirrar greiningar ásamt ítarlegri umfjöllun um allar fríverslunarviðræður og fundi sameiginlegra nefnda sem fram fóru á árinu 2023 eru aðgengi- legar á vefsvæði EFTA.

Fríverslunarsamningar Íslands



4.4 Evrópska efnahagssvæðið

Á árinu 2023 hefur EES-samningurinn haldið áfram að sanna gildi sitt á umbrotatímum þegar hartnær 30 ár eru liðin frá gildistöku samningsins. Samningurinn er eitt mikilvægasta skref sem Ísland hefur tekið á síðari tímum til samstarfs við aðrar þjóðir. Samningurinn hefur fært almenningi og atvinnulífinu margvíslegan ávinning í áranna rás sem á snaran þátt í því að skapa það samfélag framsækni og velmegunar sem Íslendingar búa við.

Mikilvægt er að fulltrúar þjóðarinnar láti sig samstarfið varða og efla pólitísk samskipti um samninginn. Fundir EES-ráðsins eru mikilvægur vettvangur pólitískra skoðanaskipta innan samstarfsins. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra sótti slíkan fund í maí 2023 og Bjarni Benediktsson, þáverandi utanríkisráðherra, í nóvember síðastliðnum. Í nóvember átti utanríkisráðherra einnig fund með Maros Sefcovic, varaforseta framkvæmdastjórnar ESB, sem ábyrgur er fyrir framkvæmd EES-samningsins á vettvangi ESB. Þá átti forsætisráðherra fund með forseta

framkvæmdastjórnar ESB, Ursulu von der Leyen, í tengslum við leiðtogafund Evrópuráðsins síðastliðið vor. Þörfin á brúarsmíði er viðvarandi. Engin ástæða er til að forðast að ræða hvernig gera megi starfið skilvirkara, auka aðkomu að stefnumótun og jafnvel dýpka samstarfið. Á sama tíma er nauðsynlegt að varðveita eðli samstarfsins og gæta vel að því að sá góði samningur sem Ísland á aðild að haldi gildi sínu og skili þeim árangri sem að er stefnt.

Hagsmunagæsla innan EES-samningsins er sömuleiðis stöðugt verkefni. Tryggja þarf að reglur samningsins taki mið af íslenskum aðstæðum en einnig að hann haldi áfram að gegna hlutverki sínu sem ein undirstaða velferðar hér á landi. Góður árangur hefur náðst þar um, meðal annars þegar tryggð varð sérlausn fyrir Ísland í tengslum við endurskoðun reglna um losun gróðurhúsalofttegunda frá flugi. Forgangsröðun stjórnvalda í hagsmunagæslu hefur einnig tryggt að aflsmunir stjórnsýslunnar séu nýttir þar sem þess er helst þörf. Utanríkisráðuneytið tók sem fyrr þátt í hagsmunagæslu innan samstarfsins á árinu 2023 í samvinnu við önnur ráðuneyti, stofnanir og sendiráð Íslands í Brussel.

Á umbrotatímum í heimsbólunum skiptir samstarf við nágranna máli sem aldrei fyrr. Fylgjast þarf vel með viðbrögðum ESB og aðildarríkja í þágu aukins efnahagsöryggis á alþjóðavettvangi. Á árinu 2023 hófu EFTA-ríkin innan EES sameiginlega vinnu við að ná utan um þessa framvindu vegna þeirra áhrifa sem hún kann að hafa á þróun innri markaðarins og á EES-samninginn. Í þessari vinnu verða einnig skoðaðir valkostir um viðbrögð með hagsmuni EFTA-ríkjana að leiðarljósi.

Vísað er til frekari umfjöllunar í skýrslu utanríkisráðherra um framkvæmd EES-samningsins, þingskjal 787, sem lögð var fram á Alþingi í desember 2023.

4.5 Aðrir samningar sem tengjast viðskiptamálum

Loffferðasamningar

Flugiðnaðurinn er ein mikilvægasta atvinnugrein landsins og eru loftferðasamningar forsenda fyrir starfsemi íslenskra flugfélaga erlendis. Misjafnt er hversu víðtæk réttindi kveðið er á um í loftferðasamningum Íslands, en auk gagnkvæmra heimilda til farþega- og farmflugs á milli samningsríkja veita margir samningar heimild til viðkomu í þriðju ríkjum og flugþjónustu án viðkomu í báðum samningsríkjum. Auk farþega- og farmflutninga veita íslensk flugfélög ýmsa aðra flugþjónustu, svo sem leiguflug og leigu á flugvélum, með og án áhafna.

Samningaviðræður um loftferðasamninga fara fram í samráði við íslensku flugfélögin. Ísland hefur gert slíka samninga við vel yfir hundrað ríki. Á árinu 2023 bættust við loftferðasamningar við Antígva og Barbúda, Kosta Ríka, Georgíu, Namibíu, Súrínam og Úganda. Samið var um aukin réttindi við Brasilíu sem fela í sér að íslensk flugfélög fá meðal annars rétt til farmflutninga án viðkomu á Íslandi (svokölluð 7. réttindi). Samningaviðræður hófust við Gabon, Gvatemala, Tímor-Leste, Pakistan og Túnis.

Yfirleitt er samið um að loftferðasamningar taki gildi til bráðabirgða frá þeim tíma sem þeir eru áritaðir af aðalsamningamönnum ríkjanna en átak er nú í gangi til að undirrita og fullgilda umrædda samninga sem eftir eru. Langflestir loftferðasamningar Íslands eru tvíhliða en mikilvægasti loftferðasamningur Íslands er svokallaður Open Skies samningur milli Evrópusambandsins og Bandaríkjanna sem bæði Ísland og Noregur eiga aðild að.


Útflutningur - Flugsamgöngur 2018-2023

Vörutegundir	2018	2019	2020	2021	2022	2023*
Útflutningur vöru og þjónustu, alls	1.309.595,1	1.322.806,6	970.959,1	1.213.889,1	1.768.598,3	1.855.717,4
Þar af flugsamgöngur	212.884,5	171.689,0	66.794,2	86.528,6	180.090,3	237.255,9
Hlutfall	16,3%	13,0%	6,9%	7,1%	10,2%	12,8%

Upphæðir eru í milljónum króna

*Bráðabirgðatölur

Tvísköttunarsamningar



Árin fyrir COVID-19 heimsfaraldurinn námu útflutningstekjur Íslands af flugsamgöngum allt að 16,3% af gjaldeyristekjum (2018) og 13% á árinu 2019. Árið 2022 voru flugsamgöngur farnar að ná sér aftur á strik (sjá nánar töflu um útflutning og flugsamgöngur 2018-2023).

Tvísköttunarsamningar

Tvísköttunarsamningar eru gerðir til að koma í veg fyrir tvísköttun, vinna gegn skattundanskotum, stuðla að gagnkvæmum viðskiptum og fjárfestingum og tryggja samkeppnisstöðu gagnvart öðrum ríkjum.

Tvísköttunarsamningur við Ástralíu tók gildi á árinu 2023. Einnig var gengið frá drögum að samningi við Brasilíu og fyrri lota haldin í viðræðum við Kúveit. Samningar við Sádi-Arabíu, Andorra og Brasilíu eru í innleiðingarferli. Á árinu 2024 er fyrirhugað að eiga viðræður við Sameinuðu arabísku furstadæmin og halda áfram viðræðum við Kúveit. Einnig er stefnt að því að endurskoða gildandi samning við Þýskaland og taka upp þráðinn í viðræðum við Chile, Nýja-Sjáland og Singapúr en samningaviðræður við þau lönd hafa legið í dvala í nokkurn tíma.

Schengen-samstarfið

Schengen-samstarfið hefur breyst umtalsvert undanfarin ár. Þátttökuríkjum Schengen hefur fjölgað og samstarfið er orðið umfangsmeira. Staðan í Mið-Austurlöndum og ársasarstríð Rússa í Úkraínu hefur ógnað öryggi innan Schengen-svæðisins sem leitt hefur til aukins eftirlits á innri landamærum og lokunar ytri landamæra svæðisins. Finnsla ríkisstjórnin ákvað til dæmis í lok nóvember 2023 að loka öllum landamærastöðvum

sem liggja að Rússlandi þar sem Rússar fluttu fjölda flóttafólks að landamærum Finnlands. Þau ríki sem hafa viðhaldið eftirliti á innri landamærum til lengri tíma eru Austurríki, Þýskaland, Danmörk, Frakkland, Svíþjóð og Noregur. Í viðleitni til að sporna gegn aukningu á upptöku eftirlits á innri landamærum hefur framkvæmdastjórn ESB mælt til aukins samstarfs aðildarríkja innan Schengen-svæðisins og lagt áherslu á að upptaka eftirlits á innri landamærum eigi að vera algjört lokaúrræði sem aðildarríkin eigi einungis að grípa til ef aðrar aðgerðir duga ekki og ríki stendur frammi fyrir alvarlegri ógn gegn allsherjarreglu eða innra öryggi.

Þegar ný framkvæmdastjórn ESB tók við haustið 2020 var lögð fram endurskoðuð útgáfa af tillögupakka í málum er varða alþjóðlega vernd, svonefndur hælispakki ESB (The Pact on Migration and Asylum). Þegar hælispakinn var fyrst lagður fram samþykktu aðildarríkin að einstakar tillögur innan pakkans gætu ekki tekið gildi fyrir en samkomulag hefði náðst um þær allar. Hefur sú nálgun tafið ferlið. Pólítískt samkomulag varðandi allar fimm tillögurnar náðist 20. desember 2023. Lagatæknileg vinna mun halda áfram á þessu ári. Mikilvægt er að hún klárast á skipunartímabili núverandi framkvæmdastjórnar og á kjörtímabili sitjandi Evrópuþings sem rennur út í júní 2024.

Tillögurnar sem um ræðir varða nýja reglugerð um forskoðun umsókna um alþjóðlega vernd á ytri landamærum (Screening Regulation), sem er talin vera þróun á Schengen-regluverkinu og því skuldbindandi fyrir Ísland. Einnig snerta tillögurnar reglugerð um forgangsmeðferð á landamærum (APR) og reglugerð um málsmeðferðarreglur umsókna um alþjóðlega vernd (AMMR).

Innan þeirrar síðastnefndu má finna breytingar á ákvæðum sem tilgreina hvaða aðildarríki ber ábyrgð á afgreiðslu umsóknar um vernd, það er núgildandi Dyflinnarreglum sem Ísland er skuldbundið af.

Í hælispakkanum má einnig finna reglugerð um fingrafaragagnagrunninn Eurodac og nýja reglugerð um afgreiðslu umsókna um vernd í krísuástandi eða við óvenjulegar aðstæður (Crisis Regulation). Við umfjöllun ráðsins um hælispakka ESB fengu Ísland og önnur samstarfsríki Schengen sérstaka undanþágu til að sitja undir þeim dagskrárlíðum sem ekki falla undir Schengen-samninginn. Hagsmunagæsla Íslands varðaði einkum mikilvægi þess að standa vörð um framkvæmd Schengen-samningsins og gildissvið Dyflinnarsamningsins.

Áframhaldandi för einstaklinga í ólögmati för (Secondary Movement) jókst gríðarlega árið 2023 og nemur um fjórðungi af öllum umsóknum um alþjóðlega vernd. Í september 2023 var slegið met í fjölda umsókna um vernd síðan 2016. Árið 2023 voru eftirfarandi upprunaríki með flestar umsóknir um vernd innan Evrópu: Sýrland (15%), Afganistan (11%), Tyrkland (8%), Venesúela (6%) og Kólumbía (6%). Veitingahlutfall umsókna um vernd er 46% og hefur ekki verið hærra síðan í apríl 2020. Athygli vekur að þau ríki sem eru með flestar umsóknir um vernd innan Evrópu eru með áritanafrelsi inn á Schengen-svæðið. Þau ríki eru Venesúela og Kólumbía. Í því samhengi má nefna að í október síðastliðnum lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögu að breytingum á heimildinni til að fella niður áritanafrelsi þriðja ríkis (Visa Suspension Mechanism). Tillagan hefur verið rædd innan vinnuhópsins Visa WP, sem Ísland fylgist vel með, og hefur það að meginmarkmiði að nýtast aðildarríkjum í baráttunni gegn misnotkun þriðja ríkis á áritanafrelsi inn á Schengen-svæðið.

Nýtt kerfi um forskráningu og heimild til ferðar inn á Schengen-svæðið (ETIAS) á að taka gildi um mitt ár 2025 en til stóð að kerfið kæmi til framkvæmda 2024. Því er ætlað að auka öryggi á Schengen-svæðinu og ná betri stjórn á ytri landamærum og útlendingamálum. Um er að ræða sambærilegt fyrirkomulag og ESTA-fyrirkomulagið í Bandaríkjunum. Forskráningin mun eiga við um borgara þeirra ríkja sem njóta áritunarfrelsis inn á Schengen-svæðið.

Á árinu 2023 var einnig mikil áhersla lögð á skilvirkar brottvísanir einstaklinga í ólögmati dvöl af Schengen-svæðinu. Framkvæmdastjórn ESB hefur ítrekað mikilvægi þess að aðildarríkin leggi áherslu á bæði innri og ytri þætti framkvæmdar brottvísana. Hvað ytri þættina varðar er einkum átt við aukin samskipti við upprunaríki og beitingu heimildar til að grípa til takmarkandi aðgerða gegn þriðju ríkjum sem eru ekki samvinnuþýð þegar kemur að endurvíðtöku eigin ríkisborgara. Aðgerðirnar fela einkum í sér aukid flækjustig við að fá útgefna áritun inn á Schengen-svæðið með flóknara umsóknarferli og herra áritunargaldi. Hvað innri þættina varðar verða aðildarríki að tryggja samvinnu útlendingayfirvalda og lögregluyfirvalda svo öruggt sé að þeim einstaklingum, sem teljast vera ógn við öryggi almennings, verði vísað brott af svæðinu hratt og örugglega. Á vettvangi Schengen-samstarfsins er nú unnið að verklagi um bestu framkvæmd brottvísana einstaklinga sem ógna öryggi svæðisins.

Hvað lögreglusamvinnu varðar bar hæst nýja tilskipun sem tók gildi í júní um að koma á skýrum og samræmdum reglum til að auðvelda og tryggja fullnægjandi og skjót upplýsingaskipti á milli lögbærra löggæsluyfirvalda mismunandi aðildarríkja. Með tilskipuninni er lögbærum löggæsluyfirvöldum jafnframt gert kleift að laga sig að hröðum breytingum og vaxandi umfangi skipulagðrar glæpastarfsemi, meðal annars í tengslum við hnattvæðingu og stafvæðingu samfélagsins. Ísland vinnur nú að innleiðingu á þessari tilskipun.

Ísland og Noregur undirrituðu viðbótarsamning við framkvæmdastjórn ESB í desember síðastliðnum um aðild að Landamærasjóði Evrópusambandsins um innra öryggi, landamæri og útgáfu vegabréfsáritana (BMVI) fyrir tímabilið 2021-2027. Sjóðurinn hefur vaxið umtalsvert og nemur úthlutunarfjármagn hans 6,7 milljörðum evra sem er þrefalt meira en á síðasta tímabili. Ísland mun hafa aðgang að um 24 milljónum evra til þess að styrkja verkefni til stuðnings landamæravörslu og útgáfu áritana. Aðildargjöld Íslands munu nema 9-10 milljónum evra. Í samningnum er kveðið á um að íslensk stjórnvöld muni fyrir árin 2023-2025 greiða 1,8 milljónir evra til sjóðsins fyrir hvert ár á því tímabili og hvernig reikna skuli út fjárframlög Íslands til sjóðsins fyrir árin 2026 og 2027.

Samningar um vinnudvöl

Samningar um vinnudvöl ungs fólks við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gera ungu fólki mögulegt að búa og starfa í allt að tvö ár í samningsríkjum. Ísland gerði slíkt samkomulag við Kanada og Andorra á árinu 2023. Einnig náðist samkomulag við Ástralíu og Chile og stendur til að undirrita þá samninga á næstunni. Í skoðun er að gera einnig samninga við Argentínu, Kosta Ríka, Nýja-Sjáland, San Marínó, Suður-Kóreu og Úrúgvæ.

Samningaviðræður um viðskipti, loftslagsbreytingar og sjálfbæra þróun

Viðræður um gerð samnings um loftslagsbreytingar, viðskipti og sjálfbæra þróun eru langt komnar og er markmiðið að ljúka samningi á fyrri hluta árs 2024. Viðræðunum var ýtt úr vör á fundi forsætisráðherra Íslands, Noregs, Nýja-Sjálands, Fijieyja og Kosta Ríka sem haldinn var á hliðarlínu allsherjarpings Sameinuðu þjóðanna árið 2019. Sviss bættist seinna í hópinn og hófust samningaviðræður milli ríkjanna sex árið 2020. Fijieyjar drógu sig út úr viðræðunum fyrr á árinu 2023 eftir að ný ríkisstjórn tók við völdum með breyttar áherslur á forgangsroðun mála.

Viðræðurnar snúast um að fella niður tolla á umhverfisvænar iðnaðarvörur, að skilgreina umhverfisvæna þjónustu og liðka fyrir umhverfisvænum þjónustuviðskiptum, að koma böndum á ríkisstyrki og niðurgreiðslur til framleiðslu og notkunar jarðefnaeldsneytis og jafna þannig samkeppnisstöðu endurnýjanlegra orkugjafa og að innleiða leiðbeinandi viðmið um umhverfismerkingar.

Samningur um loftslagsbreytingar, viðskipti og sjálfbæra þróun er nýstárlegt samkomulag þar sem tækjum og tólum við gerð hefðbundinna viðskiptasamninga er ætlað að leggja lóð á vogar-skálarnar í baráttunni við loftslagsbreytingar.

4.6 Fjölbjóðlegt viðskiptasamstarf

Alþjóðaviðskiptastofnunin

Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) er eina fjölbjóðastofnunin sem fjallar um reglur um viðskipti á milli ríkja. Grundvöllur starfsemi hennar eru samningar sem aðildarríki hafa undirgengist með það að markmiði að tryggja að viðskiptaflæði gangi eins snurðulaust fyrir sig og kostur er.

Ísland nýtur góðs af gagnsæjum leikreglum WTO sem auka fyrirsjáanleika, frjálsræði og réttaröryggi í heimsviðskiptum og hefur ásamt fleiri ríkjum í sambærilegri stöðu beitt sér fyrir því að núverandi viðskiptakerfi verði styrkt í sessi. Er það sérstaklega mikilvægt nú þegar verndarhyggja og ríkisíhlutun færast í aukana og vaxandi spennu gætir innan WTO.

Undanfarin ár hefur hægt á allri umbótavinnu á vettvangi WTO. Stórveldasamkeppni Bandaríkjanna og Kína spilar þar inn í auk þess sem erfitt hefur reynst að sætta ólíka sýn iðnríkja og lágtekjuríkja á framtíðarhlutverk alþjóðaviðskiptakerfisins. Þar að auki hefur deiluúrlausnarkerfi WTO verið óstarfhæft í á fimmta ár sökum andstöðu Bandaríkjanna við skipun nýrra dómara við áfrýjunarnefndina.

Á ráðherrafundi WTO árið 2022 náðist samkomulag um bann við allra skaðlegustu ríkisstyrkjum í sjávarútvegi og hefur Ísland fullgilt þann samning. Til að sá samningur haldi gildi til framtíðar þarf að ljúka samningaviðræðum um viðbótarákvæði um bann við ríkisstyrkjum sem stuðla að umframveiðigetu og ofveiðum innan fjögurra ára frá gildistöku fyrri samningsins sem er áætluð síðar á þessu ári. Fastafulltrúi Íslands í Genf leiðir þessar samningaviðræður sem hafa gengið vel og lágu nánast fullkláruð drög að samningi fyrir ráðherrafundi WTO í lok febrúar 2024. Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins leiddi svo viðræður ráðherra um útistandandi atriði á ráðherrafundinum en því miður leiddi ágreiningur um önnur málefni til þess að eitt lykilorði taldi sér ekki fært að styðja niðurstöðuna að þessu sinni. Næstu vikur og misseri verða nýtt til að kanna hvernig samningaviðræðum verði best fram haldið.

Ísland er á meðal ríkja sem standa að sérstöku samningaviðræðum innan WTO um rafræn viðskipti, fjárfestingalíprun og viðleitni til að auka hlut lítilla og meðalstórra fyrirtækja í alþjóðaviðskiptum. Ísland er aðili að samkomu-lagi um frekari einföldun og samræmingu reglu-verks þjónustuviðskipta. Þá er Ísland á meðal leiðandi ríkja í viðræðum um jafnrétti kynjanna og sjálfbærni alþjóðaviðskipta.

Ísland tekur virkan þátt í yfirstandandi land-búnaðarviðræðum á vettvangi stofnunarinnar og skipar sér þar í hóp ríkja sem leggja áherslu á að tekið verði tillit til sérstakra aðstæðna og fæðu-öryggissjónarmiða í tengslum við frekari skuld-bindingar um ríkisstyrki og bættan markaðsað-gang í greininni.

Efnahags- og framfarastofnunin

Starf Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) byggist á grunnildum um réttarríkið, frjáls viðskipti, frelsi einstaklingsins, lýðræði, mannréttindi, jafnrétti kynjanna, sjálfbærni og baráttu gegn ójöfnuði. Stefnumótun til hagsældar og betri lífskjara sem byggist á öflugri gagna-söfnun og greiningarvinnu er aðalsmerki stofnun-arinnar og helstu markmið hennar eru að stuðla að almennri efnahagsþróun, jafnt í aðildarríkjum sem og utan þeirra, og leggur stofnunin sitt af mörkum til vaxtar og þróunar heimsviðskipta.

Málaflokkar OECD spanna allt frá alþjóða-viðskiptum til jafnréttismála, gervigreindar, umhverfis- og loftslagsmála og svo mætti lengi telja. Á síðasta ári sóttu bæði fjármála- og efnahagsráðherra og menningar- og viðskiptaráðherra fundi á vegum stofnunarinnar. Á ráðherrafundi OECD í júní 2023 sem bar titilinn *Securing a Resilient Future: Shared values and Global Partnerships* var ný viðskiptastefna OECD (OECD Trade Strategy) samþykkt. Mathias Cormann, framkvæmdastjóri OECD, heimsótti Ísland í júní til að kynna Efnahagsskýrslu stofnunarinnar um Ísland (OECD Economic Survey Iceland 2023). Í skýrslunni, sem kemur út annað hvert ár, er staða efnahagsmála á Íslandi greind og tillögur um úrbætur kynntar. Þróunarsamvinna Íslands var einnig tekin út á árinu 2023 og kom Carsten Staur, formaður Þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC), til Íslands til þess að kynna niðurstöður úttektarinnar. Jafnframt voru niðurstöður síðustu PISA-könnunar OECD, um stöðu menntakerfa í heiminum, gefnar út.

Á undanförunum áratugum hefur aðildarríkjum OECD fjölgað, stofnunin stækkað og aukið land-fræðilega vídd sína. OECD telur í dag 38 líkt þenkjandi ríki og ekkert lát virðist vera á áhuga um inngöngu. Stofnunin hefur opnað á aðildar-viðræður við Brasilíu, Búlgaríu, Króatíu, Perú og Rúmeníu. Auk þess hafa Argentína, Úkraína og Indónesía beðið um að opnað verði á aðildar-ferli þeirra. Til þess að hljóta aðild þarf að fara í gegnum langt og strangt umsóknarferli sem felur í sér aðlögun og kerfislægar breytingar hjá umsóknarríkjum. Stækkun stofnunarinnar og útbreiðsla grunnilda hennar mun án efa auka rödd og umsvif OECD á alþjóðasviðinu og líðka enn frekar fyrir alþjóðaviðskiptum.

Alþjóðahugverkastofnunin og tengd mál

Ísland hefur á undanförunum árum unnið að því með fleiri ríkjum innan Alþjóðahugverka-stofnunarinnar (WIPO) að styrkja vörumerkja-vernd landaheita og heldur sú vinna áfram. Jafnframt hefur utanríkisráðuneytið tekið þátt í að mótmæla skráningum vörumerkja erlendis sem innihalda landaheitið Ísland. Sjá nánar í kafla 1.11 um Iceland-málið.

4.7 Viðskiptaþjónusta og samstarf við Íslandsstofu

Sendiskrifstofur Íslands sinna viðskipta-þjónustu í nánú samstarfi við Íslandsstofu. Unnið er samkvæmt útflutningsstefnu stjórnvalda og atvinnulífs að því að styðja íslensk fyrirtæki í sókn á erlenda markaði og veita þeim ráðgjöf.

Sendiráð Íslands eru augu Íslands og eyru erlendis og svara daglega fjölda fyrirspurna um viðskiptatengsl við Ísland auk þess að kynna íslenskar vörur og fyrirtæki í umdæmisríkjum sínum. Utanríkisráðuneytið starfar náið með Íslandsstofu að því að efla íslenskan útflutning og laða ferðamenn og erlenda fjárfestingu til landsins. Markvisst hefur verið unnið í að auka og þetta samstarfið á árinu 2023, meðal annars með skipun teymis sem ber ábyrgð á samstarfinu og sérstaks tengiliðs Íslandsstofu við sendiskrifstofurnar. Þá hafa reglubundnir fundir Íslandsstofu með viðskiptafulltrúum sendiskrifstofa Íslands erlendis sem og árlegar heimsóknir þeirra hingað til lands verið teknar upp á ný. Að auki er viðtækt samráð og samstarf haft þegar kemur að viðskipta- og menningaráætlunum sendiskrifstofa

fyrir árið 2024 til að tryggja megi sem besta samfellu í að vinna útflutningshagsmunum Íslands brautargengi á erlendum mörkuðum.

Á síðasta ári skipaði utanríkisráðherra fulltrúa til setu í útflutnings- og markaðsráði. Samkvæmt lögum um Íslandsstofu skipar utanríkisráðherra 31 fulltrúa í ráðið til fjögurra ára í senn. Utanríkisráðherra er sjálfur formaður ráðsins en auk hans skulu ráðherrar sem fara með sjávarútvegs- og landbúnaðarmál, ferðamál og málefni iðnaðar og nýsköpunar og mennta- og menningarmál, ásamt fulltrúum þingflokka utan ríkisstjórnar á hverjum tíma, eiga sæti í ráðinu.

Vinna við endurskoðun útflutningsstefnunnar sem Íslandsstofa kynnti árið 2019 stendur nú yfir. Vinnustofur hafa verið haldnar með fulltrúum atvinnulífsins um allt land og með öllum sendiskrifstofum sem starfa að viðskiptaþjónustu. Núgildandi útflutningsstefna leggur áherslu á orku og grænar lausnir, hugvit og tækni, listir og skapandi greinar, ferðaþjónustu, sjávarútveg og matvæli. Þá er sjálfbærni gegnumgangandi stef á öllum þessum sviðum og markmið íslenskra stjórnvalda að Ísland verði þekkt sem leiðandi land í sjálfbærni.

Utanríkisráðuneytið og Íslandsstofa undirrituðu í ágúst 2023 samkomulag þess efnis að Íslandsstofa taki í auknum mæli að sér þjónustu við íslensk fyrirtæki á erlendum mörkuðum. Tilgangur samstarfsins er að efla stuðning við íslenskar útflutningsgreinar með ráðningu sérhæfðra viðskiptafulltrúa sem veitt geti íslenskum útflutningsfyrirtækjum og útflutningsgreinum sértæka aðstoð og þjónustu í samræmi við útflutningsstefnuna. Bætast þeir við net núverandi viðskiptafulltrúa á sendiskrifstofum Íslands og munu alla jafna hafa aðsetur þar. Fagleg samræming og verkstjórn viðskiptafulltrúa er á ábyrgð Íslandsstofu.

Viðskiptaviðburðir


Sendiskrifstofur Íslands skipulögðu eða tóku þátt í um 350 viðskipta- og menningarviðburðum á árinu 2023. Flestir viðburðanna tengdust einni eða fleiri áherslum útflutningsstefnunnar. Mest var um viðburði á sviði lista og skapandi greina en einnig var mikil áhersla lögð á hugvit, tækni og nýsköpun auk ferðaþjónustu.

Sendiráð Íslands í Brussel, sem einnig er sendiráð gagnvart Hollandi, setti upp svokallað „pop-up“ sendiráð í Amsterdam dagana 6.- 11. júní. Megintilgangur þess var að styrkja tvíhliða

tengsl Íslands og Hollands og kynna íslensk fyrirtæki og menningu. Sendiráðið vann náið með Íslandsstofu, miðstöðvum lista og skapandi greina og íslenskum fyrirtækjum að skipulagningu og framkvæmd viðburðarins. Samhljómur var um að vel hefði tekist og að vert væri að skoða fleiri slíka viðburði í framtíðinni.

Átta íslensk fyrirtæki kynntu vörur sínar á vörusýningunni China International Import Expo, sem er ein stærsta og mikilvægasta sýning sinnar tegundar í Kína. Kínverski markaðurinn verður sífellt áhugaverðari fyrir íslensk fyrirtæki en mikil aukning hefur verið í útflutningi þangað síðan fríverslunarsamningur ríkjanna tók gildi fyrir tíu árum. Árin 2021 og 2022 voru metár hvað útflutning íslenskra aðila til Kína varðar. Íslandsstofa og sendiráð Íslands í Peking höfðu veg og vanda af skipulagningu íslensku þátttökunnar.

Viðburðir sendiskrifstofa 2023 eftir áherslumálum útflutningsstefnunnar



Íslensk nýsköpunarfyrirtæki héldu áfram að gera það gott á norrænu nýsköpunarráðstefnunum TechBBQ í Kaupmannahöfn í september og Slush í Helsinki í nóvember. Yfir 40 íslensk fyrirtæki tóku þátt í TechBBQ og 22 íslensk sprotafyrirtæki í Slush. Markmið ráðstefnanna er meðal annars að tengja saman sprotafyrirtæki og fjárfesta og kynna nýjungar á þessu sviði. Þátttaka Íslands í hátíðunum var skipulögð af Íslandsstofu og sendiráðunum í Kaupmannahöfn og Helsinki og stóðu sendiráðin þar að auki fyrir tengslamyndunarviðburðum fyrir íslensku fyrirtækin af þessu tilefni.



| Átta íslensk fyrirtæki tóku þátt í íslenska básnum á vörusýningunni CIIE, China International Import Expo, í Sjanghaí í nóvember.

Þá voru grænar íslenskar lausnir kynntar undir hatti Our Climate Future í Berlín í júní. Sendiráð Íslands og Grænvangur stóðu að viðburðinum sem um 250 manns sóttu. Markmiðið var að vekja athygli á hvernig íslenskt hugvit og grænar lausnir geta nýst á sviði loftslagsmála. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ávarpaði viðburðinn og átti einnig tvíhliða fundi um orkumál og mögulegt samstarf ríkjanna á því sviði.

Viðskiptasendinefndir

Tíu íslensk fyrirtæki fylgdu forseta Íslands í opinbera heimsókn til Kanada 29. maí til 1. júní. Sjávartækni, græn orka, heilsutækni og menning voru meginstef sendinefndarinnar sem samanstóð af Icelandair, Icelandic trademark holding, Kerecis, Eimskip, Prescriby, Kadeco, Landsvirkjun, Marel, Íslandsbanka og Planet Youth. Íslandsstofa og sendiráð Íslands í Ottawa stóðu að skipulagningu heimsóknarinnar en þónokkur fjöldi viðburða var haldinn af þessu tilefni í Ottawa, Halifax, St. John's og Toronto.

4.8 Menningarmál

Ísland er þekkt fyrir fjölbreytt menningarlíf og sköpunarkraft. Íslenskt listafólk ber hróður landsins víða og fyrstu kynni margra af landi og þjóð eru í gegnum íslenska tónlist, bókmenntir eða kvikmyndir. Þá eru listir og skapandi greinar uppspretta mikilvægra útflutningsverðmæta sem væntingar eru um að geti aukist umtalsvert á næstu árum.

Í samræmi við lögbundið hlutverk sitt leggur utanríkisráðuneytið ríka áherslu á að gæta hagsmuna Íslands á sviði menningarmála. Utanríkisþjónustan, menningar- og viðskiptaráðuneytið, Íslandsstofa og miðstöðvar lista og skapandi greina vinna saman að alþjóðlegu menningarsamstarfi og markaðssókn fyrir íslenskt listafólk og menningarafurðir. Öflugt samstarf og gott upplýsingaflæði á milli þessara aðila er lykill að árangri og meginstefið í menningarhandbók utanríkisþjónustunnar sem lokið var við á síðasta ári. Henni er meðal annars ætlað að auka slagkraft og stuðla að faglegum gæðum þeirra menningarviðburða sem staðið er að.

Skapandi Ísland

Góð reynsla er komin á markaðsverkefnið Skapandi Ísland sem hófst síðla árs 2021. Markmið verkefnisins er að efla vitund um íslenskar listir og skapandi greinar á erlendum mörkuðum, auka þekkingu alþjóðlegs fagfólks á listum og skapandi greinum hér á landi og styðja við útflutning. Samkvæmt samningi stjórnvalda og Íslandsstofu eru verkefninu lagðar til 90 milljónir króna árlega til loka árs 2025 sem skapar færi á umfangsmeiri menningarkynningum en áður og áætlanagerð til lengri tíma. Með tilkomu verkefnisins er jafnframt komin heildstæð sýn á markaðsaðgerðir tengdum íslenskum listum og skapandi greinum erlendis.

Íslandsstofa hefur umsjón með verkefninu í samráði við markaðsráð lista og skapandi greina. Fjöldmörg menningarverkefni sendiskrifstofa eru unnin innan ramma Skapandi Íslands, einkum á Norðurlöndunum, í Bandaríkjunum og Þýskalandi, sem markaðsráðið hefur skilgreint sem forgangsmarkaði.

Menningarviðburðir á vegum sendiskrifstofa

Á árinu 2023 komu sendiskrifstofur Íslands með beinum hætti að framkvæmd yfir 200 menningarviðburða. Áhersla er lögð á að meta árangur viðburðanna í samstarfi við Íslandsstofu og miðstöðvar lista og skapandi greina. Er þá meðal annars litið til fjölda gesta, tengslamyndunar og umfjöllunar í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum.

Húsfyllir var við opnun sýningarinnar Samband/Connection sem sett var upp í sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn í tengslum við hönnunarhátíðina 3 Days of Design í júní. Þar var að finna vörur eftir níu íslenska hönnuði sem eiga það sameiginlegt að hafa hannað vörur sem eru þróaðar, framleiddar og seldar í Skandinavíu. Sýningin var framleidd af Epal í samstarfi við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, Íslandsstofu og sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn.

Sýningin Hliðstæðar víddir II var opnuð í Fellehus, menningarmiðstöð norrænu sendiráðanna í Berlín 8. nóvember 2023. Um er að ræða síðari hluta sýningar sem sett var upp árið 2022 en slegið var á frest í COVID-19 heimsfaraldrinum. Sýningin leggur áherslu á mörkin á milli lista, tækni og vísinda og er samstarfsverkefni sendiráðsins í Berlín og Íslandsstofu. Sýningarstjóri var Ásdís Spanó en meðal listamanna sem eiga verk á sýningunni eru Ragnar Kjartansson, Elín Hansdóttir, Gunnhildur Hauksdóttir, Sigurður

Guðjónsson og Ragnar Helgi Ólafsson auk hönnunarfyrirtækjanna FÓLK Reykjavík og Stúdíó Flétta.

Nokkur íslensk sendiráð bjóða upp á sýningaraðstöðu fyrir listafólk. Um 600 gestir hafa sótt sýningar í embættisbústaðnum í Helsinki undir formerkjum Gallerie Käytävä sem er hugsað sem vettvangur fyrir íslenska listamenn til að kynna verk sín fyrir áhrifafólki innan myndlistarheimsins í Finnlandi. Haldnar eru um tíu sýningar á ári. Sendiráðið í Kaupmannahöfn stendur fyrir um fjórum listasýningum á ári á Norðurbyggju. Í fyrra var meðal annars sett upp sýningin Samhljómur með verkum eftir Áslaugu Írisi Katrínu Friðjónsdóttur og Ingunni Fjölu Ingbórsdóttur í samvinnu við gallerið Listval.

Sendiráðið í Berlín hefur í nokkur ár átt farsælt samstarf við íslenska gallerið Gallerí Guðmundsdóttir þar í borg. Settar eru upp nokkrar sýningar á ári í embættisbústaðnum þar sem verk listamanna frá galleríinu eru kynnt fyrir mikilvægum tengiliðum í listheiminum, meðal annars söfnurum, fjölmiðlafólki og stjórnendum myndlistarstofnana. Sendiráðið í Stokkhólmi hefur einnig byggt upp mikilvæg tengsl í myndlistargeiranum í Svíþjóð og er einn af meginsamstarfsaðilum listkaupstefnunnar Market Art Fair. Í fyrra voru verk frá galleríinu þulu sett upp í embættisbústaðnum í tengslum við móttöku sem haldin var í samstarfi við kaupstefnuna.



| Frá sýningunni Hliðstæðar víddir í Berlín.

Myndlistarmiðstöð, Skapandi Ísland og utanríkisþjónustan standa saman að ferðasýningunni Outside Looking In, Inside Looking Out sem ætlað er að kynna nýja kynslóð myndlistarmanna frá Íslandi. Heiðar Kári Rannversson er sýningarstjóri en listamennirnir Una Björg Magnúsdóttir, Arnar Ásgeirsson, Emma Heiðarsdóttir, Fritz Hendrik IV, Hildigunnur Birgisdóttir, Melanie Ubaldo og Styrmir Örn Guðmundsson eiga verk á sýningunni. Verkefnið hófst um mitt síðasta ár í samstarfi við aðalræðisskrifstofuna í New York. Sýningin þar var hluti af stærri menningardagskrá á viðburðinum Taste of Iceland þar sem boðið var upp á fjölbreytta dagskrá tónlistar, myndlistar, gjörninga og ritlistar. Næsti viðkomustaður sýningarinnar var í pop-up sendiráði Íslands í Amsterdam í júní. Sýningin var svo sett upp í sendiherrabústaðnum í Helsinki í október. Ráðgert er að halda þrjár sýningar á árinu 2024, í Tókýó, París og Osló.

Íslenskar menningarhátíðir erlendis

Ísland var í heiðursæti á norrænu menningarhátíðinni Les Boréales í Normandí í Frakklandi í nóvember síðastliðnum. Hátíðin hefur verið árlegur viðburður í héraðinu í þrjá áratugi og beinir sjónum að bókmenntum og menningu Norður- og Eystrasaltslanda. Á þriðja tug íslenskra listamanna, einkum rithöfundar og tónlistarmenn, tóku þátt í hátíðinni og voru gestir um 30 þúsund. Sendiráðið í París tók þátt í undirbúningi og studdi við hátíðina sem naut einnig stuðnings héraðsyfirvalda Caen-borgar og Skapandi Íslands. Les Boréales hefur gegnt mikilvægu hlutverki í að kynna íslenskar bókmenntir í Frakklandi og íslenskudeild háskólans í Caen menntað þá frönsku þýðendur sem gegna nú lykilhlutverki í vinsældum íslenskra bókmennta í Frakklandi.

Á árinu 2023 voru haldnar hátíðir undir merkjum Taste of Iceland í fjórum borgum í Norður-Ameríku, Washington DC, New York, Chicago og Seattle, auk München í Þýskalandi. Markmiðið er að gefa almenningi á völdum markaðssvæðum smjörþefinn af íslenskri menningu og að kynna íslenskar vörur og Ísland sem áfangastað. Hátíðirnar eru haldnar á vegum verkefnisins Inspired by Iceland og skipulagðar af Íslandsstofu í samvinnu við sendiskrifstofur, og eftir atvikum kjöræðismenn, á viðkomandi stöðum.

Menningardagskrá í tengslum við formennsku í Evrópuráðinu

Formennskuríki Evrópuráðsins stendur jafnan fyrir menningardagskrá í Strassborg í samvinnu við borgaryfirvöld á meðan á formennskutímabilinu stendur. Formennska Íslands frá nóvember 2022 til maí 2023 veitti einstakt tækifæri til að kynna íslenska menningu á þessu mikilvæga svæði í Frakklandi. Ísland bauð upp á fjölbreytta menningardagskrá sem unnin var í samvinnu við viðskipta- og menningarráðuneytið, Íslandsstofu og miðstöðvar lista og skapandi greina. Ísland stóð fyrir menningarviðburðum á um mánaðarfresti, meðal annars bókmenntaviðburðum með Jóni Kalman, Sigríði Hagalín Björnsdóttur, Einari Kárasyni, Elizu Reid og þýðandanum Eric Boury, flutningi Benedikts Kristjánssonar á Jóhannesarpassíu í dómkirkju Strassborgar, leiksýningum fyrir börn, kvikmyndasýningum og íslenskri veitingastaðavíku. Dagskránni lauk með sérstökum Íslandsdegi í maí með þátttöku menningar- og viðskiptaráðherra.

Íslensk menning var í hávegum höfð á leiðtogafundi Evrópuráðsins í Hörpu. Leitast var við að bjóða gestum upp á sýnishorn af fjölbreyttri íslenskri tónlist og gefa þeim kost á að upplifa Hörpu sem tónlistarhús. Strengjasveit frá Sinfóníuhljómsveit Íslands spilaði þegar gestir komu í hús og Víkingur Heiðar Ólafsson lék við opnun fundarins og ávarpaði gesti. Þá spilaði Guðrún Ýr Eyfjörð Jóhannesdóttir, GDRN, nokkur lög eftir kvöldverð leiðtoganna. Sérstök áhersla var lögð á að kynna lagalista Útón, sem hljómuðu í Hörpu við ýmis tækifæri. Þá gáfu íslensk stjórnvöld ráðherranefnd Evrópuráðsins útskorinn fundarhamar eftir listakonuna Sigríði Kristjánsdóttur, betur þekktri sem Siggu á Grund (sjá nánar í kafla 1.4).

Hönnun á fundinum var í höndum Tönju Huldar Leví Guðmundsdóttur, Jökuls Jónssonar og Ragnars Helga Ólafssonar. Þar sem flestir gestanna höfðu stutta viðdvöl á Íslandi, og einungis í Reykjavík, var leitast við að færa íslenska náttúru inn í Hörpu. Íslenskur gróður og blóm voru notuð í skreytingar, í samvinnu við gróðrarstöðvar, með sjálfbærni að leiðarljósi. Einnig var lögð áhersla á áberandi íslenskar hönnunarvörur sem fengnar voru að láni frá ýmsum íslenskum hönnuðum og listamönnum.



Hönnun á leiðtogafundi Evrópuráðsins í Reykjavík var í höndum Tönju Huldar Leví Guðmundsdóttur, Jökuls Jónssonar og Ragnars Helga Ólafssonar. Leitast var við að færa íslenska náttúru inn í Hörpu.

Hönnun og myndlist á sendiskrifstofum

Mikilvæg tækifæri felast í að nýta sendiskrifstofur og embættisbústaði til að kynna íslenska hönnun og myndlist. Í samvinnu við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs og Myndlistarmiðstöð hafa því verið útbúin viðmið um hönnun, húsbúnað og myndlist á sendiskrifstofum. Samkvæmt viðmiðunum skulu sendiskrifstofur og embættisbústaðir almennt hafa ljóst og stílhreint norrænt yfirbragð og endurspegla Ísland með tilvísunum í menningu og náttúru landsins. Stefnt er að því að á öllum sendiskrifstofum og embættisbústöðum verði áberandi íslenskar hönnunarvörur og að íslensk list prýði opinber rými embættisbústaða. Sérstök áhersla er lögð á hönnun og myndlist á sendiskrifstofum sem eru

á forgangsmörkuðum fyrir kynningu á íslenskum listum og skapandi greinum og hýsa reglulega menningarviðburði.

Á síðustu þremur árum hefur Listasafn Íslands lánað verk til átján sendiskrifstofa á grundvelli samstarfssamnings um kynningu á íslenskri myndlist sem undirritaður var árið 2021. Um er að ræða 111 verk eftir 37 listamenn. Við val á verkunum horfir Listasafnið meðal annars til tengsla íslensks listafólks við viðkomandi ríki og mikilvægi hvers markaðssvæðis fyrir íslenska myndlist. Lögð er áhersla á öflugna kynningu verkanna, meðal annars á sérstökum viðburðum fyrir fagfólk á sviði myndlistar.

5 Borgarapjónusta og upplýsingamál

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra, í fjölmiðlaviðtali á leiðtogafundi Evrópuráðsins.



5.1 Borgaraþjónusta og áritanamál

Borgaraþjónusta er ein af lögmæltum grunnstöðum utanríkisþjónustu Íslands. Hlutverk hennar er að veita Íslendingum vernd og aðstoð þegar í nauðir rekur erlendis, til dæmis vegna veikinda, slysa, andláta, sakamála, afplánunar refsisdóma erlendis eða mannhvarfa erlendis. Með það að markmiði að vera ávallt til staðar fyrir Íslendinga í neyð, starfrækir utanríkisráðuneytið neyðarvakt allan sólarhringinn. Þangað geta íslenskir ríkisborgarar á erlendri grundu leitað aðstoðar.

Borgaraþjónustan sinnir einnig útgáfu vegabréfa eða neyðarvegabréfa erlendis, vottun skilríkja og skjala, yfirsetu í prófum og framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslna erlendis. Umfang verkefnanna hefur vaxið jafnt og þétt á undanförunum árum. Þannig voru fyrirspurnir og erindi sem bárust ráðuneytinu og sendiskrifstofum vegna borgaraþjónustu árið 2023 alls 5.667 talsins.

Borgaraþjónusta 2023

5.667



Tæplega **sex þúsund** fyrirspurnir og erindi bárust sendiráðum og ráðuneyti.

124



124 Íslendingar fluttir heim af átakasvæði í kjölfar árásar Hamas-liða á Ísrael 7. október.

3.775



Vegabréfumsóknir voru **3.775** talsins, þar af voru **331** neyðarvegabréf.

6.572



Í heild voru gefnar út **6.572** Apostille-vottanir og keðjustimplanir skjala.

Utanríkisráðuneytið heldur úti víðtæku neti kjöræðismanna sem aðstoða Íslendinga á þeim stöðum þar sem ekki er íslenskum sendiskrifstofum til að dreifa. Borgaraþjónustan sér um heildarumsjón borgaraþjónustuverkefna, útfærslu stefnumótunar í málaflokknum, fræðslu til sendiskrifstofa og kjöræðismanna og starfrækslu neyðarvaktar ásamt því að sinna einstökum málum. Kjöræðismenn Íslands voru í lok árs 206 talsins og hefur fækkað um einn frá síðasta ári. Samkvæmt skráningu Þjóðskrár gáfu kjöræðismenn og sendiskrifstofur Íslands út 331 neyðarvegabréf á árinu 2023 og sótt var um 3.444 almenn vegabréf á sendiskrifstofum Íslands.

Í samvinnu við Þjóðskrár hefur borgaraþjónustan unnið að undirbúningi fyrir móttöku umsókna um nafnskírteini í sendiráðum Íslands. Ný lög um nafnskírteini voru samþykkt í lok árs 2023. Með þeim eru nafnskírteini talin vera gild ferðaskilríki á Evrópska efnahagssvæðinu. Hægt er að sækja um nafnskírteini hjá sýslumönnum á Íslandi og hjá sendiráðum Íslands erlendis.

Svokölluð Apostille-vottun skjala sem fer eingöngu fram í utanríkisráðuneytinu telst til verkefna borgaraþjónustu. Um er að ræða upprunastaðfestingu skjala frá Íslandi sem nýtt eru við erindrekstur í útlöndum. Staðfestingin er í formi skjals sem kallað er Apostille. Á árinu 2023 voru gefin út 6.572 Apostille-vottuð eða keðjustimplanir skjöl.

Á árinu 2023 fór fram viðbragðsæfing með sendiráði Íslands í Berlín vegna Evrópu-mótsins í handknattleik í Þýskalandi árið 2024. Viðbragðsæfingar fyrir neyðartilvik Íslendinga erlendis eru virkur liður í samstarfi borgaraþjónustu ráðuneytisins og sendiskrifstofa. Æfingar eru haldnar með sendiskrifstofum til að tryggja að hlutverk hvers viðbragðsaðila sé skýrt, enda eru samhæfð og örugg viðbrögð utanríkisþjónustunnar við umfangsmiklum neyðartilvikum erlendis eitt af meginmarkmiðum borgaraþjónustunnar.

Eðli máls samkvæmt mæðir mest á sendiskrifstofum og ræðismönnum á þeim stöðum þar sem Íslendingar eru fjölmennir. Það á einkum við í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og á Spáni. Ísland starfrækir sendiráð á Norðurlöndunum en starfrækir ekki sendiskrifstofu á Spáni og treystir borgaraþjónustan því mjög á aðstoð ellefu kjöræðismanna Íslands þar í landi. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð búa ríflega 30 þúsund Íslendingar sem reglulega nýta sér þjónustu sendiráða. Meðal helstu verkefna sem sendiráðin sinna þar eru vegabréfumsóknir, prófyfirseta, útgáfa lífsvottorða, auk aðstoðarmála sem geta meðal annars varðað heimferðaraðstoð, andlát, barnaverndarmál, dánarbú, dómsmál, sakamál og málefni fanga. Auk þessa berst sendiráðunum reglulega mikill fjöldi fyrirspurna, til dæmis um áritunarmál, lífeyris- og skattamál, auðkenni og rafræn skilríki, til viðbótar við upplýsingagjöf um stjórnsýslu í hverju ríki fyrir sig.

Brotflutningur íslenskra ríkisborgara frá Ísrael


Umfangsmesta mál borgarabjónustunnar á árinu 2023 var brottflutningur íslenskra ríkisborgara frá Ísrael í október 2023. Í kjölfar árásar Hamas-samtakanna á Ísrael 7. október 2023 röskuðust flugsamgöngur til og frá Ísrael og við það urðu rúmlega 120 íslenskir ferðamenn strandaglópar. Utanríkisráðherra ákvað því að senda farþegaflugvél á vegum íslenska ríkisins til að ferja Íslendingana heim. Laus pláss voru einkum boðin ríkisborgurum Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Hópurinn var af öryggisástæðum fluttur til Amman í Jórdaníu, þaðan sem farþegaflugvél á vegum íslenska ríkisins, með tveimur fulltrúum utanríkisráðuneytisins og einum bráðataækni ásamt áhöfn, flaug með hópinn til Íslands 9. október. Hópurinn samanstóð af 126 Íslendingum, fjórum Norðmönnum, fimm Færeyingum og tólf manna þýskum skólahópi. Íslenska ríkið stóð straum af kostnaðinum. Hópurinn lenti á Keflavíkurflugvelli aðfaranótt 10. október.



| Farþegaflugvél á vegum íslenska ríkisins sótti hópinn til Amman.

Íslendingar erlendis 2023

Samtals: 49.843



● Í löndum þar sem Ísland starfrækir sendiskrifstofu: 44.546

● Í löndum þar sem Ísland starfrækir ekki sendiskrifstofu: 4.030

* Samkvæmt tölum Þjóðskrár Íslands frá 14. desember 2023 um fjölda íslenskra ríkisborgara sem búsett eru erlendis.

5.2 Schengen-áritanamál

Ísland hefur verið aðili að Schengen-samningnum og samstarfi á grundvelli hans frá árinu 2001. Samstarfið felur meðal annars í sér sameiginlega landamæravörslu, afgreiðslu umsókna um samræmdar Schengen-vegabréfsáritanir ásamt útgáfu áritana sem veita handhöfum heimild til skemmri dvalar í þeim 27 ríkjum sem eiga aðild að samningnum. Miðlæg deild áritana í utanríkisráðuneytinu afgreiðir áritanir frá Bandaríkjunum, Bretlandi og Indlandi. Sendiráð Íslands í Peking sér þó um að afgreiða umsóknir frá Kína. Á öðrum stöðum hafa verið gerðir fyrirsvarssamningar við tíu ríki um útgáfu vegabréfsáritana fyrir hönd Íslands. Á grundvelli slíkra samninga má sækja um vegabréfsáritun til Íslands í um 120 borgum víðsvegar um heim.

Utanríkisþjónustan afgreiddi yfir 22 þúsund áritanir á árinu 2023. Fjöldinn þrefaldaðist frá fyrra ári og hefur aldrei verið meiri. Aukna afkastagetu má einkum rekja til aukinnar reynslu starfsfólks, bættrar þjálfunar, straumlínulagaðs umsóknarferlis og skilvirkari vinnslu umsókna sem sett var í forgrunn á árinu. Þetta endurspeglast einkum í fjölda afgreiddra umsókna frá Bandaríkjunum, Bretlandi og Indlandi. Útgáfa áritana fór af stað á ný í sendiráði Íslands í Peking en starfsemin hafði legið niðri frá árinu 2020 vegna COVID-19 heimsfaraldursins. Veldisvöxtur varð í fjölda umsókna frá Kína árið 2023 og yfir ellefu þúsund umsóknir afgreiddar í kjölfar ákvörðunar kínverskra stjórnvalda í mars að heimila ferðir til Íslands, einna fyrst ríkja. Þá voru áætlanir um afnám fyrirsvars Danmerkur í borgunum Shanghai og Guangzhou settar í framkvæmd í maí 2023, sem hafði í för með sér stórauðinn fjölda umsókna til Íslands. Á móti kemur að starfsemi sendiráðs Íslands í Moskvu var lögð niður 1. ágúst 2023. Síðan þá hafa áritanir frá Rússlandi ekki verið afgreiddar.

Áritanir 2023

Sendiráð	2021	2022	2023
London	798	2.098	3.057
Nýja Delí	927	1.864	2.993
Moskva	164	199	40
Peking	28	83	11.056
Washington	845	3.458	4.923
Samtals	2.762	7.702	22.069

Samningar við þjónustufyrirtækið VFS Global, sem hefur umsjón með undirbúningi og móttöku umsókna um áritanir, voru endurnýjaðir á árinu 2023. Með þeim var þjónusta við umsækjendur bætt. Þeir geta nú fylgst með því hvar umsókn þeirra er stödd í áritanaferlinu á rafrænan hátt.


Þá var starfshópur um framkvæmd áritanamála í sendiráðum Íslands settur á laggirnar. Hlutverk starfshópsins, sem skipaður er af fulltrúum frá utanríkisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og menningar- og viðskiptaráðuneyti, er að meta skilvirkni núverandi framkvæmdar áritanamála í sendiráðum Íslands og skoða þær forsendur sem búa að baki æskilegum hámarksfjölda útgefna vegabréfsáritana. Áætlað er að starfshópurinn skili skýrslu þess efnis á fyrsta ársfjórðungi ársins 2024.

5.3 Upplýsingamál

Utanríkisráðuneytið hefur líkt og aðrar opinberar stofnanir ríka upplýsingaskyldu gagnvart almenningi. Upplýsingastefna stjórnvalda, sem og upplýsingastefna utanríkisþjónustunnar, liggur til grundvallar upplýsingamiðlun ráðuneytisins sem miðar að því að auka gagnsæi og aðgang almennings að skýrum, traustum og áreiðanlegum upplýsingum í samræmi við upplýsingalög.

Helsti vettvangur utanríkisráðuneytisins til kynningar á starfsemi og yfirstandandi verkefnum er með fréttatilkynningum á vef. Alls birtust 264 fréttatilkynningar á vef ráðuneytisins árið 2023, þar af 51 á ensku. Ráðuneytið notar þar að auki samfélagsmiðla í auknum mæli til þess að koma utanríkisstefnu Íslands, tilkynningum frá ráðuneytinu, fréttum og fróðleik á framfæri við almenning.

Upplýsingamál í tölum



Ráðuneytið á frumkvæði að því að birta eftir föngum tiltækar upplýsingar um starfsemi sína sem eiga erindi við almenning. Á árinu 2023 var til að mynda sett upp sérstök upplýsingasíða um afstöðu Íslands og mannúðaraðstoð vegna átakanna sem brutust út fyrir botni Miðjarðarhafs í kjölfar hryðjuverkaárásar Hamas á Ísrael 7. október. Á síðunni er að finna upplýsingar um afstöðu Íslands, yfirlit yfir þá mannúðaraðstoð sem Ísland hefur veitt vegna ástandsins og ræður og ályktanir sem Ísland hefur flutt eða tekið undir á vettvangi alþjóðastofnana. Ráðuneytið heldur sömuleiðis út sambærilegri síðu um stefnu og viðbrögð íslenskra stjórnvalda vegna innrásar Rússlands í Úkraínu.



| Fjölmiðlafólk sýndi leiðtogafundi Evrópuráðsins í Reykjavík mikinn áhuga.

Utanríkisráðuneytið miðlar upplýsingum um þróunarsamvinnu og tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi þar um. Þá hefur utanríkisráðuneytið um árabíl haldið úti sérstakri upplýsingaveitu um þróunarsamvinnu og mannúðarmál undir heitinu Heimsljós og þar birtust 159 fréttir á árinu 2023. Einnig er vert að nefna þátttöku utanríkisráðuneytisins í alþjóðlegu samstarfi er varðar viðbrögð við upplýsingaóreiðu og dreifingu falsfrétta. Utanríkisráðuneytið sér jafnframt um að koma boðum og leiðbeiningum hratt og örugglega til íslenskra borgara sem eru staddir erlendis þar sem hættuástand skapast, til dæmis vegna náttúrhamfara eða hryðjuverka í náninni samvinnu við sendiskrifstofur Íslands.

Árið 2023 bárust utanríkisráðuneytinu 1.063 almennar fyrirspurnir, samanborett við 1.350 frá árinu áður. Að auki bárust ráðuneytinu um 800 erindi frá almenningi vegna átakanna fyrir botni Miðjarðarhafs. Ráðuneytið svaraði 318 skriflegum fyrirspurnum frá fjölmiðlum á árinu 2023, bæði innlendum og erlendum, og þá eru ótaldar óformlegar fyrirspurnir sem svarað var eftir öðrum leiðum.

Miðlun upplýsinga og skipulag fjölmiðlamiðstöðva í tengslum við leiðtogafund Evrópuráðsins, sem haldinn var í Reykjavík dagana 16. til 17. maí 2023, var afar umsvifamikill verkefni. Í upphafi þótti ljóst að áhugi fjölmiðla, bæði innlendra

og erlendra, yrði mikill, bæði vegna stærðar fundarins og fjölda þjóðarleiðtoga sem hann myndu sækja, en alls skráðu um 350 fjölmiðlamenn sig til þátttöku á fundinum. Upplýsingasíða fyrir fjölmiðla var sett á vef ráðuneytisins þar sem praktískar upplýsingar á borð við skráningu fjölmiðla, fjölmiðlamiðstöðvar, dagskrá fundarins og möguleika á viðtölum og ljósmyndatækifærum var meðal annars að finna. Í aðdraganda fundarins var haldinn einn upplýsingafundur með skráðum fjölmiðlum þar sem farið var yfir markmið fundarins, dagskrá og önnur praktísk málefni. Þá var einnig lögð áhersla á innlenda upplýsingagjöf vegna götulokana og áhrifa fundarins á daglegt líf borgarbúa. Haldnir voru tveir íbúafundir í miðborginni með íbúum og rekstraráðilum á svæðinu, auk þess sem upplýsingasíða um götulokanirnar var sett á vefinn á íslensku, ensku og pólsku. Stór þáttur í undirbúningi upplýsingateymis var síðan skipulag á fjölmiðlamiðstöðvunum þar sem tryggja þurfti aðgengi fjölmiðlafólks að viðeigandi vinnuástöðu sem og skipulag í tengslum við aðgengi fréttamanna og ljósmyndara að einstökum dagskrárlíðum fundarins. Að lokum þurfti að tryggja mönnun í fjölmiðlamiðstöðvunum og voru upplýsingafulltrúar annarra ráðuneyta Stjórnarráðsins, sem og starfsfólk frá Íslandsstofu, ráðuneytinu innan handar á sjálfum fundinum.



Amina J. Mohammed, varaframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, tók þátt í friðarráðstefnu sem haldin var í samstarfi Höfða friðarseturs og formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni.


Utanríkisráðuneytið ber ábyrgð á vöktun umræðu um land og þjóð í erlendum fjölmiðlum, bregst við umfjöllun þegar tilefni er til og miðlar upplýsingum með framvirkum hætti í málum sem tengjast stöðu og orðstír Íslands og stefnu stjórnvalda eftir því sem þörf krefur. Auk leiðtoga fundarins fjölluðu flestar erlendar fréttir um Ísland á árinu 2023 um hvalveiðar og jarðhræringar og eldgos á Reykjaneskaga. Utanríkisráðuneytið var Almannaáhrifum innan handar við að svara fyrirspurnum erlendra fjölmiðla vegna jarðhræringa og síðar eldgoss á Reykjanesi í lok árs og var sett upp upplýsingasíða á enskan vef Stjórnarráðsins þar sem algengum spurningum var svarað. Þegar viðbragðsáætlun stjórnvalda og ferðaþjónustunnar var virkjuð, og Ferðamálastofa opnaði í kjölfarið fjölmiðlamiðstöð fyrir erlenda fjölmiðla, tók Ferðamálastofa að mestu yfir þessi samskipti.

Utanríkisráðuneytið hefur um árabíl átt í góðu samstarfi við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands sem miðar að því að stuðla að aukinni umræðu um utanríkismál hér á landi. Árið 2023 stóð Alþjóðamálastofnun, í samstarfi við utanríkisráðuneytið og fleiri samstarfsaðila, meðal annars að tveimur árlegum ráðstefnum, annars


vegar um tækifæri og áskoranir Íslands í utanríkismálum og hins vegar árlegri friðarráðstefnu sem að þessu sinni var haldin í tengslum við formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni. Auk þess var á grundvelli þessa samstarfs efnt til ýmissa funda um alþjóðamál, gjarnan í tengslum við komu erlendra gesta hingað til lands. Nýverið var skrifað undir nýjan samstarfssamning við Alþjóðamálastofnun og gildir hann út árið 2025.

Undanfarin ár hefur ráðuneytið fengið Maskínu til þess að kanna viðhorf Íslendinga til alþjóðasamstarfs. Þessar kannanir hafa ítrekað sýnt fram á að Íslendingar eru mjög jákvæðir í garð alþjóðlegrar samvinnu. Yfirgnæfandi meirihluti landsmanna, eða 84,8 prósent, segir til að mynda miklu máli skipta að Ísland hafi gott orðspor í alþjóðasamfélaginu. Þá segja 72,5 prósent þátttöku Íslands í alþjóðasamvinnu styrkja fullveldi Íslands og 76,8 prósent telja hagsæld Íslands að miklu leyti byggjast á alþjóðlegum viðskiptum. Rúmur helmingur þeirra sem svaraði könnuninni á síðasta ári sagðist hafa miklar áhyggjur af þróun alþjóðamála, eða 55,6 prósent, en einungis 9 prósent sögðust hafa litlar áhyggjur.


Finnst þér skipta miklu eða litlu máli að Ísland hafi gott orðspor í alþjóðasamfélaginu?




Að hve miklu eða litlu leyti telur þú að hagsæld Íslands byggi á alþjóðlegum viðskiptum?



Telur þú að þátttaka Íslands í alþjóðasamvinnu veiki eða styrki fullveldi Íslands?



Hefur þú miklar eða litlar áhyggjur af þróun alþjóðamála?



6 Rekstur utanríkis- þjónustunnar



Undir rekstur utanríkisráðuneytisins falla tvö málefnasvið, annars vegar 04 Utanríkismál, sem skiptist í fjóra málaflokka; 4.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála; 4.20 Utanríkisviðskipti; 4.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál; og 4.50 Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs og hins vegar 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna en undir það svið fellur einn málaflokkur 35.10 Þróunarsamvinna.

Að teknu tilliti til gengisleiðréttinga, verðbóta og yfirfærslu fjárheimilda námu heildarframlög til málefnasviða utanríkisráðuneytisins á fjárlögum fyrir árið 2023 samtals 29.673 m.kr., 16.786 m.kr. til málefnasviðs 04 og 12.887 m.kr. til málefnasviðs 35.

Í samþykktum fjárukalögum fyrir 2023 var fjárheimild fyrir málefnasvið ráðuneytisins aukin um 1.220 m.kr sem kom til vegna endurgreiðslu kostnaðar sem féll á Danmörku vegna útgáfu Schengen-áritana til Íslands á árinu 2019 samkvæmt fyrirvarssamningi, kaupa á færanglegu neyðarsjúkrahúsi fyrir Úkraínu í samræmi við ályktun Alþingis nr. 18/153 frá 31.maí 2023 og vegna aukinnar mannúðaraðstoðar til íbúa Gaza vegna stríðsátaka á svæðinu.


Í samþykktum fjárlögum fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir að heildarfjárheimild málefnasviðs 04 Utanríkismál lækki um 945,5 m.kr. frá fjárlögum 2023 eða um 5,6% í 15.840 m.kr., að teknu tilliti til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum.

Framlög til málaefnasviðs 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna hækka í samþykktum fjárlögum 2024 um 1.981 m.kr. í samræmi við markmið um hlutfall af vergum þjóðartekjum en lækka um 1.276 m.kr. vegna hækkunar á áætluðum útgjöldum vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd. Að meðtalinni sérstakri fjárveitingu að upphæð 1.000 m.kr. til mannúðar- og uppbyggingarstarfs í Úkraínu er gert ráð fyrir að heildarfjárheimild málefnasviðsins verði 13.106,8 m.kr. fyrir árið 2024.

Heildarfjárheimild utanríkisráðuneytisins á fjárlögum 2024 nema því um 28.950 m.kr. eða um 2,1% af A-hluta fjárlaga. Hlutfall framlaga til aðalskrifstofu, þýðingarmiðstöðvar, sendiskrifstofa (4.10) og Íslandsstofu (4.20) nema samtals um 8,3 mö.kr. eða um þriðjungi af framlögum til málaflokkanna. Framlög til öryggis- og varnarmála (4.30) nema 5,0 mö.kr. og framlög til fjölþjóðasamstarfs Íslands (4.50) nema um 2,6 mö.kr en að viðbættum framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu nema framlög til þeirra verkefna um 14,7 mö.kr eða rúmlega helmingi af heildarframlögum sem falla undir ráðuneytið.


Ítarlegar upplýsingar og lokauppgjör fyrir málefnasvið utanríkisráðuneytisins verður birt síðar í ársskýrslu utanríkisráðherra skv. 62.gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál. Einnig er nánar fjallað um málaflokkana í fjárlögum og í fjármálaáætlun.

Skipting framlaga Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu 2023



* Bráðabirgðatölur. Uppgjöri vegna ársins 2023 var ekki lokið við útgáfu. Tölur í m.kr.

Útgjöld til utanríkismála 2023



Í árslok 2023 störfuðu í utanríkisráðuneytinu um 300 starfsmenn að meðtöldum tímabundið ráðnum starfsmönnum og staðarráðnum starfsmönnum á sendiskrifstofum Íslands erlendis. Ríflega helmingur starfar hér á landi. Í utanríkisráðuneytinu er unnið samkvæmt jafnréttisáætlun Stjórnarráðs Íslands og sérstakri framkvæmdaáætlun ráðuneytisins í jafnréttismálum. Kynjahlutfall starfsmanna er nokkuð jafnt í hópi yngri háskólamenntaðra fulltrúa og hafa ráðningar verið eftir því. Kynjahlutfall allra starfsmanna er 62% konur á móti 38% karla. Í yfirstjórn ráðuneytisins ríkir kynjajafnvægi. Þá veita forstöðu sendiskrifstofum sextán karlar og níu konur. Ráðuneytið er jafnlaunavottað samkvæmt íslenska jafnlaunastaðlinum ÍST 85. Óútskýrður launamunur var innan við 1% sem er með því besta sem gerist.

Í upphafi árs 2024 starfrækti Ísland 25 sendiskrifstofur í 21 landi sem skiptast í sendiráð, fastanefndir og aðalræðisskrifstofur. Fyrirkomulag rekstrar utanríkisráðuneytisins, þar sem sendiskrifstofur Íslands og aðalskrifstofa ráðuneytisins eru reknar sem ein heild með sameiginlegri stoðþjónustu, hefur reynst hagkvæmt og leitt til betri nýtingar fjármuna og skýrari yfirsýnar yfir reksturinn.

Starfsemi ráðuneytisins hefur á undanförunum árum rúmast í tveimur byggingum við Rauðarárstíg 25 og 27. Ákveðið var á árinu 2022 að flytja starfsemi ráðuneytisins í nýbyggingu í Norðurhúsi við Austurhöfn. Stefnt er að flutningum á þessu ári. Ráðgert er að utanríkisráðuneytið

verði staðsett á 1., 3. og 4. hæð hússins. Auk þess verður þriðjungur starfsemi ráðuneytisins í sérrými á móti fyrstu hæð hússins.

Á árinu 2023 var lagður grunnur að innleiðingu á Örk, nýju mála- og skjalastjórnunarkerfi ráðuneytisins sem tekið var í notkun á fyrra hluta þessa árs. Þá var sökum skilvirknissjónarmiða ákveðið að breyta núverandi skipulagi vegna móttöku erinda sem send eru ráðuneytinu með tölvupósti. Í uppfærðu skipulagi er ábyrgð á skráningu slíkra erinda færð á hendur einstakra fagskrifstofa. Einnig var tekin sú ákvörðun í lok árs 2022 að afþakka, að meginstefnu til, orðsendingar á pappírformi frá erlendum sendiskrifstofum. Þetta var gert bæði í þágu grænna skrefa sem og aukinnar skilvirkni á sviði stafrænnar skjalavörslu.

Rík áhersla er lögð á að sendiskrifstofur séu ætíð starfhæfar þótt samband við Ísland kunni að rofna. Haldið er úti neyðarþjónustu allan sólarhringinn fyrir alla utanríkisþjónustuna á vegum tölvu- og tæknideildar ráðuneytisins en einungis eru tvær klukkustundir á hverjum sólarhring sem lokað er á öllum starfsstöðvum utanríkisþjónustunnar. Nokkrum stórum tæknilegum innleiðingarverkefnum var ýtt úr vör á árinu 2023. Lokið var innleiðingu Teams-símkerfis á aðalskrifstofu ráðuneytisins og í kjölfar þess hófst vinna við innleiðingu sama kerfis á sendiskrifstofum. Innleiðing á nýjum túlkunarbúnaði á árinu 2023 gekk vel og nýtist búnaðurinn vel á alþjóðlegum fundum höldnum hér á landi.

Sendiskrifstofur

Hannes Heimisson, sendiherra Íslands í Varsjá, afhendir Volodymyr Zelensky
Úkraínuforseta trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands gagnvart Úkraínu.



25
sendi-
skrifstofur í

21
landi

206
kjörræðismenn
Íslands í

100
ríkjum




7.1 Sendiskrifstofur Íslands

Ísland á í stjórn málasambandi við 193 ríki. Sendiskrifstofur Íslands annast samskipti við 77 ríki og sjálfstjórnarsvæði auk 23 stofnana en ráðuneytið annast formleg samskipti við önnur ríki og stofnanir.

Í upphafi árs 2024 starfrækti Ísland 25 sendiskrifstofur í 21 landi sem skiptast í sendiráð, fastanefndir gagnvart alþjóðastofnunum og aðalræðisskrifstofur. Í ársbyrjun 2023 voru sendiskrifstofurnar 27 en um mitt ár var starfsemi sendiráðs Íslands í Moskvu lögð niður í kjölfar ólögmetrar innrásar Rússa í Úkraínu. Starfsemi aðalræðisskrifstofunnar í New York var sömuleiðis lögð niður í hagræðingarskyni. Í forsetaúrskurði frá 2022 um staðsetningu sendiráða, fastanefnda og aðalræðisskrifstofa Íslands er meðal annars kveðið á um að opna skuli sendiráð í Freetown í Síerra Leóne og var sendiráðið opnað formlega 2. maí 2024.

Alls afhentu sendiherrar Íslands þjóðhöfðingjum tólf ríkja trúnaðarbréf á árinu 2023.


Ísland var í lok árs með 206 ólaunaða kjörræðismenn í um 100 ríkjum. Lögð er rík áhersla á að viðhalda neti kjörræðismanna og fjölga þeim eftir því sem kostur er. Árið 2023 voru átta nýir kjörræðismenn skipaðir og fimm létu af störfum. Ráðuneytið skipuleggur á nokkurra ára fresti ráðstefnu fyrir kjörræðismenn Íslands, síðast árið 2019 og er næsta áætluð haustið 2024. Ráðstefnan er vettvangur til að kynna áherslumál Íslands í alþjóðasamstarfi, í markaðs- og kynningarmálum, menningarmálum og til að stilla saman strengi, ekki síst á vettvangi borgarþjónustu.



Sendiskrifstofur Íslands

Íslendingar í umdæmislöndum sendiskrifstofa¹	48.567	97,4%
þar af í gistiríkjum sendiskrifstofa	44.546	89,4%
Önnur lönd og ótilgreint	1.276	2,6%
Utanríkisviðskipti við gistiríki sendiskrifstofa²		
Vöruútflutningur (2023)	467.589	49,9%
Vöruinnflutningur (2023)	875.527	67,0%
Þjónustuútflutningur (2022)	595.508	78,4%
Þjónustuinnflutningur (2022)	346.693	61,6%
Starfsmenn	161	100,0%
Útsendir diplómatar	67	41,6%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	7	4,3%
Aðrir staðarráðnir	76	47,2%
Útsend, önnur ráðuneyti	11	6,8%
Rekstrarkostnaður sendiskrifstofa³	4.496	100,0%
þar af sameiginlegur kostnaður	500	11,1%
þar af tæki og búnaður	56	1,2%
þar af viðhald fasteigna	30	0,7%

Fjárhæðir í töflum sendiskrifstofa eru í milljónum króna.



1 Fjöldi íslenskra ríkisboga sem var búsettur í viðkomandi löndum 14. desember 2023 skv. tölum Þjóðskrár og hlutfall þeirra af heildarfjölda íslenskra ríkisborgara með búsetu erlendis.

2 Utanríkisviðskipti við þau lönd þar sem Ísland er með sendiskrifstofur og hlutfall þeirra viðskipta af heildar utanríkisviðskiptum Íslands í viðkomandi flokki. / Heimild: Hagstofan 04.04.2024.

3 Talan felur í sér heildarkostnað við rekstur sendiskrifstofa (auk fastanefnda og aðalræðisskrifstofa) sem fjármagnaðar eru með framlögum til málaflokks 04.10 (Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála) auk málefnafráviðs 35 (Alþjóðleg þróunarsamvinna). Talan felur einnig í sér sameiginlegan kostnað sem fellur til vegna sendiskrifstofa. Hlutfall einstakra skrifstofa í kostnaði tekur mið af þessu í töflunum hér á eftir.

Sendiráð í Berlín

Orkumál, grænar lausnir og norrænt samstarf

Sendiráð Íslands í Berlín beindi sjónum sínum í auknum mæli að orkumálum, grænum lausnum og norrænu samstarfi á síðasta ári. Sendiráðið stóð meðal annars fyrir ráðstefnu í samvinnu við Íslandsstofu um aukið samstarf Íslands og Þýskalands á sviði orkumála þar sem orkumálaráðherrar ríkjanna tóku þátt ásamt fjölda stjórnenda og starfsmanna íslenskra og þýskra fyrirtækja og stofnana.

Sendiherra Íslands var viðstaddur ásamt kanslara Þýskalands þegar jarðhitaveita í Schwerin var tekin í gagnið og Norðurlöndin skipuðu sérstakan sess á þýsku jarðhitaráðstefnunni á síðasta ári. Í tilefni af veitingu markaðsverðlaunanna Charge Energy Awards, sem veitt eru fyrirtækjum í orkugeiranum, var efnt til viðburðar í íslenska sendiráðinu. Þá tóku fulltrúar sendiráðsins þátt í nokkrum viðburðum til viðbótar á sviði jarðhita.


Forsætisráðherra fundaði með kanslara Þýskalands á árinu 2023 og tók þátt í viðburði á vegum hugveitunnar Körber-Stiftung ásamt fjölda þýskra þingmanna. Þá sótti utanríkisráðherra öryggisráðstefnuna í München. Matvælaráðherra heimsótti Þýskaland tvívegis og tók þátt í matvæla- og landbúnaðarsýningunni Grænni viku og sótti málstofu í Bremerhaven um framtíð matvæla-geirans. Menningar- og viðskiptaráðherra tók þátt í ferðakaupstefnunni ITB í Berlín og Eliza Reid forsetafrú sótti heimsleika fatlaðra ásamt mennta- og barnamálaráðherra.

Í ljósi formennsku Íslands á norræna sendiráðssvæðinu í Berlín annaðist sendiráðið skipulagningu fjölbreyttra norrænna viðburða í samvinnu við hin Norðurlöndin á liðnu ári, meðal annars á sviði jafnréttismála, efnahagsmála, norðurslóða auk norrænnar sýningar um þungarokk. Menningarhátíðin Taste of Iceland var haldin í annað skipti í Þýskalandi. Sendiráðið lagði einnig áherslu á menningu og skapandi greinar á viðburðum sínum. Sýningin Hliðstæðar Víddir II var sett upp í Felleshús þar sem verk fjölmargra íslenskra listamanna voru til sýnis. Þá hélt samstarf áfram við KÍM, Íslandsstofu og Gallerí Guðnýjar Guðmundsdóttur um kynningu á íslenski myndlist í sendiherrabústaðnum. Þar að auki sýndu Anna Júlía Friðbjörnsdóttir og RAX verk sín í Þýskalandi og Erna Ómarsdóttir stóð fyrir sviðslistaviðburði í Berlín. Víkingur Heiðar hélt tónleika í sendiherrabústaðnum sem vöktu lukku líkt og fjöldi annarra viðburða með íslenskum rithöfundum, meðal annars á bókmenntahátíðinni í Köln þar sem Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og rithöfundurinn Ragnar Jónasson tóku þátt.

Sendiherra afhenti trúnaðarbréf í Tékklandi og sendiráðið sat ársfund Uppbyggingarsjóðs EES þar í landi.

Íslendingar í umdæmisríkjum	1.896	3,8%
þar af í Þýskalandi	1.845	3,7%
Viðskipti við Þýskaland		
Vöruútflutningur (2023)	44.735	4,8%
Vöruinnflutningur (2023)	115.569	8,8%
Þjónustuútflutningur (2022)	62.139	8,2%
Þjónustuinnflutningur (2022)	30.032	5,3%
Starfsmenn	8	5,0%
Útsendir diplómatar	3	1,9%
Staðarráðnir viðskiptafultrúar	1	0,6%
Aðrir staðarráðnir	4	2,5%
Rekstrarkostnaður	188	4,2%

Umdæmisríki: Þýskaland og Tékkland.



Sendiráð í Brussel

Aukin fríverslun með fisk og fleiri snertifletir í alþjóðasamstarfi við ESB

Virk hagsmunagæsla af Íslands hálfu í Brussel hvílir fyrst og fremst á herðum sendiskrifstofunnar þar. Sá mikilvægi áfangi náðist á síðasta ári að öll ráðuneytin eiga þar fulltrúa en það er lykilatriði til að sendiráðið geti sinnt þessu hlutverki af þeirri kostgæfni sem það krefst. Með því móti skapast tækifæri til að fá heildaryfirsýn yfir þau mál sem eru í vinnslu, forgangsraða þeim á skilvirkan hátt og koma sjónarmiðum Íslands á framfæri meðan gerðir eru enn í mótun. Það sýndi sig vel hversu miklu máli það skiptir að greina snemma hvernig löggjafaráform framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (ESB) geta snert íslenska hagsmuni þegar breytingar á viðskiptakerfi með losunarheimildir í flugi komu fram. Fyrir harðfylgi stjórnvalda öðluðust þær gildi á sama tíma alls staðar á evrópska efnahagssvæðinu um síðastliðin áramót að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna á Íslandi en samkomulag um það var innsiglað á fundi forsætisráðherra með forseta framkvæmdastjórnarinnar í Reykjavík 16. maí 2023.

Annað stórmál sem tókst að leiða farsælega til lykta á síðasta ári voru samningar um betri markaðsaðgang fyrir fisk og sjávarafurðir samhliða stofnun nýs Uppbyggingarsjóðs EES

fyrir tímabilið 2021-2028. Samhliða var undirrituð sameiginleg yfirlýsing um heildarendurskoðun á viðskiptakjörum við ESB sem verði lokið á samningstímanum.

Snertiflötum í alþjóðasamstarfi við ESB hefur fjölgað undanfarin ár. Sendiráðið hefur um árabil tekið þátt í reglulegu pólitísku samráði við ESB á vettvangi EES EFTA-ríkjanna um málefni Austur-Evrópu og Vestur-Balkanskaga, Austurlanda nær og Norður-Afríku. Á síðasta ári var einnig stofnað til tvíhliða samráðs við ESB um alþjóðleg öryggis- og varnarmál í kjölfar vinnukvöldverðar utanríkisráðherra með utanríkismálastjóra ESB sem haldinn verður árlega hér eftir. Í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins var EFTA-ríkjunum boðin þátttaka í neyðarnefndum sambandsins (IPCR) sem eru starfræktar í kringum sérstakar krísur, þar á meðal um Úkraínu og stríð Ísrael og Hamas. Ísland hefur þar að auki tekið fullan þátt í þvingunaraðgerðum ESB gegn Rússlandi.

Sendiráðið var með tímabundna viðveru í Hollandi í júní 2023 og starfrækti þar „pop-up“ sendiráð um vikutíma (sjá kafla 4.7). Tengslin sem mynduðust við hollenska stjórnkerfið og atvinnulífið í kjölfarið hafa nýst sendiráðinu vel.

Íslendingar í umdæmisríkjum 403 0,8%
þar af í Belgíu 321 0,6%

Viðskipti við Belgíu

Vöruútflutningur (2023) 8.274 0,9%
Vöruinnflutningur (2023) 19.982 1,5%
Þjónustuútflutningur (2022) 17.533 2,3%
Þjónustuinnflutningur (2022) 9.858 1,8%


Starfsmenn

Útsendir diplómatar 20 12,4%
Aðrir staðarráðnir 4 2,5%
Útsendir, önnur ráðuneyti 10 6,2%
Starfsmemar 1 11,1%

Rekstrarkostnaður 449 10,0%

Umdæmisríki: Belgía, Holland, Lúxemborg og San Marínó.

Fjölþjóðasamstarf: Evrópusambandið.



Sendiráð í Helsinki

Finnland varð aðili að Atlantshafsbandalaginu

Finnland tók það mikilvæga skref á árinu 2023 að verða fullgildur aðili að Atlantshafsbandalaginu. Þetta eru stór tíðindi í pólitískri sögu Evrópu og hafði aðildin talsverð áhrif á starfsemi sendiráðsins í Helsinki. Innrásarstríð Rússlands í Úkraínu hefur vikið sjónum meira að þeim fjórum ríkjum sem eru í umdæmi sendiráðsins í Helsinki, Finnlandi, Eistlandi, Lettlandi og Litáen. Þessi ríki eiga öll landamæri að Rússlandi og hefur þónokkur pólitískur styr staðið um þau. Það þótti því við hæfi að leiðtogafundur bandalagsins væri haldinn í Vilnius í Litáen þar sem forsætisráðherra og utanríkisráðherra tóku þátt.

Í kjölfar breyttrar heimsmyndar og aðildar Finna að Atlantshafsbandalaginu hefur enn frekari áhersla verið lögð á samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja (NB8) enda fjögur ríkjanna í umdæmi sendiráðsins. Starf sendiráðsins tekur mið af því og fer meiri tími en áður í undirbúning fundu með þátttöku fulltrúa Íslands. Einnig eru fleiri viðburðir og fundir með ráðherrum og háttsettum embættismönnum í Eystrasaltsríkjunum þar sem sendiherra tekur þátt.

Íslenskir ráðherrar sóttu oft umdæmislönd sendiráðsins heim á árinu 2023 og finnskir ráðherrar fóru til Íslands vegna formennsku

Íslands í Norrænu ráðherranefndinni, meðal annars nýr forsætisráðherra Finnlands, Petteri Orpo. Lettar voru í formennsku NB8-samstarfsins og utanríkisráðherra sótti fundi á þeim vettvangi. Ráðherra fór í vinnuheimsókn til Eistlands þar sem formlega var ýtt úr vör færnanlegu sjúkrahúsi sem Ísland gaf Úkraínu í samstarfi við Eistland. Ráðherra norrænna samstarfsmála sótti Álands-eyjar heim, mennta- og barnamálaráðherra heimsótti Lettland og tók þar meðal annars þátt í formlegri opnun barnahúss að íslenskrir fyrirmynd.

Sendiráðið skipulagði viðburði með íslenskum fyrirtækjum. Þar bar hæst sprota- og tækniráðstefnuna Slush, þar sem yfir 60 íslensk fyrirtæki tóku þátt, og þrjá tengslaviðburði sem skipulagðir voru af sendiráðinu í samstarfi við Íslandsstofu. Mikið var um að vera í menningarmálum, meðal annars þátttaka í Helsinki Design Week; íslenskar kvikmyndir voru sýndar á kvikmyndahátíðum og rithöfundar tóku þátt í spjalli. Sinfóníuhljóm-sveit Helsinki flutti verk eftir íslenskt tónskáld og sendiráðið opnaði sjö myndlistarsýningar í Gallerie Käytävä í sendiráðsbústaðnum. Ræðismaður Íslands í Vilnius opnaði tvær íslenskar myndlistarsýningar og ræðismaðurinn í Ríga hélt tónleika í tilefni af formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni.

Íslendingar í umdæmisríkjum 403 0,8%
 Þar af í Finnlandi 321 0,6%

Viðskipti við Finnland


Vöruútflutningur (2023) 1.661 0,2%
 Vöruinnflutningur (2023) 13.307 1,0%
 Þjónustuútflutningur (2022) 5.007 0,7%
 Þjónustuinnflutningur (2022) 4.265 0,8%

Starfsmenn

Útsendir diplómatar 5 3,1%
 Staðarráðnir viðskiptafulltrúar 1 0,6%
 Aðrir staðarráðnir 3 1,9%
 Starfsmenn 1 11,1%

Rekstrarkostnaður 133 3,0%

Umdæmisríki: Finnland, Eistland, Lettland og Litáen.



Sendiráð í Kampala

Samvinna í skugga hinsegin laga

Löggjöf gegn hinsegin fólki sem stjórnvöld í Úganda samþykktu vorið 2023 hefur varpað dimmum skugga yfir samstarf við framlagsríki og alþjóðastofnanir. Þótt löggjöfin hafi víða verið fordæmd hafa Ísland og líkt þenkjandi ríki haldið áfram verkefnum í Úganda og staðið þannig við skuldbindingar við fátækt fólk. Um leið hefur Ísland aukið stuðning við mannréttindasamtök sem meðal annars berjast fyrir réttindum hinsegin fólks í þessum heimshluta.

Sem fyrr liggur þungi starfsemi sendiráðsins í fjölþættum verkefnum á sviði þróunarsamvinnu í tveimur héruðum, Buikwe og Namayingo, með áherslu á fátæk fiskimannasamfélög. Helsta markmiðið er að stuðla að bættum lífskjörum, annars vegar með því að bæta aðgang þeirra að heilnæmu vatni og bættri hreinlætisaðstöðu og hins vegar uppbyggingarstarfi í skólum fyrir börn og unglinga. Fyrsta áfanga samstarfsins við Namayingo lauk um áramótin en næsti áfangi nær yfir tímabilið 2024-2027. Yfirstandandi verkefnastöð í Buikwe lýkur 2025.


Mannréttindi, kynjajafnrétti og umhverfis- og loftslagsmál eru þverlæg áhersluatriði í allri þróunarsamvinnu Íslands og verkefni sem Ísland styður taka í vaxandi mæli mið af því. Í Buikwe hófust framkvæmdir við athvarf fyrir þolendur

kynbundins ofbeldis og kynferðisofbeldis á liðnu ári og á árinu 2024 er stefnt að uppbyggingu tveggja fiskmarkaða með efnahagslega valdeflingu kvenna að leiðarljósi. Í Namayingo er hafið verkefni í samvinnu við Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) um aðgerðir gegn fæðingarfistli. Bætist Úganda þar með í hóp hinna samstarfslanda Íslands í Afríku þar sem unnið er að bættu kyn- og frjósemisheilbrigði með sama hætti.

Bæði samstarfshéruð Íslands í Úganda vinna með ýmsum hætti eftir aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem Ísland styður við í vaxandi mæli. Þá tekur Ísland þátt í fjármögnun á orkusparandi eldunaraðstöðu í 74 skólum og gróðursetningu á 400 þúsund trjám í Karamoja í samstarfi við Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) en um er að ræða fátækasta svæði landsins.

Ekkert ríki Afríku tekur á móti jafnmörgum flóttamönnum og Úganda, í fyrra nam fjöldi þeirra um 1,5 milljónum. Ísland er bakhjarl verkefnis Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) um stuðning við flóttafólk og viðtökusamfélög þeirra í norðurhluta landsins á sviði vatns- og hreinlætismála, með áherslu á aðstöðu í skólum og heilbrigðisstofnunum.

Íslendingar í umdæmisríkjum	4	0,01%
þar af í Úganda	4	0,01%
Viðskipti við Úganda		
Vöruútflutningur (2023)	0	0%
Vöruinnflutningur (2023)	24	0,002%
Þjónustuútflutningur (2022)	4	0,0005%
Þjónustuinnflutningur (2022)	118	0,02%
Starfsmenn	8	5,0%
Útsendir diplómatar	2	1,2%
Aðrir staðarráðnir	6	3,7%
Starfsmenn	2	22,2%
Rekstrarkostnaður	81	1,8%
Umdæmisríki: Úganda.		
Fjölþjóðasamstarf: Afríkusambandið.		



Sendiráð í Kaupmannahöfn

Menning í hávegum höfð

Íslensk menning nýtur jafnan mikillar hylli í Danmörku og þar sem landið er tvímælalaust mikilvægur markaður fyrir íslenska menningu var lögð sérstök áhersla á að styðja við skapandi greinar. Auk viðskiptahagsmuna liggja þar mikilvæg tækifæri til landkynningar. Sendiráðið tók þátt í fjölmörgum viðburðum en hæst ber að nefna veglega hönnunarsýningu sem sendiráðið setti á laggirnar í samvinnu við Hönnunarmiðstöð Íslands og hönnunarverslunina Epal. Aðkoma sendiráðsins á sviði myndlistar var þónokkur, má þar nefna opnun myndlistarsýningar Listvals í sendiráðinu, opnun á verkum Tolla í Davis Gallery og opnun glæsilegrar yfirlitssýningar á verkum Errós í ARoS-listasafninu í Árósum. Fjölmörg vel sótt bókmennta- og kvikmyndakvöld voru haldin í samvinnu við Norðurbryggju og Nordatlantisk Hus í Óðinsvéum. Í ljósi formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni stóð sendiráðið fyrir veglegri menningardagskrá við Nordens Hus á menningar-nótt í Kaupmannahöfn.

Á viðskiptasviðinu hélt sendiráðið áfram að efla tengslamyndun og samstarf á sviði nýsköpunar og átti þátt í að fá íslensk fyrirtæki til þátttöku í stærstu sprotaviðburðum Kaupmannahafnar, TechBBQ og Nordic Fintech Week í samstarfi við Íslandsstofu, Iceland Innovation Week og Fjárfæðingaskólinn. Sendiherra sótti Borgundarhólm,


Óðinsvé og Fredericia heim og hitti ræðismenn og kynnti sér fyrirtæki og viðskiptalíf. Sendiherra ávarpaði Norrænt útboðsþing Sameinuðu þjóðanna sem haldið var í Kaupmannahöfn í nóvember en þingið er gríðarmikilvægur vettvangur viðskipta.

Borgarþjónusta var sem áður einn umsvífamesti þáttur í starfi sendiráðsins. Í Danmörku eru búsettir um tólf þúsund Íslendingar en einnig leita til sendiráðsins fjölmargir Íslendingar búsettir í suðurhluta Svíþjóðar. Tekið er á móti tugum Íslendinga í viku hverri í vegabréfaafgreiðslu og auk þess berst sendiráðinu fjöldi fyrirspurna, fjöldi nemenda þreytir fjarpróf í sendiráðinu og misflókin aðstoðarmál koma upp. Fyrirspurnirnar eru margvíslegar og miskrefjandi en oft getur reynsla, tengslanet og staðarþekking starfsfólks haft afgerandi áhrif við úrlausn mála.

Pólítísk samskipti ríkjanna eru nán og traust og tekur sendiráðið í því sambandi jafnan þátt í fjölmörgum viðburðum og heimsóknum fulltrúa lands og þjóðar.

Nýr sendiherra afhenti Margréti Þórhildi Danadrottningu trúnaðarbréf sitt í september en umdæmi sendiráðsins nær einnig til Tyrklands og Ástralíu og býr sendiráðið að traustu neti ræðismanna í þessum ríkjum auk Danmerkur.

Íslendingar í umdæmisríkjum	12.543	25,2%
Þar af í Danmörku	11.971	24,0%
Viðskipti við Danmörk		
Vöruútflutningur (2023)	25.411	2,7%
Vöruinnflutningur (2023)	78.127	6,0%
Þjónustuútflutningur (2022)	29.548	3,9%
Þjónustuinnflutningur (2022)	35.945	6,4%
Starfsmenn	6	3,7%
Útsendir diplómatar	1	0,6%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	1	0,6%
Aðrir staðarráðnir	4	2,5%
Rekstrarkostnaður	140	3,3%
Umdæmisríki: Danmörk, Ástralía og Tyrkland.		



Sendiráð í Lilongwe

Trúverðug og árangursrík nálgun í tvíhliða þróunarsamvinnu


Tengsl Íslands og Malaví styrktust á árinu 2023 og ríkin fagna 35 ára samstarfsafmæli þróunarsamvinnu í ár. Utanríkisráðherra Malaví, Nancy Tembo, ásamt staðgengli heilbrigðisráðherra og framkvæmdastýru Mannréttindastofnunar Malaví heimsóttu Ísland í nóvember og funduðu með utanríkisráðherra, utanríkismálanefnd og þróunarsamvinnunefnd. Góður árangur þróunarsamvinnu Íslands og Malaví var ræddur sem og erfitt efnahagsástand Malaví í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins, innrásar Rússa í Úkraínu og endurtekinna náttúruhamfara í Malaví. Utanríkisráðherra Malaví hélt erindi á Heimsþingi kvenleiðtoga um áhrif loftslagsbreytinga á fátæk ríki í suðri.

Meginþungi verkefna sendiráðs Íslands í Malaví snýr að tvíhliða þróunarsamvinnu þar sem áhersla er lögð á bætt aðgengi að heilbrigðisþjónustu, grunnskólamenntun, aðgengi að vatni og hreinlæti í tveimur héruðum landsins. Starfið hefur gengið vel og sýndi óháð úttekt á héraðsþróunarverkefni í Mangochi fram á áþreifanlegan árangur sem er umtalsvert meiri en fjárframlög gefa til kynna. Í jafningjarýni OECD DAC kemur enn fremur fram að nálgun Íslands í tvíhliða þróunarsamvinnu sé trúverðug og árangursrík leið til að þróa fátæk sveitasamfélög og tryggja eignarhald heimamanna.

Á árinu stóð sendiráðið fyrir ýmsum jafnréttisviðburðum til að leiða saman jafnréttissamtök, samstarfsaðila og fyrrum nemendur GRÓ. Forstöðumaður jafnréttisskóla GRÓ hélt erindi og fór yfir sögu jafnréttismála á Íslandi. Forstöðumaður sendiráðsins hélt einnig erindi á ráðstefnu þar sem hundrað áhrifamestu konum Malaví voru veitt verðlaun sem og á viðburði á alþjóðlegum mannréttindadegi þar sem forseti Malaví var heiðursgestur. Þá hefur Ísland nýlega hafið stuðning við Mannréttindastofnun Malaví með áherslu á aukna vöktun og eftirfylgni með mannréttindabrotum í landinu og starfar með fjórum innlendum frjálsum félagasamtökum að úrbótum hvað varðar kynbundið ofbeldi, réttindi fatlaðs fólks, fólks á flotta og hinsegin fólks.

Samstarf við íslensk félagasamtök og Háskóla Íslands sem eru með verkefni í Malaví var aukið á árinu og fylgdi sendiráðið verkefnum Landsambands Þroskahjálpar, Rauða krossins og Hjálparstarfi kirkjunnar eftir. Ísland tók einnig þátt í evrópski kvikmyndahátíð í Lilongwe og var framlag Íslands myndin Kona fer í stríð sem hlaut mikið lof. Þjóðhátíðardagur Íslands var haldinn hátíðlegur með samstarfsaðilum, sendiráðum og ýmsum ráðherrum Malaví.

Íslendingar í Malaví	0	0%
Viðskipti við Malaví		
Vöruútflutningur (2023)	0	0%
Vöruinnflutningur (2023)	0,4	0,00003%
Þjónustuútflutningur (2022)	1	0,0001%
Þjónustuinnflutningur (2022)	94	0,02%
Starfsmenn	13	8,1%
Útsendir diplómatar	3	1,9%
Aðrir staðarráðnir	10	6,2%
Starfsmemar	2	22,2%
Rekstrarkostnaður	99	2,2%
Umdæmisríki: Malaví.		



Sendiráð í London

Öryggis- og varnarmál ofarlega á baugi

Í maí 2023 urðu þáttaskil í breskri samtímasögu þegar Karl III. var krýndur konungur í Westminster Abbey. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, og eiginkona hans Eliza Reid voru viðstödd krýningarathöfnina ásamt öðrum þjóðarleiðtogum.

Öryggis- og varnarmál hafa verið ofarlega á baugi, sér í lagi hvað varðar sameiginlegu viðbragðssveitina (JEF), samstarfsvettvang Bretlands, Norðurlandanna, Eystrasaltsríkjanna og Hollands. Forsætisráðherrar og varnarmálaráðherrar JEF-ríkjanna funda reglulega ásamt tíðum fundum yfirmanna og sérfræðinga á sviði varnarmála. JEF flutti höfuðstöðvar sínar tímabundið á öryggissvæðið í Keflavík í júní 2023. Þar var meðal annars haldin málstofa um vernd mikilvægra neðansjárinnviða og JEF-ríkin virkjuðu síðar á árinu umfangsmikla viðbragðsáætlun á því sviði. Ísland lagði til tvo sérfræðinga í upplýsingamiðlun til að styðja við viðbragðsáætlunina. Ísland hóf einnig þátttöku í verkefninu Operation INTERBOW sem miðar að því að þjálfa úkraínska hermenn í skyndihjálpi á vígvellinum.

Fríverslunarsamningur Íslands, Liechtenstein og Noregs við Bretland í kjölfar útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu tók formlega gildi í upphafi árs 2023 og á árinu áttu sér stað fjölmargir fundir í tengslum við rekstur samningsins og innleiðingaráætlun breskra stjórnvalda um

landamæraeftirlit með dýraafurðum sem hefst 2024. Einnig var undirritaður samningur við Bretland sem kveður á um réttindi á sviði almanna- og sjúkratrygginga.


Ýmsir ráðherrafundir og heimsóknir áttu sér stað á síðasta ári. Rishi Sunak, forsætisráðherra Bretlands, sótti Ísland heim í tengslum við leiðtoga fund Evrópuráðsins. Dómsmálaráðherra, fundaði í London í mars 2023 með dómsmálaráðherrum 40 annarra ríkja um stuðning þeirra við Alþjóðasakamáladómstólinn vegna innrásarinnar í Úkraínu. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, þátt í umfangsmikilli ráðstefnu í London um uppbyggingu í Úkraínu. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis kom í fræðsluheimsókn til Bretlands, Hæstiréttur Íslands heimsótti Hæstarétt Bretlands og sendiráðið tók á móti Ásgeiri Jónssyni, seðlabankastjóra Íslands. Samskipti við önnur umdæmisríki sendiráðsins, Írland og Möltu, voru einnig styrkt með ýmsum ráðherrafundum.

Viðskipta- og menningarviðburðir settu einnig svip sinn á starfsemi sendiráðsins. Eliza Reid forsetafrú sótti bás Íslands á World Travel Market. Anna Bretaprinsessa sótti sumarmót félags eigenda íslenskra hesta í Bretlandi. Sinfóníuhljóm-sveit Íslands hélt tónleika víða um Bretland. Þá hélt sendiráðið viðburð um landeldi í samstarfi við gildi fiskkaupmanna í Bretlandi.

Íslendingar í umdæmisríkjum	2.650	5,3%
Þar af í Bretlandi	2.516	5,0%
Viðskipti við Bretland		
Vöruútflutningur (2023)	81.623	8,7%
Vöruinnflutningur (2023)	51.826	4,0%
Þjónustuútflutningur (2022)	75.730	10,0%
Þjónustuinnflutningur (2022)	62.882	11,2%
Starfsmenn	7	4,3%
Útsendir diplómatar	3	1,9%
Aðrir staðarráðnir	4	2,5%
Starfsmemar	1	11,1%
Rekstrarkostnaður	257	5,7%

Umdæmisríki: Bretland, Írland og Malta.

Fjölbjóðasamstarf: Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO)



Sendiráð í Moskvu

Starfsemi lögð niður tímabundið

Þann 9. júní 2023 var tilkynnt um ákvörðun utanríkisráðherra um að leggja niður starfsemi sendiráðsins tímabundið frá og með 1. ágúst. Var sendiherra jafnframt kallaður heim og um leið var farið fram á að rússnesk stjórnvöld kölluðu sinn sendiherra heim frá Reykjavík og gert að lágmarka starfsemi sendiráðsins á Íslandi til samræmis við þessa ákvörðun. Var það gert frá sama tíma. Í kjölfarið tók við vinna í sendiráðinu í Moskvu að undirbúa lokun þess og ganga frá öllum málum þar að lútandi, þar með talið gagnvart staðarráðnu starfsfólki.

Fram að lokun tók starfsemi sendiráðsins mið af því ástandi sem ríkir í samskiptum Rússlands og Vesturlanda. Hefðbundin samskipti á sviði viðskipta og menningarmála höfðu að mestu lagst af við allsherjarinnrás Rússlands í Úkraínu og hið sama gilti um pólitísk samskipti. Á hinn bóginn var aukinn þungi lagður í greiningar, frásagnir og fjölmiðlarýni. Sendiráðið tók virkan þátt í undirbúningi og vinnslu efnis í tengslum við nær alla tvíhliða og marghliða fundi sem ráðamenn og yfirstjórn ráðuneytisins áttu með fulltrúum annarra ríkja og á vettvangi alþjóðastofnana sem

og fyrir ríkisstjórn. Um leið jókst umfang borgarabjónustu við íslenskar fjölskyldur í Rússlandi og aðra með sterk tengsl við landið.

Sendiráðið hafði virka neyðaráætlun ef til þess kæmi að gera þyrfti fyrirvaralítar breytingar á starfseminni, einkum ef útsent starfsfólk þyrfti að yfirgefa landið af öryggisástæðum. Náið samstarf var milli sendiráða Norðurlandanna í þessu sambandi.

Á árinu 2023 var áfram lögð áhersla á að rækta tengslin við önnur umdæmisríki. Í flestum þeirra eru talsverðir snertifletir á sviði jarðhita og sjálfbærra orkulausna. Í Kirgistan var opnuð kjörræðismannsskrifstofa. Af því tilefni stóð sendiráðið fyrir málþingi um nýtingu jarðhita þar í landi. Þá tók sendiráðið þátt í heimsókn utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna til Moldóvu sem og heimsókn forsætisráðherra þangað.


Sendiráð hefur verið starfandi í Moskvu frá árinu 1944 að undanskildum árunum 1951-1953 þegar viðskipti lágu niðri á milli ríkjanna. Ákvörðunin um tímabundna lokun sendiráðsins fól ekki í sér slit á stjórnmalasambandi ríkjanna og um leið og aðstæður leyfa er gert ráð fyrir að hefja starfsemi sendiráðs í Moskvu á ný.

Íslendingar í umdæmisríkjum	40	0,1%
þar af í Rússlandi	40	0,1%
Viðskipti við Rússland		
Vöruútflutningur (2023)	7	0,001%
Vöruinnflutningur (2023)	590	0,05%
Þjónustuútflutningur (2022)	1.230	0,2%
Þjónustuinnflutningur (2022)	221	0,04%
Starfsmenn	0	
Rekstrarkostnaður	135	3,0%

Umdæmisríki: Rússland, Armenía, Belarús, Kasakstan, Kirgistan, Moldóva, Tadsíkistan, Túrkménistan, Úsbekistan.

Fjölþjóðasamstarf: Norðurlóðir.

Sendiráðinu í Moskvu var lokað tímabundið þann 1. ágúst 2023 vegna árásarstríðs Rússlands í Úkraínu. Fyrirsvar gagnvart umdæmislöndum og alþjóðasamstarfi færast á meðan í utanríkisráðuneytið. Í upphafi árs störfuðu í sendiráðinu fimm staðarráðnir starfsmenn og tveir útsendir diplómatar.



Sendiráð í Nýju-Delí

Fríverslun og samstarf um græna orku

Fríverslunarviðræður EFTA-ríkjanna og Indlands komust á skrið á fyrri hluta ársins 2023. Ráðuneytisstjóri átti fundi með viðskiptaráðherra Indlands og samningalotur fóru fram í Genf og Nýju-Delí. Fríverslunarsamningur við Indland var undirritaður í mars 2024. Sendiráðið skipulagði þátttöku Íslenskra samstarfsaðila í norrænni og baltneskri viðskiptasamkomu í Nýju-Delí í nóvember með áherslu á græna orku og kolefnisbindingu. Haldinn var sérstakur hringborðsfundur um samstarf Íslands og Indlands í orkumálum en indversk stjórnvöld vilja auka hlut endurnýjanlegrar orku í orkunýtingu landsmanna. Haldinn var fundur með forsætisráðherra Himachal Pradesh-fylkis, þar sem orkufyrirtækið Geotropy undirritaði samkomulag við stjórnvöld þar um nýtingarréttindi í jarðvarmaverkefni. Stýrihópur ríkjanna um samstarf í nýtingu jarðvarma kom saman og er stefnt að því að koma á laggirnar nýju jarðvarmaverkefni með stuðningi olíumálaráðuneytisins. Gerður var nýr samstarfssamningur við ONGC-ríkisorkufyrirtækið og annar í fyrsta sinn við Oil India Ltd.


Gott samstarf var við Íslensk-indversku viðskiptasamtökin (IIBA). Stóð sendiráðið og IIBA fyrir málstofu fyrir nýsköpunarfyrirtæki um hagstætt viðskiptaumhverfi á Indlandi og

Íslenskt hugvit í mars 2023 í samvinnu við Invest India-viðskiptaþjónustuna þegar ráðuneytisstjóri heimsótti Indland. Þá aðstoðaði sendiráðið IIBA við skipulagningu ferðar viðskiptasendinefndar til Íslands í september.

Jafnréttismál hafa borið hátt í starfinu. Starf Jafnréttisskóla GRÓ var meginþemað í málstofu sem sendiráðið stóð fyrir í marsmánuði í fyrra í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna ásamt UN Women á Indlandi, UNESCO-skrifstofunni og IIBA undir yfirskriftinni India Iceland: Building Bridges for Gender Equality. Þá studdi sendiráðið sérfræðing hjá Jafnréttisstofu á Akureyri til að halda fyrirlestur í Nýju-Delí á ráðstefnu um norðurslóðir og stöðu kvenna á norðurslóðum.

Rithöfundurinn Sjón kynnti verk sín í Nýju-Delí í boði samtakanna Literature Across Frontiers með stuðningi sendiráðsins og Miðstöð Íslenskra bókmennta. Í Kerala-fylki tók hann þátt í bókmenntahátíðinni Mathrubhumi International Festival of Letters. Sendiráðið stóð fyrir kynningu á verkum Íslenskra listamanna í Varanasi (Benares), helgustu borg Indlands í október. Þátttakendur voru Einar Falur Ingólfsson, Guðjón Ketilsson, Sigurður Árni Sigurðsson og Sólveig Aðalsteinsdóttir í samvinnu við Benares Culture Foundation og Kriti Gallery.

Íslendingar í umdæmisríkjum	3	0,006%
Þar af á Indlandi	1	0,002%
Viðskipti við Indland		
Vöruútflutningur (2023)	851	0,1%
Vöruinnflutningur (2023)	5.509	0,4%
Þjónustuútflutningur (2022)	2.336	0,3%
Þjónustuinnflutningur (2022)	777	0,1%
Starfsmenn	6	3,7%
Útsendir diplómatar	2	1,2%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	1	0,6%
Aðrir staðarráðnir	3	1,9%
Rekstrarkostnaður	161	3,6%
Umdæmisríki:	Indland, Nepal og Srí Lanka.	



Sendiráð í Osló

100 ára afmæli Íslendingafélagsins fagnað með Ísdögum

Af því fjölmarga sem á daga sendiráðsins dreif stóðu vel heppnaðir Ísdagar upp úr í starfseminni á árinu 2023. Forseti Íslands var heiðursgestur á afmælishátíð Íslendingafélagsins í Osló og nágrenni í október í tilefni þess að öld var liðin frá stofnun félagsins þann 1. desember 1923. Í tengslum við hátíðina stóð félagið fyrir veglegri menningardagskrá á fyrrnefndum Ísdögum.

Fjölmennt sendinefnd frá Íslandi, skipuð aðilum frá hinu opinbera og einkageiranum, kynnti sér nýtingu vinds í fjögurra daga vettvangsferð víðsvegar um Noreg. Ferðin var skipulögð í samstarfi við Grænvang. Vel var tekið á móti íslenska hópnium hvert sem hann fór.

Árlegt þing Norðurlandaráðs, það 75. í röðinni, var haldið undir yfirskriftinni örugg, græn og ung Norðurlönd. Rán Flygenring hlaut við það tilefni barna- og unglingsbókaverðlaun Norðurlandaráðs. Alls sóttu sex ráðherrar úr ríkisstjórn Íslands þingið auk þingmanna og fjölmargra annarra.

Á liðnu ári tók sendiráðið á móti næstum 900 umsóknum um vegabréf, veitti námsmönnum í fjarnámi frá íslenskum námsstofnunum aðbúnað til að þreyta próf, afgreiddi ótal fyrirspurnir og aðstoðaði Íslendinga sem til sendiráðsins leituðu.

Sendiherra lagði land undir fót á árinu og tók þátt í ráðstefnum og viðburðum víðsvegar um landið, svo sem Arctic Frontiers í Tromsø, High North Dialogue í Bodö, Europadagen í Kristiansand og Festsspillene í Bergen. Þá afhenti sendiherra trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands gagnvart Grikklandi í forsetahöllinni í Aþenu á haustmánuðum.

Yfir þúsund gestir sóttu viðburði þar sem sendiráðið var gestgjafi í embættisbústað og annars staðar á árinu 2023. Mikill áhugi er á íslenskri menningu og listum í Noregi og hefur sendiráðið í fjölda ára byggt upp tengslanet og átt meðal annars gott samstarf við norska og íslenska aðila innan bókmennta- og kvikmyndageirans. Á degi íslenskrar tungu í embættisbústaðnum var áhersla lögð á nýyrði, verndun tungumálsins og þýðingar á íslenskum bókmenntum á norsku. Á viðskiptasviðinu var lögð áhersla á að vinna að auknu samstarfi landanna um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum og orkuskipti. Loftslagsmál, orkuskipti og grænar orkulausnir eru mikið áherslumál bæði í Noregi og á Íslandi.

Íslendingar í umdæmisríkjum 9.288 18,6%
þar af í Noregi 9.247 18,6%

Viðskipti við Noreg


Vöruútflutningur (2023) 55.229 5,9%
Vöruinnflutningur (2023) 150.784 11,5%
Þjónustuútflutningur (2022) 23.252 3,1%
Þjónustuinnflutningur (2022) 25.042 4,4%

Starfsmenn

Útsendir diplómatar 5 3,1%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar 2 1,2%
Aðrir staðarráðnir 1 0,6%
Aðrir staðarráðnir 2 1,2%

Rekstrarkostnaður 126 2,8%

Umdæmisríki: Noregur, Grikkland og Pakistan.



Sendiráð í Ottawa

Böndin styrkt enn frekar

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson kom víða við í opinberri heimsókn sinni til Kanada 29. maí til 1. júní og heimsótti Ottawa, Ontario, Halifax, Nova Scotia, St. John's, Newfoundland-Labrador og Toronto, Ontario. Megintilgangur heimsóknarinnar var að efla enn frekar tvíhliða samskipti Íslands og Kanada með sérstakri áherslu á bláa hagkerfið, endurnýjanlega orku og orkuskipti, heilbrigðisþjónustu og samskipti við norðurhérað Kanada. Jafnframt var vakin sérstök athygli á mikilvægi tungumálsins, menningarsamskiptum og forvörnum hvað varðar áfengis-, tóbaks- og fíkniefnaneyslu ungmenna.


Ríflega 30 manns voru í sendinefnd og viðskipta-sendinefnd forsetans frá þrettán fyrirtækjum og skipulagðir voru yfir tuttugu viðskipta- og menningartengdir viðburðir sem rúmlega 700 manns sóttu. Heimsóknin vakti töluverða athygli og fjallað var um hana um 630 sinnum, að mestu leyti í Kanada (48%) og Bandaríkjunum (43%).

Justin Trudeau, forsætisráðherra Kanada, sótti fund Norrænna forsætisráðherra í Vestmannaeyjum í júní og sendiráðið tók þátt í undirbúningi heimsóknarinnar og fylgdi ráðherranum á ferð hans um Ísland.

Á viðskiptasviðinu vinnur sendiráðið náið með Íslandsstofu. Áhersla sendiráðsins var sem fyrr lögð á bláa hagkerfið, endurnýjanlega orku, tækni og nýsköpun og samvinnu við norðurhérað Kanada. Fyrirtækin Kerecis, Prescriby og RetinaRisk komu ný inn í markaðsaðgangsverkefni sendiráðsins sem rekið er í samstarfi við Newfoundland-Labrador Health Services. Hvað bláa hagkerfið varðar skipulagði sendiráðið för sendinefndar á sviði sjávertækni til Vancouver. Sendiráðið kom á samskiptum við Landhelgisgæslu Kanada, National Research Council og Department of National Defence sem hafa íslenskar lausnir á sviði endurnýjanlegrar orku og skipatækni til skoðunar á árinu 2024.

Sömuleiðis voru tengslin eflað við fyrirtæki í eigu frumbyggja í norðurhluta Kanada sem leiddi til samkomulags um að senda viðskipta-sendinefnd frá norðurslóðum Kanada til Íslands árið 2024 og sendinefnd með áherslu á heilsutækni og þjónustu frá austurströnd Kanada. Sendiráðið stóð einnig fyrir kynningu á íslenskri og norrænni matargerð í Kanada og stýrði samnorrænu verkefni undir heitinu New Nordic Cuisine: Advancing Sustainable Production and Consumption. Verkefnið var unnið í samstarfi við norrænu sendiráðin í Ottawa, Samtök matreiðslumanna í Kanada og Norrænu ráðherranefndina.

Íslendingar í umdæmisríkjum	920	1,8%
Þar af í Kanada	920	1,8%
Viðskipti við Kanada		
Vöruútflutningur (2023)	10.078	1,1%
Vöruinnflutningur (2023)	9.324	0,7%
Þjónustuútflutningur (2022)	30.625	4,0%
Þjónustuinnflutningur (2022)	6.693	1,2%
Starfsmenn	3	1,9%
Útsendir diplómatar	1	0,6%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	1	0,6%
Aðrir staðarráðnir	1	0,6%
Starfsmemar	1	11,1%
Rekstrarkostnaður	87	1,9%
Umdæmisríki: Kanada og Kosta Ríka.		



Sendiráð/fastanefndir í París

Víðtækt samstarf við stjórnsýsluna

Náið samstarf við öll ráðuneyti á Íslandi og fjölmargar stofnanir einkennir starfseminu í París, einkum í gegnum fastanefndirnar gagnvart OECD og UNESCO (sjá nánar í kafla 1.6 og 3.4). Um 65% af tíma útsendra starfsmanna og staðarráðsins sérfræðings fara í starf fastanefndanna.

Vert er að nefna þetta sjónarhorn í ár þar sem þörf á lausnum við áskorunum samtímans kalla á þétt samstarf þvert á stjórnsýsluna og á milli landa. Umhverfismál, ný tækni, þróunarmál, alþjóðastjórnsmál, efnahagsmál og jafnrétti kynjanna eru dæmi um málefni sem krefjast slíkrar samvinnu. Slík mál koma daglega á borð starfsmanna fastanefnda og sendiráðsins í París sem sinntu einnig á fjórða tug heimsókna ráðherra, þingmanna, opinberra aðila og stærri hópa frá Íslandi árið 2023.

Lykilhlutverk sendiráðsins er að rækta pólitísk og diplómatiskt tengsl og efla samskipti við umdæmisríki. París er suðupottur alþjóðastjórnsmála, Evrópumála og öryggismála og áhersla lögð á greiningar á þeim vettvangi. Öflug tengslamyndun er mikilvægur liður í því.


Spænska utanríkisráðuneytið bauð íslenskum sendierindreka að starfa með formennskuteymi Spánar í ráðherraráði Evrópusambandsins í Madríd á síðari hluta ársins og lagði sendiráðið

sérstaka áherslu á samstarf við Spán og aukinn sýnileika á Spáni, meðal annars með þátttöku í norrænni bókmenntakynningu í Madríd.

Fjárfestingar á Íslandi frá Frakklandi hafa aukist mikið og útflutningur til umdæmisins er einnig mikill og fjölbreyttur. Stöðug eftirspurn er eftir gæðafiskafurðum og Íslandi tókst enn einu sinni að komast á Bocuse d'Or matreiðslukeppnina í Lyon. Í Frakklandi er skapandi greinum frá Íslandi sýndur óvenjumikill áhugi, eins og sjá má af sölutölum þýðdra íslenskra bóka, fjölda bókmenntaviðburða og ásókn á viðburði Boréales-menningarhátíðarinnar í Normandí þar sem Ísland var í forgrunni í nóvember. Alls sóttu um 35 þúsund manns hátíðina sem samanstóð af bókakynningum með þátttöku þrettán rithöfundu frá Íslandi, landkynningu, tónleikum og sýningum íslenskra listamanna. Eliza Reid forsetafrú opnaði hátíðina með umræðum um jafnréttismál. Myndlist frá Íslandi var kynnt með þremur viðburðum í sendiherrabústað. Þá hófst undirbúningur fyrir Ólympíuleikana í Frakklandi sumarið 2024.

Sendiráðið reidur sig á óeigingjarnt starf um 30 kjöræðismanna, enda langstærsta umdæmið fyrir borgarapjónustuna, en þess má geta að þúsundir Íslendinga dvelja langdvölum á Spáni án þess að hafa fasta búsetu þar.

Íslendingar í umdæmisríkjum	1.797	3,6%
þar af í Frakklandi	506	1,0%
Víðskipti við Frakkland		
Vöruútflutningur (2023)	60.258	6,4%
Vöruinnflutningur (2023)	36.658	2,8%
Þjónustuútflutningur (2022)	26.469	3,5%
Þjónustuinnflutningur (2022)	9.793	1,7%
Starfsmenn	9	5,6%
Útsendir diplómatar	5	3,1%
Aðrir staðarráðnir	4	2,5%
Rekstrarkostnaður	227	5,0%
Umdæmisríki: Frakkland, Andorra, Ítalía, Líbanon, Mónakó, Portúgal og Spánn.		
Fjölbjóðasamstarf: OECD og UNESCO.		



Sendiráð í Peking


Jarðvarminn í kastljósinu í Kína

Kynning á íslenskri þekkingu á sviði jarðvarma og kolefnisföngunar var fyrirferðarmikil í starfsemi sendiráðsins á árinu 2023. Fulltrúar allra helstu íslenskra orkufyrirtækja sóttu alþjóðlega jarðvarmaþingið í Peking og var þar sérstök dagskrá um samstarf Íslands og Kína á því sviði. Þá var Ísland heiðursgestur á Taiyuan Energy Low Carbon Development Forum í Shanxi-héraði þar sem íslensk fyrirtæki kynntu starfsemi sína á sviði jarðvarmanýtingar og kolefnisföngunar í Kína. Samtals tók sendiráðið þátt í tólf viðskipta- og ferðakaupstefnum, þar á meðal CIIE-kaupstefnunni í Sjanghai í samvinnu við Íslandsstofu.

Endurkoma kínverskra ferðamanna setti svip sinn á störf sendiráðsins. Kínversk stjórnvöld opnuðu landið í febrúar 2023 eftir COVID-19 heimsfaraldurinn og heimiluðu hópferðir kínverskra ferðamanna til Íslands á vormánuðum. Afgreiðsla áritunarumsókna náði fyrri hæðum á árinu. Þá voru í ár tíu ár liðin frá því að fríverslunarsamningur Íslands og Kína var undirritaður og hafa viðskipti ríkjanna meira en tvöfaldast á þessum tíma.

Stjórnmalasamráð ríkjanna fór fram undir lok ársins og fundaði ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins með varautanríkisráðherra Kína. Á dagskrá fundarins voru samskipti og samstarf ríkjanna á sviði viðskipta, ferðaþjónustu, jarðvarma og loftslagsaðgerða til viðbótar við málefni norðurslóða, jafnréttismál og mannréttindi. Þá var jafnframt rætt um alþjóðlegar áskoranir, þar á meðal loftslagsmál, plastmengun, árásarstríð Rússlands í Úkraínu og átökin í Mið-Austurlöndum. Heimsmálin hafa verið ofarlega á dagskrá sendiráðsins sem fylgist náið með afstöðu kínverskra stjórnvalda til þeirra og viðbrögðum líkt þenkjandi ríkja. Sendiráðið stóð fyrir tónleikahaldi, tók þátt í norrænni kvikmyndahátíð, hélt ferðakynningu og tók þátt í jafnréttisviðburði Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP), svo nokkur dæmi séu nefnd um aðra starfsemi þess. Landkynning fór jafnframt fram með viðtölum í kínverskum fjölmiðlum og í gegnum Weibo-síðu sendiráðsins sem er á kínversku. Færslur sendiráðsins á Weibo-síðunni hlutu tæplega átta milljónir innlita á árinu 2023 og fylgjendum fjölgaði í rúmlega 122 þúsund.

Íslendingar í umdæmisríkjum þar af í Kína	83	0,17%
Viðskipti við Kína		
Vöruútflutningur (2023)	20.505	2,2%
Vöruinnflutningur (2023)	114.280	8,7%
Þjónustuútflutningur (2022)	3.238	0,4%
Þjónustuinnflutningur (2022)	2.220	0,4%
Starfsmenn	11	6,8%
Útsendir diplómatar	4	2,5%
Aðrir staðarráðnir	7	4,3%
Rekstrarkostnaður	201	4,5%
Umdæmisríki: Kína, Mongolía, Víetnam og Taíland.		



Sendiráð í Stokkhólmi

Tengslin ræktuð á ýmsum sviðum

Kristín Morthens, Áslaug Íris Katrín Friðjónsdóttir, Anna Maggý, Tollí og Auður Lóa Guðnadóttir sýndu verk sín í embættisbústað sendiráðsins í Stokkhólmi á vormánuðum síðasta árs í tengslum við kaupstefnu norrænna gallería og vöktu verðskuldaða athygli listunnenda og safnara sem fjölmenntu til að kynna sér íslenska samtímalist.

Megínhlutverk sendiráðs Íslands í Stokkhólmi er að gæta hagsmuna Íslands í Svíþjóð og vinna að frekari þróun og eflingu sambands ríkjanna á sviði stjórnmála, menningar og viðskipta auk þess að veita Íslendingum í Svíþjóð margvíslega þjónustu. Í þessum tilgangi ræktar sendiráðið tengsl við aðila á nefndum sviðum og vaktar samfélags- og stjórnmálaumræðu í Svíþjóð, kynnir íslenska menningu og vinnur með íslenskum fyrirtækjum að eflingu viðskipta. Starf sendiráðsins á sviði menningar og viðskipta er alla jafna unnið í nánu samstarfi við kynningarmiðstöðvar listgreina á Íslandi og Íslandsstofu. Þjónusta við Íslendinga í Svíþjóð er grundvallarþáttur í starfi sendiráðs Íslands í Stokkhólmi. Um níu þúsund Íslendingar búa í Svíþjóð sem einnig er vinsæll áfangastaður íslenskra ferðamanna. Sendiráðið svarar fyrirspurnum einstaklinga og fyrirtækja um sænsk og íslensk málefni, löggjöf, reglur og fleira og veitir fyrirgreiðslu eftir því sem við á.

Meðal menningarverkefna sendiráðsins á liðnu ári voru, auk fyrrnefndrar listkaupstefnu, kynning á íslenski hönnun á Stockholm Design Week, viðburður á bókamessunni í Gautaborg, stuðningur við myndlistarmenn og rithöfunda sem sýnt eða kynnt hafa verk í Svíþjóð og þátttaka í sýningum íslenskra kvikmynda og stuðningur við tónlistarfólk.

Meðal viðskiptaverkefna var Íslandskynning með Íslandsstofu og ferðapjónustuaðilum, aðstoð við fyrirtæki sem hyggja á útflutning til Svíþjóðar og margskonar vörुकynningar. Þá starfar sendiráðið með íslenskum aðilum að kortlagningu og greiningu viðskiptatækifæra í Svíþjóð.

Vöruútflutningur til Svíþjóðar hefur tvöfaldast á síðustu fimm árum. Fiskur og önnur matvæli nema um helmingi útflutnings og ál rúmlega fjórðungi. Um 70% heildarútflutnings eru til komin vegna þjónustuviðskipta. Þar af má rekja tvo þriðju hluta til ferðapjónustu. Hlutfallslegt vægi ferðapjónustu í heildarútflutningi hefur þó minnkað samhliða aukningu á öðrum útflutningi. Svíþjóð er á meðal allra mikilvægustu markaða fyrir íslenska hesta og fyrir íslenskt sælgæti. Fjárfesting sænskra aðila á Íslandi eykst, meðal annars í hugbúnaðariðnaði.

Íslendingar í umdæmisríkjum 9.228 18,5%
þar af í Svíþjóð 9.037 18,1%

Viðskipti við Svíþjóð


Vöruútflutningur (2023) 7.622 0,8%
Vöruinnflutningur (2023) 56.309 4,3%
Þjónustuútflutningur (2022) 16.503 2,2%
Þjónustuinnflutningur (2022) 25.223 4,5%

Starfsmenn

Útsendir diplómatar 4 2,5%
Aðrir staðarráðnir 3 1,9%

Rekstrarkostnaður 80 1,8%

Umdæmisríki: Svíþjóð, Kýpur og Nýja-Sjáland.



Sendiráð í Tókýó

Tækifæri í austri

Meira en 300 manns frá 20 löndum sóttu málþing Hringborðs norðurslóða í Tókýó í mars á síðasta ári. Þingið sýndi í verki áhuga Japans á norðurslóðum, með þátttöku fjölda ráðherra og þingmanna auk háttsettra fulltrúa frá öllum áheyrnarríkjum Norðurskautsráðsins í Asíu. Auk Ólafs Ragnars Grímssonar, formanns Hringborðsins, tók umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra þátt auk fleiri fulltrúa frá Íslandi. Ráðherra fundaði sömuleiðis með starfsbræðrum sínum í umhverfisráðuneyti og efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Efnahagsráðherra Japans fundaði síðan í Reykjavík í maí 2023 með umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra þar sem gefin var út samstarfsyfirlýsing á sviði jarðhitamála.

Ísland hefur verið óvenju áberandi á menningarsviðinu í Japan í ár. Í haust var opnuð sýning með verkum Ólafs Elíassonar listamanns á einu af virtustu nútímalistasöfnum Japans, en hann fékk afhent í Tókýó ein virtustu verðlaun heims á listasviðinu, Praemium Imperiale. Norðurlöndin skipuðu heiðursmess á stærstu bóklíamessu sinnar tegundar í Asíu í Museum of Contemporary Art Tokyo. Íslensku listamennirnir sem tóku þátt í messunni settu upp sýningu í íslenska sendiráðinu

undir yfirskriftinni „á“ (On / Ow! / River / Own). Þá tók Ísland þátt í norrænni kvikmyndahátíð í Singapúr þar sem kvikmyndin Band var sýnd.

Í september tóku fulltrúar sendiráðsins, Íslandsstofu og íslenskra fyrirtækja þátt í alþjóðlegri ráðstefnu um jarðhita í Jakarta í Indónesíu. Sendiherra tók þátt í pallborðsumræðum og haldin var móttaka með fyrrum nemum í Jarðhitaskóla GRÓ. Indónesísk jarðhitafyrirtæki og stofnanir voru heimsótt með það að markmiði að skapa tengsl og ræða mögulegt samstarf.

Sendiráðið tók þátt í fjölda viðburða tengdum jafnréttismálum en mikið er horft til þess í Japan hvaða lærdóma megi draga af árangri Íslands í að jafna hlut kynjanna. Meðal þeirra var viðburður um stöðu kvenna í fjölmiðlum undir hatti verkefnisins Nordic Talks. Í ferð Lögfræðingafélags Íslands til Tókýó í nóvember var fundað með forseta Hæstaréttar Japans og vináttuhópi Íslands í þinginu. Þá á sendiráðið, líkt og áður, í nánú samstarfi við íslenska viðskiptaráðið í Japan.

Sendiráðið, Íslandsstofa og utanríkisráðuneytið vinna nú að þátttöku Íslands í norrænum skála á Expo 2025 heimssýningunni sem haldin verður í Osaka.

Íslendingar í udmæmisríkjum 118 0,2%
 Þar af í Japan 54 0,1%

Viðskipti við Japan


Vöruútflutningur (2023)	16.682	1,8%
Vöruinnflutningur (2023)	22.727	1,7%
Þjónustuútflutningur (2022)	7.492	1,0%
Þjónustuinnflutningur (2022)	506	0,1%

Starfsmenn 5 3,1%

Útsendir diplómatar	2	1,2%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	1	0,6%
Aðrir staðarráðnir	2	1,2%

Rekstrarkostnaður 100 2,2%

Udmæmisríki: Japan, Filippseyjar, Indónesía, Suður-Kórea, Tímor-Leste og Singapúr.



Sendiráð í Varsjá

Velvild í Varsjá

Alls sóttu 80 háskólanemar víðsvegar að úr Póllandi námskeið í íslensku og íslenskum bókmenntum sem haldið var í sendiráðinu á degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2023 og færri komust að en vildu. Þessi góða þátttaka endurspeglar vel áhuga á íslenskri menningu í Póllandi og grósku í pólsk-íslensku háskólasamstarfi. Nýtt sendiráð í Varsjá hefur lagt sérstaka áherslu á háskóla- og menningarsamstarf á fyrsta starfsári sínu ásamt því að byggja upp vandaða upplýsingamiðlun á pólsku um Ísland og íslensk málefni. Nú bjóða sex pólskir háskólar upp á kennslu í íslensku og íslenskum fræðum. Á yfirstandandi skólaári stunda rúmlega 200 nemendur slíkt nám í Póllandi. Ánægjulegt er að fylgjast með vaxandi samstarfi íslenskra og pólskra háskólastofnana á þessu sviði, grósku í tónlistarsamstarfi og blómlegri útgáfu á íslenskum bókmenntum í pólskum þýðingum. Pólverjar kunna einnig vel að meta ferskt og efnisríkt upplýsingaefni á pólsku um Ísland sem áfangastað og hafa pólskir ferðamenn á Íslandi aldrei verið fleiri.

Pólítísk og efnahagsleg samskipti Íslands og Póllands hafa aukist verulega á undanförunum árum. Pólland gegnir lykilhlutverki innan Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins og hefur hernaðarlegt vægi landsins aukist mjög í

kjölfar árásarstríðs Rússa. Pólland verður áfram miðpunktur margvíslegrar aðstoðar Vesturlanda við Úkraínu. Mjög hefur reynt á alla innviði í Póllandi í kjölfar innrásarinnar, ekki síst vegna mikils fjölda úkraínskra flóttamanna.

Ríkin eiga sameiginlega hagsmuni í mikilvægum málaflökkum svo sem öryggis- og varnarmálum og á vettvangi Uppbyggingarsjóðs EES. Pólskar flugsveitir taka reglulega þátt í loftrýmisgæslu við Ísland. Miklar vonir eru bundnar við nýtt starfstímabil sjóðsins en Pólland og tvö umdæmisríki sendiráðsins, Búlgaría og Rúmenía, teljast á meðal mikilvægustu samstarfsríkja hans. Verkefni á sviði sjálfbærni og endurnýjanlegra orkugjafa, lýðræðisþróunar og jafnréttismála verða áfram á meðal helstu áherslumála Íslands á vettvangi sjóðsins.

Viðskipti ríkjanna aukast jafnt og þétt. Aukning gagnkvæmra viðskipta byggist ekki síst á fjölda Pólverja sem búsettir eru á Íslandi. Einnig hefur fjölgað hratt í hópi Íslendinga með pólskar rætur. Fjöldi íslenskra fyrirtækja á sviði skipaflutninga, sjávarútvegs og hátækni framleiðslu stundar rekstur í Póllandi. Einnig reka ýmis fyrirtæki á sviði hönnunar, forritunar, ferðaþjónustu og verkfræðiþjónustu starfsemi í Póllandi.

Íslendingar í umdæmisríkjum **448** **0,9%**
þar af í Póllandi 397 0,8%


Viðskipti við Pólland

Vöruútflutningur (2023) 15.354 1,6%
Vöruinnflutningur (2023) 29.280 2,2%
Þjónustuútflutningur (2022) 5.104 0,7%
Þjónustuinnflutningur (2022) 11.433 2,0%

Starfsmenn **5** **3,1%**
Útsendir diplómatar 1 0,6%
Aðrir staðarráðnir 4 2,5%
Starfsmenn 1 11,1%

Rekstrarkostnaður **93** **2,1%**

Umdæmisríki: Pólland, Búlgaría, Úkraína og Rúmenía.



Sendiráð/fastanefnd í Vín

Staðið vörð um frið, öryggi og stöðugleika á átakatímum


Friður, öryggi og stöðugleiki í Evrópu eru áfram þungamiðjan í starfi Öryggis- og samvinnu-stofnunar Evrópu (ÖSE). Frá innrás Rússlands í Úkraínu hafa umræður á þessum vettvangi nær alfarið snúist um innrásarstríð Rússlands og framtíð ÖSE sem nú stendur á krossgötum. Rússland hefur með dyggilegum stuðningi Belarús sorfið að stofnuninni með því að taka mikilvæg mál í gíslingu og koma í veg fyrir að þau hljóti brautargengi. Þrátt fyrir að Rússland leggi stein í götu starfsemi ÖSE ríkir mikil samstaða meðal annarra aðildarríkja um mikilvægt hlutverk og framlag stofnunarinnar til öryggismála, efnahags- og umhverfismála og uppbyggingar lýðræðis og mannréttinda á ÖSE-svæðinu, meðal annars með kosningaefirliti á vegum Skrifstofu ÖSE fyrir lýðræðislegar stofnanir og mannréttindi (ODIHR). Lýðræði, mannréttindi og jafnréttismál eru ávallt ríkur þáttur í starfi og málflutningi Íslands innan ÖSE. Mikilvægi kynjajafnréttis fyrir frið og öryggi var í brennidepli haustið 2023 þegar fastanefnd efndi til rakarastofuráðstefnu fyrir öryggis- og hermálafultrúa þátttökuríkja með áherslu á ályktanir Sameinuðu þjóðanna um konur, frið og öryggi.

Deilur Armeníu og Aserbaísjan um Nagorno-Karabakh setja einnig sterkan svip á starf og umræðu innan ÖSE. Gætir áhrifa deilunnar víða en þó er von um að nú séu aðstæður friðvænlegri.

Sendiskrifstofan í Vín er fastanefnd gagnvart fjórum alþjóðastofnunum sem aðsetur hafa í Vín, þar á meðal ÖSE, og tvíhliða sendiráð gagnvart fimm ríkjum. Þrátt fyrir þetta stóra hlutverk er skrifstofan ein minnsta sendiskrifstofa Íslands erlendis með aðeins þrjá starfsmenn. Það kallar á mjög skýra forgangsröðun verkefna.

Meginþunginn í starfsemi sendiskrifstofunnar í Vín liggur í verkefnum fastanefndarinnar og þar vegur ÖSE langþýngst. Reynt er eftir megni að fylgjast með málum á vettvangi annarra stofnana, meðal annars Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. Á tvíhliða vettvangi er áhersla lögð á Uppbyggingarsjóð EES sem skapar mikla möguleika á viðskiptasamvinnu og þekkingarmiðlun frá Íslandi í þeim fjórum umdæmisríkjum sendiráðsins sem jafnframt eru viðtökuríki sjóðsins. Á það ekki síst við um orkumál og nýtingu jarðhita. Að öðru leyti styðst sendiráðið við langtíma-stefnu fyrir íslenskan útflutning í menningar- og viðskiptamálum. Borgarþjónusta til íslenskra ríkisborgara í umdæmisríkjunum nýtur ávallt forgangs í starfsemi sendiráðsins.

Íslendingar í umdæmisríkjum	297	0,6%
þar af í Austurríki	239	0,5%
Viðskipti við Austurríki		
Vöruútflutningur (2023)	380	0,04%
Vöruinnflutningur (2023)	12.766	1,0%
Þjónustuútflutningur (2022)	4.487	0,6%
Þjónustuinnflutningur (2022)	2.842	0,5%
Starfsmenn	3	1,9%
Útsendir diplómatar	1	0,6%
Aðrir staðarráðnir	2	1,2%
Rekstrarkostnaður	79	1,8%
Umdæmisríki: Austurríki, Króatía, Slóvenía, Slóvakía og Ungverjaland.		
Fjölþjóðasamstarf: ÖSE, UNOV, IAEA og CTBTO.		



Sendiráð í Washington

Pólitísk samskipti dýpkuðu – tækifæri á sviði orkumála nýtt

Utanríkismálanefnd Alþingis heimsótti Washington í mars árið 2023 í fyrsta sinn frá 2015. Tvíhliða samband Íslands og Bandaríkjanna og heimsmálin, einkum staðan í Úkraínu og samskipti við Kína, voru efst á baugi í samtölum við embættismenn í utanríkis- og varnarmálaráðuneytinu og fulltrúa á Bandaríkjaþingi. Nefndin var svo viðstödd stofnfund sérstaks Íslandsvinahóps meðal þingmanna fulltrúadeildar Bandaríkjaþings, svokallaðs Iceland Caucus. Í forsvari fyrir Íslandsvinahópinn eru Chellie Pingree, demókrati frá Maine, og Greg Murphy, repúblikani frá Norður-Karólínu. Pingree hefur í þriggja árgang lagt fram á þingi frumvarp sem kennt er við Ísland sem myndi gefa íslenskum fjárfestum og viðskiptaaðilum rétt til tiltekna vegabréfsáritana ef það næði fram að ganga. Sams konar frumvarp kom fram í öldungadeild þingsins á árinu 2023 að frumkvæði Lisu Murkowski, repúblikana frá Alaska, og Angus King, óháðs þingmanns frá Maine-ríki.

Sendiráðið hélt áfram að rækta sambönd við tiltekna þingmenn og starfsfólk þeirra á liðnu ári og stóð meðal annars fyrir fræðsluferð fyrir nokkra starfsmenn lykilþingmanna til Íslands í ágúst. Sjö þingmenn öldungadeildar Bandaríkjaþings sóttu Ísland heim og átti utanríkisráðherra fund með þeim öllum. Samstarf á sviði öryggis- og varnarmála bar hæst en jafnframt allt það sem Ísland hefur upp á að bjóða í orkumálum. Milli orkumálaráðuneytisins og sendiráðs hafa myndast

góð tengsl og sótti dr. Andrew Light aðstoðarorkumálaráðherra Ísland heim í október og fundaði þá með umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra þar sem aukin samvinna á sviði orku- og loftslagsmála var til umræðu.

Reglubundið efnahagssamráð fór fram í Reykjavík í janúar 2023 og annað á sviði öryggis- pólitískra mála í Washington í apríl sama ár. Öryggishorfur í kjölfar árásarstríðs Rússlands gegn Úkraínu, ásamt auknum varnarviðbúnaði Atlantshafsbandalagsins, og varnarsamvinna Íslands og Bandaríkjanna voru helstu umræðuefni seinni fundarins. Fáum dögum fyrir samráðið hafði sendiherra, fyrir hönd stjórnvalda, tilkynnt varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna að kjarnorkuknúnum kafbátum bandaríska sjóhersins yrði framvegis heimilt að hafa stutta viðkomu við Ísland. Var ákvörðun utanríkisráðherra þar að lútandi liður í stefnu stjórnvalda að styðja við aukið eftirlit og viðbragðsgetu bandalagsríkja á Norður-Atlantshafi.

Á sviði menningarmála fékk sendiráð Íslands þann heiður að vera gestgjafi á opunarhátíð DC Jazz Festival 2023 í ágúst og spilaði íslenska jazztónlistarkonan Sunna Gunnlaugs á opunarhátíðinni. Þá stóð sendiráðið ásamt sendiskrifstofu Grænlands og fulltrúum Færeyja fyrir vestnorrænum menningarviðburði í bústað sendiherra í september.

Íslendingar í umdæmisríkjum 6.662 13,4%
þar af í Bandaríkjunum 6.583 13,2%

Viðskipti við Bandaríkin


Vöruútflutningur (2023)	91.031	9,7%
Vöruinnflutningur (2023)	98.627	7,5%
Þjónustuútflutningur (2022)	245.913	32,4%
Þjónustuinnflutningur (2022)	72.803	12,9%

Starfsmenn

Útsendir diplómatar	9	5,6%
Aðrir staðarráðgir	6	3,7%
Starfsmenn	3	1,9%
Starfsmenn	1	11,1%

Rekstrarkostnaður 234 5,2%

Umdæmisríki: Bandaríkin, Argentína, Brasilía, Chile og Mexíkó.



Fastanefnd hjá Atlantshafsbandalaginu

Aukinn varnarviðbúnaður á óvissutímum

Í 75 ára sögu Atlantshafsbandalagsins hefur sjaldan ríkt meiri óvissa í öryggismálum og öryggisáskoranir verið flóknari. Samtímis ógnartilburðum Rússlands á alþjóðavettvangi og árásarstríði gegn Úkraínu brennur ófriðarbál í Mið-Austurlöndum og þungar áhyggjur eru af spennu milli þjóðarbrotá Balkanskaga. Byltingarkennd hernaðartækni ryður sér til rúms, hryðjuverkaógn og netárásir eru viðvarandi, auk þess sem öryggi mikilvægra innviða er vaxandi áhyggjuefni.


Á undanförunum árum hefur gjörbreytt öryggisumhverfi valdið þeim straumhvörfum að Atlantshafsbandalagið er nú í umbreytingarferli sem byggist á nýrri grunnstefnu og innleiðingu á nýrri fælingar- og varnarstefnu. Í ljósi stríðsreksturs Rússlands hefur varnarviðbúnaður verið styrktur og á leiðtogafundi í Vilnías í júlí 2023 var ákveðið að stórefla viðbragðsgetu bandalagsins, nýjar varnaráætlanir voru samþykktar og skerpt var á markmiðum um framlög til varnarmála. Jafnframt er sérstakt áherslumál að efla viðnámsþol samfélaga og viðhalda tæknilegu forskoti bandalagsríkja með auknu samstarfi á sviði nýsköpunar. Allar þessar ákvarðanir varða veginn fyrir mestu breytingar í starfsemi bandalagsins frá lokum kalda stríðsins.

Með aðild Finnlands og Svíþjóðar að Atlantshafsbandalaginu hafa einnig orðið þau sögulegu tímamót að Norðurlöndin eru sameinuð í

varnarbandalagi og njóta nú öll þeirra öryggis-trygginga sem felast í Atlantshafssáttmálanum. Samkvæmt ákvæðum sáttmálans hvíla ríkar skyldur á öllum bandalagsríkjum að leggja af mörkum til sameiginlegra varna með eigin varnargetu og framlögum til verkefna bandalagsins. Varnarskuldbindingar Íslands felast fyrst og fremst í rekstri ratsjárkerfisins á loftrýmissvæðinu umhverfis landið, með rekstri varnartengdra innviða og með gistiríkisstuðningi við liðsafla bandalagsríkja sem er við störf á Íslandi. Mikilvægi þessa framlags fer vaxandi þar sem efla þarf árvekni og stöðuvitund bandalagsins á Norður-Atlantshafi.

Fastanefnd sinnir hagsmunagæslu Íslands við stefnumótun og áætlanagerð bandalagsins, og málarekstri vegna fjármögnunar á varnartengdum innviðum úr sameiginlegum sjóðum þess. Lykilþáttur starfsins er málafylgja vegna utanríkis-pólítískra áherslumála Íslands. Öryggi ríkja er ekki tryggt nema fullveldi þeirra og lögsaga sé virt samkvæmt alþjóðalögum. Ísland tekur því afdráttarlausu afstöðu með varnarbaráttu Úkraínu og fordæmir stríðsrekstur Rússlands. Aðrar áherslur Íslands lúta meðal annars að öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu og stöðugleika á norðurslóðum, að loftslagsmálum og framkvæmd öryggisráðsályktunar nr. 1325 um konur, frið og öryggi.

Starfsmenn	10	6,2%
Útsendir diplómatar	7	4,3%
Aðrir staðarráðnir	3	1,9%
Rekstrarkostnaður	175	3,9%
Fjölþjóðasamstarf: Atlantshafsbandalagið		



Fastanefnd/sendiráð í Genf

70 ár frá samþykkt Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna

Verkefni fastanefndar og sendiráðs Íslands í Genf skiptast að meginstefnu til í þrennt, alþjóðleg viðskiptamál, önnur alþjóðamál og tvíhliða samskipti.

Í upphafi árs 2023 lauk gerð fríverslunar-samnings milli EFTA-ríkjanna og Moldóvu og var samningurinn undirritaður á ráðherrafundi EFTA í Schaan í Liechtenstein í júní. Ísland leiddi þessar samningaviðræður fyrir hönd EFTA-ríkjanna. Þá var á árinu lögð mikil áhersla á að koma fríverslunarviðræðum EFTA við Indland á rekspól en þeim lauk með undirritun fríverslunarsamnings við Indland í mars síðastliðnum.

Hjá WTO ber hæst samningaviðræður um bann við skaðlegum ríkisstyrkjum í sjávarútvegi en fastafulltrúi Íslands leiðir þær. Á síðasta ráðherrafundi WTO náðist samningur um þann hluta sem snýr að úthafsveiðum með því skilyrði að innan fjögurra ára frá gildistöku þess samnings næðist viðbótarsamningur um ríkisstyrki sem stuðla að umframveiðigetu og ofveiði. Haldnar voru átta vikulangar samningalotur með það að markmiði að ná samningi í þessum síðari hluta á þrettánda ráðherrafundi WTO í Sameinuðu arabísku furstadæmunum.

Í desember var þess minnst að 70 ár eru liðin frá samþykkt Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Forsætisráðherra Íslands var í lykilhlutverki á sérstökum viðburði mannréttindafrúa Sameinuðu þjóðanna af því tilefni og leiddi málstofu um tengsl umhverfis- og loftslagsmála og mannréttinda. Á vettvangi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna var Ísland áfram í leiðandi hlutverki í málefnum Íran og bættist í hóp leiðandi ríkja um mannréttindi umönnunaraðila. Í jafningjarýni leggur Ísland sem fyrr áherslu á afnám dauðarefsingar, jafnrétti kynjanna og málefni hinsegin fólks. Málefni og réttindi barna eru áfram áhersluatriði í störfum fastanefndarinnar.


Ísland tekur virkan þátt í störfum Flóttamanna-stofnunar Sameinuðu þjóðanna og ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins leiddi sendinefnd Íslands á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna um málefni flóttafólks í desember 2023.

Í störfum sendiráðsins bar hæst vinnuheimsókn utanríkisráðherra til Sviss í maí 2023. Ísland og Sviss eiga náið samstarf á sviði alþjóðaviðskipta, mannréttindamála, sjálfbærrar orku og umhverfismála. Í tengslum við heimsóknina stóð Íslandsstofa fyrir málþingi um viðskipti á milli landanna og utanríkisráðherra heimsótti barnaspítala í Zürich sem er í samstarfi við Kerecis.

Íslendingar í umdæmisríkjum	676	1,4%
þar af í Sviss	671	1,3%
Viðskipti við Sviss		
Vöruútflutningur (2023)	7.222	0,8%
Vöruinnflutningur (2023)	10.671	0,8%
Þjónustuútflutningur (2022)	15.912	2,1%
Þjónustuinnflutningur (2022)	14.885	2,6%
Starfsmenn	7	4,3%
Útsendir diplómatar	5	3,1%
Aðrir staðarráðnir	1	0,6%
Útsendir, önnur ráðuneyti	1	0,6%
Rekstrarkostnaður	269	6,0%

Umdæmisríki: Sviss, Liechtenstein og Páfagarður.

Fjölbjóðasamstarf: EFTA, UNOG, WTO, ITU, WHO, WIPO, WMO og ILO.



Fastanefnd í Strassborg

Eitt umfangsmesta verkefnið í sögu utanríkisþjónustunnar

Ísland gegndi formennsku í Evrópuráðinu sem lauk með leiðtogafundi Evrópuráðsins í Reykjavík 16. og 17. maí í fyrra sem var einungis sá fjórði í 75 ára sögu stofnunarinnar. Auk þess að leggja af mörkum stuðning í þágu Úkraínu voru markmið formenskunnar að efla og standa vörð um grundvallargildi Evrópuráðsins, lýðræði, mannréttindi og réttarríkið. Einnig var lögð sérstök áhersla á umhverfismál og mannréttindi, réttindi barna og ungmenna og jafnréttismál.


Á formenskutímanum gegndi Ísland formennsku í hópi 46 ríkja Evrópuráðsins, með um 700 milljónir íbúa. Á meðan á formenskunni stóð stýrði fastafulltrúi öllum reglulegum fundum ráðherranefndar Evrópuráðsins í Strassborg og sérstakrar nefndar til undirbúnings leiðtogafundinum. Fyrir formenskuna hafði fastafulltrúi Íslands stýrt mannréttindafundalotum ráðherranefndarinnar og setið í yfirstjórn Evrópuráðsins og situr í henni til maí á þessu ári.

Leiðtogafundurinn í Reykjavík var eitt umfangsmesta verkefni sem utanríkisþjónustan hefur stýrt. Fundinn sóttu fulltrúar allra 46 aðildarríkja Evrópuráðsins, auk háttsettra fulltrúa alþjóðastofnana og fimm áheyrnarríkja Evrópuráðsins. 65

erlendar sendinefndir og hátt í eitt þúsund gestir tóku þátt í fundinum og 350 fjölmiðlamenn skráðu sig til þátttöku. Á vettvangi Evrópuráðsins er vísað til leiðtogafundarins í Reykjavík sem afar vel heppnaðs og sögulegs fundar út frá efnislegum samþykktum, þátttöku, framkvæmd og sýnileika Evrópuráðsins. Enginn viðburður í 75 ára sögu Evrópuráðsins hefur hlotið jafnmikla umfjöllun í fjölmiðlum.

Á leiðtogafundinum var Reykjavíkuryfirlýsingin samþykkt (Reykjavik Declaration) eftir mikla vinnu á vettvangi Evrópuráðsins í Strassborg undir forystu Íslands. Reykjavíkuryfirlýsingin er sameiginleg niðurstaða leiðtogafundarins þar sem jafnframt var staðfest mikilvæg samstaða með Úkraínu og stofnsetning sérstakrar tjónaskrár vegna innrásar Rússa í Úkraínu. Einnig voru samþykktar sérstakar yfirlýsingar um stuðning við úkraínsk börn, eftirfylgni með dómum Mannréttindadómstóls Evrópu um meginreglur um lýðræði (Reykjavik Principles of Democracy) og yfirlýsing um tengsl mannréttinda og umhverfismála. Kveðið var á um að styrkja Evrópuráðið sem málsvara grunnilda Evrópuráðsríkja og auka samstarf ráðsins við mikilvæga samstarfsaðila sem deila þeim gildum, svo sem lýðræðisöfl í Belarús.

Starfsmenn	2	1,2%
Útsendir diplómatar	1	0,6%
Aðrir staðarráðnir	1	0,6%
Rekstrarkostnaður	138	3,1%
Fjölþjóðasamstarf: Evrópuráðið (CoE)		



Fastanefnd í Róm

Ísland kosið í FAO-ráðið 2024-2026

Á aðalráðstefnu Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) í Róm í júlí 2023 vann Ísland kosningu gegn Rússlandi um sæti í FAO-ráðinu frá 1. júlí 2024 til 30. júní 2026. Að öllu jöfnu hefði Ísland ekki tekið sæti í ráðinu fyrir en 2029 samkvæmt skiptifyrirkomulagi innan evrópska ríkjahópsins hjá FAO. Ísland var hins vegar með skömmum fyrirvara beðið að bjóða sig fram gegn Rússlandi í sæti í FAO-ráðinu sem vegna þess sama hefði átt að taka sæti í ráðinu á umræddu tímabili. Eftir skelegga og harða kosningabaráttu vann Ísland kosninguna með yfirburðum og mun því óvænt sitja í FAO-ráðinu 2024-2026. Starfsemi fastanefndarinnar verður styrkt með viðbótarstarfsmanni meðan á setu Íslands í ráðinu stendur.

Haustið 2023 bauð Ísland jafnframt fram frambjóðanda í formannsstól nýstofnaðrar undirnefndar Fiskveiðinefndar FAO um fiskveiðistjórnun. Stefán Ásmundsson, sérlegur ráðgjafi í mállefnum hafsins og fiskveiðum, bar sigur úr bítum og hlaut 44 atkvæði gegn 19 atkvæðum frambjóðanda Indlands og sextán atkvæðum frambjóðanda Rússlands. Ísland mun því leiða þessa mikilvægu undirnefnd næstu tvö árin.

Fastanefnd Íslands í Róm sinnir fyrirsvári gagnvart þremur stofnunum Sameinuðu þjóðanna sem þar eru staðsettar. Þær eru Matvæla- og

landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP), og Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar (IFAD). Undanfarin ár hafa þessar stofnanir glímt við versnandi stöðu varðandi hungur, næringu og matvælaöryggi í heiminum. Stöðuskýrsla aðalfrankvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í september 2023 sýndi að nær ekkert hefði miðað í að ná heimsmarkmiði tvö um ekkert hungur og horfur væru dökkar fyrir árið 2024. Stríðsátök eru sem fyrr aðalorsök þessa ástands og það er nóturleg staðreynd að fleiri deya úr hungri í heiminum en falla í átökum. Aðrar orsakir hungursneyðar eru loftslagsbreytingar og öfgafull veðráttá, efnahagsástand og hátt verð á nauðsynjum að ógleymdu kynjamisrétti sem veikir fæðuöryggi kvenna víða um heim.

Síðustu tvö árin hafa deilur um innrás Rússlands í Úkraínu verið áberandi innan Rómarstofnanna. Eftir að átökin á Gaza hófust í október 2023 hafa þau litað öll samskipti og verkefni stofnanna, sérstaklega WFP en einnig FAO.

Nýr framkvæmdastjóri WFP, Cindy McCain, hóf störf í apríl 2023, en hún var áður fastafulltrúi Bandaríkjanna gagnvart Rómarstofnunum. Einnig var Qu Dongyu, aðalfrankvæmdastjóri FAO, endurkjörinn til fjögurra ára á aðalráðstefnu stofnunarinnar í júlí.


Viðskipti við Ítalíu

Vöruútflutningur (2023)	4.792	0,5%
Vöruinnflutningur (2023)	37.820	2,9%
Þjónustuútflutningur (2022)	13.462	1,8%
Þjónustuinnflutningur (2022)	13.255	2,4%

Starfsmenn	1	0,6%
Útsendir diplómatar	1	0,6%

Rekstrarkostnaður	56	1,2%
--------------------------	-----------	-------------

Fjölþjóðasamstarf: FAO, WFP og IFAD.



Fastanefnd í New York

Sameinuðu þjóðirnar og aukin ógn við frið og öryggi

Árið 2023 var viðburðaríkt í starfi Sameinuðu þjóðanna. Árásarhernaður Rússlands gegn Úkraínu og átökin fyrir botni Miðjarðarhafs héldu áfram að setja verulegt mark á starf stofnunarinnar. Pattstaða ríkir á milli stórveldanna og neitunarvaldi í öryggisráðinu er reglulega beitt. Átök hafa blossað upp í Súdan, engin lausn finnst í Sýrlandi og vaxandi spenna er á Sahel-svæðinu í Afríku þar sem herstjórnir hafa tekið völd í vaxandi mæli og hryðjuverkahópar látið til skarar skriða.


Aukin átök og stöðnun í öryggisráðinu hafa aukið vægi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Ráðherravika allsherjarþingsins í september var vel sótt og sýndi mikilvægi þess að efla alþjóðlegt samstarf á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Áskoranir og ögranir liggja víða. Stríðsátök, COVID-19 heimsfaraldurinn og áhrif loftslagsbreytinga hafa hægt svo á framkvæmd heimsmarkmiðanna að einungis 15% þeirra eru á áætlun. Aðildarríki eru á einu máli um að þessari þróun verði að snúa við. Á leiðtogafundi um heimsmarkmiðin og ráðherraumræðu á allsherjarþinginu í september var sjónum ekki síst beint að fæðuöryggi, loftslags- og umhverfismálum, heilbrigðismálum og vaxandi áskorunum á sviði alþjóðlegra

öryggismála. Tækniþróun og nýsköpun voru mikið til umfjöllunar, þar með talin gervigreind, bæði sem jákvætt afl í þágu þróunar og velferðar en einnig sem áhættuþáttur ef misnotuð er.

Sameinuðu þjóðirnar sammæltust um að leggja drög að Framtíðarsáttmála sem samþykktur yrði á leiðtogafundi um framtíðina í september 2024. Sáttmálinn mun taka á öllum helstu viðfangsefnum samtímans og framtíðarkynslóða í því augnamiði að skapa skilvirkara og réttlátara samfélag þjóða. Þá var þess minnst að 75 ár eru liðin frá samþykkt Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og áréttað mikilvægi þess að standa vörð um grundvallarmannréttindi sem sótt er að úr ólíkum áttum.

Fastanefndin tekur sem fyrr virkan þátt í umræðum og atkvæðagreiðslum í allsherjarþinginu og nefndum þess og beitir sér í helstu samstarfsstofnunum, meðal annars UNICEF, UNFPA og UN Women. Einnig hefur Ísland mikilvægu hlutverki að gegna í embætti varaforseta allsherjarþingsins. Ísland leiddi jafnframt norrænt samstarf sem formennskuríki í Norðurlandasamstarfi og heldur samstarfið áfram að vaxa og dafna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Íslendingar í umdæmisríkjum	0	0,0%
Starfsmenn	8	5,0%
Útsendir diplómatar	6	3,7%
Aðrir staðarráðnir	2	1,2%
Rekstrarkostnaður	328	7,3%
Umdæmisríki:	Dóminíska lýðveldið og Kúba.	
Fjölþjóðasamstarf:	Sameinuðu þjóðirnar.	



Aðalræðisskrifstofa í New York

Jafnréttisgildum Íslands haldið á lofti

Aðalræðisskrifstofur Íslands og Finnlands skipu- lögðu sérstaka umræðu um íslenskar og finnskar hefðir í lestri og ritun með þátttöku rithöfundanna og forsetafrúnna Elizu Reid og Dr. Jenny Haukio. Viðburðurinn var haldinn í New York Public Library og var einn af hápunktum menningarstarfsemi aðalræðisskrifstofunnar á árinu 2023.

Jafnréttisgildum Íslands var haldið á lofti með ýmsum hætti, meðal annars með stuðningi við áhöfn fimm íslenskra kvenna sem kepptu í alþjóð- legu siglingakeppninni Lady Liberty Regatta í september en keppendur frá fimmtán ríkjum tóku þátt. Jafnframt leiddi aðalræðisskrifstofa Íslands skipulagningu á norrænni þátttöku í gleði- göngunni í New York í júní.

Nýsköpunarverkefni voru sem fyrr fyrirferðar- mikil í starfseminni, bæði á vettvangi Nordic Innovation House í Silicon Valley, þar sem aðal- ræðisskrifstofan hefur verið með starfsmann í stjórn, en einnig í norrænu samstarfi aðalræðis- skrifstofanna í New York. Aðalræðisskrifstofan hélt utan um þátttöku í samnorræna verkefninu Nordics 2050 og var hluti af hliðardagskrá á stóru ráðstefnunni South by Southwest (SXSW).

Ásamt því að taka þátt með Íslandsstofu í nokkrum stórum viðskiptaþingum stóð aðalræðis- skrifstofan fyrir skipulagningu á þátttöku öflug- hóps fyrirtækja í Innovation Summit í Seattle í

maí 2023. Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráð- herra, flutti eina af stefnuræðum ráðstefnunnar fyrir hönd Íslands. Ísland stóð einnig fyrir hring- borðsumræðum á ráðstefnunni um gagnaver og sjálfbærni og pallborðsumræðum um sjálfbærni í sjávarútvegi. Fulltrúar Landsvirkjunar, Marel, Kerecis, Wisefish, Farice og Trackwell voru meðal fulltrúa íslenskra fyrirtækja.

Aðalræðismaður sótti sameiginlega fundi aðal- ræðismanna, meðal annars með Eric Adams, borgarstjóra New York-borgar, og Kathy Hochul fylkisstjóra, og til viðbótar, tvo samstöðufundi með Úkraínu.


Aðalræðisskrifstofan leggur sitt af mörkum til að viðhalda góðu Íslendingssamfélagi í umdæmi sínu, einkum í New York og nágrenni, og stóð fyrir og skipulagði ýmsar samkomur á síðasta ári, svo sem á fullveldisdaginn 1. desember og á þjóðhátíðar- degi Íslands.

Sem liður í hagræðingaraðgerðum utanríkisráðu- neytisins var ákvörðun tekin um að leggja niður starfsemi aðalræðisskrifstofunnar í New York í lok árs 2023. Þjónustustig gagnvart Íslensku atvinnu- lífi mun haldast óbreytt. Viðskiptafulltrúi á vegum Íslandsstofu verður staðsettur í New York sem hluti af auknu samstarfi Íslandsstofu og ráðu- neytisins um öflugri og hagkvæmari þjónustu við íslenskt atvinnulíf á erlendum mörkuðum.

Rekstrarkostnaður 110 2,4%

Umdæmisríki: New York-ríki, Connecticut, New Jersey og Rhode Island.

Aðalræðisskrifstofunni í New York var lokað á síðasta degi ársins 2023. Fyrirsvar gagn- vart umdæmisfylkjum flutt undir sendiráð Íslands í Washington. Í upphafi árs störfuðu tveir staðarráðnir starfsmenn á aðalræðis- skrifstofunni og einn útsendur diplómati.



Aðalræðisskrifstofa í Nuuk

Gagnkvæm áhersla á tvíhliða samstarf

Ríkisstjórn Grænlands (Naalakkersuisu) hefur lýst því yfir opinberlega að Ísland sé eitt þeirra þriggja landa sem sérstök áhersla sé lögð á aukin samskipti við. Gagnkvæmur vilji er til aukins samstarfs og samstarfsyfirlýsing forsætisráðherra landanna frá október 2022 skilaði árangri á árinu 2023. Enn hefur fjöldi fyrirspurna aukist bæði frá fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum sem óska eftir að finna samstarfsaðila á sviði viðskipta, rannsókna, nýsköpunar, skapandi greina og menningar.

Utanríkisráðherra heimsótti Nuuk í lok júní og fundaði með utanríkisráðherra Grænlands þar sem meðal annars var rætt um framkvæmd samstarfsyfirlýsingar landanna, tvíhliða viðskipta-samning, nýsköpun í ferðaþjónustu, gagnkvæm vistaskipti og vestnorrænt samstarf.

Yfirlýsing forsætisráðherra Grænlands og Íslands um aukið samstarf landanna var undirrituð í Reykjavík í október 2022. Framkvæmd yfirlýsingarinnar er í höndum samstarfsnefndar háttsettra embættismanna úr utanríkisráðuneytum landanna. Utanríkisráðuneytið leiðir framkvæmd yfirlýsingarinnar fyrir Ísland.


Framkvæmdaáætlun hefur verið gerð þar sem skilgreindar eru sértækar aðgerðir innan þeirra sjö megináherslna sem löndin eru ásátt að vinna að. Áhersla er lögð á viðskipti, sjávarútvegsmál

og fiskveiðar, samstarf á sviði efnahagslegrar uppbyggingar, þar með talið bláa hagkerfið, sjálfbæra orku, ferðaþjónustu, flug og byggingariðnað, loftslagsbreytingar og líffræðilega fjölbreytni, jafnrétti, menntun og rannsóknir og menningarsamstarf. Framkvæmdaáætlunin hefur verið góður vegvísir við stofnun nýrra verkefna í samstarfi íslenskra og grænleenskra aðila.

Óróa gætti í grænleenskum stjórnámálum á árinu 2023 sem tengdist meðal annars formannskjöri í öðrum stjórnarflokkanna, Siumut, síðastliðið sumar. Í kjörinu hlaut Erik Jensen yfirburðarkosningu sem treysti mjög stjórnarsamstarfið. Stjórnarflokkarnir endurnýjuðu í framhaldinu stjórnarsáttmálann og stokkað var upp í ríkisstjórninni í september. Bætt var við ráðuneyti og nýir málaflokkar skilgreindir. Þar ber helst að nefna að stofnað var sérstakt ráðuneyti sjálfstæðis sem utanríkisráðherra stýrir. Eftir breytingarnar hefur hvor stjórnarflokkanna fimm ráðherra.

Sjálfstæðismál, loftslagsmál, heilbrigðismál, málefni barna og eldri borgara, námuvinnsla, fiskveiðistjórnun, öryggis- og varnarmál, utanríkismál og málefni norðurslóða voru efst á baugi í grænleenskum stjórnámálum á síðastliðnu ári. Þinginu (Inatsisartut) tókst að lokum að samþykkja aðild Grænlands að Parísarsamningnum en málið var fyrst tekið fyrir á vorþinginu 2022.

Íslendingar á Grænlandi	50	0,1%
Viðskipti við Grænland		
Vöruútflutningur (2023)	10.027	1,1%
Vöruinnflutningur (2023)	5.293	0,4%
Þjónustuútflutningur (2022)	5.712	0,8%
Þjónustuinnflutningur (2022)	4.979	0,9%
Starfsmenn	2	1,2%
Útsendir diplómatar	1	0,6%
Aðrir staðarráðnir	1	0,6%
Rekstrarkostnaður	48	1,1%
Umdæmisríki: Grænland.		



Aðalræðisskrifstofa í Winnipeg

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra heiðursgestur á Íslendingadeginum

Íslendingadagurinn í Manitóba var haldinn í 134. sinn á árinu 2023. Á þeim fjórum dögum sem hátíðin stendur yfir gjörbreytist smábærinn Gimli úr litlum rólyndisbæ með innan við fjögur þúsund íbúa í iðandi útihátíð sem nærri 50 þúsund manns sækja. Haldið er upp á allt sem íslenskt er og ríkir mikil gleði þessa daga. Heiðursgestur Íslendingadagsins að þessu sinni var háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra sem flutti minni Kanada eins og venjan er að íslenskur heiðursgestur geri. Ráðherra sótti einnig Íslendingahátíð í bænum Mountain í Norður-Dakóta í Bandaríkjunum.

Ráðherra undirritaði í heimsókn sinni fyrir hönd íslenskra stjórnvalda samkomulag milli Íslands og Kanada um vinnudvöl ungmenna á aldrinum 18 til 30 ára. Samkomulagið mun á hverju ári gera 120 ungmennum frá hvoru landi fyrir sig kleift að dvelja og starfa í Kanada eða á Íslandi í allt að 24 mánuði.

Um 20 MBA-nemar frá Háskólanum í Manitóba sóttu Ísland heim á liðnu ári og kynntu sér starfsemi ýmissa fyrirtækja. Var heimsóknin hluti af


lokaverkefni þeirra í náminu og var þeim skipt í hópa sem hver um sig vann stutta skýrslu um það fyrirtæki sem hópurinn heimsótti þar sem meðal annars voru skoðaðir framtíðarmöguleikar á viðskiptatengslum milli Íslands og Kanada.

Árlegt þing Þjóðræknisfélags Íslands í Norður-Ameríku var haldið í bænum Banff í Alberta í maí 2023. Vegna COVID-19 heimsfaraldursins var þetta fyrsta þing félagsins frá 2019 og tókst það vonum framár.

Í júní sótti tónlistarmaðurinn Sölvi Kolbeinsson Winnipeg heim og hélt nokkra jazztónleika, meðal annars á 17. júní. Vöktu tónleikarnir mikla lukku og voru vel sóttir. Í samstarfi við Winnipeg Jazz Orchestra eru hugmyndir á kreiki um að bjóða fleiri tónlistarmönnum frá Íslandi til Winnipeg á næstu misserum. Um sama leyti kom Ásgrímur Sverrisson kvikmyndagerðarmaður til Winnipeg og hélt fyrirlestur um íslenska kvikmyndagerð. Ásgrímur fundaði einnig með samtökum kvikmyndagerðarmanna í Manitóba og voru ræddir ýmsir samstarfsmöguleikar.

Starfsmenn	2	1,2%
Útsendir diplómatar	1	0,6%
Aðrir staðarráðnir	1	0,6%
Rekstrarkostnaður	57	1,3%

Umdæmisríki: Manitoba, Saskatchewan, að undanskilinni borginni Regina, og Alberta, að undanskildum borgunum Calgary og Edmonton.



Aðalræðisskrifstofa í Þórshöfn

Hinsegin fáninn dreginn að húni


Samstarfsráðherra Norðurlandanna kom í heimsókn til Færeyja í lok júlí. Megintilgangur heimsóknarinnar var þátttaka í gleðigöngunni í Þórshöfn auk funda með ráðherrum í ríkisstjórn landsins og heimsóknum til norrænna stofnana. Ráðherrann dró regnbogafánann að húni við aðalræðisskrifstofu Íslands í Þórshöfn og braut þar með blað enda í fyrsta sinn sem fánanum er flaggað þar. Fánanum er ekki flaggað víða í Færeyjum og einungis tveir aðrir opinberir aðilar í Þórshöfn flögguðu í tilefni gleðigöngunnar á síðasta ári.

Á hverju ári raungerast tillögur úr skýrslunni Samskipti Íslands og Færeyja sem kom út 2021. Árið 2023 sneri framkvæmd tillagna að auknu samstarfi þjóðanna í rannsóknum og þróun og bættum flugsamgöngum. Rannís og Granskingar-ráðið skrifuðu undir samstarfssamning í ágúst og Icelandair hóf reglubundið áætunarflug til Færeyja á ný í maí 2024. Þá verða tvö flugfélög með fastar ferðir milli Vágar og Keflavíkur til mikilla hagsbóta fyrir íbúa og ferðaþjónustuna í löndunum tveimur.

Hoyvíkursamningurinn hefur skilað margvíslegum ávinningi fyrir báðar þjóðir í þau sautján ár sem hann hefur verið í gildi. Færeyingar hafa þó löngum lýst yfir óánægju sinni með halla á viðskiptum með landbúnaðarafurðir. Færeyjar hafa tollfrjálsan markaðsaðgang fyrir landbúnaðarvörur upprunnar í Færeyjum til Íslands en hafa sýnt mikinn áhuga á að framleiða kjötvörur úr hráefni upprunna í Evrópusambandinu (ESB) og flytja til Íslands. Ekki hefur náðst samkomulag um slík viðskipti og ljóst er af texta samningsins að honum var ekki ætlað að opna á óheftan innflutning á landbúnaðarafurðum frá ESB til Íslands í gegnum Færeyjar.

Aðalræðisskrifstofan tók þátt í Bókadögum Norðurlandahússins í nóvember. Sérstakur fulltrúi Íslands að þessu sinni var rithöfundurinn Jón Kalman Stefánsson. Þrjár bóka Jóns komu út í færeyskri þýðingu í fyrra og var fullt hús á bóka-kynningu í Norðurlandahúsinu á degi íslenskrar tungu. Einnig kom Jón Kalman fram á bókmennta-kvöldi í Rúnnavík.




















Íslendingar í Færeyjum	237	0,5%
Viðskipti við Færeyjar		
Vöruútflutningur (2022)	5.848	0,6%
Vöruinnflutningur (2022)	6.055	0,5%
Þjónustuútflutningur (2021)	3.812	0,5%
Þjónustuinnflutningur (2021)	12.829	2,3%
Starfsmenn	3	1,8%
Útsendir diplómatar	1	1,5%
Aðrir staðarráðnir	2	2,4%
Rekstrarkostnaður	61	1,4%
Umdæmisríki: Færeyjar.		



7.2 Sendiskrifstofur erlendra ríkja

Hátt í 140 erlend ríki eru með sendiskrifstofur gagnvart Íslandi. Þar af eru átján þessara ríkja með sendiskrifstofur staðsettar á Íslandi, fimmtán sendiráð auk fyrirsvars Grænlands, Færeyja og Spánar til viðbótar við fyrirvar Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins sem jafnframt hefur stöðu sendiráðs.

Sendiskrifstofur erlendra ríkja á Íslandi

Sendiráð	Fyrirvar
 Bandaríkin	 Evrópusambandið
 Kanada	 Atlantshafsbandalagið
 Bretland	 Grænland
 Frakkland	 Færeyjar
 Þýskaland	Alls vinna um hundrað útsendir starfsmenn í átján erlendum sendiskrifstofum í Reykjavík. Til viðbótar vinnur þar álíka fjöldi íslenskra starfsmanna.
 Spánn	
 Danmörk	
 Finnland	
 Noregur	
 Svíþjóð	
 Rússland	
 Pólland	
 Indland	
 Japan	
 Kína	

Vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga gilda ýmsar sérreglur um sendiskrifstofur erlendra ríkja, starfsfólk þeirra og fjölskyldur, svo sem um dvalarleyfi, persónuskilríki og atvinnuleyfi, einkum á grundvelli Vínarsamningsins um stjórn-málasamband sem hefur lagagildi á Íslandi. Á vef ráðuneytisins er að finna handbók um sérreglur sem varða erlenda diplómata (Diplomatic Handbook). Þar er einnig að finna svokallaðan diplómatalista (Diplomatic and Consular List) þar sem erlendir sendierindrekar (diplómatar) eru skráðir, auk kjöræðismanna erlendra ríkja á Íslandi.

Alls starfa um 70 diplómatar erlendra ríkja hér á landi en yfir 600 ef sendiráð gagnvart Íslandi sem staðsett eru erlendis eru meðtalin.

Fjöldi erlendra sendiráða gagnvart Íslandi staðsett erlendis

Sendiráð	Evrópa	Norður-Ameríka	Mið- og Suður-Ameríka	Asía og Eyjaálfa	Afríka	Samtals
Sendiráð, þar af í:	32	1	16	36	30	115
Osló	17	0	5	11	5	38
Stokkhólmi	4	0	4	10	9	27
London	3	0	4	10	5	22
Kaupmannahöfn	7	1	0	4	3	15
Berlín	0	0	0	1	3	4
Brussel	0	0	0	0	2	2
Dublin	0	0	1	0	1	2
París	0	0	0	0	2	2
Helsinki	1	0	0	0	0	1
Washington	0	0	1	0	0	1
New York	0	0	1	0	0	1
Eigin höfuðborg	4	0	1	0	2	7

Á Íslandi starfa 62 kjöræðismenn fyrir hönd 51 ríkis, flestir íslenskir ríkisborgarar. Þeir gæta hagsmuna viðkomandi ríkja og ríkisborgara þeirra á Íslandi.

Alls afhentu 36 sendiherrar erlendra ríkja forseta Íslands trúnaðarbréf árið 2023, þar af sendiherrar Þýskalands og Noregs sem hafa aðsetur hér á landi.

Hvað þýðir það að afhenda trúnaðarbréf?

Sextán erlendir sendiherrar hafa aðsetur í Reykjavík en miklu fleiri í höfuðborgum annarra ríkja. Að fengnu samþykki íslenskra stjórnvalda (agrément) afhenda sendiherrar gagnvart Íslandi forseta Íslands trúnaðarbréf og er það forsenda þess að þeir geti hafið formleg störf. Athöfnin þar sem trúnaðarbréf er afhent er hátíðleg og fer hún fram á Bessastöðum.

Skammstafanir

AIRCOM	Allied Air Command, yfirmaður flugherstjórnar Atlantshafsbandalagsins	EES	Evrópska efnahagssvæðið
APR	Asylum Procedure Regulation, reglugerð um forgangsmeðferð á landamærum	EFTA	European Free Trade Association, Friverslunarsamtök Evrópu
AMMR	Asylum Migration Management Regulation, reglugerð um málsmeðferðarreglur umsókna um alþjóðlega vernd	EnDev	Energising Development, Þýska þróunarsamvinnustofnunin GIZ,
BBNJ	Agreement under the United Nations Convention on the Law of the Sea on the conservation and sustainable use of marine biological diversity of areas beyond national jurisdiction	ESB	European Union, Evrópusambandið
BEAC	Barents Euro-Arctic Council, Barentsráðið	ESTA	Electronic System for Travel Authorization
BMVI	Border Management and Visa Policy Instrument, Landamærasjóður Evrópusambandsins um innra öryggi, landamæri og útgáfu vegabréfsáritana	ETIAS	European Travel Information and Authorisation System, kerfi um forskráningu og heimild til ferðar inn á Schengen-svæðið
CAFF	Conservation of Arctic Flora and Fauna	EUIPO	European Union Intellectual Property Office, Hugverkastofa Evrópusambandsins
CapED	The Capacity Development for Education	FAO	Food and Agriculture Organization, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna
CBSS	Council of the Baltic Sea States, Eystrasaltsráðið	GRÓ	Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu
CCDCOE	NATO Cooperative Cyber Defence Centre of Excellence, Öndvegissetur Atlantshafsbandalagsins um netvarnir í Tallinn	IAEA	International Atomic Energy Agency, Alþjóðakjarnorkumálastofnunin
CEDAW	Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women, samningur um afnám mismununar gagnvart konum	IDA	International Development Association, Alþjóðaframfarastofnunin
CERF	Central Emergency Response Fund, Neyðarsjóður Sameinuðu þjóðanna	ICAO	International Civil Aviation Organization, Alþjóðaflugmálastofnunin
CFE	Conventional Armed Forces in Europe Treaty, Samningurinn um hefðbundinn herafla í Evrópu	ICC	International Criminal Court, Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn
CITES	Convention on International Trade in Endangered Species of Wild Fauna and Flora, Samningur um alþjóðaverslun með tegundir í útrýmingarhættu	ICRC	International Committee of the Red Cross, Alþjóðaráð Rauða krossins
CTBT	Comprehensive Nuclear-Test-Ban Treaty, Samningurinn um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn	IDAHOT	International Day Against Homophobia, Transphobia and Biphobia, alþjóðlegur dagur gegn fordómum gagnvart hinsegin fólki
COP	Conference of the Parties	IFAD	International Fund for Agricultural Development, Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar
DNS	Nafnþjónn léns - Domain Name System	IIBA	Indo-Icelandic Business Association, Íslensk-indversku viðskiptasamtökin
EBU	European Broadcasting Union, Samband evrópskra sjónvarpsstöðva	INC	Intergovernmental Negotiating Committee on Plastic Pollution, milliríkjasamninganefnd
		IOC-UNESCO	Intergovernmental Oceanographic Commission, Alþjóðahaffræðinefnd Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna
		IPDC	International Programme for the Development of Communication, Milliríkjaráð alþjóðaáætlunar um þróun fjölmiðlunar
		IRENA	International Renewable Energy Agency, Alþjóðastofnun um orkumál

JEF	Joint Expeditionary Force, Sameiginlega viðbragðssveitin	UN Women	The United Nations Entity for Gender Equality and the Empowerment of Women, Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna
NATO	The North Atlantic Treaty Organization, Atlantshafsbandalagið	UNDP	United Nations Development Programme, Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna
NB8	Samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna	UNEA	The United Nations Environment Assembly, Umhverfisþing Sameinuðu þjóðanna
NCIA	NATO Communications and Information Agency, Netöryggismiðstöð Atlantshafsbandalagsins	UNEP	United Nations Environment Programme, Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna
NIH	Nordic Innovation House, Norræn nýsköpunarhús	UNESCO	The United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna
NORDEFECO	Nordic Defence Cooperation, Norrænt varnarsamstarf	UNFPA	United Nations Population Fund, Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna
NPT	Treaty on the Non-Proliferation of Nuclear Weapons, Samningur um takmörkun á útbreiðslu kjarnavopna	UNHCR	United Nations High Commissioner for Refugees, Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna
N5	Norrænir utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherrar	UNICEF	The United Nations International Children's Emergency Fund Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna
OCHA	United Nations Office for the Coordination of Humanitarian Affairs, Samræmingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum	UNRWA	The United Nations Relief and Works Agency for Palestine Refugees in the Near East, Palestínuflóttamannaaðstoð Sameinuðu þjóðanna
ODIHR	Office for Democratic Institutions and Human Rights, Mannréttinda- og lýðræðisstofnun Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu	UPR	Universal Periodic Review, jafningarárni
OECD	Organisation for Economic Co-operation and Development, Efnahags- og framfarastofnunin	USAFE	United States Air Forces in Europe, flugher Bandaríkjanna í Evrópu
OECD DAC	OECD Development Assistance Committee, Þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar	VLF	Verg landsframleiðsla
OPCW	Organisation for the Prohibition of Chemical Weapons Efnavopnastofnunin í Haag	VPT	Vergar þjóðartekjur
PACE	Parliamentary Assembly of the Council of Europe, Evrópuráðsþingið	WEOG	Western European and Others Group, Vesturlandahópurinn
Rannís	Rannsóknamiðstöð Íslands	WMO	World Meteorological Organization, Alþjóðaveðurfræðistofnunin
SACEUR	Supreme Allied Commander Europe, yfirhershöfðingi Atlantshafsbandalagsins	WFP	World Food Programme, Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna
SEforALL	Sustainable Energy for All	WIPO	World Intellectual Property Organization Alþjóðahugverkastofnunin
SOFF	The Systematic Observations Financing Facility	WTO	World Trade Organization, Alþjóðaviðskiptastofnunin
StratCom	Strategic Communications, Stefnumiðuð samskipti	ÖSE	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu
UDCG	Ukraine Defense Contact Group, Ríkjahópur sem styður varnarbaráttu Úkraínu		

Atriðisorðaskrá

- Aðalræðisskrifstofa 7, 120, 122, 123, 147-150
- New York 7, 122, 147
- Nuuk 7, 37, 148
- Winnipeg 7, 149
- Þórshöfn 7, 150
- Afganistan 12, 20, 24, 26-28, 32, 82-84, 87, 88, 103
- Afríka 12, 23, 30, 47, 80, 83, 90, 91, 127, 146
- Afvpopnunarmál 6, 24, 25, 50, 51, 67, 68
- Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna 11, 24, 25, 88, 146
- Alþingi 8, 13, 15, 17, 37, 39, 51, 52, 54, 55, 68, 73, 74, 89, 101, 119, 130, 141
- Alþjóðabankinn 6, 13, 35, 73, 75, 77, 78, 85, 86, 90, 93
- Alþjóðadómstóllinn í Haag 15, 25
- Alþjóðalög 11, 12, 14, 15, 24, 29, 44, 47, 48, 68, 142
- Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands 116
- Alþjóðastofnun um endurnýjanlega orkugjafa, IRENA 29, 30, 152
- Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO 96, 100, 104, 105, 143, 153
- Alþjóðlega hugverkastofnunin, WIPO 52, 105, 153
- Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn 5, 49, 152
- Argentína 99, 104, 105
- Armenía 14, 22, 83, 140
- Asía 43, 44, 47, 138
- Atlantshafsbandalagið, NATO 4-7, 11, 13, 19, 20, 29, 33, 36, 37, 39, 40, 42, 43, 54, 56-71, 126, 139, 141, 142, 151-153, 158
- Atvinnulíf 6, 45, 52, 89, 92, 93, 100, 106, 125, 147
- Auðlindamál 32, 35, 48, 49, 69
- Ályktun öryggisráðsins nr. 1325, sjá einnig konur, friður og öryggi 29, 142
- Ástralía 62, 102, 104, 128
- Átök fyrir botni Miðjarðarhafs 5, 11, 13, 14, 23, 26, 32, 36, 37, 47, 62, 84, 114, 115, 146
- Bandaríkin 5, 6, 14, 15, 19, 33, 35, 39, 40, 54, 55, 57-60, 66, 67, 77, 101, 103, 104, 107, 113, 114, 134, 141, 145, 149, 153, 158
- Bangladess 83
- Barentsráðið 35, 152
- Barnaheill 91
- Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF 24, 25, 73, 80-82, 84, 87, 92-94, 127, 146, 153
- Belarús 5, 13, 17, 22, 24, 26, 28, 46, 51, 65, 140, 144
- Belgía 14, 32, 35, 47, 55, 59
- Berlín 7, 37, 107, 108, 112, 124
- Chile 48, 100, 102, 104
- Borgarþjónusta 6, 111, 112, 122, 128, 131, 140
- Bosnía-Herzegovina 14, 62
- Brasilía 99, 101, 102, 105
- Bretland 5, 17, 31, 34, 40, 41, 49, 56, 64, 65, 77, 130
- Buikwe 78, 79, 127
- Buikwe, samstarfshérað Íslands 78, 79, 127
- Búlgaríja 105, 139
- Danmörk 33, 35, 36, 49, 102, 114, 128
- Dómsmálaráðuneyti 51, 63, 69, 114
- Dynamic Mongoose 57
- Efnahags- og framfarastofnunin, OECD 4, 73, 88, 92-94, 105, 129, 135, 153
- EFTA, Fríverslunarsamtök Evrópu 4, 6, 96, 99, 100, 143, 152, 158
- Eistland 37, 55, 70, 126
- El Salvador 93
- Embætti ríkislögreglustjóra 16, 55, 69, 70
- Esvatíní 100
- Evrópa 4-6, 11, 13, 16-18, 21, 22, 28, 29, 36, 37, 51, 52, 54, 59, 62-64, 66-68, 96, 99, 103, 126, 140, 144, 152, 153
- Evrópska efnahagssvæðið, EES 4, 37, 40, 52, 96, 101, 124, 125, 139, 140, 152
- Evrópuráðið 4-6, 11, 13, 14, 16-18, 20-24, 27, 29, 36-41, 43, 46, 48, 101, 109, 115, 130, 144
- Evrópusambandið 4, 5, 14, 17, 24, 31, 34, 35, 37, 38, 40, 41, 46, 48, 50-52, 65, 77, 96, 99-103, 125, 130, 135, 139, 150-152
- Eyðimerkurmyndun 25
- Eystrasaltsráðið, CBSS 35, 152
- Eystrasaltsríkin 5, 35-37, 40, 41, 59, 85, 126, 130, 131, 153
- Epíópía 82, 91-93
- Fastanefnd 7, 20, 23, 25-30, 47, 69, 120, 122, 123, 135, 140, 142-146
- Atlantshafsbandalagið 7, 69, 142
- Genf 7, 20, 23, 25, 27-29, 69, 140, 142-146
- New York 7, 146
- Róm 7, 30, 145
- Strassborg 7, 16, 17, 21-23, 109, 144
- Vín 7, 140
- Fátækt 73, 74, 85, 127
- Ferðamenn 39, 44, 45, 105, 113, 136, 137, 139
- Ferðþjónusta 36, 106, 116, 136, 137, 139, 148, 150
- Félagasamtök 6, 19, 20, 24, 31, 74, 76-78, 88, 89, 91, 92, 94, 129, 148
- Félag Sameinuðu þjóðanna 92, 93
- Fíji 86
- Finnland 14, 27, 33, 35, 36, 59, 61, 63, 70, 102, 108, 126, 142, 147
- Fiskimál 82, 85, 93
- Fiskistofnar 49
- Fiskveiðisamningar 5, 31
- Fjárfestingar 39, 40, 47, 54, 63, 89, 96, 102, 135
- Fjárfestingasamningar 96
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið 114
- Fjölmíðlafrelsi 19, 27
- Fjölpáttaógnir 6, 54, 59, 62, 64, 65, 68-70
- Flóttafólk 78, 80, 82, 84, 102, 127, 143
- Flóttamannabúðir 91
- Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNHCR 74, 84, 153
- Flóttamenn 80, 127, 139

- Formennska Íslands í Evrópuráðinu, sjá einnig Strassborg 5, 14, 21, 22, 27, 36, 37
- Forseti Íslands 21, 22, 34, 107, 130, 133, 134, 151
- Forsætisráðherra 15-17, 19, 20, 22, 24, 28, 34, 37, 38, 41-43, 45, 65, 87, 100, 104, 124-126, 130-132, 134, 143, 148
- Forsætisráðuneyti 16, 20, 55, 143
- Frakkland 17, 37, 38, 65, 102, 109, 135
- Freetown 81, 122
- Friðar- og öryggismál, sjá einnig öryggismál 47, 62, 73, 94
- Friðaruppbygging 24, 28
- Fríverslun 125, 132
- Fríverslunarsamningur 36, 39, 40, 43-45, 96, 99, 100, 106, 130, 132, 136, 143
- Frumbyggjar 35, 134
- Fullveldi 46, 54, 116, 117, 142
- Færeyjar 31, 33, 36, 49, 96, 141, 150, 151
- Færeyjaskýrsla 150
- Gaza 11, 14, 15, 23, 25, 30, 47, 82, 83, 119, 145
- Georgía 68, 101
- Gistíríki 123
- Greiningarvinna 100
- GRÓ - Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu 6, 28, 44, 74, 82, 86, 89, 90, 93, 129, 132, 138, 152
- Jafnréttisskóli GRÓ, GEST 90, 129, 132
- Jarðhitaskóli GRÓ, GTP 44, 90, 138
- Landgræðsluskóli GRÓ, LRT 90
- Sjávarútvegsskóli GRÓ, FTP 82, 86, 90
- Grænar lausnir 22, 106, 107, 124
- Grænland 33, 34, 36, 48, 141, 148, 151
- Grænvangur 107
- Hafréttarmál 5, 48, 49
- Hafréttarmál, BBNJ 24, 25, 49, 152
- Hafréttarsamningurinn 49
- Hagsmunagæsla 36, 48, 49, 52, 59, 101, 103, 125, 142
- Hamas, hryðjuverkasamtök 14, 15, 19, 114, 125
- háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra 38, 42, 147, 149
- Heimsmarkmiðasjóður 6, 92
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna 23-25, 27, 31, 48, 73, 85, 88, 91, 92, 146
- Hergagnaflutningar 5, 51
- Héraðsverkefni 94
- Hjálparstarf kirkjunnar 91
- Hoyvíkursamningurinn 36, 150
- Hreinlætismál 75, 78, 80-82, 94, 127, 129
- Hringborð norðurlóða 34, 40, 43
- Hryðjuverk 15, 50, 51, 54, 58, 115
- Hvalveiðar 116
- Iceland-málið 5, 52, 105
- Indland 5, 45, 92, 99, 113, 114, 132, 143, 145
- Indónesía 47, 93, 105, 138
- Innrásarstríð Rússlands 11-14, 16, 17, 22, 23, 26, 28-30, 33, 36, 37, 44, 46, 51, 54, 61, 62, 65, 67, 85, 88, 114, 122, 126, 129, 140, 144, 145
- Íran 12, 14, 15, 20, 26, 63, 71, 143
- Íslandsstofa 6, 43, 52, 96, 105-109, 115, 119, 124, 126, 128, 134, 136-138, 143, 147
- Íslenskar bókmenntir 23, 107, 109, 126, 132
- Íslensk hönnun 6, 23, 78, 109, 110, 128, 137
- Íslensk myndlist 6, 110, 124, 135, 137
- Íslensk tónlist 23, 107, 109, 124, 126, 130
- Ísrael 11, 14, 15, 19, 47, 113, 114, 125
- Ítalía 14, 17
- Jafnrétti 19-21, 27, 32, 73, 75, 91, 105, 135, 143, 148
- Japan 5, 14, 43, 62, 138
- Jarðhiti 47, 49, 93, 124, 131, 138, 140
- Jarðvarmi 45, 132, 136
- Jemen 24, 26, 51, 82-84, 88
- Jórdanía 87, 113
- Kafbátaleit 57
- Kafbátaleitarflugvélar 59, 66
- Kanada 5, 14, 28, 32-34, 42, 59, 104, 107, 134, 149
- Keflavíkurlugvöllur 54, 56-60, 64, 66, 67, 71, 113
- Kirgistan 90, 131
- Kína 5, 39, 44, 45, 54, 62, 63, 67, 71, 96, 104, 106, 113, 114, 136, 141
- Kjarnaframlög 19, 84, 87
- Kjarnavopn 25, 46, 66, 67, 153
- Kjörræðismenn 109, 112, 122, 135, 151
- Konur, friður og öryggi 20
- Kólera 79
- Kósovó 22, 62, 99
- Krímskagi 12, 46
- Króatía 105
- Kynferðislegt ofbeldi 79
- Kynjajafnrétti, sjá einnig jafnrétti 6, 20, 24, 26, 27, 73, 74, 86, 127, 153
- Kyn- og frjósemisheilbrigði 80, 87, 127
- Landgrunnsmál 5, 49
- Landgræðsla 25, 30, 90, 93
- Landhelgisgæsla Íslands 55-58, 64, 67, 69, 70, 134
- Landsvirkjun 107
- Leiðtogafundur Evrópuráðsins 5, 13, 14, 16, 17, 22, 23, 29, 38-41, 43, 46, 101, 109, 115, 130, 144
- Lesótó 100
- Lettland 23, 35, 126, 158
- Liechtenstein 23, 40, 41, 48, 52, 99, 130, 143
- Listir, sjá einnig menningarmál 51, 106-110, 133, 138
- Litáen 37, 55, 65, 126
- Líbería 91, 93
- Líffræðileg fjölbreytni 5, 29-31, 148
- Loftferðasamningar 101
- Loftrýmisefirlit 56
- Loftrýmisgæsla 57
- Loftslagsbreytingar 5, 6, 30, 62, 90, 104, 145, 148
- Losunarheimildir, ETS 125
- Lýðheilsa 35

- Lýðræði 11, 12, 17, 19, 21, 24, 26-29, 32, 35, 81, 105, 140, 144
- Lýðstjórnarlýðveldið Kongó 24, 91
- Madrid 38, 61, 135
- Malasía 99
- Malaví 6, 24, 47, 73-77, 80, 83, 84, 87, 90-92, 94, 129
- Mangochi, samstarfshérað Íslands 75, 76, 129
- Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA 24, 25, 73, 75, 80, 81, 87, 88, 127, 146, 153
- Mannréttindamál 5, 12, 19-21, 23, 26, 27, 29, 32, 44, 73, 74, 76, 85, 89, 105, 127, 136, 140, 143, 144
- Mannréttinda- og lýðræðisstofnun ÖSE, ODIHR 140, 153
- Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna 5, 12, 20, 26, 27, 37, 47, 73, 88, 92, 94, 129, 143
- Mannúð 25, 50
- Mannúðaraðstoð 6, 13, 23, 24, 47, 51, 55, 73, 82-84, 87, 89, 91, 114, 119
- Mannúðarmál 15, 32, 74, 83, 84, 91, 92, 115, 153
- Mansal 35
- Markaðssetning 52
- Markaðssókn 86, 107
- Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna, WFP 30, 74, 75, 80, 82, 84, 127, 145, 153
- Matvælaframleiðsla 30
- Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO 30, 31, 93, 145, 152
- Matvæli 46, 106, 137
- Málefni hafsins 5, 24, 31, 32, 49, 85, 145
- Málþing 46, 138
- Mengun 30, 31
- Menningarmál, sjá einnig listir 6, 21, 23, 27, 28, 45, 106-110, 122, 126, 128, 131, 133, 139, 141
- Menningar- og viðskiptaráðherra 42, 105, 109, 124
- Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO 5, 21, 27, 28, 32, 41, 83, 90, 135, 152, 153
- Menntamál 20, 26-28, 43, 75, 78-80, 82, 87, 148
- Mercosur-ríkin 99, 100
- Moldóva 35, 68, 85, 99, 131, 143
- Mósambík 24, 77, 94
- Myanmar 83
- Mæðradauði 76
- Mæðravernd 75-77, 87
- N5, samstarf norrænu utanríkisráðherranna 32, 153
- Nagornó-Karabak 83, 140
- Namayingo, samstarfshérað Íslands 74, 78, 80, 127
- Namibía 25, 100, 101
- Náttúruauðlindir 49, 73, 93
- NB8, samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja 26, 35, 126, 153
- Netárásir 50, 62, 68, 69, 142
- Netöryggi 6, 37, 56, 67, 69
- Netöryggismál 69, 70, 152
- Neyðaraðstoð, sjá einnig mannúðaraðstoð 14, 82, 83
- Neyðarsjúkrahús 13, 55, 126
- Neyðarvegabréf 112
- Nkhotakota, samstarfshérað Íslands 75, 77
- Norðlæga víddin 35
- Norðurhópurinn 65
- Norður-Kórea 63
- Norðurlandasamstarf 146
- Norðurlönd 14, 26, 32, 33, 35, 37, 42, 47, 55, 69, 71, 113, 126, 131, 133, 153
- Norður-Makedónía 29
- Norðurskautsráðið 33, 34, 138
- Norðurskautsráðið, CAFF 152
- Norðurslóðanet 34
- Norðurslóðir 5, 11, 33, 34, 36, 38, 40, 43, 60, 61, 64-67, 124, 132, 134, 136, 138, 142, 148
- Noregur 31-36, 40, 41, 48, 57, 65, 77, 99, 101-104, 112, 130, 133, 151
- Norræna ráðherranefndin 33, 150
- Norræna varnarsamstarfið, NORDEFCO 6, 54, 63, 153
- Norræn samvinna 11, 36
- Norrænt samstarf 5, 32, 33, 36, 69, 124, 146, 147
- Nýja-Sjáland 62, 102, 104
- Nýsköpun 20, 32, 39, 40, 43, 45, 86, 90, 106, 128, 134, 142, 146, 148
- Orkugeiri 124
- Orkumál 5, 29, 46, 85, 107, 124, 132, 140, 141, 152
- Orkuskipti 62, 133, 134
- Pakistan 25, 83, 101
- Palestína 11, 14, 15, 23, 47, 84, 87
- Palestínuflóttamannaaðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNRWA 15, 24, 74, 84, 153
- Paragvæ 99
- Parísarsamkomulagið 30, 73
- Parísarsamningurinn 148
- Plastmengun 5, 24, 30, 31, 34, 136
- Pólland 14, 38, 65, 139
- Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar 29, 32
- Rannís 150, 153
- Ratsjárkerfi 61, 142
- Rauðahaf 15
- Rauði krossinn, RKÍ 91
- Réttarríki 51
- Réttindi barnsins 21, 22, 26, 27, 35, 75, 143, 144
- Réttindi fólks með fötlun 75, 77-79
- Réttindi hinsegin fólks 19, 21, 22, 24, 26, 27, 74, 77, 78, 89, 127, 129, 143, 150, 152
- Royal Arctic Line 37
- Rússland 5, 11-14, 16, 17, 19, 22-26, 28-38, 41, 44, 46, 49, 51, 54, 59-63, 65, 67, 68, 71, 85, 88, 102, 114, 122, 125, 126, 129, 131, 136, 139-142, 144-146
- Salernismál 78, 79
- Sameiginlega viðbragðssveitin, JEF 6, 41, 54, 59, 63-65, 130, 153
- Sameinuðu arabísku furstadæmin 30, 143
- Sameinuðu þjóðirnar 5, 23, 47, 49, 83, 146
- Samfélagsmiðlar 15, 71, 108, 114
- Samgöngur 35
- Samræmingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum, OCHA 74, 83, 84, 153
- Sádi-Arabía 102
- Schengen 4, 102, 103
- Schengen-áritanamál 6, 113

- Sendiráð 7, 40, 41, 46, 47, 66, 67, 74, 77, 81, 101, 105-109, 112-114, 120, 122, 124-141, 143, 151, 158
- Berlín 7, 108, 112, 124
- Brussel 7, 101, 106, 125
- Helsinki 7, 126
- Kaupmannahöfn 7, 108, 128
- London 7, 130
- Moskva 46, 114, 122
- Nýja-Delí 7, 132
- Ottawa 107
- París 109, 135
- Peking 106, 113
- Washington 7, 40, 66, 141
- Tókýó 47
- Sendiskrifstofur, sjá einnig sendiráð, fastanefnd og aðalræðisskrifstofa 6, 7, 20, 105-110, 112, 115, 119-123, 140, 151
- Senegal 91
- Síerra Leóne 6, 47, 73, 74, 80-82, 87, 91, 94, 122
- Sjálfbærni 12, 32, 33, 78, 89, 92, 105, 106, 109, 139, 147
- Sjávarútvegur 40, 48, 86, 90, 104, 106, 139, 143, 147
- Skapandi greinar 106, 107, 110, 124, 128, 135
- Slóvenía 38
- SOS Barnaþorpin á Íslandi 91, 92
- Sómalía 51, 83, 91, 92
- Spánn 27, 38, 112, 135, 151
- Sprengjueyðing 37, 55, 56
- Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnar 73
- Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, UN Women 20, 24, 25, 73, 86, 87, 92-94, 132, 146, 153
- Strandríki 49
- Strassborg, sjá einnig Fastanefnd, Strassborg 7, 16, 17, 21-23, 109, 144
- Suður-Afríka 15, 100
- Suður-Ameríka 83
- Suður-Súdan 24, 84
- Sviss 27, 96, 99, 104, 143
- Svíþjóð 35, 36, 61, 63, 65, 102, 108, 112, 137
- Svæðasamstarf 35
- Sýrland 14, 24, 82, 84, 88, 91, 103, 146
- Wales 61
- Tansanía 20, 24, 87
- Tjáningarfrelsi 19, 21, 28
- Tjónaskrá fyrir Úkraínu 13, 14, 17, 22, 41, 43, 144
- Tógó 92
- Trúnaðarbréf 41, 121, 122, 124, 128, 133, 151
- Tvísköttunarsamningar 6, 96, 102
- Tyrkland 12, 14, 22, 82, 84, 91, 103, 128
- Umhverfismál 17, 21, 30, 35, 43, 135, 140, 143, 144, 146
- Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra 43, 107, 130, 138, 141
- Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti 34
- Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna, UN Environment 5, 29, 30, 153
- Ungverjaland 14, 34, 38, 94
- Uppbyggingarsjóður EES 124, 125, 139, 140
- Upplýsingamiðlun 59, 64, 65, 114, 130, 139
- Upplýsingaóreiða 6, 68, 71, 115
- Útanríkismálanefnd 39, 51, 55, 129, 141
- Útanríkisviðskipti 6, 39, 52, 95, 96, 99, 119, 123
- Úganda 6, 19, 47, 73, 74, 78-80, 84, 87, 88, 90, 91, 94, 101, 127
- Úkraína 5, 11-17, 21-30, 32, 33, 35-38, 41-44, 46, 50, 51, 54-56, 58-63, 65, 67, 68, 71, 73, 84, 85, 87, 88, 91, 92, 100, 102, 105, 114, 119, 121, 122, 125, 126, 129-131, 136, 139-142, 144-147, 153, 158
- Tjónaskrá 13, 14, 17, 22, 41, 43, 144
- Úrúgvæ 87, 99, 104
- Útflutningseftirlit 5, 50, 68
- Útflutningsmarkaðir 39, 43, 44, 96, 99, 106, 107, 128, 147
- Útflutningur, sjá einnig utanríkisviðskipti 43, 50, 96, 98, 99, 101, 106, 135, 137
- Úttekt 20, 50, 73, 74, 81, 93, 94, 129
- Varnarmál, sjá einnig öryggismál 4, 5, 11, 13, 20, 29, 33, 36, 37, 39-41, 53-57, 59, 61, 63-70, 119, 125, 130, 139, 141, 142, 148
- Varnaræfing 57, 59
- Varsjá 7, 16, 41, 65, 121, 139
- Vatnsmál 75, 78, 80, 94, 127, 129
- Vegabréf 112, 133
- Vegabréfsáritanir 6, 103, 112-114, 141, 152
- Vestnorræna ráðið 33
- Vestnorrænt samstarf 33, 148
- Vesturlönd 11, 14, 15, 46, 131, 139
- Viðskiptafulltrúi 39, 105, 106, 123, 147
- Viðskiptaþjónusta 6, 105, 106
- Víetnam 99
- Vísindasamstarf 32, 34
- Volodymyr Zelensky, Úkraínuforseti 17, 41, 62, 121
- Vöruviðskipti 44, 46
- Þjóðaröryggisráð 55
- Þjóðaröryggisstefna 54, 66
- Þjónustuviðskipti 6, 36, 38, 40-43, 45, 46, 96
- Þróunarsamvinna 6, 12, 13, 19, 24, 25, 28, 47, 72-74, 76, 83-93, 105, 115, 119, 123, 127, 129, 152
- Þróunarsamvinnunefnd OECD, DAC 73, 88, 92-94, 105, 129, 153
- Þvingunaraðgerðir 5, 13, 37, 46, 50, 51, 63, 125
- Þýskaland 13, 14, 17, 20, 26, 34, 37, 38, 55, 58, 59, 65, 102, 107, 109, 112, 124, 151
- Öndvegissetur um fjölþáttaógnir 59, 70
- Öryggi neðansjávarinnviða 6, 64, 66, 70, 71, 130
- Öryggismál 36, 37, 42, 47, 54, 55, 59, 62-66, 68, 96, 135, 140, 142, 146
- Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE 4, 5, 21, 28, 29, 140, 153
- Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna 15



Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál

Utanríkisráðuneytið
Rauðararstíg 25 – 105 Reykjavík
545 9900 | utn@utn.is

Maí 2024

Ábyrgðarmaður: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
Umsjón: Utanríkisráðuneytið

Ljósmyndir: Kristinn Magnússon, Sigurjón Ragnar, Utanríkisráðuneyti Lettlands, Þórir Guðmundsson, Eyþór Árnason, Abdesslam Mirdass, UN Photo - Manuel Elías, Halldór Sveinbjörnsson, Regeringskansliet/Niklas Forsström, Forsetaskrifstofa Úkraínu, Sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi, Atlantshafsbandalagið, Norski herinn, U.S. Air Force/Heather Salazar, EFTA, Pier Paolo Cito.

Prentun: Pixel prentþjónusta

@ 2024 – Utanríkisráðuneytið

stjornarradid.is



Skýrsla
utanríkisráðherra
um utanríkis- og
alþjóðamál 2023